Í reglugerð skal m. a. kveðið á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 14. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

Í reglugerð er heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum, þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

19. gr.

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þær á viðskipta-reikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð um útgjaldahluta hans.

Ráðherra getur að fenginni umsögn umsjónarnefndar eftirlauna falið Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla í þeim tilvikum, er hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

20. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1990.

IV. KAFLI

Uppbót á lífeyri.

21. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1989 greidd sérstök uppbót, þannig að í stað 5 ára meðaltals miðist lífeyrisréttur við grundvallarlaun samkvæmt 1.

málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kaup-taxta a) 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980. b) 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember árin 1981—1984. c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Lífeyrishækkarnir, greiddar árin 1980—1989 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkarnir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs, sem aðild á að samkomulaginu, um hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málsgr.

22. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin 1980—1989 greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. málsgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málsgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

V. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

23. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði.

24. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. málsgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram tiltekinn hundradshluta af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1989, sem hér segir:

a) árin 1980—1984 5%

b) árið 1985 4%

c) árin 1986—1989 3%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjáris milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Við endanlegt uppgjör vegna árunna 1983—1989 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 25. gr. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

25. gr.

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bændna, nr. 50/1984, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitenda-

sambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum árin 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.

2. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa undir kostnaði af þessari málsgrein með þeim hætti að ríkissjóður greiði 40%, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30% og Atvinnuleysistryggingasjóður 30%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldlagi hins áætlaða framlags árána 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjald dagar áætlaðs framlags árána 1983—1989 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsg. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og eftirstöðvum svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

26. gr.

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

VI. KAFLI

27. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. september 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bændna, sbr. 3. gr. laga nr. 645/1977 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 3. tl. 25. gr. skal ríkissjóður standa undir hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla laga þessara, þar til lög hafa verið sett, sem létta af sjóðnum skyldu hans til greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

Matthías Bjarnason.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 25. febrúar 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 28. febrúar 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1985

2. apríl 1985

11

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum
og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað
sé þær þar að finna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

2. apríl 1985

LÖG

Nr. 6

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í
héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 3. gr. laganna orðist þannig:

Við borgarfégetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfégetar eftir ákvörðun
dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfégeti sem jafnframt er forstöðumaður
embættisins.

2. gr.

2. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

4. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, getur dómsmálaráðherra heimilað að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvert þessara embætta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2.–6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftrilít.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísinda-deild.

2. gr.

Í stað síðustu málsg. 11. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsem-bætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

3. gr.

2. málsg. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamála-ráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors, að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsg. er hljóði svo:

Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða

félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú, sem kveðið er á um í 1. gr., skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1985

26. apríl 1985

15

Nr. 9

LÖG

um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar.

1. gr.

1. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 4% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 25% ekki, og 8% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 21% ekki.

2. gr.

2. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal, auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976, draga 7% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, auka-aflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og gilda frá 1. mars 1985 og taka til afla sem landað er frá þeim tíma.

II. KAFLI

Um sjómannafrádrátt.

Breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. gr.

1. málsl. 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Sjómannafrádrátt að fjárhæð 180 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi eða skipi gerðu út af íslensku skipafélagi telst stunda sjómannsstörf.

5. gr.

2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Frádrátt er nema skal 12% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum og launum vegna sjómannsstarfa um borð í farmskipum, farþegaskipum, rannsóknarskipum, varðskipum, björgunarskipum og sanddæluskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

6. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

III. KAFLI

Um aðgerðir til lækkunar olíuverðs.

7. gr.

Við 1. gr. laga nr. 52 30. maí 1984, um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, endurgreiða olíufélögunum frá og með 1. apríl 1985 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris vegna kaupa á gasolíu og svartolíu en ríkissjóður fellir jafnframt niður 45% gjalddöku af mismun sölu- og kaupgengis gjaldeyris og þóknun (próvision) þeirri er bankarnir taka af félögunum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis vegna kaupa á framangreindum vörum.

8. gr.

Lög nr. 6 13. febrúar 1976, um gjald af gas- og brennsluolíum, falli úr gildi frá og með 1. apríl 1985.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum:

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður frá 1. apríl 1985:

27.10.60 og 27.10.70.

10. gr.

D-liður 11. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, orðist svo:

1½% af heildarsölu olíufélaga annarri en sölu á gasolíu og svartolíu, sbr. 10. gr. d.

Ákvæði þessarar greinar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu landsútsvars á árinu 1986 vegna sölu á árinu 1985.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1985

29. apríl 1985

17

Nr. 10

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hvernar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn reiknast árið 52 tryggingavikur. Hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingavika. Tryggingavikufjöldi sjómanna er skráningar- og/eða ráðningartími í skipsrúm.

2. gr.

7. töluliður 21. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a. m. k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.

3. gr.

1. málsg. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarksdagpeningar eru $\frac{1}{4}$ hluti sömu launa.

4. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsg. sem verður 2. málsg. og orðist svo:

Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu skv. framansögðu en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu enda náist þannig a. m. k. 425 dagvinnustundir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

A 3

LÖG

um vélstjórnarnám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Grundvallaratriði.

1. gr.

Vélstjórnarnám skal vera í fjórum stigum er verði grundvöllur að mismunandi atvinnuréttindum. Hverju námsári er skipt í tvær námsannir, haustönn og vorönn:

1. stig vélstjórnarnáms, námstími ein námsönn.
2. stig vélstjórnarnáms, námstími fjórar námsannir.
3. stig vélstjórnarnáms, námstími sjö námsannir.
4. stig vélstjórnarnáms, námstími tíu námsannir.

2. gr.

Sá sem lýkur einhverju stigi vélstjórnarnáms á rétt á atvinnuheiði í samræmi við nám sitt og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Sama rétt eiga þeir sem eftir eldri lögum hafa lokið prófi frá Vélskóla Íslands eða mótorfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjórnarnám.

3. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjórnarnáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun sem gerir þá hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi sem ákvörðuð eru í lögum.

Vélskóli Íslands skal veita menntun á öllum stigum vélstjórnarnáms en auk þess er öðrum framhaldsskólum heimilt að annast vélstjórnarmenntun eftir því sem henta þykir og menntamálaráðuneytið heimilar.

4. gr.

Inntökuskilyrði í vélstjórnarnám eru:

1. Að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með tilskildum árangri eða hlotið hliðstæða menntun.
2. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
3. Að umsækjandi hafi lokið 9. stigi í sundi.
4. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstaka undirbúningsmenntun til inngöngu í vélstjórnarnám.

Heimilt er að meta nám umsækjenda, sem lokið hafa námsáföngum úr öðrum skólum, inn í vélstjórnarnám innan marka námsáfanga vélstjórnarnámsins.

III. KAFLI

Vélskóli Íslands.

5. gr.

Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans. Það ræður skólameistara, svo og fasta kennara. Stundakennara ræður skólameistari í samráði við menntamálaráðuneytið. Skólameistari og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Kennarafélags Vélskóla Íslands og einn eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemenda-fulltrúa gildir til eins árs en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögum og námsefni. Hún skal vera skólameistara til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun vélstjórnarmenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólameistara- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur. Skólameistari situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf.

6. gr.

Vilji nemandi, sem lokið hefur einhverju stigi vélstjórnarnáms, taka sveinspróf í málmíðnagreinum skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma til sveinsprófs vegna verknáms í Vélskóla Íslands. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna vélstjórnarnámsins. Iðnfræðsluráð skal gera í samráði við Vélskóla Íslands tillögur um þessi atriði til menntamálaráðuneytisins sem staðfestir þær.

7. gr.

Vélskóla Íslands er heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum til undirbúnings framhaldsnáms eða sérhæfingar í starfi. Jafnframt skal hann halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra eftir því sem fjármagn er veitt til og aðstæður leyfa. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd endurmenntunar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Kostnaður við vélstjórnarkennslu, sem fram fer í Vélskóla Íslands samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði en kostnaður af vélstjórnarkennslu, sem fer fram í fjölbrautaskólum, greiðist með sama hætti og annar kennslukostnaður þar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um vélstjórnarnám þar sem kveðið skal á um kennsluskipan, skólahald, námsefni, prófnefndir, prófreglur, einkunnastiga og endurmenntun.

10. gr.

Sá sem staðist hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjórnarnáms á rétt á prófskírteini er gefið skal út bæði á íslensku og ensku eftir fyrirmynd sem menntamálaráðuneytið setur. Á skírteininu skal getið þeirra námsgreina sem nemandinn hefur verið prófaður í og einkunna sem hann hefur hlotið.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 67/1966, um vélstjórnarnám, svo og önnur lagaákvæði er fara í bága við lög þessi.

Þeir sem hefja vélstjórnarnám haustið 1985 skulu lúta ákvæðum laga þessara en þeir sem áður hófu vélstjórnarnám skulu ljúka því samkvæmt eldri lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim vélstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984–1985 og 1985–1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélasterð allt að 750 kw. (VS III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1985

19. apríl 1985

21

Nr. 12

LÖG

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um
Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 21/1984 og brbl. 102/1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M. kr.
a. Almenn deild	230
b. Verðjöfnunardeild	230
c. Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar batur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Batur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Batur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Batur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild, auk greiðslu fæðispeninga, greiða 80 m. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsti málslíður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Við sömu lagagrein bætist ný málsg. er orðist svo:

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna er um getur í 2., 3. og 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna Hermannssyni, Bægisá I, Baldri Þorsteinssyni, Bægisá II, og Guðmundi Víkingssyni, Garðshorni, eyðijörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 frá 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines
í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð,
skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um vinnumiðlun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Vinnumiðlun skal starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að nægri og jafnri atvinnu um land allt og nægjanlegu framboði vinnuafls fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal vinnumiðlunin í þessu skyni hafa endurgjaldslausa meðalgöngu milli þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

2. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fer með yfirstjórn vinnumiðlunar og skipuleggur og samræmir störf hennar. Skal vinnumiðlun láta Vinnumálaskrifstofunni í té upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri í sínu umdæmi, svo og tillögur um aðgerðir í atvinnumálum ef þeirra er þörf.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Proskahjálpi og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum er undir Vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt lögum nr. 13/1979 og reglugerð nr. 9/1980, svo og varðandi framkvæmd samnings um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum sem undirritaður var 6. mars 1982. Tillögum sínum skal ráðgjafarnefnd beina til þeirra opinberra aðila sem fjalla um stefnumörkun, áætlanagerð eða aðgerðir í atvinnumálum, bæði að því er tekur til landsins í heild og einstakra svæða eða staða.

Nefndin getur haft frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir um aðgerðir sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti eða breytingum á atvinnuháttum er leitt geta til atvinnuleysis hvort sem er á einstökum stöðum, í tilteknum starfsgreinum eða landinu í heild.

5. gr.

Ráðgjafarnefndin skal að jafnaði koma saman mánaðarlega og undirbýr Vinnumálaskrifstofan fundi nefndarinnar.

Par skulu lagðar fram upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri á landinu öllu, ásamt skýringum á orsökum breytinga á atvinnuástandi. Enn fremur tekin fyrir önnur mál sem Vinnumálaskrifstofan, aðrir opinberir aðilar eða einstakir fulltrúar tilnefningaraðila óska eftir að tekin séu á dagskrá og snerta hlutverk nefndarinnar.

II. KAFLI

Vinnumiðlun, skipulag og hlutverk.

6. gr.

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunar-skrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kaптúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

7. gr.

Í því skyni að stuðla að sem virkasti vinnumiðlun skal skipta landinu í atvinnusvæði þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega og atvinnulega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist á sama atvinnusvæði. Skal svæðaskiptingin gerð í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög. Verði ágreiningur milli sveitarfélaga um svæðaskiptingu sker félagsmálaráðuneytið úr að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar samkvæmt 3. gr. laga þessara.

Sveitarfélög á sama atvinnusvæði skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu, eftir því sem tók eru á, hafa samstarf um allt sem lýtur að vinnumiðlun á svæðinu og getur Vinnumálaskrifstofan falið einum aðila, sem annast vinnumiðlun á svæðinu, að hafa forgöngu um samstarfið nema hlutaðeigandi sveitarfélög komi sér saman um annað.

8. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

- a. að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu samkvæmt 6. gr. þessara laga,
- b. að fylgjast með framvindu atvinnumála í sveitarfélaginu og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn og Vinnumálaskrifstofunni aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,
- c. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls í sveitarfélaginu,
- d. að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegum hæfra starfsmanna,
- e. að leiðbeina um starfsval, m. a. með því að veita upplýsingar um vinnumarkaðinn og aðstoða við atvinnuleit fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983,
- f. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

9. gr.

Sveitarstjórnir, sem skylt er að annast vinnumiðlun samkvæmt 6. gr. þessara laga, skulu kjósa a. m. k. þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar í sveitarfélaginu. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda í sveitarfélaginu einn fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina. Ef fleiri en eitt stéttarfélag er starfandi í sveitarfélagi tilnefnir fulltrúaráð þeirra eða félögin sameiginlega fulltrúa.

Hlutverk stjórnarnefndar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefst til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu.

III. KAFLI

Framkvæmd vinnumiðlunar.

10. gr.

Vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum skal vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita til vinnumiðlunar.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Með reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar vinnumiðlun lætur umsækjendum um atvinnu og atvinnurekendum í té, svo og í hvaða formi slíkar upplýsingar skuli veittar.

11. gr.

a. Þjónusta við atvinnuleitendur:

Hver sá, sem leitar eftir vinnu, getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili, sbr. þó 6. gr., óskað eftir upplýsingum um laus störf og jafnframt óskað eftir aðstoð vinnumiðlunar við að finna starf við sitt hæfi. Nú getur vinnumiðlun ekki vísað atvinnuleitanda á vinnu innan sveitarfélags og skal þá skrá hann sem atvinnuumsækjanda eða eftir atvikum atvinnulausan nema unnt sé að vísa á vinnu utan umdæmisins sem atvinnuleitandi vilji taka.

Atvinnuleitandi getur krafist vottorðs vinnumiðlunar um atvinnu sína eða atvinnuleysi það tímabil sem hann hefur verið skráður hjá henni. Vinnumiðlun getur krafist þess að sá, sem óskar eftir slíku vottorði, mæti til skráningar eða hafi samband á annan hátt er vinnumiðlun ákveður og geri grein fyrir atvinnu sinni eða atvinnuleysi.

Vinnumiðlun skal láta atvinnuleitendum í té þær upplýsingar sem hún hefur á hverjum tíma um atvinnumöguleika í öðrum sveitarfélögum, ásamt upplýsingum um þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi um aðstoð við flutninga milli byggðarlaga, kjör og annað sem máli skiptir.

Sá, sem misst hefur vinnu í sveitarfélagi en á þar ekki lögheimili, skal eiga rétt á sömu þjónustu og heimamenn af hálfu vinnumiðlunar. Sama gildir um erlenda ríkisborgara sem starfa samkvæmt atvinnuleyfum, svo og norræna ríkisborgara sem njóta réttar samkvæmt samningi frá 6. mars 1982, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

b. Þjónusta við atvinnurekendur:

Sérhver atvinnurekandi getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem atvinnurekstur hans fer fram og óskað upplýsinga um framboð á vinnuafl. Jafnframt getur atvinnurekandi óskað meðalgöngu vinnumiðlunar við útvegum starfsmanna. Geti vinnumiðlunin ekki vísað á umbedið vinnuafl færir hún beiðnina á skrá yfir laus störf þar til ráðning hefur átt sér stað.

Vinnumiðlun skal láta atvinnurekanda í té þær upplýsingar, sem hún kann að hafa á hverjum tíma, um framboð vinnuafls í öðrum sveitarfélögum, svo og hafa milligöngu við aðrar vinnumiðlanir ef atvinnurekandi óskar þess.

c. Sérstök þjónusta:

Unglingar, fatlaðir og aldraðir geta leitað til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi. Við atvinnuleit skal vinnumiðlun hafa samvinnu við samtök og stofnanir, sem einkum fjalla um málefni hlutaðeigandi hópa, sérstaklega í sambandi við mat á starfsgetu og þörf á endurhæfingu eða starfsþjálfun.

Vinnumiðlun skal eftir föngum leiðbeina unglingum varðandi starfsval, m. a. með því að afla og dreifa upplýsingum um helstu atvinnutækifæri og þær kröfur sem atvinnulífið gerir um menntun og starfsreynslu.

12. gr.

Vinnumiðlun lætur þeim, sem atvinnulausir eru og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, eða lögum nr. 22/1981, um viðauka við lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 46/1981, um breyting og viðauka við lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í té vottorð um skráð atvinnuleysi þess er hlut á að máli enda eigi sá, er vottorðs óskar, lögheimili í sveitarfélagi vinnumiðlunar eða hafi starfað þar þegar hann varð atvinnulaus.

Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI

Gagnavinnslukerfi og tilkynning um laus störf.

13. gr.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að vinnumiðlun taki upp véltæka gagnavinnslu allra upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar og setur nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við sveitarfélögin og Atvinnuleysistryggingasjóð.

14. gr.

Þegar vinnumiðlun hefur komið á véltæku gagnavinnslukerfi getur ráðherra með reglugerð ákveðið að öllum, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa 4 eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun öll laus störf á þeirra vegum enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út skal leita umsagnar helstu samtaka atvinnurekenda.

15. gr.

Upplýsingum, sem vinnumiðlun berast um laus störf, skal hún með viðunandi hætti koma á framfæri við þá atvinnuleitendur sem að hennar mati fullnægja þeim kröfum er gerðar eru til hlutaðeigandi starfs samkvæmt starfslýsingu atvinnurekanda. Atvinnurekandi getur óskað nafnleyndar gagnvart atvinnuleitendum og er vinnumiðlun skylt að virða slík tilmæli.

16. gr.

Atvinnurekandi, sem tilkynnir vinnumiðlun laus störf, skal eiga rétt á að fá skrá yfir þá atvinnuleitendur er skráðir eru hjá vinnumiðlun og hún telur koma til greina í hlutaðeigandi starf, ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu og annað, er máli skiptir, í sambandi við starfsráðningu. Aldrei má þó láta af hendi upplýsingar sem vinnumiðlun öðlast sem trúnaðarmál.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra getur, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annast miðlun vinnu fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Þeir aðilar, sem fá heimild til vinnumiðlunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eru bundnir af ákvæðum þessara laga, svo og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi, sbr. þó 28. gr. laga nr. 41/1983, eða þeim aðilum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þegar það á við. Rekstrarkostnaður gagnavinnslukerfis, samkvæmt 13. gr., skal þó greiddur sameiginlega af ríkissjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði eftir nánara samkomulagi aðila.

Vinnumálaskrifstofan gefur út nauðsynleg eyðublöð vegna vinnumiðlunar og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði.

19. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf sveitarfélaga á sama atvinnusvæði samkvæmt 7. gr. laganna.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 9. apríl 1956, lög nr. 71 28. maí 1969 og II. kafli laga nr. 94 30. desember 1975.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1980 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. gkr.

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	2 240 607	3 156 555
01 Forsætisráðuneyti	3 112 959	3 236 429
02 Menntamálaráðuneyti	50 556 805	60 881 300
03 Utanríkisráðuneyti	3 592 196	4 622 623
04 Landbúnaðarráðuneyti	16 301 237	17 453 255
05 Sjóvarútvegsráðuneyti	5 818 831	7 099 695
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	15 780 526	22 499 501
07 Félagsmálaráðuneyti	10 579 277	10 439 697
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	115 672 645	138 734 965
09 Fjármálaráðuneyti	25 979 946	15 954 417
10 Samgönguráðuneyti	33 605 515	37 839 566
11 Iðnaðarráðuneyti	14 351 254	16 670 195
12 Viðskiptaráðuneyti	28 871 734	30 653 535
13 Hagstofa Íslands	265 587	313 740
14 Ríkisendurskoðun	346 737	400 296
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	16 164 196	9 029 602
Samtals	343 240 052	378 985 371
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	340 084 100	382 775 803
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	835 500	650 631
13 Ýmsar tekjur	5 257 700	9 456 067
Mismunur	-2 937 248	-13 897 130
Samtals	343 240 052	378 985 371

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð til ársloka 1984 fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu laun þessi vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Stjórn sjóðsins ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á viðmiðunarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll, svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

Í stað „1985“ í 19. gr. laganna komi: 1989, og í stað „1986“ komi: 1990.

3. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Árin 1984—1989 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla, hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarinna fimm almanaksára.

4. gr.

2. málslíður 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo: Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí árin 1985—1989.

Í stað „á árinu 1984“ í 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða komi: árin 1984—1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 13 10. apríl 1979,
um stjórn efnahagsmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

VIII. kafli laganna, **Um verðbætur á laun**, 48. til 52. gr., fellur niður. Jafnframt falla úr gildi hvers konar ákvæði kjarasamninga sem byggja á framangreindum lagaákvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1985

20. maí 1985

33

Nr. 22

LÖG

um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar skulu breytast þannig að þau ákvarðist framvegis af eftirtöldum línnum og bogum milli markapunkta með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Punktur nr.:	X-hnit:	Y-hnit:	P:
1 í Kópavoginum	22 000,00	13 540,00	1
2 sunnan Kópavogsbrúar	20 900,00	13 250,00	2
3 —	21 027,00	13 158,00	3
4 við Hafnarfjarðarveg	21 100,00	13 060,00	4
5 —	21 060,00	13 020,00	5
6 —	20 897,51	13 013,49	6
7 —	20 750,00	13 050,00	7
8 —	20 796,00	12 932,00	8
9 —	20 880,42	12 731,71	9
10 —	20 433,25	12 571,57	10
11 —	20 238,22	12 451,73	11
12 við Reykjanesbraut	20 102,78	12 386,66	12
13 —	20 113,58	12 354,27	13
14 —	19 776,47	12 317,32	14
15 —	19 681,07	12 331,04	15
16 krómstálbolti í 200 mm steiptum sökkli	19 265,44	12 231,34	16
17 krómstálbolti í 600 mm steiptum sökkli	19 315,74	11 972,63	17
18 krómstálbolti í 200 mm steiptum sökkli	18 925,10	11 725,20	18
19 Smalaholt — þríhyrningspunktur 1023	18 637,17	11 296,15	19
20 krómstálbolti í 600 mm steiptum sökkli	17 372,84	11 089,35	20
21 Arnarstapi — koparbolti í klöpp	17 152,36	8 938,40	21

Vestan við punkt 1 eru mörkin bein lína með hnit Y=13 540,00. Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta og eru miðjur hringboganna ýmist til hægri

eða vinstri, miðað við að horft sé frá punkti með lægra númeri að punkti með hærra númeri, frá punkti n að punkti $n+1$, þannig:

Milli punkta	1 og 2	Bein lína, lengd 1137,58 m.
— —	2 og 3	Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
— —	3 og 4	Hringbogi með radíus 100 m og miðju til vinstri.
— —	4 og 5	Bein lína, lengd 56,57 m.
— —	5 og 6	Hringbogi með radíus 250 m og miðju til vinstri.
— —	6 og 7	Bein lína, lengd 151,96 m.
— —	7 og 8	Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
— —	8 og 9	Hringbogi með radíus 400 m og miðju til vinstri.
— —	9 og 10	Hringbogi með radíus 1155 m og miðju til hægri.
— —	10 og 11	Bein lína, lengd 228,91.
— —	11 og 12	Hringbogi með radíus 730 m og miðju til vinstri.
— —	12 og 13	Bein lína, lengd 34,14 m.
— —	13 og 14	Hringbogi með radíus 680 m og miðju til vinstri.
— —	14 og 15	Bein lína, lengd 96,38 m.
— —	15 og 16	Hringbogi með radíus 585 m og miðju til hægri.
— —	16 og 17	Bein lína, lengd 263,55 m.
— —	17 og 18	Bein lína, lengd 462,41 m.
— —	18 og 19	Bein lína, lengd 516,71 m.
— —	19 og 20	Bein lína, lengd 1281,13 m.
— —	20 og 21	Bein lína, lengd 2162,12 m.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum sem um ræðir í 1. gr. milli punkta nr. 2 og 16 að báðum meðtöldum og er þá heimilt að gera það með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt sameiginlegri tillögu bæjarstjórna Kópavogs og Garðabæjar, sbr. fskj. I með samningi þessara bæjarstjórna, dags. 18. maí 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um ríkisábyrgð á launum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. 1. nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

- kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda samkvæmt VII. kafla laga nr. 60/1984,
- kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjákröfu fylgir forgangsréttur í búi,
- kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjalda hluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
- bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
- bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
- kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að

tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,

- g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt staflíðum a-e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt staflíðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafist ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b-, c- og d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.
- b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
- c. Forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu, mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
- d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í staflíðum a-c, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg.

III. KAFLI

6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í búi vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggst sem við verður komið:

- a. nafn, nafnnúmer og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
- b. nafn, nafnnúmer og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær búi hans var tekið til skipta,
- c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru,
- d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í búi vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

8. gr.

Er félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafa samkvæmt lögum þessum skal hann leita umsagnar skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um eftirtalin atriði:

- a. hvort eða að hve miklu leyti viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
- b. hvenær búið hafi verið tekið til skipta og hver birtingardagur innköllunar hafi verið er ræður lokum kröfulýsingarfrests,
- c. hvort kunnugt sé að þau atvik, er í 5. gr. getur, varði kröfuna.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búið lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafín.

9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

10. gr.

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst.

11. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflaga þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði ef ljós hefðu verið ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IV. KAFLI

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Alexander Stefánsson.

L Ö G**um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um og heilbrigðismálaráðherra ákveður hverju sinni að fella undir lögin, sbr. 2. gr.

Sé um að ræða heilbrigðisstéttir sem lokið hafa viðurkenndu námi fyrir tæknimenntað starfsfólk við lækningar skal nota orðið heilbrigðistæknir í lögum þessum sem sameiginlegt starfsheiti þeirra.

2. gr.

Rétt til þess að starfa hér á landi sem starfsmaður heilbrigðisstéttar skv. lögum þessum hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að loknu námi.

Ráðherra setur reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt er hann ákveður að fella undir þessi lög, að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis. Ráðherra er heimilt að setja sem skilyrði fyrir fullu starfsleyfi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari.

Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða fólk er starfað hefur í starfsgrein án þess að hafa tilskilda starfsmenntun, skal ætíð leita umsagnar viðkomandi starfsstéttar og landlæknis áður en leyfi er veitt.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum heilbrigðisstétta er undir lög þessi falla skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmt viðkomandi milliríkjasamningi.

3. gr.

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðismálaráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Þær stéttir, er falla undir lög þessi, starfa við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Starfa þær ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir þessi lög heyra, aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að verða skv. þeim.

6. gr.

Um þær starfsstéttir, er falla undir lög þessi, gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga, nr. 80/1969, með síðari breytingum.

Reglur læknalaga gilda og um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

7. gr.

Auk þeirra reglna, sem kveðið er á um í 2. gr., getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um kirkjusóknir, safnaðarfundir, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Umdæmaskipting þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Landinu er skipt í kirkjusóknir. Sóknir mynda prestaköll, prófastsdæmi og biskupsdæmi, svo og kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings.

Mörk sókna og prestakalla og prófastsdæma skulu óbreytt vera, svo sem þau hafa mótask af lögum og í lagaframkvæmd, en um breytingar á þeim fer eftir því, sem greinir í lögum þessum og í öðrum lögum, er við eiga, sbr. einkum lög nr. 35/1970.

Um mörk vígslubiskupsdæma fer eftir því sem segir í lögum nr. 38/1909 og um kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings svo sem greinir í lögum nr. 48/1982.

Landið allt er eitt biskupsdæmi uns önnur skipan kann að verða á því gerð.

II. KAFLI

Um kirkjusóknir og skipan þeirra.

a. Almenn ákvæði.

2. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhags- og félagsleg eining, en tengist öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi og með annars konar samstarfi, sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um, eða einstakar sóknarnefndir stofna til.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni, sbr. 8. og 9. gr., og bera sameiginlegar skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmatum ákvörðunum.

b. Stærð kirkjusókna, sóknarmörk og breytingar á þeim.

3. gr.

Í kirkjusókn skulu að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Nú verða sóknir mannfleiri eða mannfærri, og skal héraðsfundur þá gera tillögur um, hvernig við skuli bregðast, að fengnum tillögum sóknarnefnda og aðalsafnaðarfunda.

Sóknarmörk skulu vera glögg. Við ákvörðun þeirra skal taka tillit til félagslegra aðstæðna, samgangna, staðhátta og hefðar.

Við skipulagningu í þéttbýli skal taka mið af líklegri skipan sókna og staðsetningu kirkna og höfð í því efni samráð við sóknarprest, sóknarnefndir og prófast.

4. gr.

Aðalsafnaðarfundur eða aðalsafnaðarfundir, ef mál varðar fleiri sóknir en eina, gera tillögur til héraðsfunda um skiptingu kirkjusókna, sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu. Héraðsfundur (safnaðarráð) getur einnig átt

frumkvæði að tillögum í þessu efni, einkum er 1. málsg. 3. gr. á við, en mál skal þá leggja fyrir aðalsafnaðarfund (aðalsafnaðarfundi) til samþykktar.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsg. taka gildi, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir þær eða meiri hluti aðalsafnaðarfunda, ef því er að skipta, svo og héraðsfundur. Nú ná tillögur um þessi efni eigi samþykki allra þeirra aðilja, sem greindir voru, og sker kirkjumálaráðherra þá úr, að fengnum tillögum biskups.

Pegar ný sókn er löglega stofnuð, er presti þess prestakalls, sem hin nýja sókn tekur yfir, skylt að annast þar kirkjulega þjónustu.

Nú er hin nýja sókn hluti af tveimur prestaköllum, og ákveður þá kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups, hvor hinna tveggja presta á að þjóna sókninni. Sama er, ef sókn er hluti úr fleiri en tveimur prestaköllum.

5. gr.

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til, og skal þá miða fjárskipti sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna sem breytingin tekur til. Ef aðilja greinir á um fjárskiptin, geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað. Nefndin veitir aðiljum færi á að skýra mál sitt, og kannar hún málsefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þ. á m. um greiðslukjör.

6. gr.

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknunum, og skulu eignir hennar þá renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna, sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna, er hverri sókn bætist.

Pegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki, skal prófastur varðveita eignir hennar, en lausafé skal þá ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði með bestu fánlegu kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar, og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn, en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar, skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófast um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups sem tekur lokaákvörðun í hverju slíkra mála nema ákvæði annarra laga grípi þar inn í.

Pegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsg., getur biskup, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar, þá mælt svo fyrir, að sóknarkirkjan verði greftrunarkirkja.

III. KAFLI

Um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu.

a. Sóknarmenn.

7. gr.

Sóknarmenn eru allir þeir, sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næst liðinn, hafa hlotið skír og eru skráðir í þjóðkirkjunni. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög, nr. 18/1975.

b. Réttur sóknarmanna á kirkjulegri þjónustu o. fl.

8. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og þátttöku í almennu safnaðarstarfi. Þeir sóknarmenn, sem ekki geta notið kirkjulegrar þjónustu í sókn sinni, svo sem vegna vistunar á stofnunum utan sóknar eða vegna dvalar utan sóknar ella, t. d. vegna sjúkleika eða af atvinnuástandum, eiga rétt á slíkri þjónustu í þeirri sókn, sem þeir búa í eða dveljast.

9. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum, er skal að jafnaði miða við eftirfarandi tilhögun:

A. Ef sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Ef tveir prestar þjóna sömu sókn, skulu a. m. k. vera tvær guðsþjónustur hvern helgan dag.

B. Í sókn með 300 til 600 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta annan hvern helgan dag.

C. Í sókn með 100 til 300 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta fjórða hvern helgan dag.

D. Í sókn með færri en 100 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta áttunda hvern helgan dag.

Prófastur endurskoðar þjónusturétt vegna fjölgunar eða fækkunar sóknarmanna eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og kveður á um hann, að fengnum tillögum sóknarnefnda.

10. gr.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkju, þegar þeir eru fullra 16 ára.

Sóknarmönnum er skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stoð eiga í lögum.

IV. KAFLI

Um safnaðarfundi.

11. gr.

Aðalsafnaðarfundur skal halda ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál, sem lögmælt er, að undir hann beri, svo og þau mál, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda, ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum, sbr. 1. málsg. 10. gr.

12. gr.

Sóknarnefnd boðar safnaðarfundi með þriggja daga fyrirvara hið skemmsta á sama hátt og tíðkanlegt er um messuboð í sókninni.

Fundarefni skal kynnt í fundarboði.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á safnaðarfundum.

V. KAFLI

Um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti.*a. Sóknarnefndir, skipun og verkaskipting. Endurskoðendur.*

13. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd, sem annast framkvæmdir á vegum sóknarmanna og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti eða sóknarprestum og starfsmönnum sóknarinnar.

14. gr.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö, og níu, ef sóknarmenn eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næst liðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk, og ákveður aðalsafnaðarfundur þá, hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a. m. k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir voru kosnir í.

Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis, þegar hún telur ástæðu til.

15. gr.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. málsg.

Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, sem haldinn er eftir gildistöku laga þessara, skal kjósa sóknarnefndir samkvæmt þeim í öllum kirkjusóknum landsins, og fellur umboð sóknarnefndar niður, þegar ný sóknarnefnd hefur verið kosin samkvæmt þessu.

Að tveimur árum liðnum frá kosningunni skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, þ. e. einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu, og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé um þetta innan nefndarinnar. Kjörtímabili hins hluta nefndarinnar lýkur eftir fjögur ár frá frumkosningu. Skal þessi kjörtilhögun síðan gilda til frambúðar að breyttu breytanda.

Nú andast sóknarnefndarmaður, flytur úr sókninni eða hverfur úr sóknarnefnd af öðrum ástæðum. Skal þá kjósa aðalmann í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundi fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem þá er eftir, að því er þann mann varðar. Varamaður hans gegnir starfi uns sú kosning fer fram.

16. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem hafa náð sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá, sem átt hefur sæti í sóknarnefnd, getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður hafi ákveðið verksvið í safnaðarstarfinu. Skal það þá kynnt á aðalsafnaðarfundi, áður en kosning fer fram.

Sóknarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefur farið fram. Skipa þeir framkvæmdanefnd, þegar sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni, þ. á m. um byggingarframkvæmdir.

Aðalsafnaðarfundur kýs tvo menn og aðra tvo til vara til fjögurra ára í senn til að endurskoða reikninga sóknarinnar og kirkjubyggingareikninga, ef því er að skipta.

b. Starfshættir og verkefni sóknarnefnda.

17. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn. Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundum. Enn fremur organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjulegra félaga, sem tengjast sókninni, ef málefni þessara aðilja eru sérstaklega til umræðu þar.

18. gr.

Sóknarnefnd vinnur að þeim verkefnum, sem henni eru ætluð í lögum og stjórnvaldsreglum eða fengin henni með samþykktum safnaðarfunda, svo og að málum, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup vísar til hennar.

19. gr.

Sóknarnefnd er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins, svo og safnaðarheimili, og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af þeim skuli háttáð.

Sóknarnefnd skal gæta að réttindum kirkju og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

20. gr.

Sóknarnefnd sér um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðspjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Skal hún ásamt sóknarpresti hafa forustu um kirkjubyggingu, endurbyggingu kirkju eða stækkun kirkju og byggingu safnaðarheimilis, eftir því sem aðalsafnaðarfundur mælir fyrir um.

Sóknarnefnd sér um, að kirkju sé vel við haldið og búnaði hennar, og skal leitast við að fegra og prýða kirkju og umhverfi hennar eftir því sem kostur er. Á þetta einnig við um safnaðarheimili.

Sóknarnefnd annast vörslu og ávöxtun á lausafé kirkjunnar (safnaðarheimilis) og ber ábyrgð á fjárreiðum sóknarinnar og skal reikningsfærsla öll vera skipuleg og glögg. Sóknarnefnd leggur fram á aðalsafnaðarfundum endurskoðaða reikninga sóknarinnar fyrir umliðið ár. Að fenginni samþykkt þeirra skulu reikningarnir sendir áritaðir af sóknarnefnd til prófasts eigi síðar en 1. júní ár hvert, nema prófastur veiti rýmri frest. Nú gerir prófastur athugasemdir við reikning, sem sóknarnefnd getur eigi fallist á, og er henni þá kostur að láta fylgja skýringar sínar og andsvör til héraðsfundar, er úrskurðar reikninginn, sbr. 32. gr.

21. gr.

Sóknarnefnd er sóknarpresti og starfsfólki sóknarinnar til stuðnings í hvívetna og stuðlar að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna.

Um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra er mælt í lögum.

Um ráðningu starfsmanna sókna eru ákvæði í 25. gr.

Um störf sóknarnefndar í sambandi við veitingu prestsembætta fer svo sem fyrir er mælt í lögum.

c. Safnaðarfulltrúar.

22. gr.

Aðalsafnaðarfundur kýs safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður er nýr safnaðarfulltrúi hefur verið kosinn samkvæmt lögum þessum.

Sóknarnefnd sendir prófasti starfsskýrslu sóknarinnar eigi síðar en þremur vikum áður en héraðsfundur er haldinn. Safnaðarfulltrúi gerir grein fyrir störfum og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundum eftir að héraðsfundur var haldinn.

d. Bókhald og erindisbréf.

23. gr.

Sóknarnefnd heldur þessar bækur:

1. Gerðabók, og skulu þar bókaðar fundargerðir sóknarnefnda og safnaðarfunda. Ef byggingarnefnd kirkju er skipuð, skal hún halda sérstaka gerðabók.
2. Bréfabók, þar sem varðveitt skulu bréf til sóknarnefndar og afrit af bréfum, er hún ritar.
3. Sjóðsbók, þar sem bókfærð eru öll útgjöld sóknarinnar og tekjur, gjafir, áheiti og annað, er fjármál varðar, og vísað til fylgiskjala.
4. Kirkjubók, og skal í hana rita allar kirkjuathafnir og greina í megindráttum frá öðrum safnaðarstörfum.
5. Kirkjuskra um sóknarkirkju, byggingarsögu hennar, viðhald kirkju og réttindi hennar o. fl.

Bækur samkvæmt 1.–3. tölulið lögildir prófastur, en sóknin kostar andvirði þeirra. Bækur samkvæmt 4. og 5. tölulið lögildir biskup og leggur sókninni til.

24. gr.

Biskup Íslands setur sóknarnefndum almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófasts-fundar og kirkjuráðs.

VI. KAFLI

Um starfsmenn kirkjusókna.

25. gr.

Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara og umsjónarmann kirkju (kirkju-vörð) og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Rétt er sóknarnefnd að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf, enda hafi safnaðarfundur heimilað það. Um kaup og kjör og ráðningartíma fer sem í 1. málsg. greinir.

Biskup Íslands staðfestir erindisbréf sóknarnefndar fyrir þessa starfsmenn.

Starfsmenn sökna, sem ráðnir eru í hálf starf hið minnsta, eiga rétt á setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 31. gr.

26. gr.

Stofna skal til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sökna, eftir því sem fé er veitt til þess, og skal þar fjallað um almenn safnaðarstörf eða sérstaka þætti þeirra. Námskeiðin skulu haldin á vegum prófastsdæmis, biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka.

27. gr.

Aðalsafnaðarfundur getur kveðið svo á, að mynda skuli starfsmannanefnd innan sóknar. Þar eiga sæti sóknarprestur (sóknarprestar), sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknarinnar, sem ráðnir eru í hálf starf hið minnsta. Starfsmannanefnd fjallar um störf og starfsháttu starfsmanna sóknarinnar, starfsskilyrði þeirra og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi starfsmannanefndar, er haldnir skulu a. m. k. einu sinni á ári, en skylt er að boða til fundar, ef þrír þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, æskja þess. Starfsmannanefnd heldur sérstaka gerðabók. Samþykktir hennar eru ekki bindandi, nema safnaðarfundur staðfesti þær.

28. gr.

Nú kemur upp ágreiningur varðandi störf starfsmanna innan sóknar og verður eigi leystur þar á vettvangi. Er þá rétt að vísa málinu til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Ef eigi tekst að leysa málið skal ágreiningnum vísað til biskups til fullnaðar-úrlausnar.

VII. KAFLI

Um héraðsfundi og héraðsnefndir.

a. Um héraðsfundi.

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í prófastsdæmi eigi síðar en 31. október ár hvert, en til aukahéraðsfunda skal stofna samkvæmt því, sem segir í 33. gr.

Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til umræðna um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar skulu rædd þau málefni, sem lög leggja til héraðsfunda eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska, að þar séu rædd.

30. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálf mánaðar fyrirvara og skal fundarboð, er greini fundarefni, sent öllum þeim, sem rétt eiga til setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi.

Mál, sem eigi eru greind í fundarboði, verða eigi tekin til umræðu, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykki.

31. gr.

Atkvæðisrétt á héraðsfundi eiga þjónandi prestar prófastsdæmis og safnaðarfulltrúar. Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis skulu safnaðarráðsfulltrúar hafa atkvæðisrétt.

Sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefnd sóknar, sbr. 27. gr., eiga rétt á fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

32. gr.

Prófastur leggur fram á héraðsfundi endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir næst liðið reikningsár til umræðu og úrskurðar. Á héraðsfundi skal enn fremur gerð grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóðs á umliðnu starfsári, ef slíkum sjóði er til að dreifa, og fjárreiðum prófastsdæmis.

33. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skylt er að boða slíkan fund, ef ¼ hluti atkvæðisbærra fundarmanna óskar þess. Um fundarboðun fer samkvæmt 30. gr.

34. gr.

Hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, getur óskað að bera þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir starfssvið héraðsfunda. Hann skal mælast til þess við héraðsnefnd, að málefni þessi verði rædd þar og greind í fundarboði.

35. gr.

Þeir fundarmenn á héraðsfundi, sem verða í minni hluta við einstakar samþykktir fundarins, geta óskað þess, að sérálit þeirra fylgi ályktunum fundarins til biskups, ef um er að ræða málefni, sem til úrskurðar hans eða kirkjumálaráðherra kemur.

b. Um héraðsnefnd.

36. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfunda. Prófastur er formaður héraðsnefndar, en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn, einn safnaðarfulltrúa og einn prest, til fjögurra ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti.

Héraðsfundur kýs tvo endurskoðendur reikninga héraðssjóðs og tvo til vara til fjögurra ára í senn.

Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi og öðrum, sem eiga hlut að máli. Hún er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

37. gr.

Kirkjumálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök atriði, er varða framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

38. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og skulu kosningar safnaðarfulltrúa og kosningar í sóknarnefndir og héraðsnefndir prófastsdæma fara fram jafnskjótt og föng eru á, en umboð núverandi sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa fellur niður, þegar slík kosning hefur farið fram, sbr. 15. og 22. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi 4. gr. tilskipunar um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi, lög nr. 36/16. nóvember 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, og lög nr. 71/1941 og nr. 39/1961, um breytingu á þeim lögum, og enn fremur 11.—13. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Enn fremur önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. haldast ákvæði lokamálsgreinar 1. gr. laga nr. 35/1970, þó svo, að í stað tölunnar 5000 kemur talan 4000.

Gjört í Reykjavík, 3. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1980 er veitt:

	Pús. gkr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	915 948
01 Forsætisráðuneyti	123 470
02 Menntamálaráðuneyti	10 324 495
03 Utanríkisráðuneyti	1 030 427
04 Landbúnaðarráðuneyti	1 152 018
05 Sjóváruvegsráðuneyti	1 280 864
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 718 975
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23 062 320
10 Samgönguráðuneyti	4 234 051
11 Iðnaðarráðuneyti	2 318 941
12 Viðskiptaráðuneyti	1 781 801
13 Hagstofa Íslands	48 153
14 Ríkisendurskoðun	53 559
Samtals	53 045 022

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Nr. 27

4. júní 1985

LÖG

um breyting á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lög-sagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómsstarfa með sér í málum þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ræður atkvæði dómsformanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumat skal ná til byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

3. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu annast hættumat, setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess, um flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarsvirkja.

Reglur þessar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra.

Almannavarnir ríkisins skulu einnig annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum.

4. gr.

Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannaþing Alþingis til ráðuneytis um þessi mál.

Almannavarnir Alþingis, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn Alþingis, Veðurstofa Íslands og Viðlagatrygging Íslands tilnefna sinn manninn hver í nefndina. Fulltrúi Almannavarna Alþingis skal vera formaður.

Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera endanlegar tillögur til Almannavarna Alþingis um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

5. gr.

Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.

6. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem hættu er talin á snjóflóðum, sbr. 2. gr., skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands sem greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um.

7. gr.

Sveitarstjórn lætur gera tillögu að varnarskipulagi fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarskipulagi hefur verið komið upp.

8. gr.

Tillögu sveitarstjórnar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skulu lagðar fyrir Almannavarnir Alþingis og öðlast gildi að fengnu samþykki þeirra og staðfestingu félagsmálaráðherra.

9. gr.

Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra, sbr. 8. gr.

10. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, er sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera:

- 1) 5% af árlegum heildariðgjaldtekjum Viðlagatryggingar Íslands.
- 2) Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
- 3) Aðrar tekjur.

11. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

- 1) Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
- 2) Greiða má allt að 4% hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarskipulagi. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.

- 3) Greiða má allt að $\frac{4}{5}$ hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

12. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

13. gr.

Kostnaður vegna ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra, sem lengur lifir, skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um Veðurstofu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra fræðigreina er falla undir starfssvið hennar.

2. gr.

Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, hefur á hendi stjórn stofnunarinnar.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra. Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.

3. gr.

Verkefni Veðurstofunnar skulu vera sem hér segir:

1. að koma á fót veðurstöðvum og starfrækja þær, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra;
2. að safna daglega veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og dreifa þeim og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug;
3. að afla upplýsinga um hafís og senda út ísfregnir til skipa þegar ástæða þykir til;
4. að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar tengdar jarðskjálftum; enn fremur að safna upplýsingum um eldgos og öskufall þegar ástæða þykir til;
5. að safna gögnum til rannsókna á veðurfari Íslands, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarskýrslur;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu;
7. að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum eftir því sem við verður komið og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvernig standa beri að tilhögun mannvirkjagerðar á hættusvæðum; jafnframt að rannsaka veðurfarsþætti og jarðfræðisþætti er valda skriðuföllum;
8. að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum fræðigreinum á starfssviði sínu og vinna að rannsóknum á þeim er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna;
9. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina, svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrigs Veðurstofunnar;
10. annað það er ráðherra kann að ákveða að falli undir verksvið Veðurstofunnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá greiðslur þær sem innna ber af hendi til Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 17 27. mars 1958, um Veðurstofu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma veðurstofustjóra skal skipun núverandi veðurstofustjóra halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 7. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um Landmælingar Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag Landmælinga Íslands.

1. gr.

Landmælingar Íslands eru sjálfstæð stofnun sem heyrir undir samgönguráðuneytið.

2. gr.

Stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

3. gr.

Ráðherra ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

4. gr.

Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, hafi samráð sín á milli um samræmi í vinnubrögðum og skipulagi mælinga og kortagerðar.

II. KAFLI

Verkefni.

5. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands eru:

1. Setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortlagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulögðu mælingakerfi.
2. Taka loftmynda vegna landmælinga, kortagerðar eða annarra tækni- og vísindalegra nota.
3. Útgáfa almennra korta af Íslandi. Með almennum korti er átt við kort sem er til sölu og dreifingar á almennum markaði.
4. Endurskoðun útgefinna korta Landmælinga Íslands í þeim tilgangi að kortin sýni sem réttasta mynd af landinu.
5. Söfnun, varðveisla og skráning fjarkönnunargagna sem tengjast landmælingum, kortagerð og skyldum vísindagreinum.
6. Söfnun upplýsinga um örnefni og staðsetningu þeirra í samráði við Örnefnastofnun.
7. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiri háttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlun.

7. gr.

Hverjum þeim aðila, er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti þannig að gögn fáiast sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum, er skylt að skila til skráningar og geymslu frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi sem ákveðið er með reglugerð.

8. gr.

Landmælingar Íslands veita þeim aðilum, sem þess þurfa, upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum sem um það verða settar.

III. KAFLI

Verkefnaáætlun.

9. gr.

Landmælingar Íslands láta gera til fjögurra ára í senn áætlun um verkefni stofnunarinnar. Skal áætlunin byggjast á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsrið.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

Landmælingar Íslands skulu senda samgönguráðuneytinu verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráðherra leggur verkefnaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga.

IV. KAFLI

Höfunda- og útgáfuréttur.

10. gr.

Höfundaréttur og útgáfuréttur Landmælinga Íslands á öllu því efni, sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við kort eða ljósmyndir af Íslandi, er ótímabundinn.

Enginn má án leyfis Landmælinga Íslands fjölfalda eða gefa út kort eða ljósmyndir sem byggjast að hluta til eða öllu leyti á efni sem Landmælingar Íslands eiga útgáfurétt á.

11. gr.

Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu gegn greiðslu.

V. KAFLI

Fjármögnun.

12. gr.

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

Með sölu korta og þjónustu.

Með innheimtu sérstaks stimpilgjalds af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds.

Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:

1. kort sem gefin eru út eða unnin af ríkisstofnunum eða sveitarfélögum eða fyrir þau,
2. uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum sem framar öllu er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta,
3. kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs.

Tekjum samkvæmt þessari grein skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands umfram ofangreindar tekjur skal greiddur úr ríkissjóði.

13. gr.

Ráðherra ákveður með gjaldskrá stimpilgjald samkvæmt 12. gr.

Enn fremur skal söluverð korta og gjald fyrir þjónustu háð samþykki ráðherra.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnnum sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að heimila þá för um landareignina og uppsetningu mælingamerkja/punkta sem nauðsynleg getur talist vegna landmælinga.

15. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma forstjóra Landmælinga Íslands skal skipun núverandi forstjóra halda gildi sínu.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Gjört í Reykjavík, 7. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1985

19. júní 1985

57

Nr. 32

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 561 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 1 036 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 74 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurfjármögnunar og framkvæmda.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Próunarfélagi, sem stofnsett verður, er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 190 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 85 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 140 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1985 að fjárhæð 7 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 1 092 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslána sjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18 000 þús. kr. á árinu 1985.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bændna, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1985.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga nr. 69/1984 skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 000 þús. kr. á árinu 1985.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, skal einungis þeirri fjárhæð, sem áætluð er í 4. gr. fjárlaga 1985, varið til rekstrar Rafmagnseftirlitsins en það sem umfram innheimtist skal renna í ríkissjóð.

22. gr.

Prátt fyrir 8. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi samkvæmt fyrrgreindri lagagrein eigi fara fram úr 8 500 þús. kr. á árinu 1985. Framlag úr ríkissjóði skv. 25. gr. laga nr. 60/1976 til Ferðamálasjóðs skal falla niður á árinu 1985.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs ekki fara fram úr 7 000 þús. kr. á árinu 1985.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 96 000 þús. kr. á árinu 1985.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 635 000 þús. kr.

III. KAFLI

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 287 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Byggingarsjóður ríkisins tók á árinu 1984.

Þá er fjármálaráðherra heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 80 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Endurlán ríkissjóðs tóku á árinu 1984 til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka eða ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð afurðalán allt að 250 000 þús. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarbirgða í árslok 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Albert Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1985

19. júní 1985

61

Nr. 33

LÖG

um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni,
fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

IX. kafli laganna, **Um mörk og markaskrár**, breytist og orðist svo:

a. (63. gr.)

Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þá má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á öðru búfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk, plötumerki og frostmerkingar á stórgripum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja stórgripi er ganga utan afgirtra svæða.

b. (64. gr.)

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking réttthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétt hærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægri marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns nema leyfi hans komi til.

c. (65. gr.)

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt að gerð marksins sé í samræmi

við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr. og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

d. (66. gr.)

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1988. Stjórnnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskráanna í fyrsta sinn.

Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

- a. Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu hverrar nýjar markaskrár. Skal gjaldið fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri mörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár eða lengur frá útgáfu síðustu markaskrár.
- b. Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.
- c. Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á að gjöld samkvæmt a- og b-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins samkvæmt þessari grein.

Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekins frests sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

e. (67. gr.)

Mark, sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar

átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

f. (68. gr.)

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður, sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða sem ágreiningur er um þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark sem lengur hefur verið samfelldt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.
- b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess og annarra marka hans.
- c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.
- d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

g. (69. gr.)

Ákvörðunum markavarða eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjársjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykktu um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 43 25. maí 1976 og 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 inn í lög nr. 42 12. maí 1969 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.****Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 34

19. júní 1985

SIGLINGALÖG

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

I. KAFLI

Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

2. gr.

Skip er óbætandi:

1. er engri viðgerð verður við komið á því,
2. er ekki verður gert við það þar sem það er eða á neinum þeim stað er það verður flutt á eða
3. er skipið er ekki talið þess virði að við það sé gert.

Öll þau atriði, sem eru talin í 1. mgr., skulu sönnuð með skoðunargerð dómkvaddra manna eða annarra sem að lögum eru til þess bærir.

II. KAFLI

Um réttindi yfir skipum.

3. gr.

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, svo og á skrásettu, skráningarskyldu skipi sem er minna en 5 rúmlestir, fer eftir þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

4. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu ef þeirra er getið í eignarheimild og skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá

bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenska skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

5. gr.

Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenskum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur í gjalddaga skuld sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslensk skip.

III. KAFLI

Um skipstjóra.

6. gr.

Skipstjóri annast um að skip sé haffært og að það sé vel útbúið, nægilega mannað og búið vatni og vistum til fyrirhugaðrar ferðar, auk öryggisbúnaðar eftir þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum sem um hann gilda. Skylt er honum að annast um að skip sé vel búið til að taka við farmi og flytja hann, að skip sé ekki offermt, farmur sé vel búlkaður og lestarop tryggilega lukt miðað við þarfir og aðstæður.

Skylt er skipstjóra að gera allt það er hann má til að halda skipi haffæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn eða annað að borið svo að ætla má að skip hafi laskast og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það þar sem því verður fyrst við komið eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um eftirlit með skipum.

Samgönguráðherra setur reglur um birgðir skips af lyfjum og öðrum lækningaeftum. Auk þess getur samgönguráðherra sett reglur um fermingu, flutning og affermingu efna, sem sérstök hætta stafar af, og ábyrgist skipstjóri að þeim fyrirmælum sé hlýtt. Skipstjóri ber ábyrgð á að farið sé eftir lögum og reglum um varnir gegn mengun frá skipum. Það sem hér segir um hættuleg efni og mengun nær einnig til erlendra skipa sem fara um mengunarlögsögu Íslands.

7. gr.

Skipstjóri annast um að skipi sé stjórnað og með það farið í samræmi við góðar venjur og kunnáttu í siglingum og sjómennsku.

Skylt er skipstjóra, eftir því sem honum er unnt, að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar er honum ber að gæta á viðkomustöðum skips eða á ferð þess.

8. gr.

Skipstjóra ber að fylgjast með því að skipsbækur séu færðar eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um. Hann hefur yfirumsjón með færslu í bækurnar og með varðveislu þeirra.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

9. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skipsbækur, færslu þeirra og varðveislu, sbr. þó síðari málsgreinar þessarar greinar.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim ef honum er nauðsyn á því. Þetta á þó ekki við hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt veittur aðgangur að bókum þess skips nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál sem tengist ferðum skipsins sem viðkomandi bók varðar skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist á því máli.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

10. gr.

Skipstjóri annast um að fermingu og affermingu skips sé hraðað eftir þörfum og að ferð skips dragist ekki. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt nema honum sé rétt eða skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarhásku.

11. gr.

Ef skip kemst í sjávarhásku er skipstjóra skylt að gera allt, sem hann má, til bjargar mönnum, skipi, farmi og öðrum fjármunum sem á skipi eru og leita sér til þess hjálpar sem nauðsyn krefur. Hann skal gæta þess að skipsbókum og skipsskjölum sé eða verði vel borgið eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Eigi skal hann yfirgefa skip meðan enn er raunhæf von um björgun þess nema honum sé sjálfum yfirvofandi lífsháski búinn.

12. gr.

Nú fer skipstjóri frá skipi og skal hann þá áður gefa hinum æðsta stýrimanni sem kostur er á eða að öðrum kosti, ef ekki næst til stýrimanns, öðrum skipverja eða skipverjum nauðsynleg fyrirmæli eða leiðbeiningar um það sem þörf er á.

Sé skip ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi má skipstjóri ekki vera frá skipi nema að nauðsynjaerindum. Svo er og ávallt ef hætta er á ferðum.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni kemur æðsti stýrimaður í hans stað þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

13. gr.

Skipstjóri hefur til þess umboð, samkvæmt stöðu sinni og fyrir hönd útgerðarmanns, að gera samninga varðandi meðferð skips, um framkvæmd ferðar þess, um flutning farms með því eða um flutning farþega sé skip til þess búíð.

Skipstjóri er sóknaraðili útgerðarmanns í málum sem við koma skipinu.

Nú er fjár vant til framkvæmdar einhvers þess sem um getur í 1. og 2. mgr. og svo háttar að eigi verður beðið ákvörðunar útgerðarmanns í því efni og skal þá skipstjóri annast útvegum fjár með hentugum hætti. Er honum þá heimilt, eftir aðstæðum, að taka fé að láni, veðsetja eða selja fjármuni útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf bindur hann allt að einu útgerðarmann ef viðsemjandi var grandlaus.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmanni að staðaldri frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverjir löggærningar voru gerðir og frá öllum þeim atburðum í heild sinni sem máli skipta fyrir útgerðarmann. Hann skal og leita skipana útgerðarmanns um öll mikilsverð málefni að því er hann má við koma eða þess manns er útgerðarmaður vísar til.

14. gr.

Skipstjóri skal, meðan á ferð stendur, láta sér annt um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeiganda.

Skipstjóri hefur, samkvæmt stöðu sinni, umboð til að gera löggærninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og segir í 52. — 54. gr. um farmflytjanda.

15. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

16. gr.

Tjón það, sem skipstjóri veldur útgerðarmanni, farmeigendum eða öðrum með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta.

Dómsstólar geta þó lækkað bótafjárhæð með tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.

17. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil svo oft sem útgerðarmaður krefst. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi skal það gert áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmat nema svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanns á reikningum hverja sérstaka greiðslu sem hann hefur tekið við af farmsendanda, farmeiganda, birgðasala eða öðrum þeim er hann átti skipti við sem skipstjóri.

18. gr.

Skipstjóra er óheimilt, án leyfis útgerðarmanns, að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjótí hann bann þetta skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.

19. gr.

Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenskum sjómönnum sem ræðismönnum er skylt að senda heim og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald sem samgönguráðherra ákvæður.

Skylt er skipstjóra að taka til flutnings, án endurgjalds, ösku látinna íslenskra sjómanna ásamt munum sem þeir hafa haft með sér ef þetta hefur ekki óhagraði í för með sér.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um að ákvæði 1. og 2. mgr. skuli einnig ná til erlendra sjómanna eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Laskist skip á ferð svo bæta verði að mun eða tefja það í umtalsverðan tíma er skipstjóra skylt að láta skoðunar- og matsgerð fara fram. Skulu matsmenn kanna skemmdir og segja álit sitt um hvað aðhafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils virði skipið sé þá óbætt.

Nú spillist farmur að mun á ferð eða ráða má af líkum að hann sé svo á sig kominn að nauðsyn beri til að afferma skipið eða gera aðrar ráðstafanir til að verja farminn skemmdum eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs og skal þá skipstjóri láta fara fram lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það hvað ætla má að valdið hafi og hvernig hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög kveða á um eða venja er fyrir á þeim stað. Par sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

Ef óttast má að farmur hafi spillst á ferð skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en farmur er fenginn í hendur viðtakanda.

IV. KAFLI

Um farmflutninga.*1. Upphafsákvæði.*

21. gr.

Með „farmflytjanda“ er í kafla þessum átt við þann sem með samningi tekur að sér flutning farms með skipi fyrir annan, „farmsamningshafa“.

Um farmsamninga um tiltekna ferðir er að ræða þegar greiða á flutninginn fyrir hverja ferð en um farmsamninga um tiltekinn tíma er að ræða þegar greiða á flutninginn samkvæmt tímaeiningum.

Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tiltekna ferðir skips, taka til þess er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjavöru.

22. gr.

Með þeim undantekningum, sem leiðir af 118. gr. og 119. gr., skal beita ákvæðum þessa kafla nema um annað sé samið eða það leiði af venju.

Eigi skal beita ákvæðum þessa kafla ef flutningurinn er háður alþjóðlegum samningi um flutning með öðru farartæki.

23. gr.

Nú er samið um flutning með ákveðnu skipi og er þá farmflytjanda ekki heimilt að efna samninginn með öðru skipi.

24. gr.

Nú er samið um heilt skip eða fullfermi og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.

25. gr.

Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.

2. Flutningssamningar um ferð.

26. gr.

Farmflytjanda ber að sjá til þess, með eðlilegri árvekni, að skip sé haffært, nægilega mannað, birt af vistum og búnaði og hafa lestarrými, kæli- og frystirými og aðra hluta skipsins, þar sem farmur er geymdur, í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu farms.

Fermingarstaður.

27. gr.

Ef ekki er áskilinn sérstakur fermingarstaður í höfn skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist þaðan hlaðið tálmunarlaust.

Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt skal farmflytjandi velja skipi stað þar sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.

28. gr.

Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki en bera skal hann kostnað af því.

29. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjavöru hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða nema það leiði af samningi eða venju.

Fermingartími.

30. gr.

Skýlt er farmflytjanda að hafa skip bóúð til fermingar um ákveðinn fermingartíma sem felur í sér biðdaga og aukabiðdaga.

Farmflytjandi á rétt til sérstakrar þóknunar fyrir aukabiðdaga.

31. gr.

Telja skal þann tíma til biðdaga sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir við samningsgerð að til fermingar gengi. Skal þá höfð hliðsjón af tegund og stærð skips og farms, fermingartækjum í skipi og í höfn og öðrum sambærilegum ástæðum.

Biðdaga skal telja í vinnudögum og vinnustundum.

32. gr.

Biðdaga skal telja frá því er sagt hefur verið til að skip sé bóúð til fermingar á fermingarstað. Beina skal tilkynningu til farmsamningshafa nema sagt hafi verið til um annan vörusendanda en þá skal tilkynna honum. Ekki skal tilkynning gefin fyrr en skip er komið á fermingarstað.

Biðdagatíma skal annaðhvort telja frá þeirri klukkustund, er hafnarvinna hefst eftir venju að morgni enda hafi þá verið sagt til skips fyrir lok skrifstofutíma næsta vinnudag á undan, eða frá þeirri stundu er hádegishléi lýkur enda hafi þá verið sagt til fyrir hádegi þann sama dag.

Nú er vörusendandi ekki á fermingarstað og skal þá líta svo á að honum hafi verið sagt til um skipið þegar tilkynning hefur verið send honum eða umboðsmanni hans með tilhlýðilegum hætti. Ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans skal tilkynning auglýst eftir því sem við á þar á staðnum og hefur birting auglýsingar þá sömu áhrif og þegar tilkynning er send.

33. gr.

Ef aðstæður vörusendanda valda því að skip getur ekki lagst að á fermingarstað hefst biðdagatími þegar tilkynnt hefur verið að skip sé bóúð til fermingar.

Svo er einnig þegar ekki hefur verið samið um tiltekinn fermingarstað og tálmunin stafar af skipaþröng í höfn eða öðrum svipuðum atvikum sem farmflytjandi þurfti ekki að gera ráð fyrir við samningsgerð.

34. gr.

Til biðdaga telst sú töf sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn en hins vegar ekki sá tími sem fer til ónýtis vegna tálmana af skipsins hálfu.

Nú er skipi valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og telst þá ekki sá tími til biðdaga sem við það fer til ónýtis.

35. gr.

Aukabiðdagar skulu vera hálfu færri en biðdagar. Ef samið er um heilt skip skulu þeir vera 3 dagar hið fæsta.

Tímenn skal reikna í vinnudögum og vinnustundum en þóknunina eftir samfelldum dögum og klukkustundum frá lokum biðdaga. Um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá skal beita ákvæðum 34. gr. eftir því sem við á.

36. gr.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal ákveða með hliðsjón af farmgjaldi enda sé tekið tillit til aukinna útgjalda annars vegar og sparnaðar hins vegar sem af því leiðir fyrir skipið að það liggur í höfn.

Krefja má þóknunar að kvöldi fyrir hvern aukabiðdag.

Nú er þóknun ekki greidd eða trygging sett og má þá geta kröfunnar á farmskírteini.

37. gr.

Þegar tími til fermingar og affermingar er tiltekinn í einu lagi má ekki nota lengri tíma til fermingar en svo að hæfilegur tími verði eftir til affermingar.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal þó ekki reikna fyrir en hinn tiltekni biðtími er liðinn í heild.

38. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjavöru fer um lengd fermingartíma eftir aðstæðum. Tilkynning til vörusendanda skal gerð með hæfilegum fyrirvara. Ákvæði um aukabiðdaga taka ekki til slíkra flutninga.

Ákvæði um tilkynningar taka ekki til skipa sem eru í förum samkvæmt fastri áætlun.

Ferming.

39. gr.

Farmsamningshafi skal færa vöru að skipshlið en farmflytjandi annist fermingu hennar, búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur staður af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og er honum þá allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

40. gr.

Afhendingu vöru og viðtöku hennar skal hraða eftir föngum.

Vöru skal afhenda í þeirri röð og með þeim hætti sem haganlegast er fyrir flutning hennar á skip, búlkun og affermingu.

41. gr.

Óheimilt er að búlka vöru á þilfari nema það hafi næga stöð í samningi eða venju.

42. gr.

Sendandi skal sjá um að vara, sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti skipi eða áhöfn, sé merkt samkvæmt gildandi reglum um flutning á hættulegum varningi. Honum er einnig að öðru leyti skylt að veita þá fræðslu um vöruna sem nauðsynleg er til að varna tjóni.

43. gr.

Þegar sendir eru munir sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar skal frá því skýrt og munirnir merktir á þann hátt ef unnt er.

Segja skal til þess sérstaklega ef sendir eru peningar, verðbréf eða dýrgripir.

44. gr.

Skipstjóri, stýrimaður eða sá, sem til þess hefur umboð, skal veita viðurkenningu fyrir móttöku vöru jafnóðum og hún er afhent ef vörusendandi krefst þess.

45. gr.

Farmflytjandi, skipstjóri eða sá, sem farmflytjandi hefur veitt til þess umboð, skal, ef vörusendandi krefst þess og nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir, gefa út viðtökufarmskírteini fyrir vörunni þegar hann hefur tekið við vörunni í sína vörslu, sbr. 101. gr.

Að lokinni fermingu getur vörusendandi krafist þess að út verði gefið skipsfarmskírteini er sýni að ferming hafi farið fram, sbr. 101. gr. Hafi verið útbúið viðtökufarmskírteini handa vörusendanda skal hann skila því þegar hann fær skipsfarmskírteini afhent. Í stað þess að gefa út nýtt farmskírteini má rita á viðtökufarmskírteinið nafn þess skips eða nöfn þeirra

skipa sem vöru var skipað um borð í og dagsetningu fermingarinnar. Eftir áritun þá, sem lýst var, telst það vera skipsfarmskírteini.

Sendandi getur krafist sérstaks farmskírteinis fyrir einstaka hluta farms nema það baki farmflytjanda verulega fyrirhöfn eða óþægindi. Sendandi greiði aukakostnað sem af því kann að leiða.

Nú er farmskírteini útbúið samkvæmt farmsamningi með öðrum skilmálum en ákveðið var í samningnum þannig að ábyrgð farmflytjanda eykst við þetta og skal þá farmsamningshafi bæta honum það svo að hann verði skaðlaus.

46. gr.

Nú tefst brottför skips að fermingartíma loknum sökum þess að sendandi afhendir ekki í tæka tíð skjöl sem vöru skulu fylgja eða veitir ekki vitneskju um ákvörðunarstað eða annað sem ferð varðar og getur þá farmflytjandi krafist sömu þóknunar og fyrir aukabiðdaga. Ef hann bíður meira tjón á hann einnig rétt til að fá það bætt nema álíta megí að hvorki sendandi né menn, sem hann ber ábyrgð á, hafi valdið töfinni með yfirsjónum eða vanrækslu.

47. gr.

Pegar vara, sem afhent hefur verið, veldur farmflytjanda tjóni eða tjóni á skipi skal farmsamningshafi greiða bætur ef um er að kenna yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna sem hann ber ábyrgð á.

Nú hlýst tjón af vöru sem er eldfim, hætt við sprengingu eða er hættuleg að öðru leyti og skipað var um borð án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar og er þá farmsamningshafi ábyrgur fyrir öllu tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, er hlýst af því að vörunni var skipað um borð, jafnvel þótt ekki sé um yfirsjón eða vanrækslu af hans hálfu að ræða.

Framkvæmd ferðar.

48. gr.

Ferð skal haldið áfram með hæfilegum hraða.

Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

49. gr.

Nú tefst skip á ferð sökum þess að vitneskja um ákvörðunarstað eða annað er ferð varðar barst ekki í tæka tíð og skal þá beita ákvæðum 46. gr. eftir því sem við á.

50. gr.

Farmflytjandi greiði skipsgjöld, hafnsögugjöld, dráttargjöld og annan þess háttar kostnað sem stofnast í ferð skipsins.

51. gr.

Farmflytjandi skal á eðlilegan og vandvirkan hátt ferma, meðhöndla, stúfa, flytja, varðveita, annast um og afferma vörur sem hann flytur.

Nú skemmist farmur svo nokkru nemi eða glatast og skal farmflytjandi þá við fyrsta tækifæri tilkynna farmeiganda um það en náist ekki til hans skal tilkynna vörusendanda.

52. gr.

Farmflytjanda er heimilt að gera, svo að bindandi sé fyrir eiganda farms, alla þá löggæringa sem miða að því að varðveita farm og koma honum áleiðis. Hann hefur og heimild til að vera sóknaraðili í málum sem farm snerta.

Nú skortir fé til framkvæmda einhverri nauðsyn sem í 1. mgr. getur og er farmflytjanda þá heimilt að taka fé að láni fyrir hönd farmeiganda eða selja af farmi. Þó að ekki hafi borið nauðsyn til samningsgerðar verður farmeigandi samt við löggjörninginn bundinn ef viðsemjandi var grandlaus.

Nú er hætta á að farmur spillist eða rýrni verulega við geymslu eða flutning áleiðis eða svo reynist að kostnaður af geymslu hans eða flutningi muni fara mjög úr hófi fram og er þá farmflytjanda heimilt að selja hann.

53. gr.

Farmflytjandi skal leita fyrirmæla farmeiganda ef unnt er áður en hann gerir óvenjulegar ráðstafanir um farminn. Ekki skal farmflytjandi selja af farmi án slíkra fyrirmæla nema áður sé látin fara fram skoðunargerð eða aflað sé álitsgerðar sérfróðra manna. Sala skal fara fram á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

Ávallt skal tilkynna farmeiganda ráðstafanir þær sem gerðar voru um farminn.

54. gr.

Nú hefur farmflytjandi lagt fram fé eða játað undir skuldbindingar fyrir farmeiganda og ábyrgist þá farmeigandi kröfur farmflytjanda, sem af því rísa, aðeins með farminum.

Affermingarstaður, affermingartími og afferming.

55. gr.

Um affermingarstað skal beita ákvæðum 27.—29. gr. eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem lúta að farmsamningshafa, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn og hafa þeir þá því aðeins rétt til að vísa á affermingarstað eða til að fá skip flutt milli staða innan hafnar að þeir séu báðir eða allir sammála um það.

56. gr.

Um affermingartíma skal beita ákvæðum 30.—38. gr. eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að vörusendanda, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

57. gr.

Farmflytjandi lætur vöru af hendi við skipshlið og skal viðtakandi taka þar við henni.

Nú er ekki unnt að koma skipi á almennan affermingarstað í höfn af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og er honum þá allt að einu skylt að afhenda vöru á venjulegum affermingarstað.

58. gr.

Afhending vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum. Skipa skal vöru upp í þeirri röð og með þeim hætti að haganlegt sé að taka við henni.

59. gr.

Nú lýkur affermingu ekki á réttum tíma og töfin stafar ekki af tálmunum af hálfu skipsins og skal þá beita ákvæðum 46. gr. eftir því sem við á.

60. gr.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn og einn þeirra hefur greitt þóknun fyrir aukabiðdaga eða aðra töf sem orðið hefur vegna aðstæðna annars viðtakanda og á hann þá aðgang að hinum um greiðslu kostnaðarins.

Afhending farms.

61. gr.

Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann áður en hann tekur við honum.

62. gr.

Nú tekur viðtakandi við farmi og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali sem segir fyrir um flutning farmsins.

63. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi fyrr en viðtakandi greiðir eða greiðir á geymslureikning fé það sem honum ber að greiða eftir 62. gr. og aðrar kröfur sem á vöru hvíla. Varðandi sjótjónsframlag gilda ákvæði 156. gr.

Pegar farmurinn hefur verið afhentur getur farmflytjandi kallað til geymslufjárins enda tálmi viðtakandi því ekki með kyrrsetningu eða lögbanni.

64. gr.

Nú fullnægir viðtakandi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð og er farmflytjanda þá heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda. Tilkynna skal viðtakanda geymslu vörunnar.

Ef neitað er að taka við vöru, viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki skal farmflytjandi skýra sendanda frá því þegar er hann má. Nú segir viðtakandi ekki til sín svo fljótt að vara verði affermd í tæka tíð og skal farmflytjandi þá skipa upp vöru og fela hana til varðveislu svo sem fyrr var sagt. Tilkynna skal vörusendanda og farmsamningshafa þessa ráðstöfun á vörunni.

65. gr.

Pegar skip eru í förum samkvæmt fastri áætlun má skipa vöru upp og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda enda sé hann ekki við því búinn að veita henni viðtöku þegar hún kemur í land.

Ef varan er ekki sótt innan hæfilegs frests skal tilkynna sendanda um geymsluna.

66. gr.

Pegar vara er látin til varðveislu er farmflytjanda heimilt að selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti svo mikið af henni sem þarf til lúkningar á kröfum sem á henni hvíla.

67. gr.

Ef kröfum á hendur farmsamningshafa er ekki fullnægt með sölu vörunnar ábyrgist hann það sem á skortir.

Hafi farmflytjandi afhent vöru á hann ekki kröfu á hendur farmsamningshafa um það fé sem viðtakanda var skylt að greiða nema leitt sé í ljós að greiðsla hefði ekki fengist við sölu á vörunni eða að farmsamningshafi mundi hagnast á kostnað farmflytjanda ef krafan félli niður.

Ábyrgð farmflytjanda á farmi.

68. gr.

Skemmist farmur eða glatist meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi ber honum að bæta tjón sem af því hlýst nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

Farmflytjandi er ekki ábyrgur þegar hann getur sýnt fram á að tjónið stafar af:

- a. yfirsjónum eða vanrækslu við stjórn tök eða meðferð skips sem skipstjóra, skipshöfn, hafnsögunum eða öðrum, sem inna starf af hendi í þágu skips, hefur orðið á,
- b. bruna nema hann stafi af yfirsjón eða vanrækslu farmflytjanda sjálfs,
- c. hættum eða óhöppum sem eru sérkennandi fyrir siglingar,
- d. náttúruhamförum,
- e. hernaðaraðgerðum,
- f. sjóránnum eða öðrum þjóðfélagsfjandsamlegum aðgerðum,
- g. haldi sem lagt er á eða af öðrum skerðingum sem valdhafar, stjórnvöld eða þjóðir grípa til, svo og af haldi sem lagt er á samkvæmt réttarreglum,
- h. sóttkvíartálmun,
- i. athöfn eða athafnaleysi vörusendanda eða eiganda vöru, umboðsmanns hans eða fulltrúa,
- j. verkfalli, verkbanni eða annars konar vinnuhindrun, án tillits til ástæðu eða umfangs,
- k. óeirðum eða borgararóstum,
- l. björgun mannlífa, björgun verðmæta á hafi úti eða tilraunum þar að lútandi,
- m. rýrnun á vöru eða sérstökum eiginleika hennar eða eigin ágalla vörunnar,
- n. ófullnægjandi þökkun,
- o. ófullnægjandi eða ónákvæmri merkingu,
- p. leyndum göllum á skipi sem ekki er unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni er hlýst af óhaffærni skips ef hún er afleiðing þess að hann eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hefur ekki með eðlilegri árvekni séð til þess að skipið var haffært við upphaf ferðar. Sönnunarbyrði um að eðlilegrar árvekni hafi verið gætt hvílir á þeim sem heldur því fram að hann beri ekki ábyrgð.

Lækka má skaðabætur þær sem farmflytjanda ber að greiða eða fella þær niður ef hann sannar að farmsamningshafi eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hafi verið meðvaldur að tjóninu vegna yfirsjóunar eða vanrækslu.

69. gr.

Hafi verið flutt á skip vara sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar er honum heimilt eftir atvikum að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana og er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

Nú er farmflytjanda kunnugt um eiginleika vörunnar við lestun og er honum engu síður eftir atvikum heimilt að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana ef síðar kemur upp slík hættu fyrir menn, skip eða vöru að óverjandi væri að varðveita vöruna um borð. Er honum þá ekki skylt að greiða aðrar skaðabætur en leiðir af reglunum um sameiginlegt sjótjón.

70. gr.

Bætur samkvæmt 68. gr. skal ákveða eftir því verðgildi sem varan mundi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma. Verðgildi vörunnar skal ákveða samkvæmt opinberri verðskráningu en sé henni ekki til að dreifa þá markaðsverði og sé hvorugu þessu til að dreifa þá venjulegu verði fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum.

Bæturnar geta þó ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru sem skemmist, glatast eða sem afhendingu seinkar á. Skal miða við þá fjárhæð sem hæst getur orðið samkvæmt þessu. Með SDR er átt við þá verðmæliseiningu sem greind er í 177. gr. Gengi þessarar verðmæliseiningar ræðst af þeirri dagsetningu sem löggjöf landsins, þar sem dæmt er í málinu, kveður á um.

Ef notaðir eru gámar, bretti eða svipaður flutningsbúnaður sem vöru er safnað í skal sérhvert stykki eða önnur eining, sem skráð er í farmskírteini eða í annað viðtökuskírteini

fyrir flutningnum og pökkuð er í þannig búnað, teljast eitt stykki eða flutningseining þegar beitt er ákvæðum 2. mgr. Með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skal slíkur gámur, bretti eða flutningsbúnaður teljast vera ein eining eða stykki, sbr. 2. mgr.

Farmflytjandi og sendandi vöru mega semja um hærri hámarksbætur en nefndar eru í 2. mgr. og 3. mgr. um ábyrgð farmflytjanda. Hafi sendandi gefið upp tegund og verð vöru og þessar upplýsingar verið færðar án fyrirvara í farmskírteinið eða í annað viðtökuskírteini um flutninginn skal það verð lagt til grundvallar um mörk ábyrgðar farmflytjanda ef þetta leiðir til hærri ábyrgðarmarka en reglurnar í 2. og 3. mgr. Jafnframt skal þetta verð lagt til grundvallar sem verðmæti vöru ef eigi verða færðar sönnur á annað.

Farmflytjandi verður aldrei ábyrgur fyrir tjóni eða skemmd á vörunni ef sendandi hefur með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um tegund eða verð í farmskírteini eða í öðru viðtökuskírteini um flutninginn.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst að tjón mundi sennilega hljóta af.

71. gr.

Nú hefur vara verið afhent án þess að viðtakandi hafi látið farmflytjanda í té skriflega tilkynningu um að tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst svo að viðtakandi vissi eða mátti vita og almennt um eðli tjónsins, og telst þá öll varan afhent í því ástandi sem lýst er í farmskírteini eða öðru viðtökuskírteini um flutninginn ef ekki eru færðar fram sannanir gegn því. Ef ekki hefði verið unnt að komast að raun um tjónið gildir hið sama hafi skrifleg tilkynning ekki verið afhent í síðasta lagi þremur dögum eftir afhendinguna.

Ekki er krafist skriflegrar tilkynningar ef ástand vörunnar hefur verið kannað sameiginlega við afhendinguna.

Þegar tjón hefur orðið á vöru eða hún skemmst eða ætla má að svo sé skulu farmflytjandi og viðtakandi vöru veita hvor öðrum færi á að skoða vöruna á hentugan hátt og ganga úr skugga um þyngd, mál og stykkjatölu.

72. gr.

Ákvæðunum um varnir af hálfu farmflytjanda og um ábyrgðartakmarkanir skal beita hvort heldur sem krafan byggist á samningi eða á ábyrgð utan samninga.

Ef þess háttar krafa er höfð uppi gagnvart einhverjum sem farmflytjandi ber ábyrgð á, sbr. 171. gr., á sá aðili rétt á að bera fyrir sig sömu mótmæli og sömu takmarkanir á ábyrgð og farmflytjandinn hefði getað borið fyrir sig. Samanlögð ábyrgð farmflytjandans og ofangreindra aðila skal í engu tilviki fara fram úr því marki sem greint er í 70. gr.

Nú sannast það að maður hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og með vitund um það að tjón væri fyrirsjáanlegt og getur hann þá ekki borið fyrir sig ákvæði 2. mgr.

73. gr.

Annist einhver annar en farmflytjandi flutning vöru að nokkru eða öllu leyti er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni eins og hann hefði sjálfur annast flutning vörunnar alla leið. Ákvæði þessa kafla gilda þá eftir því sem við á. Þetta gildir einnig eftir að farmskírteini hefur verið gefið út.

Við flutning, sem fram fer með skipi annars en farmflytjanda, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi. Ákvæði 72. gr. gilda eftir því sem við á.

Farmflytjandi og sá, sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., eru ábyrgir hvor fyrir annan. Sameiginleg ábyrgð þeirra getur ekki farið fram úr ábyrgðarmörkum þeim sem greind eru í 70. gr.

Flutningur.

74. gr.

Ef ekki hefur verið samið um fjárhæð farmgjalds skal greiða það gjald sem almennt var þegar ferming fór fram.

Nú hefur verið flutt á skip meira en um var samið af þeirri vöru sem samningur tekur til og skal þá gjalda fyrir það, sem umfram var, að réttu tiltölu við hitt sem um var samið.

75. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir vöru sem ekki kemur til skila við ferðalok nema hún hafi farist vegna ástands hennar sjálfrar eða af ónógum umbúnaði eða annarri yfirsjón eða vanrækslu sendanda, hún hafi verið seld í ferðinni fyrir hönd eiganda hennar eða flutt úr skipinu, gerð óskaðleg eða eyðilögð samkvæmt ákvæðum 69. gr.

Ef farmflytjandi á ekki rétt til farmgjalds eftir því sem nú var sagt skal hann endurgreiða farmgjald sem greitt hefur verið fyrir fram.

Seinkun og dráttur af hálfu farmflytjanda.

76. gr.

Nú kemur skip of seint til fermingarhafnar eða um aðra töf er að ræða af hálfu farmflytjanda og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerðina að töfin mundi valda því að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með flutningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum getur farmsamningshafi riftað samningnum nema dráttur sé óverulegur.

Nú er áskilið í farmsamningi að skip skuli vera búið til að taka við farmi innan tiltekins tíma og hefur þá sérhver dráttur í för með sér heimild fyrir farmsamningshafa til riftunar á samningi.

Ef farmflytjandi tilkynnir að skip muni koma of seint til fermingarhafnar verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

77. gr.

Nú er vara á skip komin og getur farmsamningshafi þá ekki riftað samningi ef afferming vöru mundi valda öðrum farmsamningshafa tjóni.

78. gr.

Nú gildir farmsamningur um tiltekið skip sem ferst eða er dæmt óbætandi og er þá farmflytjandi ekki skyldugur til að annast flutninginn.

79. gr.

Nú er hluta af ferð lokið þegar farmsamningi er slitið samkvæmt 76. gr. eða skylda farmflytjanda til að annast flutninginn fellur niður samkvæmt 78. gr. og á hann þá rétt til farmgjalds eftir vegalengd fyrir þá vöru sem til skila kemur.

Sama hlutfall skal vera milli farmgjalds eftir vegalengd og umsamins heildarfarmgjalds sem á milli leiðar þeirrar, sem farin var, og umsaminnar heildarferðar en jafnframt skal þó taka tillit til hversu miklum tíma var til varið og til sérstaks kostnaðar við sams konar ferðir. Ekki má farmgjald eftir vegalengd fara fram úr verðgildi farmsins.

Hvor aðila um sig á rétt til að fá farmgjald eftir vegalengd ákveðið af löggiltum niðurfjöfnunarmanni sjóttjóns. Bera má ákvörðun hans undir dómstóla.

80. gr.

Nú hlýst tjón af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi eða það leiðir að öðru leyti af drætti af hálfu farmflytjanda og tjónið fellur ekki undir 68. gr. og skal þá beita ákvæðum 68. gr. eftir því sem við á.

Riftun og tálmanir af hálfu farmsamningshafa.

81. gr.

Ef farmsamningshafi riftar samningi áður en ferming hefst á farmflytjandi rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

Farmsamningshafi verður þó ekki bótaskyldur ef telja má ókleift að afhenda vöruna eða flytja eða koma henni á land á ákvörðunarstað vegna atvika sem ekki eru þess eðlis að hann hefði átt að hafa þau í huga við samningsgerð. Má til slíkra atvika telja útflutningsbann, innflutningsbann eða aðrar sambærilegar tálmanir af hálfu stjórnvalda, að allir hlutir af þeirri tegund vöru, sem flytja skyldi, hafi farist af hendingu eða hin tiltekna vara, sem samið var um að flytja, hafi farist af óhappatilviljun. Farmflytjanda er einnig heimilt að rifta samningi bótalaust ef flutningur vörunnar hefði í för með sér veigamikil óhagræði fyrir hann. Nú vill aðili rifta samningi af einhverjum sökum sem hér var greint og skal hann þá tilkynna hinum það án óþarfrar tafar.

Ef engin vara er til skips komin þegar fermingartíma lýkur skal líta svo á að farmsamningshafi hafi slitið samningi.

82. gr.

Nú lætur farmsamningshafi ekki af hendi alla þá vöru sem tilskilin var og skal þá líta svo á að hann hafi riftað samningi að því er tekur til þeirrar vöru sem ekki var afhent. Farmflytjandi á þá rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón nema atvik liggja svo til sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

Hvort sem farmflytjandi kann að eiga bótarétt eða ekki getur hann neitað að flytja vöruna í heild ef bætur eru ekki greiddar eða trygging sett fyrir lok fermingartíma samkvæmt áskorun þar um.

Ef farmflytjandi riftar samningi um flutning vörunnar í heild á hann rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón nema atvik liggja svo til um vöru þá sem ekki var afhent sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

83. gr.

Eftir að vara er komin á skip verður samningi ekki slitið í fermingarhöfn né á meðan ferð stendur ef afferming vöru hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir farmflytjanda eða mundi baka öðrum farmsamningshafa tjón. Beita skal hér, eftir því sem við á, ákvæðum 81. og 82. gr. um rétt farmflytjanda til bóta og riftunar samnings í heild.

Nú er vöru skipað upp í einhverri höfn á leið skipsins og á farmflytjandi þá ávallt rétt til farmgjalds eftir vegalengd.

84. gr.

Þegar ákveðin er fjárhæð bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón skal tillit tekið til þess hvort farmflytjandi hefur látið undir höfuð leggjast, án nægra ástæðna, að taka aðra vöru í hinnar stað.

Þó að farmflytjandi eigi ekki rétt til skaðabóta skal farmsamningshafi eigi að síður greiða þóknun, sem þegar er á fallin, fyrir aukabiðdaga og aðra töl.

Gagnkvæmur riftunarréttur.

85. gr.

Ef í ljós kemur eftir að samningur var gerður að skipi eða farmi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða eða sjórána eða annarra vopnaðra árása eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna er bæði farmflytjanda og farmsamningshafa heimilt að rifta samningi bótalaust þó að ferð sé hafin. Sá, sem rifta vill farmsamningi, skal tilkynna það án óþarfrar tafar. Farist fyrir að tilkynna það skal hann bæta tjón sem af því leiðir.

Ef hættu verður afstýrt með því að skilja eftir eða afferma nokkurn hluta af farmi er riftun aðeins heimil að því er til þessa hluta tekur. Þó getur farmflytjandi, ef það bakar ekki öðrum farmsamningshafa tjón, riftað samningi í heild nema bætur séu greiddar eða trygging sett samkvæmt áskorun þar um.

Beita skal ákvæðum 79. gr. og 2. mgr. 84. gr. eftir því sem við á.

86. gr.

Nú tefur þess háttar tálmun, sem getið er í 85. gr., skipið í fermingarhöfn eftir að það hefur tekið farm eða á viðkomustað á leiðinni og skal þá kostnaði af töfinni jafnað niður á skip, farmgjald og farm eftir því sem mælt er fyrir um sameiginlegt sjótjón. Nú er samningi riftað og tekur þetta þá ekki til kostnaðar sem á fellur eftir það.

3. Tímabundnir farmsamningar.

87. gr.

Pegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur skal farmflytjandi, á því tímabili sem er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa, láta skip fara þær ferðir sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

88. gr.

Farmflytjandi skal sjá um að skip sé svo mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti í því ástandi að það fullnægi skilyrðum til almennra flutningaferða. Honum er þó ekki skylt að leggja til brennsluolíu.

89. gr.

Farmsamningshafi annast og kostar fermingu, búlkun og affermingu. Hann getur ekki krafist annarrar þjónustu af skipstjóra og skipshöfn en venjuleg er í flutningaferðum í sams konar siglingum. Farmsamningshafi ber kostnað af yfirvinnu og öðrum aukaútgjöldum við þá þjónustu.

Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur vegna þess að vara hefur skaddast eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu og á hann þá endurkröfu á hendur farmsamningshafa nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við framkvæmd þess hluta verksins sem þeim var skylt að vinna.

90. gr.

Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því er áður var greint.

91. gr.

Farmflytjanda er skylt að gefa úr farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

92. gr.

Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð sem hættuleg er skipi eða skipshöfn ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip eldfima muni eða muni sem hætt er við sprengingu eða sem hættulegir eru að öðru leyti.

93. gr.

Skýlt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum ef tími sá, sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

Fyrir þann tíma, sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

94. gr.

Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrir fram.

Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni sem ekki stafar af yfirsjón eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna sem hann ber ábyrgð á, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

95. gr.

Ef skip týnist og ekki er vitað hvenær slysið bar að höndum skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað sem síðast spurðist til þess.

96. gr.

Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð að töfin mundi valda því að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum getur farmsamningshafi riftað samningi nema töfin sé óveruleg.

Nú er áskilið í farmsamningi að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

Ef farmflytjandi tilkynnir að skip muni tefjast verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

97. gr.

Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

98. gr.

Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

99. gr.

Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna sem hann ber ábyrgð á.

100. gr.

Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

Hafi skip unnið til björgunarlauna skal endurgjald vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar, sbr. 1. mgr. 169. gr., falla til farmsamningshafa. Hlutur farmflytjanda í þeim hluta björgunarlaunanna, sem skiptast skal milli útgerðarmanns, skipstjóra og skipverja, sbr. 2. mgr. 169. gr., fellur að jöfnu til farmflytjanda og farmsamningshafa.

4. *Farmskírteini.*

Efni.

101. gr.

Með farmskírteini er átt við skjal sem gefið er út af farmflytjanda eða í hans umboði þar sem viðurkennt er að tekið hafi verið við vöru til flutnings eða að hún sé á skip komin þar sem tegund og magn er tilgreint, þó að því tilskildu að skjalið sé kallað farmskírteini eða gefi til kynna að varan verði látin af hendi gegn afhendingu skjalsins.

Í farmskírteini skal greina útgáfustað, útgáfudag og nafn farmsendanda. Í viðtökufarmskírteini skal greina viðtökustað vörunnar. Í skipsfarmskírteini skal greina nafn skipsins, þjóðerni og fermingarstað.

102. gr.

Í farmskírteini skal enn fremur greint ef farmsendandi krefst þess:

1. nánari lýsing á tegund vöru, þyngd, mál eða stykkjatala samkvæmt skriflegum upplýsingum sem farmsendandi lætur í té,
2. nauðsynleg auðkennismerki eins og farmsendandi tilgreinir skriflega í upplýsingum sem hann lætur í té áður en ferming hefst, þó að því tilskildu að þau séu greinileg á vörunni eða umbúðum hennar og verði við eðlilegar aðstæður auðlæsileg til loka ferðarinnar,
3. ástand vöru, eftir því sem séð verður,
4. í viðtökufarmskírteini skal greina þann dag sem vöru er veitt viðtaka en á skipsfarmskírteini skal greina þann dag sem fermingu lauk,
5. hvar afhenda eigi vöruna og hverjum,
6. fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar flutnings vöru og afhendingar.

Farmflytjandi er þó ekki skyldur til, án fyrirvara í farmskírteini, að tilgreina upplýsingar um nánari lýsingu á vöru, merki, þyngd, mál og stykkjatölu ef hann hefur sanngjarna ástæðu til að efast um réttmæti þeirra eða ef hann hefur ekki fengið eðlilegt færi á að kanna framangreind atriði.

103. gr.

Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmflytjanda á því að rétt sé sú tilgreining á vöru sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og upplýsingum.

104. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“ eða á annan hátt.

105. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt eða fleiri skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri eintök en eitt og skulu þau þá öll vera samhljóða.

106. gr.

Nú kemur maður með farmskírteini sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsal í óslitinni röð eða við eyðuframsal og getur hann þá krafist afhendingar vörunnar.

Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleiri en einu eintaki þá nægir samt að sá, sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinisins eða trygging sett fyrir kröfum sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

107. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintök af farmskírteini með heimild þeim til handa samkvæmt 106. gr. og skal þá koma farmi í örugga geymslu, á kostnað viðtakanda, og skýra þeim mönnum tafarlaust frá varðveislunni sem eintök höfðu sýnt.

108. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi nema viðtakandi hafi áður komið farmskírteini í geymslu (depositum) hjá öðrum aðila og gefi sérstök viðtökuvottorð jafnóðum og affermt er.

Þegar affermingu er lokið skal farmskírteini afhent farmflytjanda með áritaðri viðurkenningu um viðtöku vörunnar.

109. gr.

Um ógildingu glataðs eða horfins farmskírteinis fer eftir réttarforsreglum um ógildingu skjala, sbr. XIX. kafla l. nr. 85/1936. Þegar stefna í ógildingarmáli hefur verið birt eða fyrr ef heimilað er með sérstökum dómsúrskurði getur höfðandi ógildingarmáls krafist afhendingar á farmi gegn því að sett sé trygging fyrir kröfum sem réttur eigandi farmskírteinis kynni að öðlast á hendur farmflytjanda.

Réttarsamband farmflytjanda og viðtakanda farms.

110. gr.

Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld sem af fermingu skipsins stafa nema kröfunnar sé getið í farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því að of langur tími hafi til fermingar gengið nema greindur sé á farmskírteini sá tími sem fermingin tók.

111. gr.

Farmskírteinið er sönnun þess að farmflytjandi hafi veitt viðtöku og lestað vöru eins og greint er í farmskírteini nema annað sannist. Þó er gagnsönnun ekki heimil þegar farmskírteini hefur verið framselt grandlausum þriðja manni.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig rangar upplýsingar um vöru til að losna undan ábyrgð ef hann sá eða mátti sjá að rangt var frá skýrt nema hann hafi skráð um það beina athugasemd á farmskírteinið.

Ákvæði 1. mgr. gildir ef athugasemd um að vara sé sködduð eða óhæfilega sé um hana búið er ekki skráð á farmskírteini og farmflytjandi sá eða mátti sjá það.

112. gr.

Nú bíður þriðji maður tjón við að treysta réttmæti upplýsinga sem skráðar eru á farmskírteini sem hann framvísar og er farmflytjandi þá ábyrgur hafi hann séð eða mátt sjá að farmskírteinið, með þessum upplýsingum, væri villandi fyrir þriðja mann. Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 111. gr. gilda þá á sama hátt.

113. gr.

Nú er vara ekki í samræmi við lýsingu í farmskírteini og er viðtakanda þá heimilt að krefjast þess af farmflytjanda að hann veiti upplýsingar um hvort sendandi hafi gefið út skadleysisfirlýsingu og hvert sé efni hennar.

Að öðlast rétt í grandleysi.

114. gr.

Ef einstök eintök farmskírteinis hafa verið framseld ýmsum mönnum fær sá bestan rétt sem fyrstur fékk grandlaus eintak í hendur. En hafi annar maður fengið vöruna afhenta á ákvörðunarstað samkvæmt sínu eintaki af farmskírteininu og þá verið grandlaus er honum ekki skylt að láta vöruna aftur af hendi.

115. gr.

Nú hefur maður farmskírteini í höndum með þeirri heimild sem í 106. gr. segir og er honum þá ekki skylt að láta það af hendi við þann sem misst hefur ef hann hefur eignast það með framsali og verið þá grandlaus.

116. gr.

Heimild þeirri, sem seljandi kann að hafa til að stöðva afhendingu á vöru til kaupanda eða bús hans eða til að fá vöru skilað aftur, verður ekki beitt gagnvart þriðja manni sem grandlaus hefur eignast farmskírteinið við framsal eftir þeirri heimild sem í 106. gr. segir.

Gagnfær farmskírteini.

117. gr.

Með gagnfæru farmskírteini er átt við farmskírteini þar sem greint er frá því að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vörunnar einhvern hluta leiðarinnar. Ákvæðin um farmskírteini gilda, eftir því sem við á, um gagnfær farmskírteini.

Nú hefur farmflytjandi gefið út gagnfært farmskírteini og síðan verður gefið út sérstakt farmskírteini fyrir einhvern hluta af leiðinni og skal þá farmflytjandi sjá til þess að á það verði skráð að varan sé flutt samkvæmt gagnfæru farmskírteini.

5. Gildissvið.

118. gr.

Eigi er heimilt með samningi að víkja frá ákvæðum 45. gr., 47. gr., 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 51. gr., 68.—73. gr., 102. gr., 111. gr., 112. gr., 7. tl. 215. gr. og fyrri málslíðar 216. gr. til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda þegar beita skal íslenskum rétti samkvæmt 119. gr. Til samnings af þessu tagi telst t. d. fyrirvari um að framselja farmflytjanda rétt til skaðabóta samkvæmt váttryggingarsamningi eða svipaðir fyrirvarar.

Ákvæði 1. mgr. stendur ekki í vegi fyrir því að upp sé tekið ákvæði í farmsamning um sameiginlegt sjótjón, sbr. 151. gr., eða fyrirvari sé gerður um takmörkun ábyrgðar farmflytjanda um vöru áður en ferming vöru hefst eða eftir að affermingu lýkur eða um undanþágu ábyrgðar á flutningi á lifandi dýrum eða farmi sem samkvæmt farmsamningi átti að flytja á þílfari og er raunverulega fluttur á þílfari.

Hafi verið samið um eða leiði af aðstæðum að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vöru að nokkru eða öllu leyti getur farmflytjandi undanþegið sig ábyrgð á tjóni eða skemmdum sem verða á vörunni meðan hún er í vörslum hins flytjandans.

Nú er vara óvenjulegs eðlis eða ástand hennar eða aðstæður eru óvenjulegar eða skilyrði um flutning hennar sérstök og sanngjarnt þykir að semja um takmörkun á skyldum farmflytjanda eða aukningu á rétti hans og er samningurinn þá gildur svo framarlega sem ekki er gefið út farmskírteini en skilmálarnir skráðir í viðtökuvottorð sem ekki er viðskipta-bréf og tilgreint sem slíkt.

119. gr.

Flutningur samkvæmt farmskírteini lýtur löggjöf þess ríkis þar sem farmskírteinið er gefið út ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924, um farmskírteini, með

viðauka frá 23. febrúar 1968, Haag—Visby-reglunum. Nú er farmskírteini gefið út í ríki sem ekki á aðild að sáttmálanum en varan er flutt frá ríki sem aðild á að honum og fer þá um flutninginn eftir löggjöf aðildarríkisins. Nú er farmskírteinið gefið út samkvæmt farmsamningi og gilda þá ákvæði 1. og 2. málslíðar aðeins að því leyti sem farmskírteinið ákvarðar réttarsamband farmflytjanda og handhafa farmskírteinis.

Ákvæði þessa kafla gilda um farmflutninga í innanlandssiglingum hvort sem farmskírteini hefur verið gefið út eða ekki.

Flutningur samkvæmt farmskírteini til hafnar hér á landi frá ríki sem ekki á aðild að sáttmála þeim, sem um ræðir í 1. mgr., lýtur ákvæðum þessa kafla.

Heimilt er, án tillits til ákvæða þessarar greinar, að ákveða í farmskírteini að flutningur skuli lúta reglum nefnds alþjóðasáttmála og viðauka eða löggjöf tiltekins ríkis.

V. KAFLI

Um flutning á farþegum og farangri.

1. Upphafsákvæði.

120. gr.

Með „farsala“ er í þessum kafla átt við þann sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun í viðskiptaaugnamiði tekur að sér eftir samningi að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur.

Með „farþega“ er átt við mann sem flytja á eða verður fluttur með skipi samkvæmt farsamningi og enn fremur þann sem með heimild farsala fylgir ökutæki eða lifandi dýri sem háð er samningi um vöruflutning.

Með „farangri“ er átt við sérhvern hlut, þ. m. t. ökutæki, sem fluttur er í tengslum við samning um farþegaflutning, auk þeirra dýrgripa sem greindir eru í 2. mgr. 138. gr. Með „handfarangri“ er átt við farangur sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu. Reglur um farangur gilda ekki ef varan er flutt samkvæmt farmsamningi eða farmskírteini eða skjali sem notað er við vöruflutninga.

121. gr.

Með þeirri undantekningu, sem fram kemur í 127. gr. og sem leiðir af 149. og 150. gr., skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla að ekki leiði annað af samningi eða venju.

122. gr.

Ákvæðum þessa kafla verður ekki beitt ef flutningurinn er háður alþjóðasamningi um flutning með annars konar farartæki en skipi.

123. gr.

Nú fer einhver með skipi án þess að vera farþegi eða skipverji og hann bíður bana eða tjón eins og greint er í 137. og 138. gr. og gilda þá ákvæði þessa kafla um mótmæli og takmörkun ábyrgðar, eftir því sem við á, til hagsbóta fyrir þann sem bótaábyrgðinni er beint að.

2. Um flutninginn.

124. gr.

Farsali skal sjá um að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti til þess búið að veita farþegum viðtöku og flytja þá. Farsali skal annast öruggan flutning farþegans og farangurs hans og gæta hags hans að öðru leyti á fullnægjandi hátt.

Farsala er óheimilt að flytja farangur á þílfari nema það hafi stoð í samningi eða venju.

Ferð skal halda áfram með hæfilegum hraða. Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

125. gr.

Ef tiltekið skip er greint í samningi er farsala óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.

126. gr.

Ef farsamningur hefur verið gerður um flutning á tilteknum manni er honum ekki heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum. Aldrei er farþega unnt að framselja rétt samkvæmt farsamningi eftir að ferð er hafin.

127. gr.

Skýlt er farþegum að fara að öllu leyti eftir fyrirmælum þeim sem gefin eru um góða háttsemi og reglu á skipi.

Ákvæði sjómannaála um heimild til að grípa til ráðstafana gagnvart skipshöfninni, sem nauðsynlegar eru til að halda uppi reglu um borð og til að taka skýrslur af þeim, taka og til farþega eftir því sem við getur átt.

128. gr.

Farþegar mega hafa meðferðis farangur að hæfilegu marki.

Sé farþega kunnugt um að af farangri geti stafað hætta eða verulegt óhagræði fyrir skip, mannlíf eða aðra vöru skal hann skýra farsala frá því áður en ferð hefst. Sama gildir ef annar farangur en handfarangur þarfnast sérstaklega gætilegrar meðferðar. Eiginleikar farangurs, sem hér var lýst, skulu, eftir því sem unnt er, tilgreindir á viðkomandi munum áður en ferð hefst.

129. gr.

Farsala er heimilt að synja farþega um leyfi til að taka með sér farangur sem getur valdið hættu eða verulegum óþægindum fyrir menn, skip eða aðra vöru sem á skipi er.

Nú er búið að ferma þess háttar muni, sem um er rætt í 1. mgr., án þess að farsala sé kunnugt um ástand þeirra og getur hann þá eftir atvikum affermt þá, gert þá óskaðlega eða ónýtt þá bótalaust. Sama gildir þótt farsala hafi verið kunnugt um ástand farangurs við fermingu ef síðar kemur í ljós að af honum getur stafað hætta fyrir menn, skip eða aðra vöru sem á skipi er og eigi sé verjandi að geyma farangurinn um borð.

130. gr.

Hafi farangur valdið farsala tjóni ber farþeganum að greiða bætur ef um er að kenna yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða manna sem hann ber ábyrgð á.

131. gr.

Heimilt er farsala að halda öðrum farangri en handfarangri sem honum hefur verið falinn til varðveislu til þess er farþegi hefur greitt fargjaldið og andvirði þess er hann hefur neytt á skipi á leiðinni, svo og annan kostnað sem varð á leiðinni. Ef greiðsla er ekki innt af hendi má fela farangur til varðveislu, svo að öruggt sé, á kostnað farþega. Heimilt er þá farsala að láta selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði.

132. gr.

Nú gildir samningur um tiltekið skip en það ferst eða er dæmt óbætandi áður en ferð hefst og fellur þá niður skylda farsala til að annast flutninginn.

Farþegi getur riftað samningi ef brottför skips seinkar verulega frá þeim stað þar sem það átti að hefja ferðina.

133. gr.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi eftir að ferð er hafin eða það verður fyrir slíkri töf á leiðinni að þess verður ekki vænst að farþegar bíði í skipi og er farsala þá, á eigin kostnað, skylt að sjá þeim og farangri þeirra fyrir hæfilegu fari með skipi eða öðru flutningstæki áfram til ákvörðunarstaðar. Láti farsali hjá líða að verða við þessu innan hæfilegs frests getur farþeginn riftað farsamningi.

Nú verður farþegi að dveljast í einhverri höfn á leið skipsins vegna sjóttjóns eða annarra ástæðna er skip varða og skal farsali þá sjá honum fyrir fæði og gistingu við hæfi og standa straum af þeim kostnaði sem því fylgir.

134. gr.

Ef farþegi hættir við ferðina eða fer af skipinu á leiðinni á farsali rétt til umsamins fargjalds nema farþegi hafi látist eða sjúkdómur eða önnur lögmæt forföll hafi hindrað för hans enda sé farsala tilkynnt það án tafar. Frá fargjaldi skal þó draga útgjöld sem farsali sparar sér eða hefði getað sparað sér.

135. gr.

Nú kemur í ljós eftir að farsamningur er gerður að farþegum eða skipi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða, sjóráns eða annarrar árásar vopnaðra manna eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna og er þá bæði farsala og farþegum heimilt að rifta samningi bótalaust þó að ferð sé hafin. Sá, sem rifta vill samningi, skal tilkynna það án óþarfrar tafar. Láti hann það hjá líða skal hann bæta tjón það sem af því leiðir.

136. gr.

Nú hefur nokkur hluti leiðar verið farinn þegar farþegi fer frá borði vegna atvika sem honum verða ekki gefin að sök, sbr. 134. gr., eða hann riftir farsamningi samkvæmt 133. gr. eða eftir að ferð er hafin samkvæmt því sem í 135. gr. segir og á farsali þá rétt til fargjalds eftir vegalengd samkvæmt því sem mælt er um í 2. og 3. mgr. 79. gr.

Hafi farsali fengið greitt meira gjald en honum ber réttur til samkvæmt 1. mgr. skal hann endurgreiða það sem umfram er.

3. Ábyrgð farsala á farþegum og farangri.

137. gr.

Farsala er skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu farsala sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþeganum.

138. gr.

Farsala er skylt að bæta tjón er hlýst af því að farangur týnist eða skemmist meðan á ferð stendur ef tapið eða tjónið hlýst af yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Hið sama gildir um tjón sem hlýst af seinkun í sambandi við flutning eða afhendingu farangurs.

Farsali er ekki ábyrgur fyrir tapi eða tjóni á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum, t. d. gulli, silfri, úrum, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema hann hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.

139. gr.

Lækka má fébótaábyrgð farsala eða fella niður ef hann sannar að farþeginn hafi með yfirsjónum eða vanrækslu átt einhverja sök á því tapi eða tjóni sem greinir í 137. og 138. gr.

140. gr.

Sönnunarbyrði um það, hversu mikið tap eða tjón var, eða um það, að tapið eða tjónið hafi orðið af óhappatilviljun í flutningi, hvílir á þeim sem bóta krefst.

Við lífs- eða líkamstjón ber sá, sem bóta krefst, einnig sönnunarbyrði um að tjónið hafi stafað af yfirsjónum eða vanrækslu farsala eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á. Nú stafar tjón af eða er í tengslum við skipstapa, strand, árekstur, sprengingu, eldsvoða eða galla í skipinu og ber farsali þá sönnunarbyrði um að yfirsjónum eða vanrækslu sé ekki um að kenna.

Um tap eða tjón á handfarangri gilda ákvæði 2. mgr., eftir því sem við á. Fyrir tap eða tjón á öðrum farangri ber farsali sönnunarbyrði um að ekki sé um að kenna yfirsjónum eða vanrækslu.

Farsali ber sönnunarbyrði um að tjón, sem stafar af seinkun ferðar, hafi ekki hlotist vegna yfirsjóunar eða vanrækslu hans sjálfs eða einhvers manns sem hann ber ábyrgð á.

141. gr.

Ábyrgð farsala skal eigi fara fram úr 100 000 SDR fyrir hvern farþega sem hefur látist eða slasast. Ábyrgð á seinkun í sambandi við flutning farþegans skal ekki fara fram úr 2000 SDR.

Ábyrgð farsala á tapi eða tjóni, sem hlýst af því að farangur glatast, skaddast eða kemur of seint fram, takmarkast við:

1. 1300 SDR fyrir handfarangur hvers farþega,
2. 5000 SDR fyrir verðmæti sem nefnd eru í 2. mgr. 138. gr.,
3. 8000 SDR fyrir hverja bifreið sem tapast eða skemmist,
4. 2000 SDR fyrir tap eða tjón á farangri hvers farþega.

Takmörk fjárhæða í 1. og 2. mgr. miðast við hverja einstaka ferð.

Í ábyrgðarfjárhæðum, sem greindar eru í 1. og 2 mgr., eru ekki meðtaldir vextir eða málkostnaður.

Verðmæliseiningin SDR er sú reiknieining sem greinir í 177. gr.

Með samningi er farþega og farsala heimilt að hækka ábyrgðarmörk þau sem greinir í 1. og 2. mgr.

142. gr.

Frá tjóni er hlýst getur farsali dregið allt að:

1. 150 SDR fyrir hverja bifreið sem tjón verður á,
2. 20 SDR fyrir tap eða tjón á öðrum farangri hvers farþega,
3. 20 SDR fyrir hvern farþega vegna tjóns sem hlýst af seinkun.

143. gr.

Farsala er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt 141. gr. eða draga frá tjóni fjárhæð samkvæmt 142. gr. ef það sannast að farsali hafi sjálfur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og mátti vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljóta af.

144. gr.

Ákvæðin um mótmæli farsala og takmörk ábyrgðar hans eiga einnig við þótt krafan gegn honum sé ekki byggð á farsamningi.

145. gr.

Nú annast annar en farsali flutninginn að nokkru eða öllu leyti og er farsali eigi að síður ábyrgur sem hann hefði sjálfur annast flutninginn. Ákvæði þessa kafla skulu þá gilda, eftir því sem við á.

Við flutning, sem fram fer með skipi, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur eftir sömu reglum og farsali fyrir þeim hluta flutnings sem hann annast. Samningur, sem felur í sér að farsali taki á sig ríkari ábyrgð en í kafla þessum er ákveðin, er ekki bindandi fyrir þann sem annast flutninginn nema hann hafi samþykkt rýmkun ábyrgðarinnar.

Farsali og sá, sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., bera óskipta ábyrgð.

146. gr.

Ákvæðin um mótmæli og takmörkun ábyrgðar gilda, eftir því sem við á, um þann sem farsali ber ábyrgð á samkvæmt 171. gr. og 1. mgr. 145. gr. Samtala þeirra skaðabótafjárhæða, sem farsali og þeir menn, sem hann ber ábyrgð á, verða skyldaðir til að greiða, má ekki fara fram úr þeim ábyrgðarmörkum sem ákveðin eru fyrir farsalann. Sérhver þeirra er aðeins ábyrgur að því marki sem gildir fyrir hann.

Eigi getur sá borið fyrir sig ákvæði 1. mgr. sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og mátti vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljóta af.

147. gr.

Hafi farþegi beðið líkamstjón eða annað tjón vegna seinkunar í sambandi við flutning getur einungis farþeginn sjálfur borið fram kröfu til bóta af þeim sökum eða sá sem öðlast hefur réttarstöðu hans.

Skaðabótakröfu vegna andláts farþega getur sá einn borið fram sem tekur við réttindum hins látna eða þeir sem voru á framfæri hans.

148. gr.

Mál vegna flutnings farþega eða farangurs má aðeins sækja fyrir:

1. dómstóli á þeim stað sem stefndi á heimili eða hefur aðalstarfsstofu,
2. dómstóli á brottfararstað eða ákvörðunarstað samkvæmt farsamningi,
3. dómstóli í ríki því sem stefnandi á heimili enda hafi stefndi starfsstofu þar og unnt sé að lögsækja hann í því ríki,
4. dómstóli í ríki því sem farsamningurinn var gerður í enda hafi stefndi starfsstofu í því ríki og unnt sé að lögsækja hann þar.

Eftir að tjón er orðið sem ágreiningi veldur geta þó aðilar samið um annað varnarþing en í 1. mgr. greinir eða vísað málinu í gerð.

4. Ýmis ákvæði.

149. gr.

Fyrir fram má ekki semja um frávík frá reglunum í 130.—148. gr., svo og 3.—5. tl. 215. gr. farþegum í óhag.

150. gr.

Prátt fyrir ákvæði 149. gr. er farsala heimilt, við farþegaflutning, að áskilja sér að vera laus við ábyrgð áður en að því kemur að farþegi stígi á skipsfjöl og eftir þann tíma að hann er farinn frá borði. Þó gildir þetta ekki ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða og þessi flutningur er innifalinn í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki sem farsali leggur til.

Farsali getur undanþegið sig ábyrgð á handfarangri sem ekki er í eða á meðfylgjandi ökutæki áður en hann kemur um borð og eftir að hann er farinn frá borði, þó ekki ef um flutning á sjó milli skips og lands er að ræða eins og greinir í 1. mgr. eða fyrir þann tíma sem farangurinn er í vörslum farsala en farþeginn er staddur á hafnarbakka, í farþegastöð eða í öðrum hafnarmannvirkjum.

Nú á tiltekinn flutningsaðili, annar en farsali, að annast hluta flutningsins samkvæmt farsamningnum og getur farsali þá undanþegið sig ábyrgð á tapi eða tjóni sem hlýst á þeim hluta leiðarinnar sem annar flutningsaðili annast.

Farsala er ávallt heimilt að undanþiggja sig ábyrgð á lifandi dýrum sem eru flutt sem farangur.

VI. KAFLI

Um sjótjón.

151. gr.

Hafi eigi verið samið á annan veg gilda York—Antwerpen-reglurnar frá 1974 um alla þætti sameiginlegs sjótjóns.

Samgönguráðuneytið lætur gera handhæga útgáfu af reglum þessum, eins og þær eru á hverjum tíma, í íslenskri þýðingu.

152. gr.

Hafi eigi verið samið á annan veg fer fullnaðarmat og niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns fram á þeim stað sem útgerðarmaður velur.

Niðurjöfnun sjótjóna annast löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóna eða, ef þess er alls ekki kostur, tveir dómkvaddir menn. Ágreining um réttmæti niðurjöfnunar má bera undir dómstóla.

153. gr.

Tjón á skipi og farmi, sem bæta skal í sameiginlegu sjótjóni, skulu meta þeir menn sem skipaðir eru eftir ákvæðum 20. gr. Sömu menn skulu meta verðmæti skips og farms til framlags í sameiginlegu sjótjóni.

154. gr.

Útgerðarmaður eða sá, sem annast rekstur skips í umboði hans, getur farið þess á leit að sameiginlegu sjótjóni verði jafnað niður. Hafi slík beiðni eigi komið fram innan tveggja vikna frá því að útgerðarmanni eða umboðsmanni hans barst áskorun um það frá einhverjum þeim, sem lögmætra hagsmuna hafa að gæta vegna sjótjónsins, getur hagsmunaeigandinn sjálfur farið þess á leit að sjótjóni verði jafnað niður.

155. gr.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að láta í té allar upplýsingar, skjöl og önnur sönnunargögn sem löggiltur niðurjöfnunarmaður eða dómkvaddir niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

156. gr.

Sjótjónsframlag af hálfu farms eða annarrar vöru ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim einum en ekki með öðrum eignum.

Eigi má afhenda farm sem er í ábyrgð fyrir sjótjónsframlagi fyrr en sjótjónsframlag er greitt eða fullnægjandi trygging fengin fyrir greiðslu.

157. gr.

Nú verður tjón á skipi eða öðrum munum eða kostnaður sem stafar af óhappi á ferð og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns né skipað er fyrir um með sérstökum ákvæðum að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón og skal það þá, sem einkasjótjón, koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fémuni sem kostnaðurinn reis af og skal þar þá farið, svo sem verða má, eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður af björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því sem greitt er af munum þeim sem bjargað varð.

Um niðurföfnun einkasjótjóns fer eftir ákvæðum 152. gr. ef einhver krefst þess sem hlut á að máli.

VII. KAFLI

Um tjón af árekstri o. fl.

158. gr.

Ef tjón verður á skipi, öðrum fjármunum eða á mönnum af því að skip rákust á og sökin liggur öll annars vegar þá bætir hinn seki skaða þann allan er af hlaust.

Nú er sökin beggja megin og skulu þá hinir seku bæta skaðann að réttri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna nema mannsbani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótaréttinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefur af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að réttri tiltölu þá á hann endurgjaldsrétt á hendur hinum á þeirri upphæð sem hann varð að greiða umfram sinn hlut. Sá, sem endurkröfu er beint til, getur beitt fyrir sig þeim rétti til undanþágu frá bótaskyldu eða þeim rétti til takmörkunar á bótaábyrgð sem hann gæti borið fyrir sig gagnvart tjónþola samkvæmt lögum eða samningi sem ekki girðir fyrir ábyrgð umfram það sem segir í 68., 70. og 137.—143. gr. eða í samsvarandi ákvæðum í rétti þess lands sem ræður réttarstöðu hans gagnvart tjónþola.

159. gr.

Pegar meta skal sök á árekstri samkvæmt 158. gr. skal dómari einkanlega gefa gaum að því hve langan tíma skipstjórnarmaður hafði til að gera sér grein fyrir aðstæðum.

160. gr.

Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki að annar hvor aðila hafi átt sök á honum fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

161. gr.

Nú rekast skip á og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er einnig skipstjórum að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma og hvert þeim sé ætlað að fara.

162. gr.

Það, sem fyrir er mælt í 158.—161. gr. um árekstur skipa, kemur einnig til greina þá er skip, með siglingu sinni eða á líkan hátt, veldur tjóni á öðru skipi eða á mönnum eða fjármunum sem á því eru þótt ekki hafi skip rekist á.

VIII. KAFLI

Um björgun.

163. gr.

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum, sem á skipi eru, úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

164. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi sem farist hefur eða er statt í hættu eða fjármunum sem á því eru eða nokkru af því skipi eða þeim fjármunum, og hver sá, sem veitir að björguninni, á rétt til björgunarlauna. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu meðan það var statt í hættu þeirri sem var tilefni björgunarinnar eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og réttmætu banni þess sem hefur stjórn skipsins á hendi og á hann þá engan rétt á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt þótt það skip, sem bjargaði, sé eign sama manns sem hitt er bjargað var.

Nú hefur einhver tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt og skipið kemst í hættu og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti sem talið verður að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því sem honum bar skylda til samkvæmt því er honum bar að inna af hendi.

Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um hve mikil björgunarlaunin skuli vera og sker þá dómur úr.

Eigandi farms eða muna, sem til farms hafa talist, ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum sem björgun tekur til en ekki með öðrum eignum.

165. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin skal þessa gætt:

1. í fyrsta lagi:
 - a. að hve miklu leyti björgunin tókst,
 - b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgunina og tíma þess og fyrirhafnar sem til hennar var varið,
 - c. hættu þeirrar sem skipið, er bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða fjármunir sem á skipinu voru,
 - d. hættu þeirrar sem björgunarmönnum og eignum þeirra var stofnað í,
 - e. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt,
 - f. skaða þess sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar sem þeir hafa haft og verðmætis björgunartækja þeirra sem notuð voru,
 - g. hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar;
2. í öðru lagi verðmætis þess sem bjargað var; nú var skip það, er bjargað var, eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélaraflí og skal þá þessara atriða einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna:
 - a. að hve miklu leyti björgunin tókst,
 - b. tíma þess og fyrirhafnar sem til björgunarinnar var varið,
 - c. tilkostnaðar þess og fjártjóns sem björgunarmenn hafa haft og skal þá sérstaklega við það miðað að þeir, sem að björgun veita, bíði eigi fjártjón við að hverfa frá öðrum verkefnum til björgunarinnar,
 - d. hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar.

Nú kemur í ljós að björgunarmaður átti sjálfur sök á hættu þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefur orðið sekur um þjófnað, hylming eða aðra svíksamlega meðferð á fjármunum þeim sem bjargað var og má þá lækka eða fella að fullu niður björgunarlaun þess manns.

166. gr.

Ekki má ákveða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum, svo og kostnaði við geymslu þess, virðingargerð og sölu.

Í björgunarlaunum felst einnig þóknun fyrir að flytja fjármuni þá, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir afnot farartækja og annarra tækja sem notuð voru til þess.

167. gr.

Ef björgunarsamningur hefur verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar þá má hver aðila sem er krefjast þess að dómur ógildi samninginn eða breyti honum ef telja verður að skilmálar hans séu ósanngjarnir.

Rétt er og dómi að ógilda björgunarsamning eða breyta honum ávallt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðili, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðari málsgrein 165. gr. kemur einnig til greina þá er samningur hefur verið gerður um björgun.

Mál til ógildingar björgunarsamnings eða til breytingar á honum skal höfða innan þriggja mánaða frá því að samningurinn var gerður.

168. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skiptingu björgunarlauna þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atriða sem talin eru í 165. gr.

169. gr.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun samkvæmt 3. málsgrein.

Því, sem þá er eftir af björgunarlaununum, skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að rétttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því, sem bjargar, fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum, þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut, skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörf, t. d. náð þar sérstaklega ríki árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukabóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim, sem á hlutdeild í þeim björgunarlaunum, tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu þeirra. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. málsgrein mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinna björgunaraðgerðar.

170. gr.

Björgunarmenn geta krafist þess að skip eða aðrir fjármunir, sem bjargað var, verði eigi færð á brott áður en þeim hafa verið greidd björgunarlaunin að fullu eða fullnægjandi trygging hefur verið sett fyrir greiðslu þeirra.

IX. KAFLI

Um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar.

1. Ábyrgð útgerðarmanns á öðrum.

171. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu í starfi hjá skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum sem starfa í þágu skips.

Nú hefur útgerðarmaður greitt bæt看ur af þessum sökum og getur hann þá endurkafið þann, er valdur var að tjóninu, um bótaupphæðina, að því marki sem lög heimila.

2. Sly á skipverjum.

172. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slysborið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjóunar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébæt看ur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skýlt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysbótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. sem hér segir:

1. Dánarbæt看ur:

- a. 360 000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- b. 140 000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bæt看ur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bæt看ur samkvæmt a-lið.
- c. Mánaðarlegar bæt看ur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar sly ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bæt看ur taka eftir d-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að sly varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d. Mánaðarlegar bæt看ur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1—25%, 18 200 kr. á bilinu frá 26—50% og 27 300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

3. Um heimild til takmörkunar ábyrgðar.

173. gr.

Útgerðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína eftir reglum þessa kafla. Sömu heimild hefur eigandi skips (sem ekki er útgerðarmaður), afnotahafi, farmsamningshafi, umráðamaður (disponent) og hver sá sem starfar í beinu sambandi við björgun skips, þ. m. t. störf sem getið er í 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 174. gr.

Peir menn, sem útgerðarmaður eða aðrir, sem nefndir eru í 1. mgr., bera ábyrgð á, svo sem sjálfstæðir verktakar ef því er að skipta, geta einnig takmarkað ábyrgð sína samkvæmt reglum þessa kafla.

Sá, sem tekur að sér að tryggja gegn ábyrgð á kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar, hefur sömu heimild til að takmarka ábyrgðina og hinn tryggði sjálfur.

174. gr.

Heimild til takmörkunar á ábyrgð er fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir að því er varðar kröfur sem snerta:

1. tjón á mönnum eða munum þegar tjónið verður um borð í skipinu eða í beinum tengslum við rekstur skipsins eða björgun,
2. tjón er hlýst af seinkun flutninga á skipi með farm, farþega eða farangur þeirra,
3. tjón er hlýst af skerðingu réttinda utan samninga enda eigi tjónið rót sína að rekja til reksturs skipsins eða til björgunar,
4. það að skipi er lyft af hafsbotni, það flutt brott, eyðilaggt eða gert óskaðlegt eftir að það hefur sokkið, strandað, verið yfirgefið eða er orðið að flaki og á þetta einnig við um það sem er eða hefur verið um borð í slíku skipi,
5. brottflutning farms, eyðileggingu hans eða það að farmur er gerður óskaðlegur,
6. úrræði sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka tjón sem ella hefði sætt takmörkun á ábyrgð og enn fremur tjón sem hlýst af slíkum úrræðum.

Eigi sá, sem ábyrgur er, gagnkröfu á hendur kröfuhafa og báðar kröfurnar stafa af sama atburði nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu sem fer fram úr gagnkröfunni.

175. gr.

Réttur til að takmarka ábyrgð nær ekki til:

1. kröfu um björgunarlaun, framlag til sameiginlegs sjóþjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tl. 1. mgr. 174. gr.,
2. kröfu vegna tjóns eða útgjalda af því tagi sem nefnt er í alþjóðasamningi frá 29. nóvember 1969, um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. l. nr. 14/1979,

3. kröfu sem háð er alþjóðasamningi eða landslögum sem kveða á um eða banna takmörkun ábyrgðar á tjóni af völdum kjarnorku,
4. kröfu vegna tjóns af völdum kjarnorku er stafar frá kjarnorkuknúnu skipi,
5. kröfu vegna tjóns á mönnum eða munum er þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá manni sem greint er frá í 1. mgr. 173. gr. og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skipsrúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkist hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við fjárhæðir þær sem um ræðir í 2. mgr. þeirrar greinar,
6. kröfu um vexti og málskostnað.

176. gr.

Þeim, sem ábyrgð ber, er óheimilt að takmarka ábyrgð sína ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið viðkomandi tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og að honum hafi mátt vera ljóst að slíkt tjón mundi sennilega hljóta af.

4. Upphæð takmörkunarfjárhæða.

177. gr.

Þegar krafa rís vegna þess að farþegi skipsins andast eða slasast eru ábyrgðarmörkin 46 666 SDR sem margfölduð eru með hæstri leyfilegri farþegatölu samkvæmt vottorðum skipsins, þó að hámarki 25 milljónir SDR.

Vegna annarra krafna, sem rísa út af líkamstjóni, eru ábyrgðarmörkin 333 000 SDR. Fyrir skip, sem stærri eru en 500 rúmlestir, hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1. fyrir hverja lest frá 501 að 3000 lestum, um 500 SDR;
2. fyrir hverja lest frá 3001 að 30 000 lestum, um 333 SDR;
3. fyrir hverja lest frá 30 001 að 70 000 lestum, um 250 SDR, og
4. fyrir hverja lest umfram 70 000 lestir, um 167 SDR.

Ábyrgðarmörk fyrir allar aðrar kröfur, svo og þann hluta krafna sem ekki fæst greiddur samkvæmt 2. mgr., eru 167 000 SDR. Fyrir skip stærri en 500 rúmlestir hækka ábyrgðarmörkin sem hér segir:

1. fyrir hverja lest frá 501 að 30 000 lestum, um 167 SDR;
2. fyrir hverja lest frá 30 001 að 70 000 lestum, um 125 SDR, og
3. fyrir hverja lest umfram 70 000 lestir, um 83 SDR.

Ábyrgðarmörkin í 1.—3. mgr. gilda fyrir samtölu allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart útgerðarmanni, eiganda, afnotahafa, farmsamningshafa og umráðamanni (disponent), auk þeirra manna sem þeir bera ábyrgð á.

Nú athafna björgunarmenn sig ekki frá skipi eða þeir athafna sig eingöngu frá því skipi sem björgunin tekur til og miðast þá ábyrgðarmörkin við 1500 lestir. Ábyrgðarmörkin gilda fyrir samtölu allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar gagnvart björgunarmönnum og þeim sem þeir bera ábyrgð á.

Fyrir skip, sem notuð eru í opinberri þágu og í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, skulu ábyrgðartakmörkin aldrei miðast við minna en 5000 lestir og ekki er þá unnt að takmarka ábyrgð á tjóni sem stafar af sérstökum eiginleikum eða notkun skipsins. Þetta gildir þó ekki um skip sem einkum eru notuð í sambandi við björgun.

Þar sem nefnd er lestatala skips er átt við brúttórúmlestir sem reiknaðar eru eftir alþjóðlegum reglum um mælingu skipa. Með SDR er átt við þá alþjóðlegu verðmæliseiningu (sérstök dráttarréttindi) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar. Reikna skal verðmæliseiningu þessa til íslensks gjaldeyris eftir gengi þann dag sem sett er trygging fyrir ábyrgð eða, ef trygging hefur ekki verið sett, eftir gengi þann dag er greiðsla fer fram. Nú er stofnaður takmörkunarsjóður samkvæmt þessum kafla, sbr. og X. kafla, og skal þá umreiknun miðuð við gengi þann dag er sjóðurinn var stofnaður nema áður hafi verið sett trygging fyrir ábyrgð.

5. Skipting takmörkunarfjárhæðanna.

178. gr.

Sérhver fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar, skiptist milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Nú hrekkur fjárhæð samkvæmt 2. mgr. 177. gr. ekki til að fullnægja kröfum þeim sem þar greinir og skal þá fullnægja þeim hluta krafna, sem ekki fæst greiddur að rétttri tiltölu við aðrar kröfur, af þeirri takmörkunarfjárhæð sem greinir í 3. mgr. 177. gr.

Sá, sem greitt hefur kröfu að nokkru eða öllu leyti áður en takmörkunarfjárhæðum er deilt niður, gengur inn í rétt kröfuhafa til að fá fullnægju að tiltölu við greidda fjárhæð.

Nú sýnir einhver fram á að hann verði síðar nauðbeygður til að greiða kröfu að nokkru eða öllu leyti og að hann gangi þar með inn í rétt kröfuhafa til fullnægju og má þá ákveða í dómi að haldið skuli eftir nægilegri fjárhæð þannig að hann geti síðar fengið kröfu sinni fullnægt samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

6. Vernd gegn lögsókn með stofnun takmörkunarsjóða.

179. gr.

Nú er óskað kyrrsetningar hér á landi, mál er höfðað eða annarra réttaraðgerða er óskað vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar og má þá stofna takmörkunarsjóð, sbr. nánar ákvæðin í X. kafla.

Sjóðurinn telst stofnaður fyrir alla þá sem geta borið fyrir sig sömu ábyrgðartakmörkun og til greiðslu á öllum kröfum sem ábyrgðartakmörkunin tekur til.

Eftir að takmörkunarsjóður, sem nefndur er í 1. mgr., hefur verið stofnaður er ekki unnt að höfða hér á landi sérstakt mál vegna kröfu sem sætir takmörkun ábyrgðar eða um það hvort þeir menn, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir, hafi rétt til ábyrgðartakmörkunar.

Um takmörkunarsjóði vísast að öðru leyti til X. kafla laganna.

180. gr.

Nú er krafa borin fram við takmörkunarsjóð sem stofnaður er samkvæmt 179. gr., sbr. X. kafla, eða samkvæmt sambærilegum reglum í öðru ríki sem er aðili að alþjóðasáttmála frá 19. nóvember 1976, um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns, og er þá ekki unnt að framkvæma kyrrsetningu, fjárnám eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða öðrum eignum neins þeirra sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar. Eftir að takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður hér á landi er ekki unnt að fá kyrrsetningu framkvæmda né aðför eða aðra sambærilega réttarathöfn í skipi eða eignum neins þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til hagsbóta fyrir og sem rétt eiga til ábyrgðartakmörkunar, fyrir kröfum sem beint er gegn sjóðnum, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Nú hefur kyrrsetning verið framkvæmd í skipi eða annarri eign eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu og skal þá fella kyrrsetningu niður eða leysa tryggingu.

Eftir að stofnaður hefur verið takmörkunarsjóður í öðru ríki sem aðili er að alþjóðasáttmála þeim sem nefndur er í 1. mgr. getur dómstóll hafnað beiðni um kyrrsetningu eða fjárnám, sbr. þó 2. mgr. 182. gr. Hafi verið framkvæmd kyrrsetning eða trygging verið sett til að afstýra kyrrsetningu má fella kyrrsetninguna niður eða leysa trygginguna. Beiðni um kyrrsetningu skal vísa frá, kyrrsetning sem framkvæmd er eftir stofnun takmörkunarsjóðsins skal felld niður eða leysa skal tryggingu sem sett hefur verið til að afstýra slíkri kyrrsetningu ef sjóðurinn er stofnaður:

1. á hafnarstað þeim sem krafan varð til vegna atburðar er þar gerdist eða, hafi atburðurinn ekki gerst í höfn, á fyrsta hafnarstað sem skipið kom til eftir að atburðurinn gerdist,

2. á lendingarstað ef um kröfu vegna lífs- eða líkamstjóns er að ræða,
3. á affermingarstað ef krafan stafar af spjöllum á farmi.

Reglurnar í 1. og 2. mgr. gilda eftir því sem við á ef sýnt er fram á að takmörkunarsjóður, sem stofnaður hefur verið í ríki sem á ekki aðild að alþjóðasáttmála þeim sem um getur í 1. mgr., er sambærilegur við takmörkunarsjóð sem greint er frá í 179. gr.

Ákvæði 1.—3. mgr. eiga því aðeins við að kröfuhafi hafi borið kröfu fram gegn sjóðnum með formlega réttum hætti, að unnt sé að ganga að sjóðnum og að ráðstafa megi úr honum til að greiða kröfuna.

181. gr.

Nú er framkvæmd kyrrsetning enda þótt stofnaður hafi verið takmörkunarsjóður og skal þá höfða kyrrsetningarmálið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Nú er synjað um kyrrsetningu eða hún felld niður vegna þess að stofnaður er takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. og skal þá í staðfestingarmáli kveða á um lögmæti umbedinnar kyrrsetningar og hugsanlegar skaðabótagreiðslur vegna kyrrsetningarbeiðninnar.

7. Takmörkun ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður.

182. gr.

Enda þótt ekki hafi verið stofnaður takmörkunarsjóður getur sá, sem ábyrgð ber, borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Fyrir dómi verða þá aðeins teknar til greina þær kröfur sem bornar hafa verið fram í málinu. Að kröfu þess, sem ábyrgð ber, skal taka upp í dóminn fyrirvara um að aðrar kröfur, sem lúta sömu ábyrgðarmörkum, skuli reiknast með við takmörkun ábyrgðarinnar.

Fullnægja má dómi samkvæmt 1. mgr. eftir almennum réttarfarsreglum þar að lútandi. Hafi fyrirvari, sem nefndur var í 1. mgr., verið tekinn upp í dóminn og stofnaður hefur verið takmörkunarsjóður áður en liðinn er hæfilegur tími til að fullnægja hefði mátt dómnum gilda ákvæði 180. gr., þó eftir því sem við á.

8. Gildissvið.

183. gr.

Ákvæðin í 173.—182. gr. eiga alltaf við þegar útgerðarmaður eða annar, sem til þess hefur heimild, ber fyrir sig takmörkun ábyrgðar fyrir íslenskum dómstóli. Varðandi kröfu, sem nefnd er í fyrri hluta 5. töluliðar 175. gr., skal þó, við ákvörðun þess hvort ábyrgð sé takmörkuð og þá hver ábyrgðarmörkin séu, beita lögum þess ríkis sem eiga við um viðkomandi starfs- eða þjónustusamning ef hlutaðeigandi ríki er aðili að alþjóðasáttmála þeim sem um getur í 1. mgr. 180. gr.

Ákvæðin í 173.—182. gr. standa ekki í vegi fyrir því að öðrum lagaákvæðum sé beitt er veita heimild til að lækka ábyrgð tjónvalds gagnvart tjónþola.

X. KAFLI

Um takmörkunarsjóði.

184. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda um takmörkunarsjóði sem stofnaðir eru samkvæmt 179. gr.

Takmörkunarsjóð skal varðveita í Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka í Reykjavík sem hann ákveður og skal þess gætt að sjóðurinn sé ávaxtaður á eðlilegan hátt.

185. gr.

Takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. skal ávallt nema fullri takmörkunarfjárhæð samkvæmt 177. gr. fyrir þeim kröfum sem takmörkun ábyrgðar lýtur að og stafa af sama

atburði. Sjóðurinn skal enn fremur taka til vaxta af takmörkunarfjárhæðinni frá því að atburður varð og fram til sjóðsstofnunarinnar, með fjárhæð sem svarar til almennra forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p. a.

186. gr.

Sá, er setur fram beiðni um stofnun takmörkunarsjóðs, skal leggja fram til vörslu sjóðsfjárhæðina, sbr. 185. gr., í reiðufé eða setja aðra nægilega tryggingu fyrir henni. Jafnframt ber honum að tilkynna Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka, sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr., um alla þá sem ætla má að leggja muni fram kröfu gegn sjóðnum ásamt greinargerð um ástæður að baki sjóðsstofnuninni.

187. gr.

Með úrskurði verður ákvarðað um upphæð framlags úr sjóðnum og enn fremur hvort tekin sé til greina trygging sem kann að verða boðin fram.

Ákveða skal í úrskurði hvort jafnframt skuli sett trygging fyrir viðbótarfjárhæð sem bætast kann við kostnað er stafar af umsjón með sjóðnum, þ. m. t. málskostnaður, og til að standa undir hugsanlegum vaxtakröfum. Einungis er unnt að krefjast tryggingar á vöxtum sem áfallnir eru eftir stofnun sjóðsins.

Nú kemur fram í úrskurðinum að fjárhæðir samkvæmt 185. gr. hafi verið geymslu-tryggðar í reiðufé, sbr. lög um geymslufé, nr. 9 frá 5. maí 1978, eða að önnur nægileg trygging hafi verið sett og telst sjóðurinn þá stofnaður við uppkvaðningu úrskurðarins. Annars telst sjóðurinn stofnaður þegar dómari staðfestir með áritun á úrskurðinn að greiðsla hafi farið fram eða trygging verið sett. Afrit úrskurðar skal þá þegar afhent Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr.

Dómari getur með síðari úrskurði hækkað trygginguna fyrir viðbótarfjárhæðinni samkvæmt 185. gr.

188. gr.

Dómari skal án tafar senda tilkynningu um sjóðsstofnunina til Lögbirtingablaðs þar sem lýst sé eftir að hugsanlegir kröfuhafar gefi sig fram innan tiltekins innköllunarfrests sem sé eigi skemmri en 2 mánuðir og lýsi þar kröfu í sjóðinn. Í innkölluninni skal vakin athygli á efni 3. mgr. 179. gr. og 196. gr.

Innköllunin skal enn fremur birt í öðrum fjölmiðlum eftir því sem dómurinn ákveður og einnig skal, ef ástæða er til, birta hana í öðru ríki þar sem tjón hefur orðið. Sérstaka innköllun skal senda í ábyrgðarbréfi öllum kröfuhöfum sem vitað er um.

189. gr.

Sá, sem lýsir kröfu, skal láta dómara í té nauðsynlegar upplýsingar um kröfuna, þ. á m. á hverju krafan sé byggð og upphæð hennar og hvort hún sé eða hafi verið andlag sérstakrar málsóknar.

190. gr.

Um kröfur, sem ekki hafa verið tilkynntar dómara áður en skipting sjóðsins er tekin til ákvörðunar fyrir dómi, gilda ákvæði 196. gr.

191. gr.

Dómari getur með úrskurði gefið sjóðinn lausan enda sé þá lýsingarfrestur liðinn og samþykki liggja fyrir frá stofnanda sjóðsins og kröfuhöfum lýstra krafna.

192. gr.

Að loknum lýsingarfresti ber dómara, eftir beiðni þess sem stofnaði sjóðinn eða þess sem tryggir gegn áhættunni eða þess sem kröfu á til greiðslu úr sjóðnum, að kveðja þá aðila, er málið snertir, saman til þinghalds til að fjalla um ábyrgðargrundvöllinn, um rétt til ábyrgðartakmörkunar, svo og um fjárupphæðir sem nefndar eru í 185. gr. og kröfur sem lýst hefur verið.

193. gr.

Í dómi skal tekin afstaða til mótmæla sem fram koma gegn rétti til ábyrgðartakmörkunar, gegn upphæð sjóðsins eða gegn kröfu sem lýst hefur verið.

194. gr.

Eftir lok lýsingarfrests er dómara heimilt að ákveða að fram skuli fara bráðabirgða-úthlutun.

195. gr.

Pegar öll ágreiningsmál eru til lykta leidd skal dómariinn úthluta sjóðnum samkvæmt 178. gr.

Úthluta skal sjóðnum og viðbótarfjárhæðinni þó svo að ekki liggi fyrir réttur til ábyrgðartakmörkunar. Samkvæmt beiðni getur dómari kveðið upp dóm fyrir þeim hluta af kröfunni sem ekki fæst greiddur af sjóðnum.

196. gr.

Pegar dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi verða allar ákvarðanir dómsins varðandi takmörkunarrétt, upphæð sjóðsins, lýstar kröfur og skiptingu sjóðsins skuldbindandi fyrir alla þá sem eiga kröfu gegn sjóðnum, án tillits til þess hvort kröfunni hafi verið lýst í sjóðnum.

Dómari getur falið löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóna að gera tillögur um eða annast tiltekin og afmörkuð verkefni sem á dómara hvíla samkvæmt ákvæðum þessa kafla en þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta þó ætíð borið ákvarðanir, tillögur eða athafnir niðurjöfnunarmanns undir dómara.

XI. KAFLI

Um sjóveðrétt o. fl.

1. *Sjóveðréttur og önnur réttindi í skipum.*

197. gr.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í skipi:

1. Laun og önnur þóknun sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir, sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð.
2. Bætur fyrir lífs- og líkamstjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins.
3. Bætur fyrir eignartjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins enda sé bótakrafan eigi byggð á samningi.
4. Björgunarlaun, bætur fyrir að fjarlægja skipsflak og framlög til sameiginlegs sjóttjóns.
5. Skipagjöld.

Sjóveðréttur stofnast hvort heldur sem krafan beinist að útgerðarmanni viðkomandi skips, eiganda þess, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni (disponent).

Sjóveðréttur stofnast um leið og krafa sú sem honum er ætlað að tryggja.

198. gr.

Sjóveðréttur í skipi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum í því.

Kröfum, sem sjóveðréttur fylgir, skal fullnægja í þeirri röð töluliða sem þær eru taldar í 1. mgr. 197. gr. og þær, sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnrétttháar sín í milli. Þó skulu þær kröfur, sem taldar eru í 4. tölulið 1. mgr. 197. gr., ganga fyrir öðrum kröfum sem áður hafa stofnast og af þeim kröfum, sem taldar eru í 4. tölulið, ganga yngri kröfur fyrir eldri.

199. gr.

Sjóveðréttur helst áfram í skipi, að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir, þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips ef hann hefur verið staðfestur með dómi eða dómsátt og útrætti úr dóminum eða dómsáttinni hefur ekki verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur var upp kveðinn eða dómsátt gerð.

Nú hefur skip verið framselt við frjálst afsal til erlends aðila og það hefur í för með sér að veðréttur fyrir kröfu, sem framseljandi var ekki persónulega ábyrgur fyrir, fellur niður eða nýtur lakari forgangs og verður þá framseljandi persónulega ábyrgur fyrir kröfunni allt að verðmæti veðsins.

200. gr.

Sá, sem hefur smíðað skip eða framkvæmt viðgerð á því, getur beitt haldsrétti til tryggingar kröfu sinni vegna smíðinnar eða viðgerðarinnar enda hafi hann vörslu skipsins.

Haldsréttur tekur ekki til kröfu eða þess hluta kröfu sem ágreiningur er um ef haldsréttarþoli setur bankatryggingu eða aðra sambærilega tryggingu fyrir greiðslu kröfunnar eins og hún verður úrskurðuð eða dæmd.

Haldsréttur vikur fyrir sjóveðréttindum í skipi en gengur fyrir samningsbundnum veðréttindum og öðrum eignarhöftum.

201. gr.

Sjóveðréttur fynnist ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs frá því að krafa stofnaðist.

202. gr.

Nú fer fram nauðungarsala á skipi hér á landi og falla þá niður sjóveðréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Nú er skip dæmt óbætandi og getur þá eigandi krafist þess að það verði selt á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarslaga, með þeim afleiðingum að sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft falla niður.

Við skiptingu söluandvirðis víkja sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu fyrir kostnaði þeim sem dómur hefur úrskurðað vegna kyrrsetningarinnar eða fjárnámsins og nauðungarsölnunnar. Sjóveðhafar eiga heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

Nú fer nauðungarsala á skipi fram í erlendu ríki og falla þá sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu niður, að því tilskildu að skipið sé statt í hlutadeigandi ríki á þeim tíma sem salan fer fram og að salan hafi farið fram í samræmi við löggjöf þess ríkis.

203. gr.

Sjóveð í skipi nær einnig til skipsbúnaðar. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

2. *Sjóveðréttur í farmi.*

204. gr.

Eftirtalдар kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í farmi:

1. björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og til kostnaðar sem jafnað er niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.,
2. kröfur sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hefur gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjalds-kröfur þeirra ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði vegna farms; enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru sem seld var í þágu annarra farmeigenda,
3. kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón sem af því stafar að vara er færð í land úr skipi í feringarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við feringu eða affermingu eða í ferð skipsins.

205. gr.

Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð sem þær eru talðar í 204. gr. Kröfur, sem talðar eru í sama tölulið, eru jafnrétttháar en þó því aðeins þær sem talðar eru í 1. og 2. tölulið að þær stafi af sama atburði ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

206. gr.

Sjóveðréttur í farmi fellur niður þegar vara hefur verið afhent. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða seld á ferð í þágu skips eða farms.

Sá, sem án leyfis kröfuhafa afhendir vöru sem honum er kunnugt um eða mátti vera kunnugt um að sjóveð hvílir á, ábyrgist kröfuna persónulega allt að verðmæti veðsins. Hafi viðtakandinn ekki verið persónulega ábyrgur fyrir kröfunni gildir hið sama um hann ef honum var kunnugt um kröfuna þegar varan var afhent.

Sá, sem afhendir vöru er sjóveð fyrir framlagi til sameiginlegs sjótjóns hvílir á, verður þó ekki persónulega ábyrgur fyrir þessari kröfu hafi eigandi vörunnar ábyrgst kröfuna persónulega og sett fullnægjandi tryggingu fyrir henni, sbr. 2. mgr. 156. gr.

207. gr.

Sjóveðréttur í farmi fyrnist á einu ári frá því að krafa stofnast ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn áður en sá tími er úti.

3. *Ýmis ákvæði.*

208. gr.

Samningsbundinn veðréttur í erlendu skipi er viðurkenndur gildur hér á landi ef:

1. veðrétturinn hefur stofnast og er skráður í samræmi við löggjöf þess ríkis sem skipið er skráð í,
2. skráin og skjöl þau, sem varðveita á, eru aðgengileg fyrir almenning og afla má endurrits skrárinnar og afrits þessara skjala á þeim stað og
3. skráin eða nefnd skjöl hafa upplýsingar að geyma um:
 - a. nafn veðhafa og heimilisfang eða hvort veðbréf sé gefið út til handhafa,
 - b. fjárhæðina sem veðrétturinn á að tryggja,
 - c. dagsetningu og önnur atriði sem samkvæmt lögum í skráningarlandinu segja til um forgang veðréttarins gagnvart öðrum skráðum veðréttindum.

Eignarréttur að og veðréttur í skipi, sem er í byggingu erlendis, er viðurkenndur gildur hér á landi svo framarlega sem réttindin eru skráð í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem skip er byggt.

209. gr.

Sá, sem hefur fleiri veð fyrir kröfu sinni en eitt, getur gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Nú hefur hann í einu veðinu leitað sér lúkningar á meira fé en mundi koma á það veð að réttri tiltölu og getur þá sá eigandi, sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi sem fékk veð sitt svo rýrt að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

210. gr.

Við framsal eða önnur eigendaskipti að kröfu, sem tryggð er með sjóveðrétti, flyst sjóveðrétturinn til hins nýja kröfuhafa.

211. gr.

Sjóveðréttur nær ekki til krafna til skaðabóta fyrir missi eða tjón á skipi eða farmi. Hið sama gildir um kröfur samkvæmt vátryggingarsamningi.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 197. gr. skal þó einnig ná til vátryggingarfjár skips.

212. gr.

Mál til fullnustu kröfu, sem tryggð er með sjóveðrétti í skipi, má hvort heldur sem er höfða gegn eiganda skips eða skipstjóranum.

Mál til fullnægingar á sjóveðréttindum í farmi má höfða gegn skipstjóranum. Útgerðarmaður eða sá, sem útgerðarmaður hefur fengið skipið í hendur til siglinga fyrir eigin reikning, getur þó ekki höfðað þess háttar mál gegn skipstjóranum.

213. gr.

Ákvæði 197.—203. gr. og 209.—212. gr. gilda í öllum tilvikum þar sem sjóveðrétti, annars konar veðréttindum eða öðrum eignarhöftum í skipi er haldið fram fyrir íslenskum dómstóli, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Löggjöf þess ríkis, sem skip er skráð í, gildir:

- um innbyrðis röð veðréttinda í erlendu skipi sem viðurkennd eru samkvæmt 208. gr. og um áhrif þeirra gagnvart þriðja manni og
- um lögbundin eignarhöft í skipi sem standa að baki skráðum veðréttindum.

Ákvæði 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, um skip í smíðum. Innbyrðis röð milli haldsréttar og annarra eignarhafta í skipi í smíðum ræðst af löggjöf þess ríkis sem skip er smíðað í.

214. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur sem mæli fyrir um að fullkomnar heimildir um öll skráð eignarhöft í skipum, þ. á m. skipum í smíðum sem skráð eða skráningarskyld eru hér á landi, séu varðveittar á einum stað og um skyldu viðkomandi embættismanna til að skila heimildunum á þann stað.

XII. KAFLI

Fyrning á sjókröfum.

215. gr.

Kröfur þær, er hér verða taldar, falla niður vegna fyrningar ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim sem sjótjóni jafna niður, ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1. Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því er björgunarstarfi lauk.
2. Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi sem greint er í 162. gr.: innan tveggja ára frá því að atburður sá gerðist sem tjóni olli.

3. Skaðabótakrafa samkvæmt fyrri málslíð 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþegi yfirgaf skip eða hafi andlát borið að höndum meðan á ferð stóð frá þeim degi er farþegi átti að yfirgefa skip. Hafi andlát borið að höndum eftir að farþegi yfirgaf skip miðast fyrningarfrestur við tvö ár frá dánardægri en getur þó aldrei verið lengri en þrjú ár frá þeim degi er farþegi yfirgaf skip.
4. Skaðabótakrafa eftir 138. gr.: innan tveggja ára frá því að farangur var fluttur í land eða hafi farangur glatast frá því að hann hefði átt að vera fluttur í land.
5. Skaðabótakrafa eftir síðari málslíð 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþeginn yfirgaf skip.
6. Skaðabótakrafa út af því að vöru var skilað án þess að farmskírteini væri framvísað eða henni var skilað til rangs móttakanda: innan eins árs frá því er vöru bar að skila eða frá því er henni var skilað ef það gerist síðar.
7. Skaðabótakrafa eftir 68. gr. eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.
8. Krafa um framlag til sameiginlegs sjóttjóns eða til kostnaðar sem jafna skal niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
9. Krafa sem sætir takmarkaðri ábyrgð samkvæmt 173. gr.: innan þriggja ára frá því að hún féll í gjalddaga.
10. Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 199. eða 206. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

216. gr.

Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt 2., 6. og 7. tölulíð 215. gr., falla niður vegna fyrningar innan eins árs frá því að greiðsla fór fram eða lögsókn hófst til heimtu greiðslunnar. Fyrningarfrestur endurkröfu, er stofnast í tengslum við skaðabótakröfu vegna tjóns á mönnum samkvæmt 2. tölulíð 215. gr., hefst þó í fyrsta lagi þann dag er skaðabótakrafan var greidd.

217. gr.

Ógildir eru samningar sem mæla fyrir um að kröfur þær, sem taldar eru í 215. gr., skuli ekki fyrnast eða að þeim skuli fylgja lengri fyrningarfrestur en þar er boðinn.

218. gr.

Þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli skal ávallt farið eftir íslenskum lögum um það hverjar athafnir rifta fyrningu, svo og um önnur atriði sem varða fyrningu á sjókröfum.

XIII. KAFLI

Um sjópróf o. fl.

219. gr.

Sjópróf skal halda:

1. þegar maður, sem ráðinn er til starfa á skipi, hefur andast um borð, horfið eða orðið fyrir meiri háttar líkamstjóni er skipið varstatt utan íslenskrar hafnar,
2. þegar maður, sem er á skipi en eigi ráðinn í þjónustu þess, hverfur af skipi, drukknar eða verður fyrir meiri háttar líkamstjóni er skipið erstatt utan hafnar eða skipalægis,
3. þegar skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að.

220. gr.

Sjópróf skal haldið ef Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en tilgreind eru í 219. grein.

Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess að sjópróf séu haldin vegna slysa sem verða á erlendum skipum ef slys verður í íslenski landhelgi, sbr. 1. gr. 1. nr. 41/1979, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Skal þá utanríkisráðuneyti gert viðvart um fyrirhugað sjópróf.

Nú verður slys eða tjón í ferð erlends skips sem snertir verulega hagsmuni íslenskra aðila án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við og getur þá Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að sjópróf séu haldin ef skipið erstatt í íslenski höfn.

Pegar skip, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., erstatt í íslenski höfn getur Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að skipið fái eigi tollvegabréf fyrir en sjópróf hefur verið haldið.

Yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélag viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.

221. gr.

Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það er varðar mat á hæfðinni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsí- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögreglurannsókn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Lögregluyfirvöld skulu, svo fljótt sem við verður komið, hafa samband við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa og gefa fulltrúum þeirra kost á að vera viðstaddir frumrannsókn slyss, en eigi skal fresta upphafi lögreglurannsóknar af þeim sökum einum að þessu skilyrði sé eigi fullnægt. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögreglurannsóknar. Niðurstöður og gögn lögreglurannsóknar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggja enn eigi fyrir.

Forðast skal að spilla eða afmá verksummerki eftir slys í skipi fyrir en lögregluyfirvöld hafa heimilað það.

Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögreglurannsókn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögreglurannsókn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

222. gr.

Hafi sá atburður, sem tilefni gaf til sjóprófs, orðið meðan skip lá í höfn eða fyrst komið í ljós þar skal sjópróf haldið á þeim stað. Hafi atburður orðið meðan skip var í hafi skal sjópróf að jafnaði haldið þar sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, sbr. þó 227. gr. Þó má fresta sjóprófi þar til skip eða áhöfn kemur til annars staðar ef við það

sparast tími eða fé eða það hefur í för með sér umtalsvert hagræði og ekkert mælir því í gegn. Hafi skip farist skal rannsókn fara fram þar sem hagkvæmast þykir. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri skal þá þegar tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins um þessa ráðstöfun.

223. gr.

Sjópróf skulu hér á landi fara fram á bærþingi eða aukadómþingi. Erlendis eru sjópróf haldin hjá þeim dómstól eða yfirvaldi sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað eða ræðismanni Íslands ef hann hefur vald til þess. Ef sjópróf fer fram fyrir erlendum dómstól eða yfirvaldi skal hinum næsta íslenska ræðismanni tilkynnt um það þannig að hann geti verið viðstaddur. Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um sjópróf hvort sem hann hefur haldið það sjálfur eða átt þess kost að vera viðstaddur en skýrslan skal síðan send Siglingamálastofnun ríkisins.

224. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess að sjópróf sé haldið svo skjótt sem auðið er. Hafi skip horfið eða megi ætla að öll áhöfn þess hafi farist hvílir þessi skylda á útgerðarmanni.

Hafi atburður sá, sem er tilefni sjóprófs, orðið meðan skip var í höfn skal beiðni um sjópróf borin fram innan 48 stunda rúmhelgra daga.

Til sjóprófs, sem haldið er hér á landi, skal eftir föngum boða þá sem vitað er eða sem ætla má að hafi verulegra hagsmuna að gæta vegna þess atburðar sem var tilefni sjóprófsins.

225. gr.

Skriflegri beiðni um sjópróf skal fylgja nákvæmt eftirrit eða skýrt ljósrit af því sem skráð er í skipsbækur um viðkomandi atburð og skrifleg skýrsla um atburðinn. Skýrslu þessari skal, ef ástæða er til, fylgja uppdráttur af aðstæðum öllum og útsetning í sjókort í stærsta mælikvarða. Einnig skal fylgja listi yfir áhöfn skips og þá menn sem ætla má að geti gefið upplýsingar sem að gagni koma og, ef því verður við komið, upplýsingar um þá sem hagsmuna hafa að gæta. Framangreind gögn skulu hafa borist dómara degi áður en sjópróf hefst nema dómari heimili styttri fyrirvara. Viðkomandi skipsbækur (frumgerð og hreinskrift ef því er að skipta) skulu sýndar við upphaf sjóprófs. Dómur metur að öðru leyti hverra gagna skuli aflað, svo sem um starfsréttindi og lögskráningu skipshafnar.

226. gr.

Þegar sjópróf fer fram hér á landi skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómari skipstjóra, skipverja og önnur vitni og lætur þá skýra frá því er þeir vita og máli virðist skipta. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að milliliðalaus hljóðritun sé notuð.

Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Dómari rannsakar eftir föngum öll þau atriði er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

Í tengslum við sjópróf skal dómurinn skoða skip ef telja má að slík skoðun geti skipt einhverju máli fyrir rannsókn slyss og jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma aðra þá skoðun sem nauðsyn ber til.

Þegar halda skal sjópróf ber dómara að tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins þar um.

Siglingamálastofnun ríkisins ber að láta starfsmann mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá sem koma fyrir dóm með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

Það, sem í grein þessari segir um Siglingamálastofnun ríkisins, skal einnig eiga við um rannsóknarnefnd sjóslysa, sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970.

Að sjóprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa eftirrit af því.

227. gr.

Nú er sjópróf haldið vegna árekstrar milli skipa og skal þá leitast við að skýrslur, sem snerta bæði eða öll skipin, séu teknar á sama stað og á sama tíma, eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins, og getur hún frestað sjóprófi af þessum sökum.

Ef sjópróf eru ekki haldin samtímis getur dómari, að beiðni útgerðarmanns þess skips sem fyrr er tekið til meðferðar í sjóprófi, úrskurðað að sjópróf verði haldið fyrir luktum dyrum og án aðgangs annarra en fulltrúa hins opinbera og útgerðarmanns skipsins. Ef sjópróf er haldið fyrir luktum dyrum skal því, sem þar kemur fram, haldið leyndu þar til haldið hefur verið sjópróf vegna hins skipsins. Fram til þess tíma hafa aðeins þeir, sem fengu að vera viðstaddir, heimild til þess að kynna sér framburð, framlögð skjöl og skipsbækur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um árekstur við erlent skip og skal þá önnur rannsókn lögð að jöfnu við sjópróf að því er varðar hið erlenda skip. Ekki skal halda sjópróf nema Siglingamálastofnun krefjist þess eða útgerðarmaður samþykki þegar skip hefur lent í árekstri við erlent skip sem ekki er skylt að láta halda sjópróf samkvæmt reglum heimalands þess. Skal útgerðarmaður án tafar tilkynna Siglingamálastofnun um áreksturinn. Samgönguráðuneyti getur sett reglur um það til hvaða erlendra skipa þetta ákvæði nái.

228. gr.

Nú hefur sjópróf þegar farið fram en síðar koma fram nýjar upplýsingar sem miklu skipta eða í ljós kemur að mikilvægar upplýsingar skorti og getur þá Siglingamálastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri krafist þess að sjópróf verði haldið að nýju.

229. gr.

Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá skyldu til að halda sjópróf eða frestað því ef talið er að annars konar en sambærileg rannsókn muni koma að sömu notum.

230. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenju umfangsmikil. Hafi sjópróf eigi farið fram má láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómara starfa og með kunnáttu og reynslu í sjórétti ef kostur er en aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir, hver á sínu sviði.

Nefnd, sem skipuð er skv. 1. mgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsókna. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins og rannsóknarnefndar sjóslysa, sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970, við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsókna, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana, svo og Landhelgisgæslu Íslands, í þágu rannsókna máls og er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsóknina í heild eða einstaka þætti hennar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Kostnaður vegna rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

231. gr.

Rannsóknarnefnd, sem starfar eftir ákvæðum 230. gr., skal að rannsókn lokinni semja ítarlega skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar og skal þar m. a. einkum greint frá sönnuðum eða líklegum orsökum tjóns.

Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgönguráðuneytis. Þeim, sem hagsmuna hafa að gæta, er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. Samgönguráðuneytið getur birt skýrsluna opinberlega ef nægar ástæður, svo sem almannahagsmunir, mæla með því.

XIV. KAFLI

Um lausn ágreiningsefna.

232. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af lögskiptum eða stöðu manna sem lög þessi taka til ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða (eða alla) aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

XV. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

233. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 8. gr., varðar það sektum.

234. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur sem skylt er að halda, varðveislu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.

235. gr.

Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 19. gr. um flutning sjómanna o. fl. varðar það sektum.

236. gr.

Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu þegar honum er það skylt samkvæmt 225. gr. varðar það sektum eða varðhaldi.

237. gr.

Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 161. og 162. gr. þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum varðar það sektum eða varðhaldi.

238. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Ef skipstjóri neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt varðar það sektum eða varðhaldi.

Í refsidómi samkvæmt 1. og 2. mgr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ávilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórarréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórarréttindum ávilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur rétt til skipstjórnar þegar a. m. k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meiri hluti dómenda í sjóprófi að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann skipstjórarréttindum til bráðabirgða með úrskurði en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsímál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans þannig að skipstjóri haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

Hafi meiri hluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

Hafi skipstjóri verið sviptur skipstjórarréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

239. gr.

Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 233.—238. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

240. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

241. gr.

Vanræki útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi samkvæmt 2. mgr. 172. gr. varðar það sektum og varðhaldi ef um ítrekað brot er að ræða.

Ef útgerðarmaður, í merkingu laga þessara, er ekki einstaklingur eiga refsíákvæði 1. mgr. þessarar greinar við um framkvæmdastjóra viðkomandi útgerðarfyrirtækis.

242. gr.

Ákvörðun um fyrirhugaða málshöfðun út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skal tilkynnt samgönguráðuneyti.

XVI. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

243. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin siglingalög, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði í lögum sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Með fjárkröfur, sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara, skal farið eftir fyrirmælum siglingalaga, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**
(L. S.)**Magnús Þ. Torfason.**

Matthías Bjarnason.

Nr. 35

19. júní 1985

SJÓMANNALÖG**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

I. KAFLI**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Lög þessi gilda um alla sjómenn á íslenskum skipum. Samgönguráðherra getur sett reglur um að tiltekin ákvæði laga þessara eða lögín í heild taki ekki til sjómanna á einstökum flokkum skipa, svo og sjómanna á skipum sem eigi ná tiltekinni lágmarksstærð.

2. gr.

Eftirtalin ákvæði laga þessara gilda, eftir því sem við á, um menn sem ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra til annarra starfa en skipsstarfa og um menn sem ráðnir hafa verið á skip af öðrum en útgerðarmanni eða skipstjóra:

1. 2. mgr. 8. gr. um lágmarksaldur,
2. 3. mgr. 8. gr. og 33. gr. um læknisskoðun,
3. 17. gr. um rétt konu til að fara úr skiprúmi ef hún verður vanfær,
4. 26. gr. um rétt til launa, ferðakostnaðar o.fl. ef skip ferst eða verður dæmt óbætandi,
5. 5. mgr. 37. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði vegna umönnunar og heimferðar sökum kynsjúkdóms og berkla,
6. 38. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á tilteknum kostnaði vegna sjómanns sem er veikur eða hefur slasast,
7. 39. gr. um skyldu skipstjóra til að annast um útför o. fl.,

8. 2. mgr. 41. gr. um greiðsluskyldu ríkissjóðs á kostnaði við útför,
9. 2. og 3. mgr. 57. gr. um varnir gegn slysum og heilsutjóni,
10. 58. gr. og 1. mgr. 60. gr. um almenna reglu á skipi og greiðslu skaðabóta,
11. 61. og 62. gr. um viðurværi og hreinlæti,
12. 64. gr. um hvíldar- og matartíma,
13. 67. gr. um heimild til að taka með sér varning o. fl.,
14. 68. gr. um eigur sem skildar eru eftir um borð,
15. 70. og 71. gr. um agavald skipstjóra,
16. V. kafli um brot á lögum þessum og um refsingar eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Allir þeir, sem staddir eru um borð í skipi, eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni sem skipstjóri metur nauðsynleg vegna öryggis skips eða manna sem á skipi eru.

4. gr.

Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta samið um betri réttindi sjómönnum til handa en leiðir af ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara um réttindi sjómanna skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

5. gr.

Með skipverja er í lögum þessum átt við hvern þann sjómann sem á skip er ráðinn til skipsstarfa.

Yfirmenn teljast: stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn og brytar, svo og aðrir skipverjar sem skipstjóri eða útgerðarmaður hefur ráðið til sambærilegra og/eða sérhæfðra starfa.

II. KAFLI

Ráðningarsamningur o. fl.

1. Um samningsgerðina o. fl.

6. gr.

Útgerðarmaður skal sjá um að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur (skiprúmsamningur) við skipverja. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor sínu eintaki. Í samningnum skal meðal annars greina: 1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnnúmer, 2. stöðu hans á skipinu, 3. nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja, 4. ferð þá eða tímabil sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest sé um það samið, 5. umsamið kaup, m. a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, 6. önnur hlunnindi.

Samgönguráðuneytið getur sett nánari reglur um form og efni samninga samkvæmt 1. mgr. og getur jafnframt mælt fyrir um notkun sérstakra eyðublaða í þessu augnamiði og sér ráðuneytið þá einnig um útgáfu og dreifingu þeirra.

Skipstjóri getur, í umboði útgerðarmanns, ráðið skipverja og gilda þá um það ákvæði 1. mgr. Skipstjóri getur einnig, með sama skilorði, vikið skipverja úr skiprúmi eða sagt honum upp störfum, sbr. 23.—25. gr.

Eftir því sem við verður komið skal ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa í vélarrúmi, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta, við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans, svo og við aðra yfirmenn um ráðningu undirmanna þeirra.

Sérhver skipverji skal hafa sjóferðabók sem samgönguráðuneytið lætur gera. Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúminu.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um gerð sjóferðabóka.

Lögskráningarstjóra er skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eða síðar ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

7. gr.

Samgönguráðuneytið skal láta útbúa og kosta hentuga útgáfu af sjómannalögum eins og þau eru á hverjum tíma.

Skipstjóri skal sjá til þess að um borð í skipi sé ætíð eintak af sjómannalögum, eins og þau eru á hverjum tíma, sem allir skipverjar geti kynnt sér.

8. gr.

Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærri aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt fram til átján ára aldurs.

Útgerðarmaður getur krafist þess að sá sem vill ráða sig á skip leggi fram við ráðningu sína vottorð læknis þess efnis að hann sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr.

2. Um ráðningartímann.

9. gr.

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum vera einn mánuður nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi yfirmanns skal vera þrír mánuðir nema um annað hafi sérstaklega verið samið og á það einnig við um skipverja sem starfað hefur sem afleysingamaður í yfirmannsstöðu í níu mánuði samfleytt hjá sama útgerðarmanni.

10. gr.

Hafi eigi verið samið um hvar skipverji fer af skipi verður samningi einungis sagt upp á þann veg að skipverji fari af skipi í íslenskri höfn sem skipið kemur til. Útgerðarmaður, sem sagt hefur skipverja upp starfi, skal greiða eðlilegan ferðakostnað hans til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans hafi það eigi í för með sér meiri kostnað.

Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi eða hafi hann ekki verið ráðinn á skip í íslenskri höfn er unnt að segja samningi upp á þann veg að skipverji fari úr skiprúmi í erlendri höfn. Þetta á þó ekki við um hafnir þar sem skip kemur einungis til mjög stuttrar dvalar svo sem til að taka eldsneyti eða vistir, vegna minni háttar viðgerða eða til að færa sjúkan skipverja á land eða ef einungis er um neyðarhöfn að ræða.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða hafi hann sagt upp stöðu sinni með tilteknum uppsagnarfresti og endi ráðningarsamningur meðan skip er í ferð þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar. Þetta gildir þó ekki um þær hafnir erlendis sem um getur í 2. mgr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar og verði hann kyrr á skipinu eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni er lokið en eigi gerður nýr samningur um höfn þá þar sem skipverji skal víkja úr skiprúmi gilda ákvæði 9. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar eftir atvikum.

11. gr.

Skipverji, sem verið hefur í sama skiprúmi eða verið hefur á skipum sama útgerðarmanns í níu mánuði og sem sagt hefur upp samningi sínum með umsömdum uppsagnarfresti, getur, þó að annað hafi verið ákveðið í samningi, farið úr skiprúmi í hvaða höfn sem vera skal nema erindi skips í höfn sé það sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

13. gr.

Skipverja, sem rétt hefur til að fara úr skiprúmi, skal skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu sé þess krafist, þó eigi lengur en í 48 stundir frá því að skip kom til hafnar. Þetta á þó eigi við um lausn úr skiprúmi skv. 18. gr.

14. gr.

Ef yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi af hvaða ástæðu sem er, banna honum landvist eða heimta þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans er hann eigi getur sett getur hann krafist þess að vera enn um sinn á skipinu þar til það kemur til hafnar þar sem hann getur yfirgefið skipið en skylt er honum þá að gegna áfram stöðu sinni á skipinu fram til þess tíma eftir ákvörðun skipstjóra.

15. gr.

Skipverji, sem á lögheimili á Íslandi og hefur ekki getað farið úr skiprúmi í íslenskri höfn á síðustu fjórum mánuðum, á rétt á ókeypis heimferð ef hann hefur verið á sama skipi eða hjá sama útgerðarmanni samfleytt í níu mánuði.

Ríkissjóður og útgerðarmaður greiða ferðakostnað til helminga.

Heimilt er að draga heimsendingu í allt að einn mánuð ef þess má vænta að skipið komi innan þess tíma til hafnar þaðan sem töluvert ódýrara eða auðveldara er að hefja heimferðina.

Skipverja ber að tilkynna skipstjóra um vilja sinn til heimferðar með minnst 20 daga fyrirvara.

3. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

16. gr.

Ef skipverji sannar að hann hafi, eftir að ráðningarsamningur var gerður, fengið kost á hærri stöðu á öðru skipi eða aðstæður hans hafa breyst svo frá því að hann réð sig á skipið að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúmi þá á hann rétt til þess að krefjast lausnar úr skiprúmi ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað enda auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann er í skiprúminu.

17. gr.

Ef kona, sem er skipverji, verður vanfær getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skiprúminu.

18. gr.

Ef skipverji fær, eftir að skiprúmssamningur var gerður, vitneskju um að maki hans, barn eða foreldri hafi látist eða orðið fyrir alvarlegu slysi eða veikindum getur hann krafist lausnar úr skiprúmi og á hann þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann var í skiprúminu.

19. gr.

Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi ef:

1. skipið verður óhaffært eða íbúðir skipverja eru heilsuspillandi að mati réttra yfirvalda og skipstjóri bætir eigi úr því,
2. skipstjóri neitar að skoðun fari fram samkvæmt 63. gr. eða
3. skipverji hefur orðið að þola misþyrmingar á skipinu og skipstjóri veitir honum eigi vernd þótt eftir því hafi verið leitað.

Skipverji, sem fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr., á rétt á bótum, ferðakostnaði og fæðiskostnaði eftir því sem segir í 25. gr.

20. gr.

Skipverji getur krafist lausnar úr skiprúmi ef í ljós kemur eftir að hann var ráðinn í skiprúm að:

1. hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af völdum hernaðar eða þess háttar hætta eykst til muna frá því sem áður var eða
2. illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins eða á öðrum þeim stað þar sem skipinu er ætluð viðkoma.

Skipverji skal bera fram kröfu um lausn af þessum sökum svo skjótt sem við verður komið eftir að hann fær vitneskju um aðstæður. Sé ferð þá eigi hafin hefur hann rétt til að krefjast lausnar þegar í stað en ella í fyrstu höfn sem skipið kemur í eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik.

Fái skipverji lausn af þeim ástæðum sem frá er greint í 1. mgr. á hann rétt á að útgerðarmaður greiði helming ferðakostnaðar hans til heimilis hans eða til ráðningarstaðar ef útgerðarmaður kys það heldur. Hafi útgerðarmaður eða skipstjóri vitað af ástandi því sem greinir í 1. mgr. skal útgerðarmaður greiða allan ferðakostnað skipverja.

Ákvæði 3. mgr. á þó ekki við ef unnt reynist að útvega skipverja sambærilega stöðu á öðru íslensku skipi eða á skipi, sem tekið hefur verið á leigu af íslenskum útgerðarmanni, þar í höfn sem skipverji fer úr skiprúmi.

21. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi með skilmálum 2. mgr. 20. gr.

Fái skipverji lausn úr skiprúmi af þessum sökum á hann rétt á kaupi fyrir 15 daga eftir að hann fer úr skiprúmi en á íslenskum fiskiskipum skal þó miðað við 7 daga. Auk þess á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðar ef hann fer úr skiprúmi áður en ferð hefst en ella til þess staðar þar sem samið var um að hann færi úr skiprúmi.

22. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenskum fána á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum fer þá sem segir í 25. gr.

Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.

Eigi skipverji rétt á lausn úr skiprúmi af þessum sökum á hann rétt til kaups í sex vikur nema uppsagnarfrestur sé skemmri tími. Innan þess tíma ber skipverja að vinna venjuleg skipsstörf uns skipið er afhent hinum nýja eiganda. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga því aðeins við að skipið sé afhent hinum nýja eiganda áður en ráðningu hefði lokið fyrir uppsögn.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu.

4. *Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.*

23. gr.

Skipstjóri getur víkið skipverja úr skiprúmi ef:

1. skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa,
2. skipverji er haldinn sjúkdómi sem öðrum mönnum á skipi stafar hættu af,
3. læknisskoðun skv. 33. gr. leiðir í ljós að skipverji er eigi fær til að vinna starf sitt þótt eigi sé hann sjúkur.

Ákvæði 36. gr. um rétt skipverja til launa o. fl. eiga við um brottvikningu úr skiprúmi eftir 1. mgr.

24. gr.

Skipstjóri getur enn fremur víkið skipverja úr skiprúmi ef:

1. skipverji reynist óhæfur til þess starfa sem hann var ráðinn til,
2. skipverji kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. skipverji verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu svo sem það að hann óhlýðnast ítrekað skipunum yfirmanna sinna eða beitir aðra menn ofbeldi sem á skipi eru staddir,
4. skipverji er ítrekað drukinn um borð, nema brot sé því alvarlegra, eða er undir áhrifum fíkniefna um borð,
5. skipverji verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp eða leynir manni á skipsfjöln,
6. skipverji leynir tollskyldum varningi eða þeim varningi sem útflutningsbann gildir um á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess eða
7. skipverji ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnvöld.

Ef skipstjóri vill víkja skipverja úr skiprúmi skv. 3.—7. tl. 1. mgr. skal hann skýra skipverja frá því hið fyrsta og eigi síðar en 7 dögum eftir að hann fékk vitneskju um þau atvik sem brottvikning byggist á nema sérstakar ástæður réttlæti lengri frest.

Skipverji, sem víkið er úr skiprúmi samkvæmt þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 36. gr.

25. gr.

Ef skipverja er víkið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 23. eða 24. gr. á hann rétt á kaupi þann tíma sem mælt er fyrir um í 9. gr. Hafi skipverja, sem starfað hefur samfellt í þjónustu sama útgerðarmanns í 15 ár eða lengur, verið víkið úr starfi án nærrar ástæðu skal hann auk þessa eiga rétt á sérstakri uppbót sem nemi eins mánaðar launum sé um yfirmann að ræða en ella skal miðað við laun fyrir 15 daga.

Hafi verið samið við skipverja um tiltekinn stað þar sem hann skyldi víkja úr skiprúmi á hann, auk þess sem fyrr var greint, rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til þess staðar. Verði ráðningarsamningi eigi sagt upp nema skipverji geti víkið úr skiprúmi í íslenskrari höfn, sbr. 1. mgr. 10. gr., á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til íslenskrar hafnar eða til heimilis síns eigi hann heimili á Íslandi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga þó ekki við ef skipverji víkur úr skiprúmi eftir uppsögn á þeim stað sem fyrir fram hafði verið um samið eða sem leiðir af reglum 10. gr. samkvæmt ákvörðun skipstjóra áður en uppsagnarfrestur er úti þannig að skipverji haldi kaupi og öðrum fríðindum þar til fresturinn er á enda runninn.

26. gr.

Farist skip eða verði það fyrir sjóttjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki

skemmi tíma en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum sem segir í 1. mgr. á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

5. Um kaup skipverja.

27. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi sem hann kemur til vinnu á skipinu. Purfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Um vinnu skipverja fer sem segir í kjarasamningum og lögum þessum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann hliðrar sér hjá að vinna án þess að næg ástæða sé til.

28. gr.

Við útreikning kaups fyrir hluta úr mánuði skal við það miðað að kaup fyrir hvern dag sé 1/30 af mánaðarkaupi eða samkvæmt kjarasamningi eftir því sem við á.

Standi ferð lengur yfir en áætlað var við ráðningu á skipverji rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið hafi eigi verið á annan veg samið.

29. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra sem eftir eru að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

Fækki stýrimönnum meðan ferð stendur yfir skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

30. gr.

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því sem landslög ákveða á hverjum tíma.

Skipverji getur krafist þess að kaup hans sé greitt mánaðarlega eftir ávísun til nafngreinds manns hér á landi eða lagt inn á íslenska innlánsstofnun.

Skipverji getur, sér að kostnaðarlausu, sent kaup sitt heim til Íslands með tilstilli íslensks ræðismanns. Ríkissjóður ber þann kostnað sem af þessu leiðir og ábyrgist peningasendingarnar.

31. gr.

Skipverji getur krafist þess að 2/3 hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni gegn umboði.

Greiðslur samkvæmt 1. mgr. má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið nema svo sé að annar hluti kaupsins hrökkvi eigi fyrir greiðslum á skaðabótakröfum er útgerðarmaður á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu,

kröfum yfirvalda á hendur honum sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans eða um sé að ræða kröfu útgerðarmanns vegna tjóns sem leiðir beint af tollalagabroti skipverja.

Heimilt er að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups er skipverji sjálfur getur tekið á móti þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

32. gr.

Mánaðarlega skal skipverja látið í té sundurliðað launauppgjör til hans nema jarasamningar mæli fyrir um skemmri uppgjörsfrest.

Komi það í ljós er reikningar eru gerðir upp að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar þá er það fé eigi afturkræft ef svo er að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum sem ræðir um í 19., 22. gr., 1. tl. 23. gr., 25., 26. og 40. gr.

6. *Umönnun og kaup sjúkra skipverja.*

33. gr.

Skyldur er skipverji til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt ef skipstjóri krefst þess.

Hafi skipstjóri ástæðu til að ætla að skipverji sé sjúkur skal hann sjá til þess að skipverji gangist undir lækniSSkoðun sé þess kostur.

LækniSSkoðun samkvæmt 1. og 2. mgr. skal framkvæmd skipverja að kostnaðarlausu.

34. gr.

Veikist skipverji eða slasist skal skipstjóri sjá um að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið hjúkrun, læknishjálp, lækningaefni og framfæri, sé hann utan heimilis síns enda getur skipstjóri, ef um skammtímaforföll er að ræða, skyldað skipverja til að dvelja á útgerðarstað skips.

Ef ástæða er til að ætla að skipverji sé haldinn sjúkdómi sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land ef eigi reynist unnt að verjast smithættu á skipinu.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna skal skipstjóri sjá um að þeirra sé gætt.

Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis skal skipstjóri fela hann umsjá íslensks ræðismanns eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun ef ræðismaður er eigi á þeim stað og tilkynna þetta þeim ræðismanni sem næstur er og jafnframt nánustu aðstandendum skipverja ef hann óskar þess.

35. gr.

Sé sjúkur eða slasaður skipverji skilinn eftir erlendis í umsjá íslensks ræðismanns getur ræðismaðurinn krafist tryggingar vegna þeirra útgjalda sem útgerðarmaður skal standa skil á samkvæmt 37. og 41. gr. varðandi umönnun og greiftrun skipverja.

Skipverji getur krafist þess að hann fái í hendur kaupgreiðslur sem hann á rétt til nema telja verði að fé það skuli ganga til greiðslu útgjalda sem skipverji á að bera sjálfur eða hann sé af heilsufarsástæðum óhæfur til að ráðstafa fjármunum sínum.

36. gr.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelld skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaup, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

37. gr.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 4.—6. mgr., greiðir útgerðarmaður allan eðlilegan kostnað af umönnun sjúkra skipverja meðan ráðningu þeirra er ekki slitið, sbr. 1. mgr. 34. gr.

Sé skipverji veikur eða slasaður er ráðningu hans er slitið á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur eða í allt að tólf vikur sé skipverji Íslenskur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi eða frá því að skipið lét úr höfn hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé Íslenskur skipverji skilinn eftir erlendis á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu eigi lægri en þá er hann áður hafði og eigi verr launaða á skipi sem fara á hingað til lands eða til hafnar sem hægara er að senda hann frá heim til sín þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu ef heilsa hans leyfir.

Fari skipverji úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla eða sé hann við fráför úr skiprúmi haldinn þess háttar veikindum eða lemstrum sem réttlætt geta uppsögn úr skiprúmi á skipverji, auk þess sem fyrr greinir, rétt á að útgerðarmaður greiði ferðakostnað og fæðiskostnað til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað. Eigi skipverji ekki heimili á Íslandi getur útgerðarmaður þó valið þann kost að greiða ferðakostnað og fæðispeninga skipverja þangað sem skipverji var staddur þegar hann réðst í skiprúm nema yfirvöld á þeim stað neiti honum um landgöngu eða banni honum landvist eða heimti þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans er hann eigi getur sett.

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða hafi hann leynt þeim sviksamlega er hann réðst á skipið á hann ekki rétt á að útgerðarmaður greiði honum ferðakostnað eða fæðispeninga eftir 1.—3. mgr.

Sé skipverji, sem er heimilisfastur á Íslandi, haldinn berklum eða kynsjúkdómi greiðir ríkissjóður kostnað við umönnun og heimferð skipverjans eftir 2. og 3. mgr.

Greiðslur, sem skipverji fær af þessum sökum frá sjúkrasamlagi eða almannatryggingum eða vegna slysatryggingar sem keypt hefur verið honum til handa, skulu dregnar frá þeirri upphæð sem útgerðarmanni eða ríkissjóði er skylt að inna af hendi samkvæmt 2. og 3. mgr.

38. gr.

Hafi skipstjóri, við fráför veiks eða slasaðs skipverja úr skiprúmi erlendis, orðið að reiða af hendi fé vegna heimferðar skipverja, umönnunar hans eða honum til aðstoðar á annan hátt, eftir lögum eða fyrirmælum sem gilda á þeim stað en útgerðarmanni ber ekki að greiða eftir íslenskum rétti, skal ríkissjóður bæta útgerðarmanni skipsins þau útgjöld sem óhjákvæmileg voru í þessu sambandi.

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja og um heimsendingu þeirra.

7. Andlát skipverja og greftrun.

39. gr.

Ef skipverji deyr skal skipstjóri tilkynna einhverjum hinna nánustu vandamanna hins látna um andlátið svo skjótt sem við verður komið. Skipstjóri sér um útför hins látna eða líkbrennslu hafi venslamenn eigi gert aðrar ráðstafanir. Andist skipverji erlendis skal hinum næsta íslenska ræðismanni einnig tilkynnt um andlátið. Hafi líkbrennsla farið fram skal skipstjóri annast heimsendingu öskunnar.

Svo skjótt sem við verður komið skal skipstjóri láta gera skrá yfir muni þá sem hinn látni hefur látið eftir sig í skipinu og skal skrá þessi staðfest af tveimur vottum. Hafi skipverji andast erlendis skal skipstjóri senda eða afhenda hinum næsta íslenska ræðismanni skrá þessa eða staðfest eftirrit hennar. Sé miklu óhagræði bundið að geyma muni hins látna um borð skulu þeir einnig afhentir hinum næsta íslenska ræðismanni.

40. gr.

Deyi skipverji telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Nú hverfur skip í hafi án þess að upplýst verði hvenær skiptapann ber að höndum og skulu lok launagreiðslna til horfinna skipverja þá miðast við þann tíma sem telja mátti eðlilegan fyrir það skip að ná til næsta áfangastaðar frá þeim stað sem síðast spurðist um skipið.

Deyi skipverji á þeim tíma er hann á rétt til kaups samkvæmt 27. gr. eða 36. gr. á eftirlifandi maki eða börn, sem eru á framfæri hins látna eftir almennum framfærslureglum, rétt til launa fyrir einn mánuð umfram það sem segir í 1. og 2. mgr. enda hafi skipverjinn verið í þjónustu útgerðarmanns í síðustu sex mánuði áður en hann andaðist. Hafi skipverji verið samfelldt í starfi hjá sama útgerðarmanni í fjögur ár eða lengur skal, auk þess sem fyrr segir, greiða eins mánaðar kaup sem hjá fiskimönnum miðist við kauptryggingu fyrir einn mánuð eins og hún er á hverjum tíma en hjá farmönnum skal greiðslan vera sem nemur eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja sammingsbundnar dánarbætur og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótageiðslu til opinberra gjalda.

41. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan venjulegan kostnað við greftrun skipverja eða líkbrennslu, svo og þann kostnað er leiðir af heimsendingu ösku eða líkamsleifa ef því er að skipta, hafi skipverji andast meðan útgerðarmanni bar að costa umönnun hans.

Ríkissjóður greiðir þau útgjöld sem um ræðir í 1. mgr. ef skipverji hefur við andlát sitt átt rétt til umönnunar samkvæmt 5. mgr. 37. gr. Ákvæðum 6. mgr. 37. gr. og 38. gr. skal beitt eftir því sem við getur átt um útgjöld vegna andláts eða greftrunar skipverja.

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um ráðstafanir vegna andláts skipverja.

8. Ráðningarsamningur skipstjóra.

42. gr.

Útgerðarmaður skal sjá um að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur við skipstjóra þar sem kveðið sé á um ráðningarkjör hans.

43. gr.

Ákvæði laga þessara um skiprúmssamninga skulu gilda eftir því sem við getur átt um ráðningarsamning við skipstjóra með þeim breytingum sem leiðir af 44.—48. gr.

44. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

45. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr. á hann rétt á bótum fyrir það tjón sem frávikningin bakar honum.

Sé eigi annað sannað um upphæð tjónsins á skipstjóri rétt á þriggja mánaða kaup og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar er ráðningunni skyldi slitið í samkvæmt samningnum eða til íslenskrar hafnar hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni og ráðningu er slitið áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið liðið á hann rétt til að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar sem svarar til aflafengs hans ef um hluta af afla er að ræða ella til starfstíma hans að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

46. gr.

Skipstjóri skal hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilvikum og um getur í 36. gr.

47. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans á hann ekki rétt til launa lengur en hann gegnir starfi.

48. gr.

Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri tíma en þrjá mánuði, er ráðningu skipstjóra þar með slitið sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldugur til að dvelja á staðnum þar til skipverjum, skipi og farmi hefur verið ráðstafað og á hann þá rétt á launum þann tíma og dvalarkostnaði.

III. KAFLI**Um skipsstörfin.***1. Yfirmenn og stjórn.*

49. gr.

Skipstjóri hefur í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

50. gr.

Stýrimenn eru skipstjóra til aðstoðar við siglingu skipsins og þær athuganir og útreikninga sem tilheyra henni og við bókun í leiðarbók og dagbók skipsins. Stýrimenn skulu auk þess sinna öðrum þeim störfum sem skipstjóri felur þeim.

Riti stýrimaður í leiðarbók eða dagbók ábyrgist hann að rétt sé ritað.

Í umboði skipstjóra hefur fyrsti stýrimaður eftirlit með öðrum skipverjum, skipi, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af 53., 54. og 55. gr. Hann skal sjá um nauðsynlega skráningu á mótteknum og afhentum farmi og hafa eftirlit með lestun, losun og búlkun farms.

Forfallist 1. stýrimaður eða sé hann fjarverandi kemur næstæðsti stýrimaður, sem er til staðar, í hans stað.

51. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal æðsti stýrimaður, sem er til staðar, ráða fram úr því sem ekki má fresta.

52. gr.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni kemur æðsti stýrimaður í hans stað þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

53. gr.

Yfirvélstjóri stjórnar og ber ábyrgð á vélgæslunni. Hann skal sjá um óaðfinnanlegan rekstur, meðferð og viðhald á vélbúnaði skipsins, tilheyrandi lögnum og útbúnaði, svo og á þeim hluta af bol skipsins sem lykur um vélarúm, ásamt tilheyrandi geymum og göngum.

Hann hefur umsjón með eldsneytisforða skipsins og öðrum nauðsynjum til reksturs og viðhalds véla, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði.

Hann ákveður verkaskiptingu og starfstilhögun hinna vélstjóranna og annarra starfsmanna í vél.

Yfirvélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra ef hann verður var við galla eða bilun á þeim hlutum skipsins, áhöldum og útbúnaði sem að framan greinir.

Yfirvélstjóri ber ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins. Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal sá æðsti hinna vélstjóranna, sem til staðar er, ráða fram úr því sem ekki má fresta.

Vélstjóri ritar í vélabók og ábyrgist að rétt sé ritað.

54. gr.

Bryti skal einkum sjá um matargerð og framreiðslu matar. Hann hefur umsjón með vistum og sér um hreingerningu á þeim rýmum sem skipstjóri ákveður.

55. gr.

Loftskeytamaður sér einkum um fjarskiptabjónustu, auk annarra starfa sem skipstjóri felur honum.

Hann ber ábyrgð á rekstri, meðhöndlun og viðhaldi á fjarskiptabúnaði skipsins ásamt tilheyrandi útbúnaði og varahlutum.

Verði loftskeytamaður var við galla eða bilun í þeim útbúnaði sem að framan greinir skal hann láta skipstjóra vita af því tafarlaust.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

56. gr.

Um frekari starfsskyldur þeirra yfirmanna, sem frá er greint í 50.—55. gr., svo og um starfsskyldur annarra yfirmanna fer eftir ráðningarsamningi eða kjarasamningi, venju eða reglum sem samgönguráðherra setur.

2. Starfstilhögun og varúðarreglur.

57. gr.

Þegar verkum er skipt skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni er verkum stjórnar er skylt að gæta þess að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum. Á sama hátt er skipverja skylt að hlýðnast fyrirmælum um notkun öryggisbúnaðar og öðrum varúðarreglum.

Samgönguráðherra getur sett reglur til varnar sjúkdómum og slysum í skipum.

3. Almennar starfsskyldur.

58. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla sem sett verða um góða siði og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum að hann hafi skilið skipunina.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

4. Um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans.

59. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann ekki fara frá skipi leyfislaust.

Skipverja, sem ekki er staddur á skipi en veit eða má vita að hann muni bráðlega verða kvaddur til skips, er skylt, eftir því sem honum er unnt, að fylgjast með ferðum skipsins og vera tilbúinn að taka upp störf sín að nýju þegar þess er þörf enda skal útgerðarmaður eða skipstjóri veita honum greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem frekast er unnt.

Geti skipverji ekki mætt til skips á réttum tíma skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

Skipverji, sem ekki kemst til skips af ástæðum sem útgerðarmanni verður ekki um kennt, skal sjálfur bera hallann af.

5. Bótaskylda skipverja.

60. gr.

Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó lækkað bótaupphæðina með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annarra atvika. Þegar sérstaklega stendur á má einnig fella bótaskyldu niður með öllu.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr starfi eða áður en uppsagnarfrestur er liðinn án lögmætrar ástæðu á útgerðarmaður rétt á bótum úr hendi skipverja er nemi launum fyrir hálfan uppsagnarfrest eða helming þess tíma sem eftir er af uppsagnarfrestinum, þó aldrei lægri fjárhæð á fiskiskipum en sem nemur sjö daga kauptryggingu en föstum launum í sjö daga á kaupskipum.

6. Viðurværi skipverja og aðbúð.

61. gr.

Skipstjóri skal sjá um að skipverjar fái nægan mat og góðan. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um það efni.

Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð skal greiða þeim sanngjarnar bætur af þeim sökum.

62. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu.

Samgönguráðherra getur sett reglur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

7. Haffæris skoðun.

63. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því að skipið sé ekki haffært í ferð þá sem því er ætluð þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum sem settar kunna að vera samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum skal skipstjóri snúa sér til rétttra yfirvalda þar á staðnum og fara fram á að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef kvörtun, sem þar segir, er borin fram af yfirvélstjóra eða fyrsta stýrimanni og hún lýtur að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar er viðkomandi yfirmaður hefur umsjón með.

Komi fram við skoðunina að umkvartanir um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast skulu þeir sem kærðu greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í 60. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari skal ræðismaður sá, er málið hefur haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda Siglingamálastofnun skýrslu um skoðunina.

8. Hvíldar- og matartími o. fl.

64. gr.

Skipverjum skal ætlaður hæfilegur tími til hvíldar og matar.

Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í lögum og kjarasamningum.

65. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

9. Landgönguleyfi skipverja.

66. gr.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans nema því aðeins að nauðsynlegt sé að hann fari eigi frá skipinu vegna öryggis skips, farms eða manna sem á skipinu eru vegna nauðsynlegra skipsstarfa, eða vegna þess að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Skipstjóri skal, ef nauðsyn krefur og þess er kostur, sjá til þess að skipverjar í landgönguleyfi séu ferjaðir til og frá skipi þeim að kostnaðarlausu.

Ákvæði 2. mgr. 59. gr. á einnig við um skipverja í landgönguleyfi, eftir því sem við verður komið.

10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra.

67. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri er hann þarf til eigin nota enda sé það eigi til boga fyrir skip eða farm og eigi hætt við að af því stafi óregla á skipinu. Söluvarning fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning sem hann hefur ólöglega með sér á skipinu og bæta skaða þann er af því hlýst.

Skipverja er óheimilt að hafa með sér á skipi fíkniefni eða hættuleg efni. Sama gildir um vopn og skotfæri nema skipstjóri gefi sérstakt leyfi til þess.

Ef skipstjóri hefur rökstuddan grun um að ólöglegur varningur sé á skipinu getur hann látið rannsaka hirslur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefur með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörslur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis ef nauðsyn krefur.

68. gr.

Skipstjóri skal taka í gæslu sína þá muni sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera skrá um muni þessa sem staðfest sé og undirrituð af tveimur vottum.

Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina getur hann komið þeim í geymslu á kostnað eiganda eða selt þá fyrir reikning eiganda en að frádregnum kostnaði. Hið sama á við hafi skipverji eigi, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að hann yfirgaf skip, snúið sér til skipstjóra eða útgerðarmanns með ósk um að fá munina afhenta sér.

69. gr.

Útgerðarmaður bætir skipverjum þær eigur þeirra sem farist hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjóttjón eftir reglum sem samgönguráðherra setur.

11. Um agavald skipstjóra.

70. gr.

Skipstjóri eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt eða skipverjar gera samblástur eða önnur nauðsyn rekur til er leyft að grípa til hvers kyns nauðsynjaúrræða til að koma á hlýðni og góðri reglu og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta sem mótþróann sýndi ber enginn ábyrgð á því ef eigi var beitt meira harðræði en atvik kröfðu.

71. gr.

Sé skipverji grunaður um að hafa drýgt meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendra höfn skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið samkvæmt því sem fyrir er mælt í 75. gr. Ef meintur glæpur var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis skal rannsókn þessi því aðeins fara fram að yfirvöld á þeim stað annist eigi meðferð málsins.

Þar til Íslenskur ræðismaður eða íslensk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur skal skipstjóri gæta þess eftir föngum að hinn grunaði hverfi eigi af skipi og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt ef þörf krefur og ábyrgist skipstjóri að hann sé eigi beittur óþörfu harðræði af þeim sökum.

IV. KAFLI

Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna.

72. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining sem rís af starfi skipverja ef báðir (eða allir) mál aðilar óska þess og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

Ef skip er statt erlendis og ágreiningur rís út af reikningsgerð skipstjóra eða útgerðarmanns eða út af starfi skipverja má leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslensks sem fyrst næst til. Er báðum aðilum þá skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins þar til íslenskur dómstóll eða gerðardómur samkvæmt 1. mgr. hefur lagt dóm á málið.

V. KAFLI

Um brot á lögum þessum og um refsingar.

1. Almenn ákvæði.

73. gr.

Refsiákvæðum þessa kafla skal því aðeins beitt að aðrar og þyngri refsingar liggi eigi við broti samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 2. tl. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eiga við um brot á lögum þessum.

74. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr. og í 81. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 76., 77., 79. og 85. gr. skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algeran skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra eða hafi annað sjóslys orðið er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefur verið umsagnar samgönguráðuneytisins.

Um rannsókn og málsmeðferð út af brotum samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer annars að hætti opinberra mála.

75. gr.

Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, framkvæmir ef nauðsyn ber til og eftir því sem við verður komið frumrannsókn á meintum brotum skipverja. Ef unnt er skulu tveir óvilhallir vottar vera viðstaddir rannsóknina og sé annar þeirra úr hópi yfirmanna. Skyldir eru skipverjar að aðstoða skipstjóra við rannsókn þessa.

Við rannsóknina skal yfirheyra skipverja þann er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau er með þarf til sönnunar í málinu, en einnig skulu önnur sönnunargögn könnuð eftir því sem ástæða þykir til og er þá einnig heimilt að leggja hald á muni ef óhjákvæmilegt er vegna sönnunar. Rannsóknarvottar geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá sem yfirheyrðir eru.

Framburður hinna yfirheyrðu skal ritaður í leiðarabók skipsins eða dagbók eða í sérstaka prófbók og skal lesa það sem bókað var upp fyrir þeim sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og vottarnir staðfesta með undirskrift sinni að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir er þeim þykir rannsóknin gefa tilefni til.

Er íslensk rannsóknaryfirvöld eða erlend rannsóknaryfirvöld, sem til þess hafa lögsögu og heimild, æskja þess skal skipstjóra skylt að leggja fram þær prófanir sem um getur í 1.—3. mgr. og veita aðra aðstoð við framhaldsrannsókn málsins.

2. Refsiákvæði.

76. gr.

Ef skipstjóri misbeitir agavaldi sínu eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

77. gr.

Í refsíðómi samkvæmt 76. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Pegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

78. gr.

Brjótí útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum varðar það sektum.

79. gr.

Ákvæði 76.—78. gr. gilda einnig um þann mann sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

80. gr.

Ef skipverji annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu skal hann sæta sektum.

Strjúki skipverji eða fari frá skipi þegar svo er ástatt að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða eða séu að öðru leyti miklar sakir getur refsingin orðið varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup er hann hefur eigi unnið fyrir skal honum refsað fyrir svik hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi nema ætla megi að tilgangur hans hafi eigi verið sá að draga sér kaup það sem hann hafði fengið greitt en hafði eigi enn unnið fyrir.

81. gr.

Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni sem er í skipstjóra stað eða skorast undan hlýðni við þá en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því sætir hann sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Hið sama gildir ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrimælum hvers þess yfirmanns sem segja má honum fyrir verkum.

82. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef miklar sakir eru. Séu málsbætur má beita sektum.

83. gr.

Ef skipverjar eða nokkur hluti þeirra gerir samblástur þá varðar það varðhaldi eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanns eða foringja samblástursins orðið fangelsi allt að 6 árum, svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefur hlotist af samblæstrinum.

84. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 63. gr. og það reynist við skoðunargerðina að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært varðar það sektum.

85. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri má enn fremur ákveða í dóminum að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri er hann áður hafði þann tíma sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fer svo sem segir í 77. gr.

Pegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn getur samgönguráðherra, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefur verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánar tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau er hann var sviptur, hvort tveggja enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga einnig eftir atvikum við um aðra yfirmenn.

86. gr.

Hafi skipverji óleyfilegan varning með sér á skip og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum þá varðar það sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

87. gr.

Verði sjómaður, sem ákvæði þessara laga taka til, sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt eða raski hann góðri háttsemi eða reglu varðar það sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

88. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI
Gildistaka o. fl.

89. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin frá sama tíma sjómannalög, nr. 67/1963, með áorðnum breytingum.

Reglur, sem samgönguráðherra hefur sett með heimild í l. nr. 67/1963, skulu þó halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til nýjar reglur verða settar í þeirra stað.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga þessara um lágmarksaldur sjómanna skulu ganga framar ákvæði um sama efni í 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem virkjunin tekur, eða vegna eignafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi, svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað
og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 77/1983) komi: 31. desember 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um tannlækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð.

3. gr.

Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

4. gr.

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi eigi 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga við um hagi hans.

5. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga sem skulu samdar af nefnd er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, annar er yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins og hinn þriðji skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Nefndin skal enn fremur kveðja til tvo sérfróða tannlækna til þátttöku í meðferð einstakra mála er varða sérgrein þeirra og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

6. gr.

Verksvið tannlækna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannsekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum.

7. gr.

Um lyfjaávisanir tannlækna fer samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

8. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer samkvæmt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

9. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 8. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði sem undir tannlækningar falla.

Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar.

10. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

11. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

12. gr.

Ef landlæknir verður þess var að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins skal hann áminna viðkomandi og skýra jafnframt heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknaeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

14. gr.

Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrár, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

16. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákvæðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni, er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri eða skráningaraudkenni, sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

2. gr.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

II. KAFLI

Heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmalalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.

Ákvæði 1. málsg. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímuefnum og svipuð einkalífsatriði. Opinberum aðilum, þ. á m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skráanna, sbr. 3. gr.

5. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsg. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrá, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsg., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fæðingarnúmer, fyrirtækjanúmer, svo og heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsg. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. málsg. 16. gr.

III. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

7. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skráum verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

8. gr.

Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

9. gr.

Nú geyma tiltekna skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða ugðvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi.

IV. KAFLI Um rétt skráðra aðila.

10. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi hans séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir læknum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsg. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið, að skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsg. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

11. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkvæmt 5. gr. og er þá skráningaraðili skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

12. gr.

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsg., og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsg. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

13. gr.

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrá, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá, og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. eða 2. málsg. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær.

Þeir, sem framkvæma neytenda- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laga þessara, skulu við kannanirnar gæta eftirtalinna atriða: Gera skal þeim, sem spurður er, grein fyrir því hver fyrirspyrjandi er og kynna hinum spurða að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalista í heild. Séu svörin ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frá gengin, að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra, sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því, sem verið er að kanna.

14. gr.

Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 1. málsg. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar.

15. gr.

Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkvæmt 1. málsg. 10. gr. eða 11. gr.

Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.

V. KAFLI

Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða.

16. gr.

Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrá, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Um miðlun upplýsinga úr skrá, er falla undir 1. málsg. 5. gr., gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsg. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsg. ekki ákvæði 3. málsg. 7. gr.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsg., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.

17. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til lækni meðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrá þess varðandi mann þennan. Upplýsingar geta einnig, þegar læknir á í hlut, tekið til annarra manna, einkum vandamanna viðkomandi manns, þegar slíkt er talið skipta máli vegna lækni meðferðar á hinum skráða manni.

18. gr.

Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin á að fá þær vegi þyngra en tillitið til þess, að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum.

VI. KAFLI

Um tölvupjónustu.

19. gr.

Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvupjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsg. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.

Með tölvupjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Aðili samkvæmt 1. málsg. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

Tölvunefnd getur sett almennar reglur um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim, sem annast tölvupjónustu fyrir aðra.

20. gr.

Starfsmenn við tölvupjónustufyrirtæki samkvæmt 19. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvupjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

21. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsg. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsg. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingavið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VIII. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

23. gr.

Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkvæmt 5. og 19. gr. og heimildir samkvæmt 3. málsg. 6. gr., 3. málsg. 7. gr. og 21. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið edlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkvæmt 1. málsg.

24. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsg. 5. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi starfsemin í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skrám séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétt hana, enda sé um atriði að ræða, sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur bannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögnum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

26. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

27. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

IX. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögnum.

28. gr.

Brot á 3.—6. gr., 8. gr., 11. gr., 1. málsg. og 2. málslíð 2. málsg. 12. gr., 3. málsg. 13. gr., 1. málsg. 16. gr., 1. og 3. málsg. 19. gr., 1. málsg. 20. gr., svo og 1. og 2. málsg. 21. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 2. málsg. 12. gr. og 4. málsg. 13. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

29. gr.

Pann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 5. eða 19. gr., án leyfis, má auk refsingar svipta rétti til starfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 4. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

X. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

30. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og falla úr gildi 31. desember 1989. Dómsmálaráðherra skal endurskoða lög þessi og leggja fram nýtt frumvarp á Alþingi í þingbyrjun haustið 1988.

Gjört í Reykjavík, 15. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið rekur skóla sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfra í samráði við Félag þroskaþjálfra.

2. gr.

Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn vera formaður. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfra og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Um skipan skólastjórnar, starfsemi og starfshætti skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og fastráðna kennara. Skólastjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í uppeldis- og sálarfræði eða sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal hafa staðgöða þekkingu á uppeldi og umönnum fólks með sérþarfir.

Fastráðnir kennarar skulu hafa lokið háskólaprófi eða öðru viðurkenndu prófi í kennslugrein sinni.

Skólastjórn ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjóra. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans.

5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

- a. 18 ára aldur,
- b. stúdentspróf eða hliðstætt nám; þó skal annað nám viðurkennt ef skólastjórn metur það gilt,
- c. störf í a. m. k. sex mánuði með fötluðum.

6. gr.

Í reglugerð skulu vera nánari ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat og frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um undanþágur frá skilyrðum um menntun eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1977, um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávítastofnanir.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG**um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
nr. 75/1981, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. tl. A-liðar 30. gr. laganna orðist svo:

Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með
áorðnum breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 11. gr. falli niður orðin: „og 9. gr.“

2. gr.

33. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Refsivist skal taka út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli og skal ákveðið nánar í reglugerð hvernig úttektin fer fram.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

3. gr.

37. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsinguna.

Heimila má fanga að stunda vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður fangelsisstjóri í samráði við dómsmálaráðneytið hvernig gæslu skuli hagað.

Veita má fanga leyfi til dvalar utan fangelsis um skamman tíma, einkum þegar slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu.

Nánari reglur um vinnu fanga, vinnulaun, dvöl utan fangelsis og leyfi samkvæmt þessari grein skal setja í reglugerð.

4. gr.

40. gr., sbr. lög nr. 16/1976, breytist svo:

a. Í stað töluorðsins „3“ í 1. mgr. komi töluorðið 2.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Reynslulausn verður eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar.

5. gr.

4. mgr. 42. gr., sbr. lög nr. 16/1976, orðist svo:

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma. Sé aðili látinn hefja afplánun að nýju vegna rofa á öðrum skilyrðum en þeim að fremja ekki nýtt brot á reynslutímanum skal dreginn frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

6. gr.

47. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Beita má fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Svipting réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt reglugerð.

2. Svipting vinnulauna.

3. Einangrun í allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga sem eru í fangelsisvist.

4. Enn fremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því sem fangelsið veitir.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis.

Einangrun má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

7. gr.

50. gr., sbr. lög nr. 75/1982, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

8. gr.

Í 1. mgr. 83. gr. a., sbr. lög nr. 20/1981, komi í stað töluorðsins „5 000“ töluorðið 20 000.

9. gr.

Í 110. gr. falli niður orðin „í 6 mánuði og.“

10. gr.

180. gr. falli niður.

11. gr.

2. mgr. 256. gr., sbr. lög nr. 69/1964, orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 7000 krónum og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um auðgunarbrot skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1985.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.

L Ö G

um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipan Verðlagsráðs og verkefni.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráð-herra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

- 2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

- 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kys sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskseljenda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem best fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg störf eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafra skal Verðlagsráð skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaupendum skv. 1. gr.

3. gr.

Fiskideild. Þegar ákveða skal verð á sjávarafra, öðrum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafra, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

4. gr.

Síldarsöltunardeild. Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1 gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

5. gr.

Bræðsludeild. Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4. og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

6. gr.

Aðalverkefni Verðlagsráðs eru:

1. Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávaraflla, úrgangsfiski og fiskúrgangi sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn, sbr. þó ákv. 2. mgr. þessarar greinar.
2. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma.
3. Að safna gögnum um framleiðslukostnað einstakra greina veiða og vinnslu, svo og að safna öðrum þeim gögnum sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávaraflla.

Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu.

7. gr.

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. KAFLI

Um verðákvæðanir Verðlagsráðs.

8. gr.

Verðlagsráð skal við ákvæðanir sínar um lágmarksverð á sjávaraflla meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. tekið verði mið af gæðum sjávaraflla eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

9. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávaraflla liggi fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

10. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð sjávaraflla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar með greinargerð um þau atriði sem samkomulag er um. Yfirnefndin skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskseljendum og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. — og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra sem tilnefna menn í Verðlagsráð skv. B-

lið 1. gr. — en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af þeim aðila sem ágreiningur er við og einum oddamanni sem skal vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

11. gr.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafla undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 23. júlí 1974, sbr. l. nr. 27/1978 og l. nr. 15/1983.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa í Verðlagsráð eftir tilnefningu aðila samkvæmt ákvæðum laga þessara og komi hin nýja skipan til framkvæmda frá og með 1. mars 1985. Jafnframt falli þá niður umboð þeirra aðila sem skipaðir voru í Verðlagsráð samkvæmt lögum nr. 81/1974 frá 1. október 1983.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG**um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsg. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjáforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.***Steingrímur Hermannsson.****Ólafur Þ. Þórðarson.**
(L. S.)**Magnús Þ. Torfason.**

*Steingrímur Hermannsson.***LÖG****um veitingu ríkisborgararéttar.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anna Lísu Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
3. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígeríu.
4. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Þýskalandi.

5. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
6. Clinceanu, Eugenia-Dorina, einkaritari í Reykjavík, f. 1. mars 1945 í Rúmeníu.
7. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
8. Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, f. 29. janúar 1944 í Bandaríkjunum.
9. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.
10. Hansen, Rikhard Dürke, vélvirki á Ísafirði, f. 9. mars 1954 á Íslandi.
11. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
12. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 á Íslandi.
13. Jósep Þorbjörnsson, verkamaður í Keflavík, f. 4. desember 1966 á Spáni.
14. Jurczak, Krystyna Anna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1953 í Póllandi.
15. Jünemann, Ursula Elisabeth, kennari í Mosfellssveit, f. 28. desember 1950 í Þýskalandi. Fær réttinn 27. nóvember 1985.
16. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
17. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
18. Mellk, Marilyn Herdís, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. febrúar 1961 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 31. desember 1985.
19. Middleton, Inga Lís, nemi í Reykjavík, f. 9. desember 1964 í Englandi.
20. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
21. Moustacas, Ilias Karolos, nemi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 á Íslandi.
22. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
23. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
24. Paulsen, Ingrid Marie, kennari í Garðabæ, f. 4. nóvember 1936 í Þýskalandi.
25. Ponzi, Tómas Atli, nemi í Mosfellssveit, f. 10. júní 1959 á Íslandi.
26. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
27. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
28. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
29. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
30. Sólheim, Edgar, verkamaður í Neskaupstað, f. 1. janúar 1960 á Íslandi.
31. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær n aður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur Þ. Þórðarsen.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur laganna og orðaskýringar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er:

- a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
- b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
- c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,
- d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,
- e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,
- f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Afurðastöð er hver sú atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklings sem tekur við búvörum úr höndum framleiðenda til vinnslu, flokkunar, pökkunar, geymslu, heildsölu og/eða dreifingar.

Búvörur teljast í lögum þessum afurðir búfjár, þ. m. t. afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, afurðir nytjajurta og afurðir hlunninda. Lög þessi taka ekki til afurða alifiska.

Fóður merkir í lögum þessum vöru sem notuð er til fóðrunar búfjár við búvöruframleiðslu.

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með búvöruframleiðslu að gera, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Lögbýli eða jörð er í lögum þessum skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Sláturleyfishafi er hver sá aðili sem hefur löggildingu eða undanþáguleyfi til slátrunar búfjár skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

4. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvor framleiðenda búvara við framkvæmd laga þessara nema öðru vísi sé kveðið á um í lögum þessum.

Ráðherra getur, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, viðurkennt einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvor vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir skv. lögum þessum.

Stéttarsamband bænda eða landssamtök skv. 2. mgr. skulu velja sér samninganefnd sem fer með umboð þeirra til samningsgerðar. Samtökin skulu tilkynna landbúnaðarráðherra um nöfn formanns og varaformanns samninganefndar eigi síðar en 1. júní vegna samninga fyrir næstkomandi verðlagsár.

Framleiðandi búvöru, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagsmaður í Stéttarsambandi bænda eða viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir nánari reglum í samþykktum Stéttarsambands bænda.

Samningar, sem Stéttarsamband bænda eða viðurkennd samtök skv. 2. mgr. gera skv. a-lið 30. gr., skulu vera bindandi fyrir framleiðendur viðkomandi búvara hvort sem þeir eru félagar í Stéttarsambandi bænda, samtökum skv. 2. mgr. eða standa utan þessara félagsamtaka.

III. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skulu tólf menn kjörnir af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess. Af þeim skulu fimm vera fulltrúar búgreinasambanda. Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu félagsráðs Osta- og smjöröslunnar og einn samkvæmt tilnefningu allra sláturleyfishafa í landinu. Skulu þessir tveir fulltrúar tilnefndir úr hópi starfandi búvöruframleiðenda. Þá tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í Framleiðsluráð. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann og varaformann til sama tíma.

Pegar rétt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi fimm menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur Framleiðsluráð falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslíð eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru, auk þess sem mælt er fyrir í lögum þessum, eftirfarandi:

1. Að stuðla að því að framleiðsla og vinnsla búvara verði í samræmi við ákvæði 1. gr.
2. Að annast stjórn búvöruframleiðslunnar eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum og fyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra.
3. Að annast verðskráningu búvara og auglýsa verð á þeim.
4. Að gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.

5. Að vera umsagnaraðili um skipulag vinnslu búvara og hafa eftirlit með því að starfsemi afurðastöðva sé sem hagkvæmust.
6. Að halda skýrslur um framleiðslu og sölu búvara og að gefa út ársrit um þróun og hag landbúnaðarins.
7. Að annast kynningar- og fræðslustarf um landbúnaðinn og framleiðsluvörur hans.
8. Að rækja önnur verkefni sem landbúnaðarráðherra kann að fela því.

IV. KAFLI

Um verðskráningu á búvörum.

7. gr.

Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum tilnefndum af samtökum framleiðenda og neytenda, skal ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina en af hálfu neytenda hefur stjórn Alþýðusambands Íslands rétt til að tilnefna tvo fulltrúa og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja einn fulltrúa í nefndina. Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

8. gr.

Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð í nautgripa- og sauðfjárrækt og er rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður. Verðlagsnefnd skal semja um sérstakan verðlagsgrundvöll fyrir hvora þessara búgreina verði hún sammála um það eða komi ósk þess efnis frá Stéttarsambandi bænda. Á sama hátt skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll og ákveða verð á afurðum annarra búgreina enda komi fram um það óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr.

Nú er sauðfé slátrað utan tímabilsins 1. september til 30. nóvember og geta Stéttarsamband bænda eða samtök framleiðenda þá óskað eftir því að verðlagsnefnd ákveði sérstakt verð til framleiðenda sauðfjárafurða. Skal nefndin þá ákveða slíkt verð er gildi fram til næstu reglulegrar verðlagningar.

Nú næst ekki meiri hluti í verðlagsnefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Heimilt er þó að vísa ágreiningnum beint til yfirnefndar enda séu allir nefndarmenn sammála um þá málsmeðferð. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í verðlagsnefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu búvara. Beri sáttaumleitarnir ekki árangur innan tíu daga skal skipa þriggja manna nefnd er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti verðlagsnefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda ef þeir nota ekki rétt sinn en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn sem eiga sæti í verðlagsnefnd.

Nú dregst verðlagning vegna starfa sáttasemjara og yfirnefndar svo að hún getur eigi tekið gildi á réttum degi og gildir þá framreikningur Hagstofunnar skv. 10. gr. þar til samkomulag næst eða úrskurður fellur.

9. gr.

Verð búvöru til framleiðenda skal miðast við það að tekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 8. gr., tilfæra ársvinnu á búi af stærð sem miðað er við hverju sinni og virða vinnutíma til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Samhliða skulu ákveðnar reglur um hvernig haga skuli breytingum á launum við búvöruframleiðslu skv. 12. gr.

10. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar búvöruverðs til framleiðenda skv. 8. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar vegna fjármagns- og reksturskostnaðar svo og launabreytingar skv. ákvæðum 12. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila fyrir 1. júní á því ári sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir reglum sem ákveðnar hafa verið af verðlagsnefnd.

11. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. júlí ár hvert afla fullnægjandi gagna handa verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara og afurðamagn, svo og tekjur annarra stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 9. gr.

Búreikningastofa landbúnaðarins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Búreikningastofu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslíð til þess að framkvæma þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslíð enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknir framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Verðlagsnefnd gerir ársfjórðungslega, 1. desember, 1. mars og 1. júní, breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda þegar breytingar verða á fjármagns- og rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu skv. upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar og launum í samræmi við reglur lokaákvæðis 9. gr.

13. gr.

Heildsöluverð búvara skal ákveðið af nefnd fimm manna er í eiga sæti, undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í Verðlagsráð. Samtök afurðastöðva skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Fulltrúar afurðastöðva skulu tilnefndir af samtökum þeirra þannig að þegar fjallað er um heildsöluverð og verðmiðlunargjöld taki sæti í nefndinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni.

Tilnefningu fulltrúa í fimmmannanefnd skal vera lokið fyrir 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili neytenda eða afurðastöðva ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðar-ráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka afurðastöðva er ekki nota rétt sinn en viðskiptaráðherra á sama hátt í stað neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

14. gr.

Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið skv. 7.—12. gr. og rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ráðherra um verðmiðlunargjöld í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og til er tekinn í 11. gr.

Skal það samkomulag um heildsöluverð, sem stutt er meiri hluta fimmmannanefndar, gilda sem heildsöluverð á viðkomandi búvöru frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

15. gr.

Heimilt er fimmmannanefnd að breyta heildsöluverði á búvörum þegar breytingar verða á afurðaverði til búvöruframleiðenda, sbr. 12. gr., svo og rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar.

16. gr.

Fimmmannanefnd getur að fenginni umsógn Framleiðsluráðs ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13.—15. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Fimmmannanefnd skal tilkynna verðlagsráði um ákvarðanir skv. þessari grein og geta fimmmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna um verðhækkanir viðkomandi búvara.

Sé verð búvara til framleiðenda ekki ákveðið skv. 8. gr. skal fara um verðlagningu þeirra, þ. m. t. í heildsölu, skv. lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

17. gr.

Um ákvörðun smásöluverðs þeirra búvara, sem verðlagðar eru í heildsölu skv. lögum þessum, skal fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Ákvæði IV. til og með IX. kafla laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum, skulu gilda um viðskipti með búvörur, að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Áður en verðlagsráð og Verðlagsstofnun taka ákvarðanir skv. ákvæðum nefndra kafla laganna skal leitað umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein skv. 47. gr. þeirra laga.

18. gr.

Enginn má kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Óheimilt er að bæta upp söluverð búvara á erlendum mörkuðum með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

V. KAFLI

Um verðmiðlun.

19. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í því skyni skal innheimt verðmiðlunargjald af þeim búvörum sem fimmmannanefnd ákveður heildsöluverð á og skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni en gjaldið má þó aldrei vera hærri en 5½% af heildsöluverði viðkomandi búvöru. Fimmmannanefnd skal um leið og heildsöluverð er ákveðið, að höfðu samráði við Framleiðsluráð, gera tillögu til ráðherra um innheimtu verðmiðlunargjalda, sbr. 14. gr., og skiptingu tekna af þeim milli framleiðsluvara og afurðastöðva. Skylt er að leggja samkomulag eða ákvörðun skv. 48. og 51. gr. til grundvallar ákvörðun verðmiðlunargjalda skv. þessari grein.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m. a. varið þannig:

- til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna,
- til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
- til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað,
- til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 49. gr.

20. gr.

Framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða skulu fá sama verð fyrir þann hluta framleiðslunnar sem seldur er á erlendan markað og er umfram verðábyrgð ríkisins skv. 36. gr. enda sé heildsöluverð viðkomandi búvöru ákveðið skv. 13.—15. gr.

Til verðmiðlunar í þessu skyni er heimilt að innheimta eftirtalin framleiðslugjöld:

- gjald af því framleiðslumagni sem er umfram það sem framleiðanda er ákveðið fullt verð fyrir skv. b-lið 30. gr.,
- gjald af viðkomandi búvöru sé heimildinni í b-lið 30. gr. um skiptingu framleiðslumagns ekki beitt.

Framleiðslugjöld skv. þessari grein skulu reiknuð af afurðaverði til framleiðenda. Skulu þau aldrei vera hærri en sem nemur grundvallarverði viðkomandi búvöru.

Landbúnaðarráðherra ákveður innheimtu framleiðslugjalda að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

21. gr.

Til verðmiðlunar vegna uppgjörs viðbótargreiðslu skv. 3. tl. 1. mgr. 29. gr. skal innheimt verðmiðlunargjald hjá heildsöluaðilum sem nema má allt að þeim hluta heildsöluverðs sauðfjárafurða er svarar til hækkunar afurðaverðs til framleiðenda við næst liðna ársfjórðungslega breytingu verðlagsgrundvallar skv. 12. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð verðmiðlunargjalds skv. þessari grein að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 29. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að útborgunarverð til framleiðenda skuli vera mismunandi hátt eftir árstímum. Sé útborgunarverðið ákveðið lægra en grundvallarverð skv. 8. gr. skal mismunurinn innheimtur sem verðmiðlunargjald. Skal tekjum af gjaldinu varið til að greiða framleiðendum álag á grundvallarverð á öðrum árstíma. Gjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Gjaldið má vera allt að 15% af grundvallarverði viðkomandi búvöru á hverjum tíma.

23. gr.

Verðmiðlunargjöld og framleiðslugjöld skv. kafla þessum mega annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu viðkomandi búvöru eða tiltekið hlutfall af því verði vörunnar sem viðkomandi gjald er reiknað af. Þó mega gjöld aldrei vera hærri en ákveðið er skv. 19.—22. og 25. gr.

24. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast framkvæmd verðmiðlunar, þar með talið innheimtu, vörslu og reikningshald vegna verðmiðlunar og framleiðslugjalda skv. kafla þessum. Reikningum hvers verðmiðlunargjalds skal haldið sérgreindum. Kostnaður af starfi Framleiðsluráðs landbúnaðarins að þessum verkefnum skal greiddur af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum skv. kafla þessum eftir reikningi sem ráðherra staðfestir.

Gögn um innheimtu og álagningu, svo og reikningar þeirra gjalda sem innheimt eru skv. kafla þessum, skulu endurskoðuð af tveim löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra en hinn af Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ársreikningar vegna þessara gjalda skulu birtir í Stjórnartíðindum.

Afurðastöðvar og heildsöluaðilar, sem versla með gjaldskyldar búvörur, skulu standa Framleiðsluráði skil á verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum svo og þeim gjöldum sem á eru lögð skv. 25. gr. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Framleiðsluráðs.

25. gr.

Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan skv. öðrum ákvæðum þessara laga, er landbúnaðarráðherra heimilt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs að ákveða að innheimt skuli gjald af heildsöluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

Gjald þetta má vera mishátt eftir einstökum tegundum búvara en þó aldrei hærri en 0,25% af heildsöluverði þeirra.

Framleiðsluráði er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af gjaldi, sem innheimt er skv. þessari grein, renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar.

26. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast öflun þeirra gagna sem þörf er til framkvæmdar verðmiðlunar skv. kafla þessum og lætur fimmmannanefnd í té slíkar upplýsingar. Fimmmannanefnd getur óskað eftir því að Framleiðsluráð afli tiltekinna gagna vegna þessa og leggi þau fyrir nefndina.

Aðilum, er annast vinnslu og sölu búvara, er skylt að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þeir geta látið í té. Neiti aðili eða sinni því ekki að láta í té umbedin gögn

er heimilt að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda skv. kafla þessum til viðkomandi þar til fullnægjandi skil hafa verið gerð auk þess sem heimilt er að beita dagsektum, sbr. 59. gr.

27. gr.

Verðmiðlunargjöld, framleiðslugjöld og gjald til Framleiðsluráðs skv. kafla þessum má taka lögtaki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Pá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum skv. kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

VI. KAFLI

Um greiðslu afurðaverðs.

28. gr.

Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðenda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.

29. gr.

Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðenda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. sept. til 30. nóv. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggs mánuð. Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti:

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar.
2. Fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember.
3. Viðbótargreiðslur vegna hækkana, sem verða kunna við ársfjórðungslegar breytingar verðlagsgrundvallar í hlutfalli við óseldar birgðir í landinu 1. desember, 1. mars og 1. júní, er inntar séu af hendi eigi síðar en 15. mars, 15. júní og 15. september. Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa, nánari reglur um framkvæmd viðbótargreiðslna og jöfnun á milli afurðastöðva vegna mismunandi söluhlutfalls við hvert ársfjórðungsuppgjör.

Heimilt er einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum en að ofan greinir.

Greiðslur skv. þessari grein skulu miðaðar við framleiðsluheimild hvers framleiðanda skv. 30. gr.

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

30. gr.

Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbúnaðarráðherra:

- a. rétt að leita eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum skv. 8. gr. Samningarnir skulu gerðir fyrir 1. ágúst ár hvert og gilda næsta verðlagsár. Heimilt er að semja til lengri tíma í einu og að binda samninga við einstakar búvörur.

Ríkissjóður leggur fram fjármagn til að greiða framleiðendum mismun á fullu verði skv. ofangreindum samningum og þess verðs sem fæst fyrir búvörunar við sölu á innlendum og erlendum mörkuðum í samræmi við ákvæði 36. gr. á meðan ákvæði þeirrar greinar halda gildi sínu en síðan í samræmi við samninga hverju sinni;

- b. heimilt að ákveða að framleiðendur búvara skuli fá fullt grundvallarverð skv. 8. gr. fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar en skert verð fyrir það sem umfram er og er heimilt að innheimta sérstakt framleiðslugjald, sbr. 20. gr., til verðjöfnunar í þessu skyni. Á sama hátt má ákveða hvernig verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. skuli skipt milli framleiðenda;
- c. heimilt að ákveða skiptingu framleiðslu einstakra búvara, þ. m. t. þeirra sem um er samið skv. a-lið eða ákveðin skv. b-lið, eftir héruðum. Skal sú skipting miðuð við félagssvæði búnaðarsambandanna en ráðherra er þó heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

Heimilt er að skipta framleiðslu innan hvers svæðis eftir reglum sem settar eru samkvæmt b-lið eða fela stjórn viðkomandi búnaðarsambands eða samtaka framleiðenda, sem viðurkennd eru skv. 2. mgr. 4. gr., að skipta framleiðslunni milli einstakra framleiðenda skv. reglugerð er ráðherra setur;

- d. heimilt að innheimta eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það:
1. Grunnjald sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru.
 2. Sérstakt fóðurgjald sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

Fóðurgjöld skv. þessari grein mega vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu fódurs eða tiltekið hlutfall af tollverði þess. Heimilt er að ákveða fóðurgjöldin mishá eftir fóðurtegundum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu og er þar heimilt að undanskilja einstakar tegundir fódurs gjaldskyldu, þ. m. t. fóður sem nýtt er til fóðrunar gæludýra og loðdýra. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum búvara hið sérstaka fóðurgjald eða hluta þess og skal miða endurgreiðslur við framleiðslumagn sem ákveðið er eftir þörf markaðarins fyrir viðkomandi búvöru eða ákveðið skv. b- og c-lið þessarar greinar. Heimilt er að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast endurgreiðslur skv. þessari grein í samræmi við ákvæði reglugerðar þar um og skal ríkisendurskoðun þá endurskoða reikninga yfir endurgreiðsluféð. Kostnaður við framkvæmd endurgreiðslna skal greiddur af tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi.

Hið sérstaka fóðurgjald, sem kemur til endurgreiðslu skv. þessari grein, skal ekki leiða til hækkunar á búvöruverði.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að innflytjendur fódurs skuli fá tiltekinn gjaldfrest á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds sem kann að koma til endurgreiðslu enda sé sett fullnægjandi trygging fyrir gjaldinu.

Heimilt er að beita ofangreindum heimildum samtímis.

31. gr.

Ráðherra skipar nefnd fimm manna til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða sem settar eru um framkvæmd þeirra. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn og skulu þrír fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, einn fulltrúi tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og formaður sem

ráðherra skipar án tilnefningar. Ákvarðanir nefndarinnar eru bindandi en viðkomandi framleiðandi eða Framleiðsluráð landbúnaðarins geta þó skotið málinu til úrskurðar ráðherra innan 30 daga frá því að nefndin kvað upp úrskurð sinn.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starf nefndarinnar.

32. gr.

Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum sömu aðila í upphafi gjaldtímabils.

33. gr.

Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda við innflutning og skulu gera reikningsskil fyrir gjöldunum til ríkissjóðs eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um ákvörðun tollverðs, vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd gjaldsins, refsingar og aðra framkvæmd varðandi fóðurgjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og laga nr. 47/1960, um tollvöruheymslur o. fl., með síðari breytingum.

34. gr.

Tekjur af grunngjaldi skv. 1. tl. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

Tekjur af hinu sérstaka fóðurgjaldi, að frádregnum þeim hluta sem varið er til endurgreiðslna skv. d-lið 30. gr., skulu renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal ráðstafa tekjum af gjaldinu, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, sem lánunum eða framlögum til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparhátta á lögbýlum. Tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi skal haldið sérgreindum í reikningum Framleiðnisjóðs og skal ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoðenda hans.

35. gr.

Ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skulu teknar með reglugerð. Skal réttur framleiðenda þar ákveðinn með tilliti til framleiðslu þeirra á búvöru á tilteknu tímabili. Þá er heimilt í reglugerð að ákveða að réttur framleiðenda skuli vera mismunandi eftir bústærðum, búrekstraraðstöðu, fjármagnskostnaði vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartíma vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt. Enn fremur má þar ákveða að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttaþreyinga.

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

VIII. KAFLI

Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.

36. gr.

Á árunum 1986—1990 skal dregið úr greiðslum til að bæta þann halla sem bændur verða fyrir af útflutningi búvara með hliðsjón af samningum bænda og ríkisstjórnarinnar um framleiðslumagn mjólkur- og sauðfjárafurða.

Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

1986 ...	7%
1987 ...	6%
1988 ...	5%
1989 ...	5%
1990 ...	4%

og gildir það uns endurskoðun samkv. 38. gr. hefur farið fram.

Þó skal jafnan tryggt að staðið verði af hálfu ríkissjóðs við samning skv. a-lið 30. gr.

Nú nást ekki samningar samkv. a-lið 30. gr. og skulu útflutningsbætur þá greiddar framleiðendum búvara í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skal miðað við afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og alifugla, svo og garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og afurðir hlunninda á því verði sem framleiðendur fá greitt fyrir þessar búvörur. Hinar árlegu greiðslur skulu miðaðar við heildarverðmæti búvöruframleiðslu þess verðlagsárs er lýkur á hverju hinna tilgreindu ára.

Hagstofa Íslands reiknar út heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar skv. ofanskráðu.

37. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fjármagn-ið skal renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem úthlutar því samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

1986	2%
1987	3%
1988	4%
1989	4%
1990	5%

38. gr.

Ákvæði 36. og 37. gr. skulu tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku þessara laga með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingu nýrra búgreina.

IX. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

39. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins.

40. gr.

Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar.

Áður en opinber lánastofnun tekur ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur skal stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Við löggildingu sláturhúsa samkv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar.

41. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neyslupörfinni.

42. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm. Ráðherra getur, að fengnum meðmælum þeirrar nefndar sem starfar skv. 3. mgr., ákveðið að innflutningur tiltekinnar vara, sem greinin tekur til, skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutningur þeirra vara, sem greinin tekur til, skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ákvæði þessarar greinar tekur þó ekki til skipa og flugvéla sem koma í landhelgi og hafa innanborðs þær vörur sem um getur í 1. mgr. ef birgðirnar eru, að áliti hlutaðeigandi tolyfirvalda, eigi meiri en svo að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

Áður en leyfi til innflutnings skv. 1. mgr. eru veitt skal ráðherra leita álits nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra og tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda sem viðskiptaráðherra tilnefnir og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils.

Ákvæði 41. gr. taka ekki til innflutnings á þeim vörum sem grein þessi tekur til.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð ákveðið að mjólk og mjólkurvörur, egg, kartöflur, garðávextir og grænmeti, sem selja á innanlands eða flytja skal á erlendan

markað, skuli metið, flokkað og merkt eftir tegundum, gæðum og uppruna enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti sem settar eru á grundvelli laga nr. 50 29. maí 1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Til að standa straum af kostnaði við mat skv. þessari grein er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt matsgjald af þeirri vöru sem matið tekur til og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af verði vörunnar til framleiðanda. Matsgjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur 1,5% af verði vörunnar til framleiðanda. Framleiðandi þeirrar vöru, sem tekin er til mats, er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds. Gjald þetta má taka lögtaki. Heimilt er að ákveða að það skuli innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 40 7. maí 1982.

Landbúnaðarráðherra ákveður yfirstjórn mats þeirra búvara sem ákveðið er að taka til mats skv. þessari grein.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat skv. þessari grein. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn sem hafa góða þekkingu á viðkomandi búvöru og reynslu í öllu er varðar meðferð varanna og mat á þeim.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um matsreglur, gæðaflokkun, framkvæmd mats, yfirmat og annað sem lýtur að matinu.

Afurðastöðvum og öðrum, sem annast sölumeðferð þeirra búvara sem mat skv. þessari grein tekur til, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð.

Við verðlagningu búvara skal verð þeirra ákveðið mismunandi eftir tegunda- og gæðaflokkum sem ákveðnir eru samkvæmt þessari grein, l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, l. nr. 22 10. maí 1976, um flokkun og mat á gærum, og öðrum lögum og reglum um sama efni.

44. gr.

Peir sem versla með búvörur skulu fullnægja skilyrðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um slíka starfsemi og hafa fullnægjandi aðstöðu til meðferðar, flutnings og geymslu þeirrar vöru sem þeir taka til sölumeðferðar samkvæmt reglum heilbrigðisyfirvalda.

Nú selur framleiðandi eigin búvöruframleiðslu til smásöluverslunar eða neytenda og er honum þá skylt að fullnægja ákvæðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um flokkun, mat, flutning, geymslu og annað sem lýtur að meðferð vörunnar.

Skylt er seljanda og kaupanda að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um sölu, þ. á m. um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, að skipta landinu í mjólkur-sölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

Pegar ákveðin hefur verið skipting landsins í sölusvæði er afurðastöðvum á sölusvæðinu skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og gæði og sé innan marka heimilaðs framleiðslumagns, sbr. 30. gr.

46. gr.

Nú kemur upp deila á milli framleiðenda og afurðastöðvar innan sölusvæðis um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila og er þá aðilum heimilt að leggja ágreining til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Framleiðsluráði, annar tilnefndur af samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og oddamaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

47. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið skiptingu landsins í sölusvæði fyrir mjólk, sbr. 45. gr., og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.

Þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og mjólkurvörum skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið sem svo kýs stjórn samsölnnar á því svæði.

48. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara með tilliti til heildarafkomu framleiðslugreinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra.

49. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 47. gr. innan sölusvæðis sem ákveðið er skv. 45. gr. skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans sé þess nokkur kostur.

50. gr.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara.

51. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar skulu gera samkomulag um verkskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlenda markaði með tilliti til mismunandi heimilda þeirra til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist við hlutfall heimilaðrar framleiðslu skv. 30. gr. þeirra framleiðenda sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa.

Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um magn og verkun þessara búvara og skiptingu þeirra til sölu innan lands og utan.

Brjótí sláturleyfishafi gegn samkomulagi eða úrskurði skv. þessari grein er ráðherra heimilt að svipta viðkomandi sláturleyfi skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

52. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.

Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins sem njóta lögkjara skv. þeim lögum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðherra heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti.

Tekjur, sem fást við sölu og leigu á eignum skv. 3. mgr., ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok, skulu lagðar í sérstakan sjóð sem hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn skal vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

53. gr.

Þar sem afurðastöð búvara er í eigu aðila sem hefur með höndum annan rekstur er skylt að halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri viðkomandi aðila.

Þá getur fimmmannanefnd ákveðið að afurðastöðvar skuli setja reikninga sína upp með samræmdum hætti.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

54. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skýlt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt.

55. gr.

Kostnaður við framkvæmd IV. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna í verðlagsnefnd og fimmmannanefnd.

56. gr.

Slátrun alifugla skal fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

57. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skýlt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið að seljendur fóðurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

58. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál. Varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skýlt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té má beita dagsektum frá 100—5000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 95 11. desember 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., svo og önnur lagaákvæði sem brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.**A.**

Frá gildistöku þessara laga og þar til starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins verður hætt skv. 52. gr. skal fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti. Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með yfirstjórn og rekstur fyrirtækisins og annast uppgjör á rekstri þess í samræmi við nánari fyrirmæli sem landbúnaðarráðherra setur þar um.

B.

Við gildistöku þessara laga skulu reikningar vegna innheimtu á kjarnfóðurgjaldi skv. b-lið 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1981, gerðir upp. Skal því fé, sem þá kann að vera í sjóði eða óinnheimt, ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981.

C.

Þrátt fyrir ákvæði 60. gr. skulu ákvarðanir sexmannanefndar um verð á landbúnaðarvörum og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981, gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júlí 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjald skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði 40. gr. laga nr. 95/1981.

D.

Útflutningsbætur skv. 12. gr. laga nr. 95/1981 fyrir verðlagsárið 1984—1985 skulu miðast við heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á tímabilinu 1. september 1984 til 31. ágúst 1985.

E.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett skv. ákvæðum 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981, um búmark, skulu halda gildi sínu þar til þau hafa sérstaklega verið felld úr gildi eða reglugerð sett um beitingu ákvæða b- og/eða c-liðar 30. gr., sbr. 35. gr. þessara laga.

F.

Verðlagsnefnd búvara skal í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara semja um verðlagsgrundvöll er taki gildi 1. september 1985 þó að núgildandi verðlagsgrundvelli hafi eigi verið sagt upp í samræmi við 7. gr. laga nr. 95/1981.

G.

Á árinu 1985 breytast dagsetningar í eftirtöldum greinum sem hér segir:

- Í 4. gr. breytist „1. júní“ í: 15. júlí.
- Í 7. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
- Í 11. gr. breytist „15. júlí“ í: 15. ágúst og „15. júní“ í: 15. júlí.
- Í 13. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
- Í a-lið 30. gr. breytist „1. ágúst“ í: 1. september.

H.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal Framleiðsluráð landbúnaðarins, það sem nú situr skv. lögum nr. 95/1981, fara með verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. lögum þessum þar til fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hefur kosið fulltrúa sína í ráðið skv. 5. gr., þó eigi lengur en til 15. september 1985.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1985

Nr. 47

164

26. júní 1985

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innstæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innstæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliðir 1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. 1. nr. 121/1984, orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. 1. nr. 121/1984, orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, allt að því hámarki er þar getur.

Nemi skattafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá skattafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan skattafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti skattafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður skattafsláttur síðar nefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti skattafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillaga vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði, talið frá innborgunardegi.

Meðan ákvæði laga um eignarskattsauka eru í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt skattafsláttar, sbr. 1. og 3. málsl. 2. efnismgr. 3. gr. þessara laga (68. gr. laga nr. 75/1981).

Bráðabirgðaákvæði þessi skulu, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

24. júní 1985

Nr. 48

LÖG

um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí 1985 til 31. desember 1986 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

2. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1985 og 1986 og skal hann vera þannig:

- a. 0,25% á eignarskattsstofn manna, sbr. 80.—82. gr. laga nr. 75/1981, umfram 1600 þús. kr. gjaldárið 1985. Gjaldárið 1986 skal skattskyld mark til eignarskattsauka breytast með skattvísitölu, sbr. 121. gr. framangreindra laga. Þó skal ekki leggja eignarskattsauka á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri.
- b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga.

Eignarskattsauki hefur engin áhrif á eignarskattsútreikning samkvæmt 83. og 84. gr. laga nr. 75/1981. Eignarskattsaukinn rennur í ríkissjóð og skal honum ráðstafað til húsnæðismála.

3. gr.

Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála árið 1985 og 60 millj. kr. árið 1986.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um húsnæðissparnaðarreikninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 12 000 kr. en hámarksfjárhæð 120 000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar skv. byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 3000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 30 000 kr.

Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reiknings-eiganda. Þeir, sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar, geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða

sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a. m. k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og nafnnúmer eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess ársfjórðungs er það skyldi lagt inn skv. samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattaflátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveim árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings samkvæmt 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattaflátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær, er um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá 1. júlí 1985. Skattafláttur skv. 1. gr. vegna innleggs á tveim síðustu ársfjórðungum ársins 1985 kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1986.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem sannanlega stunda leigu myndbanda í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um ríkislögmenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun og heyrir undir fjármálaráðherra.

Forseti Íslands skipar ríkislögmenn. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

2. gr.

Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Ríkislögmaður gerir fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í opinberum málum.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Enn fremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir Kjaranefnd eða Kjaradómi.

3. gr.

Við embætti ríkislögmanns starfa auk hans allt að þrír lögfræðingar sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál.

Ríkislögmaður getur enn fremur falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

4. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um skiptingu kostnaðar af málefnum sem ríkislögmanni eru falin.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. ÞINGSKIPUN.

1. gr.

Pegar Alþingi kemur saman við þingsetningu skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir meðan til vinnst. Fyrsta deild fær annarri deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um, sbr. 46. gr. stjskr.

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrimælum 36. og 38. gr.

2. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild skv. 47. gr. stjskr.

3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá er hefur meira en helming greiddra atkvæða þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju óbundnum kosningum. Fáí þá heldur enginn nógu mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta.

Skrifarar skulu kosnir hlutbundinni kosningu, sbr. 49. gr.

4. gr.

Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf er síðar koma fram en svo að þau verði prófuð eftir 1. gr. svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild. Í þessa nefnd kys þingið sjö menn eftir reglum um nefndarkosningar skv. 16. og 49. gr.

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa skv. 21. gr. Ella fer um tillögur hennar eftir því sem ákveðið er um tillögur kjördeildanna í 1. gr.

5. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

6. gr.

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal tala á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðila er jafnt við kosningu síðasta manns til efri deildar skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið en hlutkesti ráða úrslitum.

Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan hverjir þingmenn hafa þannig verið tilnefndir og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar, sbr. 32. gr. stjkskr.

7. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um sams konar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið skal hluta um sæti þingmanna, annarra en forseta, skrifara og ráðherra, nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing. Kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um kosningu kjörbréfanefndar samkv. 4. gr.

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá en þó þarf til þess samatkvæði $\frac{2}{3}$ þingmanna eða deildarmanna.

9. gr.

Nú losnar sæti þingmanns og skal þá varamaður, er í hans stað kemur, taka sæti í þeirri deild er hann var í.

10. gr.

Aldursforseti, bæði í sameinuðu þingi, sbr. 1. gr., og í þingdeild, sbr. 7. gr., hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Forsetar sameinaðs þings og hvorrar deildar fyrir sig taka við öllum erindum til sameinaðs þings og deilda og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá sameinuðu þingi og deildum eiga að fara. Forsetar skýra á fundi frá erindum sem send eru sameinuðu þingi og þingdeildum og því sem útbýtt er í þeim. Nú vill forseti, hvort heldur sameinaðs þings eða deildar, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víki þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

Forsetar hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Þeir skipa fyrir um fasta fundatíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. Þeir halda skrá um þingmál, sem til nefndanna hefur verið vísað, og fylgjast með gangi mála svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð.

Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Þeir hafa umsjón með eignum þess og fjárreiðum.

Forsetar skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins. Skrifstofustjóri hefur á hendi daglegan rekstur þingsins og er forsetum til aðstoðar í öllu er varðar framkvæmdastjórn þingsins. Forsetar skulu setja skrifstofustjóra erindisbréf.

Forsetar skipa eða ráða aðra starfsmenn þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

13. gr.

Skrifararnir halda gjörðabók, undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gjörðabók í skrifstofunni að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.

14. gr.

Ákvæði 12. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildum.

II. NEFNDIR.

15. gr.

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð níu mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð sjö mönnum og sjö til vara,
3. atvinnumálanefnd, skipuð sjö mönnum,
4. allsherjarnefnd, skipuð sjö mönnum,
5. félagsmálanefnd, skipuð sjö mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartilögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til félagsmálanefndar skal vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og trygginga- og menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa þeim málum sem þingið ákveður.

Fjárveitinganefnd getur ákveðið að skipa úr sínum hópi undirnefnd til að starfa milli þinga að sérstökum verkefnum.

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að sjö mönnum hver nefnd:

1. fjárhags- og viðskiptanefnd,
2. samgöngunefnd,
3. landbúnaðarnefnd,
4. sjávarútvegsnefnd,
5. iðnaðarnefnd,
6. félagsmálanefnd,
7. heilbrigðis- og trygginganefnd,
8. menntamálanefnd,
9. allsherjarnefnd.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara.

Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda í sameinuðu þingi og þingdeildum megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann.

Nú þykir nauðsyn til bera vegna vinnubragða að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skulu forsetar þá hlutast til um að mannaskiptin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag mega forsetar skjóta ágrein-ingnum undir úrskurð sameinaðs þings eða þingdeildar.

Til fastanefndanna getur sameinað þing og hvor þingdeild vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Að jafnaði skal vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

Heimilt er þó sameinuðu þingi eða hvorri deild að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Hver slík nefnd kys sér formann, varaformann og fundaskrifara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál sem þær fjalla um.

Vísu má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.

16. gr.

Nefndir skulu kosnar hlutbundnum kosningum, sbr. 49. gr.

17. gr.

Sá kveður þingnefnd saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn, og lætur kjósa formann, varaformann og skrifara nefndarinnar.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III. ÞINGMÁL.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er því var útbýtt.

Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það.

19. gr.

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáráukalaga, sbr. 44. og 45. gr. stjkskr.

20. gr.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu og skal þá ræða greinar frumvarpsins hverja fyrir sig og breytingartillögur við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og breytingartillögur við hana, ef fram hafa komið, og loks um það hvort frumvarpið eigi að ganga til þriðju umræðu.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nóttu eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

23. gr.

Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður í deild sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um að hann leggi það fyrir þá deild, sbr. 45. gr. stjkskr., og sætir það síðan sömu meðferð þar sem í deild þeirri er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild sendir forseti hennar ríkisstjórninni það.

24. gr.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar, sbr. 45. gr. stjkskr. Hafi nefnd fjallað um það þar sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það. Þá er liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu skv. 22. gr.

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt eins og það kom frá hinni deildinni sendir forseti ríkisstjórn það. En sé því breytt sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni, sbr. 45. gr. stjkskr., og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt sendir forseti ríkisstjórn það. Nú breytir deildin því og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til að það verði lagt fyrir sameinað þing.

25. gr.

Frumvarpinu, í þeirri mynd sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu minnst einni nóttu síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því sem fyrir er mælt í 22. gr. og er þeim lýkur skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu, sbr. 45. gr. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáráukalaga, verði samþykkt í heild sinni verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu, sbr. 45. gr. stjkskr.

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi sendir forseti það ríkisstjórninni. Ella fellur það niður.

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlag. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlag. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur deildin hefur felld, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

28. gr.

Tillögur til þingsályktunar skal bera upp í sameinuðu þingi og skulu þær vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávík frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrir en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti sameinaðs þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

29. gr.

Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftari en tvisvar.

Ef ekki verður komið við að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

30. gr.

Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftari en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stj.skr. um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

31. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftari en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Öðrum þingmönnum er heimilt að gera stutta athugasemd.

Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistiðindum.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

32. gr.

Í allt að hálf tíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftari en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti bedið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á.

33. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti en aðrir því aðeins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytt við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

IV. FUNDARSKÖP.

34. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina.

Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir bréfið viðkomandi þingdeild eða sameinuðu þingi. Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.

Þegar fundur er settur skal samþykkja gerðabók frá síðasta fundi, sbr. 13. gr. Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

35. gr.

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

36. gr.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftari en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó næstu málsg. hér á eftir og niðurlagsákvæði 38. gr.

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál skal farið eftir reglum V. kafla.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess. Þó getur hann víkið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrétting eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

38. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Sömuleiðis geta þrír þingmenn í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gjörðabókina.

Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka ef hentara þykir.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

39. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

40. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum.

41. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

42. gr.

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur sameinað þing eða viðkomandi deild vísað því til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra, sbr. 56. gr. stjkskr.

43. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert að $\frac{2}{3}$ fundarmanna séu því samþykktir.

Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjali.

44. gr.

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar eftir ályktun sameinaðs þings og þingdeildar eftir því sem við á.

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir að til þess fáiast samþykki $\frac{3}{4}$ þeirra sem á fundi eru, sbr. 69. gr.

45. gr.

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmanna í sameinuðu þingi eða viðkomandi deild sé á fundi og greiði þar atkvæði, sbr. 53. gr. stjkskr. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Skýlt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

46. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og hvernig hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef þrír í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

47. gr.

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli má hann lýsa því yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. 20.—25. og 28. gr.

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifarar telja atkvæðin en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Pegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

48. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum, sbr. 25. gr.

49. gr.

Um kosningar fer eftir því sem fyrir er mælt í 3. gr. að því viðbættu að þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í sameinuðu þingi eða þingdeild, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal forseti beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri er kennd er við de Hondt (listakosning).

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o. s. frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi fær þannig, er svo skipt, fyrst með 1, síðan 2, síðan með 3 o. s. frv. eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annarri og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosning fer eftir hlutatölunum þannig að sá listi fær fyrsta mann er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann er á næsthæsta hlutatölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista skal varpa hlutkesti um hvor eða hver listanna skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

Ef kjósa skal einnig varamenn skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

50. gr.

Fundir, bæði sameinaðs þings og þingdeilda, skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, sbr. 57. gr. stjkskr.

51. gr.

Forseti skipar fyrir um hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því getur forseti látið vísa honum á braut og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

V. ÚTVARP UMRÆDU.

52. gr.

Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

53. gr.

Útvarpa skal innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

54. gr.

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennti stjórn málaumræðu. Fer um þessa umræðu eins og þegar útvarpað er umræðu um þingmál, sbr. 59. gr.

55. gr.

Útvarpa skal umræðu um vantraust ef níu þingmenn krefjast þess.

56. gr.

Nú óskar þingflokkur að umræðu um þingmál verði útvarpað og snýr þá formaður þingflokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til. Sama gildir ef þingflokkur óskar að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

57. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu og skal forseti þá tilkynna það þeim sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk sem sjaldnast hefur neytt þess réttar.

58. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 36. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess er hver þingflokkur hefur til umráða og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

59. gr.

Þegar útvarpað er umræðu um þingmál fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur. Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar.

Þegar útvarpi umræðu um þingmál er lokið getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

Forseti ákveður í samráði við þingflokka tölu umferða og ræðutíma í einstökum umferðum. Það er umferð þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka sem þátt taka í umræðum.

60. gr.

Nú óskar Ríkisútvarpið að útvarpa umræðu um þingmál, þá beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta.

Ef um er að ræða umræðu skv. 59. gr. ákveður forseti í samráði við þingflokkan hvort orðið skuli við tilmælunum.

Ef Ríkisútvarpið óskar hins vegar að útvarpa venjubundinni umræðu eða hluta af umræðu tekur forseti þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild án umræðu hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt skal þess gætt að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

61. gr.

Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

62. gr.

Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð ef sérstakar ástæður liggja til.

63. gr.

Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það er að útvarpi umræðu lýtur.

64. gr.

Forseti sker úr ágreiningi sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

65. gr.

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp eftir því sem við á.

Þar sem segir að útvarpa skuli, sbr. 52. gr., 53. gr., 54. gr. og 55. gr., er skyldan bundin við hljóðvarp.

VI. ÝMISLEG ÁKVÆÐI.

66. gr.

Hvorki sameinað þing né þingdeild má taka við nokkru málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings, sbr. 55. gr. stjksr.

67. gr.

Umræður sameinaðs Alþingis og þingdeildanna, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta í Alþingistíðindum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gjörðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

68. gr.

Ef þingmaður talar óvirkulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“, og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

69. gr.

Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá þrem þingmönnum í efri deild, sex þingmönnum í neðri deild og níu í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum ef $\frac{3}{4}$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, og lög um breytingar á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 53

25. júní 1985

LÖG

um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Orkustofnunar til tveggja ára í senn. Í skipunarbréfi skal nánar kveðið á um starfssvið, starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

2. gr.

Við I. kafla orkulaga bætast þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. grein, og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a. (7. gr.)

Íðnaðarráðherra er heimilt að stofna hlutafélag til að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorku-rannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir.

Hlutafélagi skv. 1. mgr. er ætlað að standa undir rekstri sínum með tekjum af verkefnum erlendis. Allt starf að markaðsfærslu á sérþekkingu Orkustofnunar erlendis og öll rannsóknar- og ráðgjafarverk hennar erlendis skulu unnin af og á ábyrgð hlutafélagsins. Ábyrgð Ríkissjóðs Íslands á félaginu takmarkast alfarið við framlagt hlutafé.

Hlutafélaginu er heimilt að fengnu leyfi ráðherra að taka þátt í stofnun fyrirtækja ásamt með íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í því skyni að vinna sameiginlega að öflun og úrlausn verkefna skv. 2. mgr.

b. (8. gr.)

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa. Sú undantekning skal gilda frá 2. mgr. 47. gr. laga nr. 32/1978 að á aðalfundi skal kjósa stjórn Orkustofnunar til að vera stjórn hlutafélagsins. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um félagið og fer ráðherra sá, sem fer með orkumál, með eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

c. (9. gr.)

Orkustofnun er heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélagi skv. 7. gr. starfsfólk til starfa við erlend verkefni sem félagið tekur að sér. Slíkt starfsfólk Orkustofnunar telst starfsfólk hlutafélagsins á lánstímanum og skal starfstími hjá hlutafélaginu reiknast með starfstíma viðkomandi sem ríkisstarfsmanns varðandi þau réttindi sem tengd eru starfsaldri. Jafnframt skulu þeir starfsmenn, sem þess óska, halda aðild að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, enda haldi greiðslur áfram með sama hætti á lánstímanum og verið hefði ef starfsmaður hefði unnið óslitið hjá Orkustofnun. Um réttindi starfsfólksins fer að öðru leyti samkvæmt ráðningarsamningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóður leggur hlutafélaginu til stofnfé eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, allt að jafnvirði 4 000 000,00 kr. (miðað við verðlag í janúar 1985) árlega árin 1986, 1987 og 1988.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1985

14. júní 1985

185

Nr. 54

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég veiti hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess að slíta Alþingi 107. löggjafarþingi, fimmtudaginn 20. júní 1985 eða síðar.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

18. júní 1985

Nr. 55

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun
hitunarkostnaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laganna og er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.
(L.S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Nú ákveður félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á tóku fæðingarorlofs skv. lögum nr. 97/1980, að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti og til heimilisstarfa vegna barnsburðar og er þá þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi er félagsmaður í, skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að 7 ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Slíkur félagsmaður nýtur allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmenn, þ. á m. lánsréttinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal.

A. 1. liður samningsins orðist svo:

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

B. 3. liður samningsins orðist svo:

Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

C. 4. liður samningsins orðist svo:

Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,
- c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
- d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vörupróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einka eign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu
við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ný gr., 8. gr., sem orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandar-sýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, um kaup eða leigu á eignum félagsins á því verði og með þeim kjörum sem um semst. Sú kvöð skal vera á eignunum að þær séu nýttar við áframhaldandi þörungavinnslu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimilt er að lána kaupanda andvirði eignanna til allt að 15 ára og má lánið vera víkjandi þannig að greiðslubyrði verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Verði gerður leigusamningur um eignir félagsins skal heimilt að semja svo um að hluti leigunnar gangi upp í kaupverð eignanna.

Verði um sölu á eignum Þörungavinnslunnar hf. að ræða skal hlutafélaginu Þörunga-vinnslunni hf. formlega slitið. Um félagsslit skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður ábyrgist greiðslur á réttmætum kröfum á hendur félaginu öðrum en hlutafé en yfirtekur jafnframt eignir þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr.
lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsg. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á

sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 41 25. maí 1984 hef látið fella meginmál laga nr. 23 10. maí 1977, laga nr. 58 24. október 1977, laga nr. 22 18. maí 1981 og laga nr. 41 25. maí 1984 inn í lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra,

- verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattaneftarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
 3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
 4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs að því er varðar kjarasamninga og aðrar ávarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum þessum. Hann getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast samninga af sinni hendi.

3. gr.

Heildarsamtök starfsmanna ríkisins, sem fjármálaráðherra hefur veitt viðurkenningu, fara með fyrirvar ríkisstarfsmanna um gerð aðalkjarasamninga og aðrar ákvarðanir í því sambandi.

Heildarsamtök þessi skulu velja sér samninganefnd, sem fer með umboð þeirra til samningagerðar. Samtökin skulu tilkynna fjármálaráðherra formann og varaformann samninganefnda eigi síðar en við uppsögn samninga, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Stjórnir einstakra félaga innan viðurkenndra heildarsamtaka eða til þess kjörnar nefndir fara með fyrirvar þeirra, að því er varðar þann þátt samninga, sem um ræðir í 6. gr. Stjórnir viðurkenndra heildarsamtaka skulu tilkynna fjármálaráðherra eigi síðar en við uppsögn kjarasamnings, hvaða félög hafi á hendi þennan samningsrétt.

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. er fjármálaráðherra heimilt að veita Læknafélagi Íslands, að beiðni hlutaðeigandi heildarsamtaka, rétt til að fara með kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sína, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða. Tekur þetta bæði til aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga.

Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra samtaka, sbr. 1. mgr., eða félags innan vébanda þeirra, eftir nánari reglum í samþykktum samtakanna. Ríkisstarfsmaður má eigi vera félagi eða aðili að félagi innan nema eins hinna viðurkenndu heildarsamtaka.

Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr., skal greiða til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags, sbr. 3. mgr., sem hann ætti að tilheyra, gjald, sem er jafnt og það, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan heildarsamtaka.

II. KAFLI

4. gr.

Launakjör ríkisstarfsmanna, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. gr.

Launakjör ríkisstarfsmanna, sem eigi eru innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 3. mgr. 3. gr., skulu ákveðin af fjármálaráðherra án samninga. Slíkar ákvarðanir skulu tilkynntar stjórnnum viðurkenndra heildarsamtaka.

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta,

sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattaneftarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

5. gr.

Í aðalkjarasamningi, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr., skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu og orlof. Þá skal þar kveða á um greiðslu ferðakostnaðar.

Aðalkjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, launa í veikindaforföllum, aukatekna og annarra hlunninda, sem líkt er farið.

6. gr.

Einstök félög, sbr. 3. mgr. 3. gr., skulu semja um skipan starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

7. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Gagnaðili skal innan viku frá móttöku bréfanna hafa tekið skriflega afstöðu til þeirra. Náist ekki samkomulag innan tveggja vikna frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan fjögurra vikna frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

10. gr.

Aðili, sem segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum tillögur um nýjan aðalkjarasamning og megentillögur um sérkjarasamninga. Samningaviðræður skulu þegar upp teknar. Gagnaðili skal innan þriggja vikna frá uppsögn samninga hafa tekið skriflega afstöðu til tillagna að nýjum aðalkjarasamningi og innan sex vikna til megentillagna að nýjum sérkjarasamningum.

11. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum og Kjaradómi samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

III. KAFLI

12. gr.

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningaumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar þrjár vikur uppsagnarfrests eru liðnar, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komist á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Sáttasemjari ríkisins skal kveðja tvo menn sér til aðstoðar við sáttastarfið. Menn þessir hafi réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsg. lýkur.

Akvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum sex vikum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðilar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Deila um sérkjarasamninga skal ganga til Kjaradóms að liðnum átta vikum uppsagnarfrests, og skulu þá aðilar senda Kjaradómi greinargerð um málið.

Aðilar geta vísað kjaradeilu til Kjaradóms fyrr á stigi máls en í 1. og 2. málsg. segir, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðila, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

IV. KAFLI

15. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins.

Fjármálaráðherra skipar einn dómanda.

Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu nefna einn dómanda hver. Dómandi tekur sæti í dóminum, þegar fjallað er um mál, sem þau heildarsamtök, er nefndu hann, eru aðilar að.

Sömu aðilar skipa varadómendur.

Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur, þar á meðal hvernig hann skuli skipaður, þegar teknar eru ákvarðanir þær, er greinir í 3. mgr. 4. gr.

16. gr.

Kjaradómur tekur kjaradeilur til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þennan tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

17. gr.

Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Hafi náðst samkomulag um aðalkjarasamning en ekki sérkjarasamninga, skal ágreiningsefnum um þá samninga vísað til Kjaradóms. Um málsmeðferð alla skal fara eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

Sérkjarasamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. málsg. 7. gr. og 2. málsg. 22. gr.

18. gr.

Aðilar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

19. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

20. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

21. gr.

Kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.

22. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Í dómi Kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

Dómur bindur aðila á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjara-ákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara, sbr. II. kafla.

V. KAFLI

23. gr.

Stjórn viðurkenndra heildarsamtaka tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Nú kemur fram ósk innan stjórnar heildarsamtakanna um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal þá slík atkvæðagreiðsla fara fram meðal ríkisstarfsmanna innan þeirra heildarsamtaka, er hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

VI. KAFLI

24. gr.

Kjaradómur sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um:

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Einstök félög fara með fyrirsva starfsmanna fyrir Kjaradómi, sbr. 3. málsg. 3. gr. og 6. gr.

VII. KAFLI

25. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum, ágreining um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi ríkisstarfsmanna, sbr. 5. mgr. 3. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefna heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið, og eru aðilar máls, svo og fjármálaráðherra, dómendur til setu í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Heildarsamtök, er viðurkenningu hafa hlotið, reka mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna er í hlut eiga. Að öðru leyti gilda ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

26. gr.

Ríkisstarfsmenn einir skulu velja menn í samninganefndir og í þeim mega ríkisstarfsmenn einir eiga sæti. Sama gildir, þegar stjórnir félaga fara með samninga, og aðrar þær ákvarðanir eru teknar, er varða kjör ríkisstarfsmanna.

Enginn ríkisstarfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál í nema einu félagi innan heildarsamtaka sinna.

27. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

28. gr.

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun, og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarféлага viðurkenndra heildarsamtaka, sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðila, skal Kjaradómur skera úr deilunni.

Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

29. gr.

Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, og fjármálaráðherra, skulu hver um sig nefna einn mann í samstarfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmdri framkvæmd laga þessara.

30. gr.

Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

31. gr.

Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna, svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu, að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð, er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórnir heildarsamtaka þeirra, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, svo og lög nr. 97 20. des. 1962 og lög nr. 65 28. maí 1969, um breyting á þeim lögum.

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysis-tryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysis-tryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu, meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í, eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarri viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa og/eða af hækkuðum raunvöxtum, ekki valda því að greiðslubyrði af greindum lánum þyngist.

2. gr.

Lög þessi taka til fasteignaveðlana einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og stofnunum eftir því sem um semst milli lántaka og lánveitanda.

Lögin geta einnig tekið til almennra lána vegna fasteignaviðskipta þar sem samið er sérstaklega um að ákvæðum um greiðslujöfnun við endurgreiðslu eftirstöðva kaupverðs skuli beitt.

Lög þessi taka eingöngu til verðtryggðra lána, en viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglur um sambærileg lánskjör óverðtryggðra lána.

3. gr.

Við gerð lánssamnings skal ákveða greiðslumark fyrir lánið:

- a. Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og upphaflega umsamdir vextir á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
- b. Greiðslumark af verðtryggðum jafngreiðslulánum er ársgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við upphaflega umsamda vexti.

4. gr.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. mars 1982 til gildistöku laga þessara, er gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin voru fyrir 1. mars 1982, er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. mars 1982.

Greiðendum lána, er um ræðir í þessari grein sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar, skal gefinn kostur á að fresta greiðslum af þessum lánum skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga, enda berist stofnuninni umsókn þar að lútandi fyrir 1. september 1985.

5. gr.

Á gjalddaga láns er greiðslumark framreiknað miðað við breytingu á launavísitölu skv. 6. gr. og borið saman við gjalddagafjárhæð lánsins sem er samanlögð fjárhæð afborgunar, verðtryggingarþáttar (verðbóta) og vaxta samkvæmt lánssamningi án greiðslujöfnunar.

Sé framreiknað greiðslumark lægra en gjalddagafjárhæð gjaldfellur einungis sá hluti gjalddagafjárhæðar sem samsvarar greiðslumarki. Greiðslu á ógreiddum hluta gjalddagafjárhæðar er frestað og myndar hann skuld á sérstökum jöfnunarreikningi sem telst hluti af höfuðstól lánsins.

Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki sem skuld er á jöfnunarreikningi, en sé jöfnunarreikningur skuldlaus skal gjalddagafjárhæð ráða greiðslu.

Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið skal endurgreiða hana á sama gjalddaga (gjaldögum) ársins miðað við framreiknað greiðslumark á síðasta gjalddaga lánsins.

Lánskjör, þ. m. t. vextir og verðtrygging vegna skuldar á jöfnunarreikningi, skulu vera þau sömu og af upprunalegu láni.

6. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna út og birta mánaðarlega launavísitölu til greiðslujöfnunar. Launavísitalan skal miðuð við upphaf hvers mánaðar og gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar. Vísitala þessi skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Vísitala atvinnutekna skal byggð á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um mánaðarlegar breytingar atvinnutekna á mann. Launavísitalan skal sett 100 í júní 1979 og reiknuð fyrir hvern mánuð frá þeim tíma.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiðendum fullverðtryggðra lána, sem um ræðir í 4. gr. þessara laga, skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns. Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku og einungis taka til þeirra sem nú eiga í greiðsluerfiðleikum og æskja frestunar af þeim sökum. Húsnæðisstofnun skal kynna nánari reglur og viðmiðanir um skilyrði fyrir frestun ekki síðar en 15. júlí 1985. Umsóknir skulu hafa borist stofnuninni fyrir 1. september 1985.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um Bygðastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Bygðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

2. gr.

Hlutverk Bygðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu.

3. gr.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til funda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsætisráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að ráða forstjóra.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, þar á meðal hverjar byggðaáætlanir skuli gerðar á vegum hennar. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu eftir því sem þurfa þykir.
4. Að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn.
5. Að fjalla um allar byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar eru fyrir stjórnina til samþykktar, sbr. 9. gr. laga þessara.
6. Að fjalla um skýrslur stofnunarinnar um starfsemi hennar.
7. Að taka ákvarðanir um lántöku, sbr. 16. gr. laga þessara.
8. Að setja reglur um lánakjör stofnunarinnar.
9. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ræður forstjóra til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðning forstjóra miðast við 6 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

7. gr.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag stofnunarinnar.
3. Að gera tillögur til stjórnar um áætlanagerð á vegum stofnunarinnar.
4. Að gera tillögur um afgreiðslu á byggðaáætlunum sem lagðar eru fyrir stjórn stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga þessara.
5. Að gera tillögur um árlega heildarútlánaáætlun, svo og tillögur um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga stofnunarinnar.
6. Að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórn stofnunarinnar skal staðfesta ráðningu helstu starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

II. KAFLI

Starfsemi.

8. gr.

Byggðastofnun fylgist með byggðapróun og fjallar um áhrif opinberra aðgerða á hana. Getur hún gert tillögur til úrbóta ef þörf þykir.

Stofnunin skal afla upplýsinga, er hún þarf á að halda vegna starfsemi sinnar, í samráði við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og aðra aðila sem hliðstæðum upplýsingum safna.

9. gr.

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð.

Byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og gerir hann ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra byggðaáætlana sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar. Áætlanir til lengri tíma en eins árs, sem gerðar hafa verið á vegum stofnunarinnar, skal endurskoða eftir því sem tilefni gefast.

10. gr.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar.

11. gr.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

12. gr.

Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. þessara laga, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir lánveitingar og óafturkræf framlög Byggðastofnunar.

14. gr.

Byggðastofnun tekur við öllum eignum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum sjóðsins, við gildistöku laga þessara.

15. gr.

Tekjur Bygðastofnunar eru:

1. Eignir Bygðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976.
2. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Fjármagnstekjur.

16. gr.

Bygðastofnun er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila, þannig að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu.

17. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Bygðastofnun og skal stofnuninni gert viðvart svo tímanlega að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Handbært fé Bygðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum eða sparisjóðum samkvæmt ákvörðun stjórnar Bygðastofnunar.

19. gr.

Bygðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

20. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Bygðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Bygðastofnunar.

22. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Bygðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felldir úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og önnur ákvæði þeirra laga sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Bygðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal stjórn stofnunarinnar kosin í fyrsta sinn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi eftir samþykkt þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunur eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunur að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuáðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutadeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

III. KAFLI

Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá, sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast

lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar sjö manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmda-áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.
9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—12. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félög, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

22. gr.

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.

Áætlun þessa skal senda öllum jafnréttisnefndum sveitarfélaga.

Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu. Félagsmálaráðherra skal á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

23. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir 5 ár.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 78 31. maí 1976, um jafnrétti kvenna og karla.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

27. júní 1985

Nr. 66

LÖG

um Þjóðskjalasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

2. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur yfirumsjón með rekstri safnsins. Stjórnarnefndin markar safninu stefnu, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Einnig fjallar nefndin um eyðingu gagna í skjalasöfnum sem lög þessi taka til.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórnarnefndina til fjögurra ára í senn. Nefndin skal þannig skipuð: Þjóðskjalavörður á sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Einn tilnefnir fastráðið starfsfólk Þjóðskjalasafns og einn í nefndinni skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókun stutt sérálit í gerðabókina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.

Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.

4. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

1. heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. þessara laga,
2. líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar,
3. gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
4. skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
5. koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
6. líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
7. leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,
8. halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
9. safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
10. reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

9. gr.

Um aðgang að skjölum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, og notkun þeirra skal ákveðið í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.

10. gr.

Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Þegar skjöl, sem að dómi þjóðskjalavardar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi skal tilkynna það Þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavardar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

13. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörðun ekki sinnt skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

14. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.

15. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

16. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

17. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 frá 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 frá 17. mars 1969, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG**um veitinga- og gististaði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

- a. vera fjárráða,
- b. hafa forræði á búi sínu,
- c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðustu ár.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfseminna óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

4. gr.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Protabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

- a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
- b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

- a. Hótel.

Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.

- b. Gistiheimili.
Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- c. Gistiskáli.
Svefnpökagisting í herbergjum eða svefnskálum.
- d. Gisting á einkaheimilum.
Gisting á heimili leigusala.
Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

- a. Veitingahús.
Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.
- b. Skemmtistaður.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
- c. Veitingastofa, greiðasala.
Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
- d. Veisluþjónusta, veitingaverslun.
Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
- e. Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirætlum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

27. júní 1985

Nr. 68

ÚTVARPSLÖG**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Réttur til útvarps.**

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum, sem sett eru með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika, átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og

símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvela útsendingar á metra- og desimetrabylgju.

2. Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.
3. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og hún synjar þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

4. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarna-félögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
5. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
6. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirvars-menn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt VI. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
7. Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárlíði.
8. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um hver sé handhafi útvarpsleyfis, reglur, samningstíma og leyfisgjald. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni.

4. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldir reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. töluliðum 3. greinar sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis. Sama gildir innan stofnunar, t. d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar.

6. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagnert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

8. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.—7. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

II. KAFLI

Menningarsjóður útvarpsstöðva.

9. gr.

Stofna skal Menningarsjóð útvarpsstöðva.

10. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu.

11. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.

Sinfóníuhljómsveitinni er rétt að gera samning við Ríkisútvarpið um réttindi þess varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar gegn eðlilegu gjaldi og sé í samningunum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótað á undanförunum árum.

12. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skipa þrír menn, einn tilnefndur af útvarpsráði, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð til tveggja ára í senn.

13. gr.

Menntamálaráðherra skal kveða nánar á um starfsreglur Menningarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

III. KAFLI

Ríkisútvarpið.

14. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

15. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararf-leið.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttabjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m. a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

16. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðslufirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Þjónusta Ríkisútvarpsins skal í engu minnkuð frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.

17. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

18. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttáflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

19. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkt dagskrárefnis þygi sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

21. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verkamningum. Kappkosta skal að hlutur innlands efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má, sbr. 20. gr.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfölk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

IV. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

22. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamála-ráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmda-stjóra fjármáladeildar.

23. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekj-um stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

24. gr.

Eigandi viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim, sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis, og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.

25. gr.

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 24. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

26. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

27. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 25. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

28. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

29. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Pegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

30. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsíglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

V. KAFLI

Dreifing og réttindi.

31. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

32. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnunin um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum, en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

33. gr.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t. d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

VI. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

34. gr.

Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.

35. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, bær ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

36. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 35. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 35. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafi sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 33. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 33. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 25. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

38. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða fyrsta sinni samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gildistöku laga þessara og sitja til ársloka 1989.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. tl. 3. gr. er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

1. júlí 1985

Nr. 69

LÖG

um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutfé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutfé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutfé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutfé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi

hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.

3. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

- Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt 1. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um Framkvæmdasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:

1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. 4. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ákvæða 10. gr. skulu eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um framlög til búnaðarframkvæmda sem unnar eru á árunum 1985 og 1986:

I. Til undirbúnings ræktunar.

- Vélgrafnir skurðir og plógræsi, allt að 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.
- Framræsla vegna endurræktunar, þ. m. t. hreinsun og dýpkun skurða, allt að 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs skv. þessum staflíðum skal að hámarki svara til 7,0 millj. m³ skurðgraftar og 1200 km plógræslu á árunum 1985 og 1986. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum skv. þessum tölulíðum reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframlvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

- Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 50 kr. pr. m.

II. Til jarðræktar.

- Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi (nýrækt og endurræktun) 12 000 kr. pr. ha
- Túnrækt á þúrrlendi (nýrækt og endurræktun) 8 000 kr. pr. ha
- Korn- og frækraur 4 000 kr. pr. ha

Framlag skv. þessum staflíð er ekki greitt til kornræktar grænófóðurverk-smiðja.

- Grænófóðurrækt 4 000 kr. pr. ha

Framlag skv. þessum staflíð er bundið því að um sé að ræða ræktun til þess að bæta úr fódurskortri vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarpörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 pr. m³.

IV. Girðingar um ræktunarlönd, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10 pr. m.

V. Áburðargeymslur.

Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350 pr. m³.

VI. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna.

- Votheyshlöður úr varanlegu efni 400 kr. pr. m³
- Þurrheyshlöður úr varanlegu efni með súgþurrkunarkerfi 600 kr. pr. m²

- c. Súgurrkunarbلاسari með aflvél, kælivél vegna garðávaxta-geymslu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag allt að 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar.
- d. Garðávaxtageymslur úr varanlegu efni með viðeigandi loftræsti-búnaði 600 kr. pr. m²
- e. Verkfærageymslur úr varanlegu efni 200 kr. pr. m²

VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfar.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. Til kölkunar á túnum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

IX. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

- a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði:
Framlag 1250 kr. pr m², allt að 150 m² að flatarmáli á býli.
- b. Til lýsingar í eldri húsum. Framlag 250 kr., allt að 150 m² að flatarmáli á býli.

X. Til loðdýrabygginga.

Framlag má nema allt að 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m² að flatarmáli á býli.

XI. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og ráðunautur Skógræktar ríkisins um skjólbeltaræktun hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

Ráðherra er heimilt að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að ákveða stærðarmörk framkvæmda sem framlags njóta skv. þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárförf til framkvæmda skv. lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytis um fjárveitingu á næsta ári áður en framvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt árlegrar jarðræktar og húsabóta skuli lokið.

2. gr.

Við 12. gr. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á framlög skv. 1. gr., vegna framkvæmda sem unnar verða árin 1985 og 1986, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá

meðalkostnaði þeirra á árinu 1984 í samræmi við önnur ákvæði 12. gr. jarðræktarlaga, nr. 79 29. maí 1972.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1985 er stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands heimilt að kaupa skuldabréf af viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrir allt að 500 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Fjár til kaupanna skal sjóðurinn afla með yfirtöku lána úr Framkvæmdasjóði Íslands, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984 og bráðabirgðalög nr. 102 30. júlí 1984.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður stimpilgjald af skuldabréfalánum samkvæmt 1. mgr. í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Við kaup á skuldabréfum samkvæmt 1. gr. er stjórn Fiskveiðasjóðs óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976, en skuldabréf þessi skulu vera tryggð með veði í fiskiskipum og/eða fasteignum og á þann hátt sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. l. nr. 44/1976.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1985 — 1988.

Alþingi hefur hinn 23. maí samþykkt þingsályktun þá sem hér fer á eftir um vegáætlun fyrir árin 1985 — 1988.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1985 — 1988 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1985	1986	1987	1988
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Tekjur af bensíni				
Bensíngjald	845	990	1 010	1 030
Aðrar tekjur af bensíni	130	150	155	155
2. Þungaskattur	410	480	490	500
	1 385	1 620	1 655	1 685
1.2. Önnur framlög	265	810	825	845
Samtals	1 650	2 430	2 480	2 530

II. SKIPTING ÚTGJALDA. (Fjárhæðir í m. kr.)

	1985	1986	1987	1988	
2.1. Stjórn og undirbúningur:					
1. Skrifstofukostnaður	36	46	46	47	
2. Tæknilegur undirbúningur	38	52	53	54	
3. Umferðartalning og vegæftirlit	6	7	7	8	
4. Eftirlaunagreiðslur	3	4	4	4	
	81	109	110	113	
2.2. Viðhald þjóðvega:					
1. Sumarviðhald					
1. Viðhald malarvega	156	206	215	226	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	113	147	167	174	
3. Viðhald brúa	29	30	31	33	
4. Viðhald varnargarða	3	4	4	4	
5. Heflun vega	86	118	117	123	
6. Rykbinding	32	43	45	47	
7. Vinnsla efnis	80	109	109	114	
8. Vatnask. og ófyrirséð	19	24	25	26	
9. Vegmerkingar	4	5	6	6	
	522	686	719	753	
2. Vetrarviðhald	139	218	219	224	
	661	904	938	977	
2.3. Til nýrra þjóðvega:					
1. Stofnbrautir					
1. Stofnbrautir almennt	203	330	335	320	
2. Bundin slitlög	145	230	232	230	
3. Sérstök verkefni	157	266	273	264	
4. Óvegir	42	44	50	80	
	547	870	890	894	
2. Þjóðbrautir	105	171	175	176	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kaupsýslum	16	26	27	27	
4. Girðingar og uppgræðsla	10	15	15	15	
	678	1 082	1 107	1 112	
2.4. Til brúagerða:					
1. Brýr 10 m og lengri	47,7	70	71	71	
2. Smábrýr	10	12	13	13	
3. Gilsfjörður (rannsóknir)	0,3	1			
	57	83	84	84	
2.5. Til fjallvega o. fl.:					
1. Aðalfjallvegir	3,4	5	5	6	
2. Aðrir fjallvegir	3,4	5	5	5	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	3,2	4	4	4	
4. Bláfjallavegur	8,6	11			
5. Reiðvegir	0,4	1	1	1	
	19	26	15	16	
2.6. Til sýsluvega:	45	65	65	65	
2.7. Til vega í kaupstöðum og kaupsýslum:	96	137	137	137	
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:					
1. Til véla- og verkfæraakaupa	3,2	6	6	7	
2. Til byggingar áhaldahúsa	4,8	10	10	10	
	8	16	16	17	
2.9. Til tilrauna:	5	8	8	9	
Samtals	1 650	2 430	2 480	2 530	

SUNDURLIÐUN.
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
1	Suðurlandsvegur			
14—16	Vík—Skógar	10,6	17,0	2,0
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá	2,1		
30	Skeiðavegur			
02	Ólafsvallavegur—Skálholtsvegur	1,4		
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur—Hvítá	0,6		1,0
03	Spóastaðir—Biskupstungnabraut			3,0
35	Biskupstungnabraut			
02—03	Þingvallavegur—Laugarvatnsvegur	5,5		
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur	1,3		
1	Vesturlandsvegur			
12	Höfðabakki—Úlfarsárvegur	1,5		
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur			22,0
40	Hafnarfjarðarvegur			
02	Fossvogslækur—Kópavogslækur	0,5		
41	Reykjanesbraut			
04	Hafnarfjarðarvegur—Krýsuvíkurvegur	2,8	1,0	
07	Grindavíkurvegur—Hafnavegur			3,5
08	Hafnavegur—Sjávargata	1,6		
10	Sjávargata—Hafnargata Keflavík	3,0		
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut—Reykjanesbraut			8,0
416	Álftanesvegur			
02	Landakot—Bessastaðavegur	2,1		
431	Hafravatnsvegur			
02	Úlfarsárvegur—Vesturlandsvegur			1,5
1	Vesturlandsvegur			
02	Kalastaðahæð—Galtarholt		15,1	
02	Galtarholt—Laxá	4,3		
08	Hamarslækur—Gufá	11,1		
12	Um Litluá			1,8
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—slitlagsendi	1,3		
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará			18,0
06	Stóra-Þúfa—Grímsá		6,1	
10	Fróðárheiði	1,4		
11	Snæfellsnesvegur—Fossá			13,3
55	Heydalsvegur			
01—02	Ólafsvíkurvegur—Snæfellsnesvegur	6,0		

Vegnr. Kaflar.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
56	Stykkishólmsvegur			
03	Vogsbót—Stykkishólmur	4,7		
57	Snæfellsnesvegur			
08	Stykkishólmsvegur—Hraunháls		13,3	
10	Framsveitarvegur—Grundarfjörður	10,9		
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja		10,8	
60	Vestfjarðavegur			
07	Hjarðarholtsvegur—Ljá			4,9
09	Viðir—Hvoll		8,7	
60	Vestfjarðavegur			
03	Tröllatunguvegur—Reykhólasveitarvegur			9,5
05	Þorskafjarðarvegur—Gröf	7,4	12,0	
14	Vatnsdalsá—Flókalundur			6,0
22	Dýrafjörður	2,0		
23	Lambadalur—Hjarðardalur		8,0	
61	Djúpvegur			
16	Seljaland—Súðavík		10,0	
21	Tunga—Ísafjörður		2,0	
62	Barðastrandarvegur			
01	Um Pennu	1,4		
05	Örlygshafnarvegur—Vesturbót		11,0	
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjarðarvegur	8,2		
64	Flateyjarvegur			
01	Vestfjarðavegur—Flateyri	1,5		
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Laugar—Suðureyri	5,6		
68	Hólmavíkurvegur			
05—06	Guðlaugsvík—Stikuháls			8,5
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður			4,0
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Hrútatunga		3,6	
04	Miðfjarðará—Hvammstangavegur	6,8		
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur	2,2	8,5	6,7
06	Vatnsnesvegur—Viðidalsvegur eystri	0,4		
07	Viðidalsvegur eystri—Gljúfurá	2,0	5,4	
13	Hvammur—Svínvetningabraut	1,1		
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur		6,2	
16—17	Skagafjarðarvegur—Húseyjarkvísl	2,2		
18	Siglufjarðarvegur—Miklibær			8,5
75	Sauðárkróksbraut			
02	Norðurlandsvegur—Sæmundarhlíðarvegur	1,7		
03	Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur	3,2		
76	Siglufjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Framnes	2,5	7,4	
04	Sleitustaðir—Hofsós	1,0		6,8
10	Um Mánárskriður		2,9	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
1	Norðurlandsvegur			
04	Hörgárdalsvegur—Ólafsfjarðarvegur			26,0
10	Eyjafjarðarbraut eystri—Vaðlaheiði	23,9		
12	Svalbarðseyrarvegur—Grenivíkurvegur		31,0	
15	Fnjóskadalsvegur eystri—Norðausturvegur	1,0	1,0	18,0
16	Norðausturvegur—Bárðardalsvegur eystri		4,0	
18	Aðaldalsvegur—Brún			3,0
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	5,1	5,0	
85	Norðausturvegur			
01	Norðurlandsvegur—Fellssel	6,0		
19	Melrakkaslétta	1,4		
21	Raufarhöfn—Hóll		9,0	
22	Ytri-Hálsar	1,4		
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur			12,0
1	Austurlandsvegur			
11	Rangá—Fellabær		7,0	
14	Höfði—Úlfsstaðir	4,7		
17	Haugar—Víðigróf	3,4		
20	Um Tinnu	1,6		
22	Skrúðskambur—Núpur	1,6	8,0	11,0
40—41	Kolgríma—Tröllaskörð	3,5	5,0	
47	Gljúfurá—Bakkalækur			8,0
85	Norðausturvegur			
01	Um Geysirófu			5,0
03	Merkilækur—Hrafnsvík	4,1		
05	Hundsvatnslækur—sæluhús			6,0
06	Um Nýpslón	4,1		
10	Hof—Sunnudalsvegur		8,0	
92	Norðfjarðarvegur			
04	Neðstabrú—Melshorn	8,1	17,0	
07	Hólmaháls		4,0	
07	Um Bleiksá		5,0	
09	Eskifjörður—Sandskeið			11,0
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará		5,0	
02	Steinholt—Langahlíð			4,0
03	Neðri-Stafur—Fjarðarsel	3,2		
96	Suðurfjarðavegur			
01	Norðfjarðarvegur—Handarhald		4,5	4,0
03	Um Torfneslæk		1,5	
04—05	Skriður—Brimnes			3,0
05	Brimnes—Búðir	8,0		
11	Kambanesskriður			11,0
		203,0	264,0	251,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
	Suðurland, óráðstafað		7,6	10,8
	Reykjanes, óráðstafað		5,7	8,7
	Vesturland, óráðstafað		12,7	11,8
	Vestfirðir, óráðstafað		11,7	15,5
	Norðurland vestra, óráðstafað		6,9	7,1
	Norðurland eystra, óráðstafað		10,4	15,0
	Austurland, óráðstafað		11,0	15,1
Samtals		203,0	330,0	335,0

1.2. Búndin slítlög.

1	Suðurlandsvegur			
03—04	Dverghamrar—Hörgsá	1,7		
14—16	Vík—Skógar	10,5	4,0	14,0
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur—Hvítá			2,0
35	Biskupstungnabraut			
02—03	Þingvallavegur—Laugarvatnsvegur	2,5	15,0	2,0
1	Vesturlandsvegur			
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur			4,0
18	Kjósarskarðsvegur—Hvítanes	4,5		
19	Hvítanes—sýslumörk	2,5		
416	Álftanesvegur			
02	Landakot—Bessastaðavegur	1,9		
1	Vesturlandsvegur			
01	Um Oliústöð		1,9	
02	Kalastaðahæð—Galtarholt		11,8	
02—03	Galtarholt—Laxá	5,2		
08	Hamarslækur—Gufá	7,3	1,6	
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—slitlagsendi	1,9		
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará			8,0
06	Stóra-Þúfa—Fáskrúðarbakki		15,2	
11	Snæfellsnesvegur—Fossá			5,7
56	Stykkishólmsvegur			
03	Vogsbót—Stykkishólmur	5,4		
57	Snæfellsnesvegur			
10	Framsveitarvegur—Grundarfjörður		8,7	
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja		6,8	
60	Vestfjarðavegur			
07	Hjarðarholtsvegur—Ljá			6,3
1	Vesturlandsvegur			
01	Sýslumörk—Miklagil		11,0	
60	Vestfjarðavegur			
23	Lambadalur—Hjarðardalur			12,0
24	Gemlufallsheiði—Bjarnardalur	7,2		

Vegnr. Kaflannr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
61	Djúpvegur			
16	Seljaland—Súðavík			11,5
18	Utan Súðavíkur	3,5		
18	Arnarneshamar—Arnardalur	2,2		
19	Arnardalur—Kirkjubólshlíð	4,5		
62	Barðastrandarvegur			
05	Örlygshafnarvegur—Vesturbotn			3,0
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjarðarvegur	11,6		
03—04	Við Bíldudal	1,0		
64	Flateyrarvegur			
01	Vestfjarðarvegur—Flateyri	8,6		
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Laugar—Suðureyri			4,5
68	Hólmavíkurvegur			
10	Hvalsá—Tröllatunguvegur		11,0	
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður			3,0
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Hrútatunga		3,1	
04	Miðfjarðará—Hvammstangavegur		3,9	
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur		3,0	5,5
06	Vatnsnesvegur—Viðidalsvegur eystri	2,5		
07	Viðidalsvegur eystri—Gljúfurá	3,3	4,2	
13	Hvammur—Svínvetningabraut	5,0		
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur		8,0	7,9
16—17	Skagafjarðarvegur—Húseyjarkvísl	1,4		
74	Skagastrandarvegur			
01	Vatnahverfi—Pverárfjallsvegur			10,5
75	Sauðárkróksbraut			
02	Norðurlandsvegur—Sæmundarhlíðarvegur	8,6		
03	Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur		4,6	
76	Siglufjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Framnes		3,2	
04	Sleitustaðir—Hofsós	1,8		
11	Gangamunni—Siglufjörður			2,1
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Öxnadalsá		10,0	
04	Hörgárdalsvegur—Krossastaðaá			10,0
09	Eyjafjarðarbraut vestri—Eyjafjarðarbraut eystri .			4,0
12	Svalbarðseyri—Grenivíkurvegur			10,0
15	Fornhólar—Norðausturvegur	3,0		6,0
16	Norðausturvegur—Bárðardalsvegur eystri	1,3	6,0	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	5,0		
85	Norðausturvegur			
01	Norðurlandsvegur—Háls	9,4	4,0	
1	Austurlandsvegur			
11	Rangá—Fellabær			5,0
14	Höfði—Úlfsstaðir	8,0		
39	Viðborð—Djúpá	2,1	3,0	
50	Skeiðarársandur		4,0	
85	Norðausturvegur			
06	Um Nýpslón		7,0	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði			
01	Flugvöllur—Þorp		4,0	
92	Norðfjarðarvegur			
01—02	Egilsstaðir—Háls	3,2		
04	Neðstabrú—Melshorn		7,0	10,0
07	Um Hólmaháls			4,0
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará			12,0
03	Neðri-Stafur—Seyðisfjörður	2,9	2,0	
94	Borgarfjarðarvegur			
08	Framnes—Bakkagerði		6,0	
96	Suðurfjarðavegur			
01	Norðfjarðarvegur—Sléttukrókur		3,0	
04—05	Skriður—Brimnes			6,0
05	Brimnes—Búðir		7,0	
07	Búðir—Sævarendi	4,6		
08	Gvendarnes—Merkigil	0,9		
10	Stöðvará—Kambanes		4,0	
931	Upphéraðsvegur			
08	Hallormsstaður—Hafursá			5,0
		145,0	184,0	174,0
Suðurland, óráðstafað			5,3	7,5
Reykjanes, óráðstafað			4,0	6,0
Vesturland, óráðstafað			8,8	8,1
Vestfirðir, óráðstafað			8,2	10,7
Norðurland vestra, óráðstafað			4,8	5,0
Norðurland eystra, óráðstafað			7,2	10,3
Austurland, óráðstafað			7,7	10,4
Samtals		145,0	230,0	232,0

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kafleheiti	1985 fjár. m. kr.	1986 fjár. m. kr.	1987 fjár. m. kr.	1988 fjár. m. kr.
34	Eyrbakkavegur				
05	Um Ölfusárós		18	60	60
35	Biskupstungnabraut				
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur	10			
36	Þingvallavegur				
06—01	Kárastaðir—Stardalur	20	18	9	14
41	Reykjanesbraut				
02—03	Reykjavík—Hafnarfjörður	24	41	28	11
1	Vesturlandsvegur				
05	Um Borgarfjörð	5	4		
14	Um Holtavörðuheidi	11	22	19	21
60	Vestfjarðavegur				
22	Um Dýrafjörð				12
61	Djúpvegur				
01—05	Tenging Inn-Djúps	12	26	23	10
1	Norðurlandsvegur				
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	10	11	11	11
17	Um Héraðsvötn	3	3		
1	Norðurlandsvegur				
09—10	Eyjafjarðarbraut vestri—Vaðlaheiðarvegur		40	24	28
13	Grenivíkurvegur—Illugastaðavegur	30			
1	Austurlandsvegur				
30—32	Hof—Össurá	24	18	19	19
		149	201	193	186
Þjóðvegir í Reykjavík		8	12	12	12
Óráðstafað			53	68	66
Samtals		157	266	273	264

1.4. Ó-vegir.

574	Útnesvegur				
07	Um Ólafsvíkurenni	7			
61	Djúpvegur				
25	Um Óshlíð	30	35	27	10
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	5		10	50
		42	35	37	60
Óráðstafað			9	13	20
Samtals		42	44	50	80

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kafanr.	Vegheiti Kafleheiti	1985 fjár. m. kr.	1986 fjár. m. kr.	1987 fjár. m. kr.
25	Pykkvabæjarvegur			
01—02	Suðurlandsvegur—Pykkvibær	4,0	5,0	
26	Landvegur			
01	Suðurlandsvegur—Hagabraut		1,0	8,0
204	Meðallandsvegur			
01	Ýmsir staðir	0,2	2,0	
205	Klausturvegur			
01	Um Kirkjubæjarklaustur	1,0		
214	Kerlingardalsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Kerlingardalur	2,0		
215	Reynishverfisvegur			
01	Suðurlandsvegur—Presthús	0,4	0,5	2,0
3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

- F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).
- F28 Sprengisandsleið:
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Pveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).
- F35 Kaldadalsvegur:
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarvegi (518) hjá Húsavelli (40 km).
- F37 Kjalvegur:
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).
- F72 Skagafjarðarleið:
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).
- F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).
- F82 Eyjafjarðarleið:
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjaðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).
- F98 Gæsavatnsleið:
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptýppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 26. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

LÖG

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stofnun tónlistarskóla.

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur a. m. k. einn fastan kennara auk stundakennara;
2. starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum;

3. kennir skv. námsskrá útgefinni af menntamálaráðuneytinu eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins ef námsskrá skortir; hverjum nemanda skal veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku; auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur);
4. hefur a. m. k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar;
5. hefur hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

2. gr.

Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla skal sveitarstjórn semja reglugerð um skólann sem ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag ákveða að koma á fót tónlistarskóla í sameiningu skal reglugerðin samin og samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnnum og þar m. a. kveðið á um skiptingu kostnaðar og ábyrgðar af skólahaldinu.

3. gr.

Aðrir aðilar en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla sem njóta skal styrks skv. ákvæðum laga þessara. Áður en slíkur skóli hefur starfsemi skal senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytisins. Skal þar greint frá því m. a. hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á. Greinargerðin skal hafa borist viðkomandi sveitarfélagi eigi síðar en 15. apríl ásamt rekstraráætlun og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Sveitarstjórn skal fjalla um greinargerðina og taka afstöðu til þess hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði.

Ef fyrirhugað starfssvæði skólans er fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir fjalla um málið á sama hátt og skal þá jafnframt taka afstöðu til þess hvernig kostnaðarskipting skal vera milli sveitarsjóða og hver skal vera greiðsluaðili fyrir skólann.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um afstöðu sína til skólans og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að greinargerð um skólann berst til sveitarstjórnarinnar. Sé sveitarstjórnin samþykk stofnun skólans fyrir sitt leyti og ráðuneytið fellst á að skilyrði séu fyrir hendi til skólahaldsins skal gera ráð fyrir kostnaði við rekstur skólans í tillögum til næstu fjárlaga og á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Ráðuneytið skal tilkynna um afstöðu sína eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að því hefur borist greinargerðin.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila, fjallar um málefni skólans og fer með fjárreiður hans. Viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

4. gr.

Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans, en veita skal styrk til hljóðfærakaupa og annars stofnkostnaðar eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Skiptir menntamálaráðuneytið heildarupphæð styrkja í þessu skyni í samræmi við nánari reglur sem það setur, en styrkur til hljóðfærakaupa má nema allt að þriðjungi af kostnaðarverði.

5. gr.

Tónlistarskólar þeir, sem starfandi eru og styrk hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda staðfestingu sinni enda fullnægi þeir lágmarkskröfum skv. lögum þessum. Ef skóli er rekinn á vegum sveitarfélags skal semja reglugerð skv. ákvæðum 2. gr. eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laganna. Ef skóli er rekinn á vegum annarra aðila, skal senda menntamálaráðuneytinu starfsreglur hans innan sama tíma.

6. gr.

Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.) þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði.

II. KAFLI

Rekstur tónlistarskóla.

7. gr.

Tónlistarskólar, sem reknir eru af sveitarfélögum, skulu fá styrk frá ríkissjóði sem nemur 50% af launagreiðslum til kennara og skólastjóra. Skal þá miðað við að launagreiðslur séu í samræmi við þá kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera við viðkomandi stéttarfélög starfsmanna á hverjum tíma, og að kennslumagn sé í samræmi við samþykktu kennsluáætlun. Skal senda áætlunina menntamálaráðuneytinu til staðfestingar eigi síðar en 15. maí ár hvert, og skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi skólastjóra um afstöðu sína til áætlunarinnar eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

8. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal jafnframt í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. Fallist sveitarstjórn á áætlunina skal hún send til menntamálaráðuneytisins til staðfestingar eigi síðar en 15. maí ár hvert, og skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi skólastjóra og sveitarstjórn um afstöðu sína til áætlunarinnar eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

9. gr.

Starfsmenn tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, en njóta styrks skv. lögum þessum, skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma, en þeir teljast starfsmenn viðkomandi skóla nema öðruvísi sé um samið. Þeim er heimil þátttaka í söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða öðrum þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður á aðgang að.

10. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við framangreinda kjarasamninga. Greiðsla skal fara fram mánaðarlega skv. nánara samkomulagi milli skólastjórnar og sveitarstjórnar. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi helming útlagðs kennslukostnaðar skv. þessari grein skv. nánari reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

11. gr.

Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar m. a. fjalla um námsskrár við tónlistarkennslu, kennslumagn og próf og réttindi sem þau veita.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:

1. veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG**um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Við 62. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma. Þar sem sérstakar matsnefndir hafa ekki verið skipaðar til að meta kaupverð slíkra íbúða við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða tilnefna hvor sinn mann í tveggja manna matsnefnd til að meta verð til seljenda þessara íbúða. Skal við matið taka fullt tillit til þeirra matsreglna sem gilt hafa við kaup íbúðanna. Óski sveitarstjórn eftir því er heimilt að endurfjármagna íbúðir þessar við endursölu skv. 49. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn. Um íbúðir þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 106/1970, um sölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Sjóðsstjórn ákveður, að fenginni umsögn Kjara-
rannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt skal hann, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri samkvæmt 3. mgr. 12. gr. hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 60, 61 eða 62 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir þann aldur er réttur til töku ellilífeyris stofnast.

4. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 65 ára aldri og síðan aftur við 70 og 75 ára aldur, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. mgr., og gert var við fyrri úrskurð.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann látur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

6. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu en miðast einungis við áunnin geymd stig.

7. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Árin 1980—1989 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981—1984, en í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðapjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

Ferðamálaráð heldur fundi a. m. k. fjórum sinnum á ári.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðaleyfishafa.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband veitinga- og gistihúsa.
9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
10. Ferðapjónusta bænda.
11. Reykjavíkurborg.
12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
16. Ferðamálasamtök Austurlands.

17. Ferðamálasamtök Suðurlands.

18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Póknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára.

Einn er formaður Ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar.

Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf. og Samband veitinga- og gistihúsa. Einn skal skipaður til eins árs í senn, tilnefndur af Ferðamálaráði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflökkum.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera fjögur ár í senn.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.
10. Framkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:

- a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
- b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
- c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.

Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn sem skal lögð fyrir samgönguráðherra en hann tekur endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skal annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa ríkisins hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. allar eignir og fylgifé, til hins nýja félags,
- b. að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. m. t. viðskiptavild, til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi,
- c. að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins geti keypt bréf í hlutafélaginu,
- d. að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.

Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.

Þeir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins, sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku þessara laga, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóði.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar 3 fulltrúa af 5 til setu á aðalfundum og hluthafafundum félagsins. Fer hver þeirra með $\frac{1}{3}$ af atkvæðum ríkissjóðs í félaginu eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélag, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi skulu koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 3 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á fundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

12. gr.

Við skipulagningu ferða skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu sem rekin er allt árið. Þar sem þörf krefur er henni þó heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna enda sé lágmarkskröfum um húsnæði og búnað skv. lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði fullnægt.

Við starfrækslu sumarhótela skal þess ávallt gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við nærliggjandi hótél. Jafnframt skal þess gætt að þjónusta sumarhótela sé að öðru jöfnu til ráðstöfunar fyrir aðrar ferðaskrifstofur.

13. gr.

Stjórnin ræður forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins hf. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
- b. Hvers konar umboðssölu farmaða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum gistihúsnæðis.
- d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
- b. Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita að umsækjandi setji bankatryggingu sem eigi sé lægri en 1,7 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð árlega og breytt ef þurfa þykir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingafé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprotnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingafjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu og hefur kostnaður af slíkum flutningum forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

24. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði.

25. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingu, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.

26. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 12 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

27. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs.

28. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta þess fjármagns sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu, nema sérstakar ástæður komi til.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 4 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar sem hljótask kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndar-ráðs nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976. Þó skal III. kaflí þeirra laga um Ferðaskrifstofu ríkisins halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn í samræmi við 11. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um sóknargjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um sóknargjöld.

1. gr.

Hver maður í þjóðkirkjunni, sem orðinn er 16 ára á tekjuárinu og er heimilisfastur hér á landi samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 75/1981 og á er lagt útsvar samkvæmt lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkvæmt lögum þessum.

Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar þar sem gjaldþegn átti lögheimili hinn 1. desember á tekjuárinu.

2. gr.

Sóknargjald skal vera 0,20—0,40% af útsvarstofni hvers gjaldanda samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980 og skal það lagt á í heilum tugum króna. Sóknarnefnd tekur ákvörðun um hundraðstölu innan greindra marka í samráði við héraðsprófast, en fyrir skal þá liggja fjárhagsáætlun sóknar. Sóknargjaldið skal að jafnaði vera hið sama innan hvers prófastsdæmis.

3. gr.

Nú hrökkva tekjur sóknarkirkju ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og er þá heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka sóknargjöld allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra. Í Reykjavíkurbíóprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni að fengnum tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og leitar samþykkis ráðherra.

II. KAFLI

Um gjöld manna sem standa utan þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði af útsvarsstofni, sbr. 2. gr.

5. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð er nemur sóknargjaldi því sem honum hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar ef hann hefði talist til hennar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði.

Gjöld samkv. 4. og 5. gr. skal greiða til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næst liðinn.

III. KAFLI

Um álagningu gjalda samkv. I. og II. kafla, innheimtu, ábyrgð á greiðslu þeirra o. fl.

6. gr.

Skattstjórar skulu leggja á gjöld samkvæmt I. og II. kafla laga þessara og skulu gjaldákvæðanir birtar með sama hætti og útsvör. Sóknarnefnd skal tilkynna skattstjóra ákvæðanir um gjöld þessi eigi síðar en 31. mars það ár sem gjald er á lagt, en með reglugerð, sbr. 9. gr., má ákveða tímamark fyrir á árinu. Með tilkynningu skal fylgja staðfesting kirkjumálaráðherra á heimild til álagningar gjalds eftir því sem við á.

Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurð þeirra. Um gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tilkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupi gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti, skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Að lokinni álagningu gjalda skv. I. kafla laga þessara getur sóknarnefnd ákveðið, að fenginni umsókn gjaldanda, að lækka eða fella niður álögð gjöld skv. lögum þessum þegar svo stendur á sem greinir í 27. gr. laga nr. 73/1980. Á sama hátt getur stjórn skráðs trúfélags eða ríkisskattstjóri (háskólaráð) lækkað eða fellt niður álögð gjöld sem um er rætt í II. kafla laga þessara.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Innheimtuþóknun skal vera 1% og rennur hún í ríkissjóð. Ríkissjóður skal ársfjórðungslega standa sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu gjaldi samkvæmt lögum þessum.

IV. KAFLI

Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

8. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar.

Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.

Sóknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir að gjöld eru fallin í gjalddaga.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykktu héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

V. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

9. gr.

Heimilt er að setja nánari reglur um gjöld þau er lög þessi taka til, svo og önnur atriði, er varða framkvæmd laganna, í reglugerð sem kirkjumálaráðherra setur, að fengnum

tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við fjármálaráðherra varðandi atriði er snerta framkvæmd álagningar eða innheimtu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986 og falla þá úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan innheimtumaður ríkissjóðs nýtur óbreyttra lögkjara samkvæmt bráðabirgða-ákvæði I laga nr. 41/1984 skal þóknun fyrir innheimtu sóknargjalda renna til innheimtumanns og fara eftir því sem um semst.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal flutningsjöfnunargjald af öllu seldu magni af gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu, þó ekki flugvélabensíni og flugsteinolíu sem ætluð er til nota í utanlandsflugi. Gjald þetta ákveður verðlagsráð fyrir þrjá mánuði í senn. Verði upphæð þess miðuð við það að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af ofangreindum olíuvörum sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til útsölustaða svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Gjaldið skal greiða í flutningsjöfnunarsjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

2. gr.

Flutningsjöfnunarsjóður skal myndaður með flutningsjöfnunargjaldinu sem um ræðir í 1. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, sem sitja tvö ár í senn, verðlagsstjóra, einum manni sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar og einum manni sem ráðherrann skipar samkvæmt tilnefningu olíuinnflytjenda. Verðlagsstjóri er formaður stjórnarinnar.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi. Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs er heimilt að ákveða að í sjóðnum skuli vera sérdeild fyrir útgerð.

3. gr.

Flutningsjöfnunarsjóði skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, er annast dreifingu á olíuvörum þeim sem um getur í 1. gr., flutningskostnað þeirra en hann skal samþykktur af verðlagsráði. Verðlagsstofnun annast þessar greiðslur eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur. Heimilt er að ákveða tímabundna greiðslu úr flutningsjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að flutningur á olíuvörum á viðkomandi svæði verði ódýrari með því.

4. gr.

Söluverð á ofangreindum olíuvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.

5. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs greiðist af eigin fé og skal tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

6. gr.

Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía ásamt öðrum olíutegundum sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.

7. gr.

Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hvernar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma.

8. gr.

Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

Jöfnunarverð hvernar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma.

9. gr.

Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma.

Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni.

10. gr.

Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera samkvæmt lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. l. nr. 13/1979, l. nr. 52/1982 og l. nr. 33/1984.

11. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.***LÖG**

**um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar
stálvölsunarverksmiðju.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 45. greinar laganna orðist svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum $\frac{1}{2}$ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp $\frac{1}{2}$ dag í viku, allt að fullum dagpeningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar með taldar almannatryggingar, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign samkvæmt nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð sem ríkið leggur á einstaklinga og félög án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Í fjárlögum skal áætla tekjur af fjáröflunareinkasölum ríkisins og skulu skil þeirra til ríkissjóðs talin með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseiðn, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalanna séu í B-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta.

4. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, svo sem kveðið er á um í 2. gr. 1. nr. 13/1979. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun og þær spár sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

5. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. mgr. 6. gr.

6. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin.

7. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.

8. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.

9. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar sem geyma má ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.

Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

10. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim sem getið er um í VII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.

11. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja tölulegur samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 70. gr. og hljóði svo:

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun er lýsir í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
4. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 71. gr. og hljóði svo:

Í frumvarpi til lánsfjárlaga skal leita heimilda til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimilda og annarra nauðsynlegra fjármálaráðstafana að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu skal ár hvert gerð grein fyrir heildarábyrgðarveitingum ríkissjóðs og skiptingu þeirra á helstu ábyrgðarflokka. Alþingi fjallar árlega um hámark veittra ábyrgða og setur mörk í lánsfjárlögum.

14. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 72. gr. og hljóði svo:

Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og skal hún vera hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi hvers árs. Um áætlunina skal fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Jafnhliða framlagningu fjárlagafrumvarps leggur fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til lánsfjárlaga.

Undirbúningur áætlunarinnar skal vera á vegum fjármálaráðherra og skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa forgöngu um gerð áætlunarinnar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

15. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 73. gr. og hljóði svo:

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m. a. til fjármögnunar og fjárráðstöfunar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, sjóða, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila.

2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyris-sjóða.
3. Heildaráætlun um erlendar lántökur opinberra aðila, atvinnuvega og einkaaðila. Einnig yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.
4. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 74. gr. og hljóði svo:

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra sem þau fjalla um. Fjármálaráðherra ákveður nánar til hvaða verkswiða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður fjármálaráðherra skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.

17. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 75. gr. og hljóði svo:

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra, sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og V. kafla laga nr. 13/1979.

18. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 76. gr. og hljóði svo:

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.

19. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 77. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna Fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis;
2. mat á kostnaði sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð; skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma;
3. athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum;
4. athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis.

20. gr.

Heiti XII. kafla laganna verði: **Um efnisskipan fjárlaga, um lánsfjárlög og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.**

21. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði III. og VI. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir,
sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafla.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

Í stað „sjúkrahúsa“ í 2. mgr. 5. gr. komi: heilbrigðisstofnana.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla, en þar á meðal er:

- a. Fjarskipti milli umdæma.
- b. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
- c. Mælingar á geislavirkni.
- d. Viðvörðun og viðvörðunarkerfi.
- e. Leiðbeiningar og almenningafræðsla.
- f. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.

- g. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
- h. Söfnun birgða og varsla þeirra.
- i. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.
- j. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
- k. Umsjón með almannavörnum í héraði.
- l. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.

Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða annarri vá.

Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir sem miða að því að draga úr líkum á líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarmarka eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð getur sett framkvæmdastjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. Í hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almannavarnaráðs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra verkþátta sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjórum og almannavarnanefndum til ráðuneytis. Hann skal vera búsettur í kjördæminu.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra er heimilt að ákveða að sveitarfélög, tvö eða fleiri, eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri og tveir menn sem borgarstjórn velur. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum sem bæjarstjórn velur.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefnir og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu í samræmi við samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru yfir 5000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjóra.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra samkv. nánari reglum er ráðherra setur:

- a. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.

- b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
- c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
- d. Stjórnstöðvar.
- e. Fjarskiptakerfi.
- f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
- g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
- h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlítt.

7. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutímum getur almannavarnaráð lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

8. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist: náttúruhamfara eða af annarri vá.

9. gr.

Á eftir V. kafla komi nýr kaflí, VI. kaflí. Hagvarnir, með fjórum nýjum greinum (23.—26. gr.), og breytist kaflaröð og greinaröð samkvæmt því:

a. (23. gr.)

Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álíts hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hættu.

b. (24. gr.)

Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga sé, eftir því sem við á, gerð áætlun um verkefni og viðbrögð á hættutímum. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir nauðsynja til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum og gera áætlun um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtnu eftir atvikum. Öllum er skylt að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál.

c. (25. gr.)

Hagvarnaráð getur hvenær sem er gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir sem það telur nauðsynlegar til að tryggja þau markmið sem lýst er í 23. og 24. gr. Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á hernaðaraðgerðum eða af annarri sambærilegri vá, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

d. (26. gr.)

Heimilt er að ákveða að starfsmaður almannavarnaráðs skuli starfa sérstaklega að þeim málefnum er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður komið að mati almannavarnaráðs.

10. gr.

23. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafist að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum sem þörf er á til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, svo og fyrirtækjum og félagasamtökum, sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi við almannavarnaráð, er skylt án endurgjalds að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna í samræmi við slíkt skipulag. Ágreiningu um þátttöku í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra.

11. gr.

25. gr., sem verður 29. gr., orðist svo:

Kostnaður samkv. 5. og 6. gr. og VI. kafla greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitarstjórnnum, en ríkissjóður skal endurgreiða $\frac{2}{3}$ kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum.

Sveitarfélög, sem hafa samstarf um almannavarnir, skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um viðskiptabanka.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar.

Einungis hlutafélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík. Um heimili og varnarþing hlutafélagsbanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

4. gr.

Hlutverk viðskiptabanka er að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi eins og hún er skilgreind í IV. kafla laga þessara. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Viðskiptabönkum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *banki* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI

Stofnun hlutafélagsbanka o. fl.

5. gr.

Stofnendur hlutafélagsbanka skulu eigi vera færri en 50. Hluthafar skulu jafnan vera 50 hið fæsta.

Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a. m. k. 50 hluti, nema minnst 100 000 000 kr. og allt vera í íslensku eigu. Allt hlutafé skal vera greitt áður en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur. Ráðherra skal breyta lágmarksfjárhæð hlutafjár samkvæmt þessari grein í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur a. m. k. 20% frá því breyting var síðast gerð. Lágmarksfjárhæðin skal jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna og taka gildi við upphaf árs.

6. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka.

Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka. Enginn hluthafa má fara með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra meira en $\frac{1}{5}$ hluta samanlagðra atkvæða í bankanum.

7. gr.

Pótt hlutafélagsbanki sé skráður í hlutafélagaskrá má hann eigi hefja starfsemi fyrr en hann hefur fengið starfsleyfi sem ráðherra veitir.

8. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi. Hlutverk umboðsskrifstofa er að miðla upplýsingum, veita ráðgjöf og sinna annarri þjónustustarfsemi hér á landi á vegum erlendra banka. Umboðsskrifstofum er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán eða stunda verðbréfavíðskipti.

Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög gilda um þær umboðsskrifstofur sem settar eru á stofn samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þ. á m. um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur. Ráðherra ákveður gjald fyrir veitingu leyfis til starfrækslu umboðsskrifstofu.

Tilkynningar, sem senda skal hlutafélagaskrá samkvæmt XVII. kafla laga um hlutafélög, skulu einnig sendar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI

Stjórn.

Ríkisviðskiptabankar.

9. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráða svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafist bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.

11. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skipuð þremur bankastjórum hefur með höndum framkvæmdastjórn bankans.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í 12 mánuði sem eru jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum bankastjórnar.

13. gr.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útíbússtjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

Bankaráð ákveður hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað.

Hlutfélagsbankar.

14. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutfélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða. Málefni hlutfélagsbanka falla stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

15. gr.

Stjórn hlutfélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutfélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutfélagsbanka skal skipað eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

Aðalfundur hluthafa ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

16. gr.

Bankastjórn skipuð einum eða fleiri bankastjórum hefur með höndum framkvæmdastjórn hvers banka. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt nema að fengnu leyfi bankaráðs að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Sameiginleg ákvæði.

18. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka í samræmi við lög þessi, reglugerð eða samþykktir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans.

19. gr.

Auk bankastjóra ræður bankaráð útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir þeim upp starfi. Bankaráði er heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra. Leita skal tillagna bankastjórnar áður en ráðið er í stöður aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessara starfsmanna.

20. gr.

Bankaráð ákveður hverjum sé heimilt að rita firma banka. Til að skuldbinda banka þarf undirskrift minnst tveggja starfsmanna nema undanþága hafi fengist hjá bankaeftirlitinu. Bankaráði er heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti.

21. gr.

Bankaráð tekur ákvarðanir um eftirtalin mál:

- byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum bankans,
- kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem bankinn á aðild að,
- stofnun útibúa,
- samruna bankans við aðrar innlánsstofnanir, sbr. 50. gr.,
- afskriftir af útlánum bankans.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skal taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans. Bankaráð hlutafélagsbanka skal leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leitað tillagna bankastjórnar.

Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum. Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál sem bankastjórn leggur fyrir ráðið eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.

23. gr.

Bankastjórn viðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerð eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs.

24. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð eða samþykktum. Bankaráðsfund skal ætíð halda ef formaður ráðsins eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Formaður bankaráðs og bankastjórn undirbúa bankaráðsfundi. Bankaráðsfundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

Um það, sem gerist á bankaráðsfundum, skal haldin gerðabók sem undirrituð er af þeim er fund sitja. Bankastjórn skal reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag bankans á bankaráðsfundum.

Bankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði. Þeir sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð ákveði annað.

25. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

IV. KAFLI

Starfsemi.

26. gr.

Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

27. gr.

Viðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

28. gr.

Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku félagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 20% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í félögum samkvæmt þessari mgr. og lánum, sem hann hefur veitt þeim, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 60% af eigin fé bankans. Ákvæði þetta tekur eigi til samruna banka samkvæmt 50. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. nema hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 3. málsl. 18. gr. laga um hlutafélög. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku hlutafélagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 2% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í hlutafélögum samkvæmt þessari mgr. má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 15% af eigin fé bankans.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga.

29. gr.

Viðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans.

Viðskiptabanka er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar.

30. gr.

Viðskiptabanki getur starfrækt veðdeild innan bankans.

31. gr.

Viðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

Innlánsfé í viðskiptabanka ásamt vöxtum og verðbótum er undanþegið kyrrsetningu.

32. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur bankanum samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal bankinn þá að ósk upphaflegs eiganda hins fyrra innlánsskilríkis eða viðtökuskírteinis gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

33. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og skoðunarmenn mega ekki vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Hið sama gildir um maka þeirra. Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við bankann eftir reglum sem bankaráð setur að fengnum tillögum bankastjórnar.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn.

34. gr.

Bækur viðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

V. KAFLI

Um laust fé og eigið fé.

35. gr.

Viðskiptabanki skal kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir.

36. gr.

Eigið fé viðskiptabanka má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans. Við niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal bæta samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en draga frá eftirtalda liði:

- a. eigið fé,
- b. peninga í sjóði,
- c. innlán í Seðlabanka Íslands,
- d. innlán í öðrum innlendum og erlendum innlánsstofnunum.

Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, má eigi vera herra en sem nemur 65% af eigin fé bankans.

VI. KAFLI

Ársreikningur.

37. gr.

Reikningsár viðskiptabanka skal ákveðið í reglugerð eða samþykktum. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings.

38. gr.

Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

39. gr.

Ársreikningur viðskiptabanka skal liggja frammi í afgreiðslu bankans og afhentur hverjum viðskiptaðila sem þess óskar.

VII. KAFLI

Endurskoðun.

40. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofu sem ráðherra skipar til sama tíma.

Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í samþykktum hlutafélagsbanka má ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt.

Skoðunarmaður viðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Póknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs. Póknun skoðunarmanna hlutafélagsbanka er háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Skýlt er að veita skoðunarmanni aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skulu bankaráð og starfsmenn bankans veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

41. gr.

Við viðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 19. gr.

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi banka og þáttur í eftirlitskerfi hans.

42. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktar varðandi upplýsingaskyldu banka.

43. gr.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktar. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við bankaráð eða bankastjórn, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara.

Skoðunarmönnum er skýlt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans skulu skoðunarmenn gera bankaráði og bankaeftirlitinu viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja bankaráðsfundi þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja hluthafafundi hlutafélagsbanka.

44. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og skoðunarmönnum reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VIII. KAFLI

Slit og samruni viðskiptabanka.

45. gr.

Hafi bankaráð, bankastjórn eða skoðunarmenn viðskiptabanka ástæðu til að ætla að eigið fé hans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 36. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka sé undir lágmarki 36. gr. skal það krefja skoðunarmenn viðskiptabankans þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé hlutafélagsbanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr. skal bankaráð án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé ríkisviðskiptabanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr. skal bankaeftirlitið tafarlaust krefja bankaráð um greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni. Skal ráðherra síðan leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. eða lokið er meðferð samkvæmt 4. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 36. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans til úrbóta muni ekki bera árangur.

46. gr.

Bú viðskiptabanka verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta að hætti III. kafla gjaldþrotalaga.

Slíta ber viðskiptabanka í eftirtöldum tilvikum:

- a. ef ráðherra synjar viðskiptabanka um frest að hætti 5. mgr. 45. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að bankanum hafi tekist að auka eigið fé fram yfir lágmark samkvæmt 36. gr.,
- b. ef skylt er að slíta hlutafélagsbanka samkvæmt lögum um hlutafélög eða samþykktum félagsins,
- c. ef hluthafafundur ákveður að slíta hlutafélagsbanka,
- d. ef Alþingi ákveður að ríkisviðskiptabanka verði slitið.

Í þeim tilvikum, sem getið er í b-, c- og d-liðum 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi viðskiptabanka á sama hátt og samkvæmt 2. mgr. 45. gr. og afhenda það ráðherra ásamt álitserð sinni um það hvort eignir viðskiptabankans hrökkvi fyrir skuldum hans.

47. gr.

Pegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt a-lið 2. mgr. 46. gr. eða fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins í tilvikum sem eiga undir b-, c- eða d-lið sama ákvæðis að óvíst sé að eignir viðskiptabankans hrökkvi til greiðslu skulda hans skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú viðskiptabankans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eru ákvæði 2. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Pegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt b-, c- eða d-liðum 2. mgr. 46. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú hans verði tekið til skipta til slíta á viðskiptabankanum.

Er skiptaráðandi hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 46. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Pegar er úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn skal skiptaráðandi auglýsa skiptin í Lögbirtingablaði með þeim hætti sem fyrir er mælt í 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga og skal í auglýsingunni tekið fram hvort búið sé tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

48. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka gilda ákvæði IV.—XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra gilda ekki um skipti sem komin eru til samkvæmt 2. mgr. 47. gr.

Pegar ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr., miða réttaráhrif við frest dag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 5. mgr. 45. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem skiptaráðanda berst krafa ráðherra samkvæmt 1. eða 2. mgr. 47. gr.

49. gr.

Pegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal viðskiptaráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

50. gr.

Samruni hlutafélagsbanka, hvort sem er innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir, má því aðeins fara fram að fengið sé leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda um samrunann ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt.

Hlutafélagsbanka, sem slitið er vegna samruna við annan hlutafélagsbanka eða aðra innlánsstofnun, er eigi skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

Ríkisviðskiptabönkum er því aðeins heimilt að yfirtaka starfsemi annarra innlánsstofnana að fengið sé leyfi ráðherra.

IX. KAFLI

Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

51. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag og hefur það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að samkvæmt 1. mgr. 47. gr. Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum.

Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Yfirstjórn Tryggingarsjóðs er í höndum viðskiptaráðherra og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, s. s. um skipan stjórnar og verksvið hennar, ákvöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr sjóðnum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús viðskiptabaka til skipta er genginn.

X. KAFLI

Refsiákvæði.

52. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI

Gildistaka o. fl.

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Ákvæði VI. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1985. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. tekur til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra sem föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

54. gr.

Viðskiptabankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og bankar, sem verða stofnaðir með samruna þessara banka, skulu koma eigin fé í það horf sem áskilið er samkvæmt 36. gr. innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Hlutafé hlutafélagsbanka, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og banka, sem stofnaðir verða með samruna þessara banka, skal hafa náð því lágmarki sem ákveðið er í 2. mgr. 5. gr. innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

55. gr.

Innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra gefa út reglugerð er hafi að geyma nánari ákvæði um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Leita skal tillagna ríkisviðskiptabankanna og umsagnar bankaeftirlitsins áður en reglugerðin er sett.

Samþykktir hlutafélagsbanka skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn banka-
eftirlitsins. Hlutafélagsbankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, skulu breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

56. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a. lög nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 35/1983, um breyting á þeim lögum,
- b. lög nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 37/1983, um breyting á þeim lögum,
- c. lög nr. 34/1957, um Útvegsbanka Íslands,

- d. lög nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 og 89/1984, um breyting á þeim lögum,
- e. lög nr. 113/1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 31/1963, 59/1984 og 88/1984, um breyting á þeim lögum,
- f. lög nr. 46/1960, um Verslunarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 93/1973,
- g. lög nr. 46/1962, um Samvinnubanka Íslands h/f,
- h. lög nr. 71/1970, um Alþýðubankann h.f.,
- i. ákvæði 11. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,
- j. lög nr. 51/1905, um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf sem hljóða upp á handhafa,
- k. lög nr. 6/1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.,
- l. lög nr. 62/1928, um hlunnindi fyrir lánsfélag,
- m. lög nr. 31/1930, um sveitabanka,
- n. lög nr. 49/1931, um Ríkisveðbanka Íslands,
- o. lög nr. 51/1932, um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara starfa þrír ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Verslunarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f og Alþýðubankinn h.f.

II.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabanka.

III.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa tvo skoðunarmenn fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra endurskoðenda er síðast voru kjörnir af Alþingi.

IV.

Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal viðskiptaráðherra setja reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ráðherra er heimilt að fela Seðlabanka Íslands vörslu sjóðsins.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um sparisjóði og starfsemi þeirra.

Hlutverk sparisjóðs er að hafa á hendi hvers konar sparisjóðsstarfsemi eins og hún er nánar skilgreind í VII. kafla laga þessara. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðilar, sem hér eftir nefnast sparisjóðsaðilar, bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram upphæð stofnfjárinneignar sinnar og inneignar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða sinna.

Sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Enn fremur er eignarréttur stofnfjáreigenda á stofnfé háður þeim takmörkunum sem lög þessi kveða á um.

2. gr.

Um heimili og varnarþing sparisjóðs fer eftir samþykktum sjóðsins. Sparisjóði er heimilt að starfrækja á starfssvæði sínu útibú vegna starfsemi sinnar þar sem sparisjóðsstjórn ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

3. gr.

Sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *sparisjóður* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI

Stofnun sparisjóðs.

4. gr.

Stofnun sparisjóðs er háð leyfi viðskiptaráðherra. Umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, upphæð stofnfjár, starfssvæði ef fyrirhugað er að starfræksla verði bundin við ákveðið svæði, svo og aðrar þær upplýsingar sem taldar eru máli skipta.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skal leitað umsagnar Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skal sérstaklega gefa því gaum hvort stofnfé teljist í eðlilegu samræmi við væntanleg heildarviðskipti sjóðsins.

Ráðherra getur bundið leyfi til stofnunar sparisjóðs því skilyrði að hefji sparisjóður ekki starfsemi sína innan þess tíma sem ráðherra ákveður falli leyfið úr gildi.

5. gr.

Stofnendur sparisjóða skulu eigi vera færri en 30. Sparisjóðsaðilar skulu jafnan vera 30 hið fæsta.

Stofnendur og sparisjóðsaðilar geta verið fjárráða íslenskir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sýslufélög, sveitarfélög og starfandi sparisjóðir.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnendur, svo og aðrir sparisjóðsaðilar, vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði.

6. gr.

Sparisjóð má ekki stofna með lægra stofnfé en kr. 3 000 000. Ráðherra skal breyta lágmarksfjárhæð stofnfjár í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur a. m. k. 20% frá því að breyting var síðast gerð. Lágmarksfjárhæðin skal jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna og taka gildi við upphaf árs.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmark stofnfjár til hækkunar eða lækkunar þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 64. gr.

Sparisjóður má ekki hefja starfsemi sína fyrr en minnst helmingur stofnfjár hefur verið greiddur. Stofnfé skal greitt að fullu í síðasta lagi innan árs eftir að starfsemi sparisjóðs hefst.

Stofnfé má aðeins greiða í reiðufé.

7. gr.

Samþykktir sparisjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Í samþykktum sparisjóðs skulu fyrst og fremst vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

- a. heiti sparisjóðs,
- b. heimili sparisjóðs og varnarþing,
- c. heildarupphæð stofnfjár, skiptingu í stofnfjárhluti og atkvæðisrétt,
- d. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
- e. heildarupphæð ábyrgða, lágmarksfjöldi ábyrgðaraðila, reglur um brottfall ábyrgðar og tilkomu nýrra ábyrgðaraðila ef um er að ræða sparisjóð sem við gildistöku laga þessara er starfræktur án innborgaðs stofnfjár,
- f. kosningu sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
- g. breytingu á samþykktum,
- h. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu hefur verið fullnægt og samþykktir staðfestar gefur ráðherra út leyfi fyrir sparisjóð, sbr. 4. gr.

III. KAFLI

Stofnfjárhlutir o. fl.

8. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

- a. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
- b. númer og fjárhæð hlutar,

- c. nafn, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreiganda,
- d. útgáfudag stofnfjárbréfs,
- e. efni 9.—11. gr. laga þessara,
- f. sérstök atriði er varða réttindi eða skyldur stofnfjáreigenda.

9. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Veðsetning stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimil.

10. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:

- a. við andlát stofnfjáreiganda,
- b. við eigendaskipti á stofnfjárlut vegna slita á félagsbúi hjóna,
- c. við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárlut í eftirgreindum tilvikum:

- a. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárlut, er slitið eða hún lögð niður,
- b. við gjaldþrot stofnfjáreiganda,
- c. við aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í stofnfjárlut hans.

11. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárlutar, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 13. gr.

Fari innlausn stofnfjárlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbætttri inneign í séreignarsjóði. Skal þá stjórnin ráðstafa hlutum að nýju svo fljótt sem audið er á samsvarandi verði.

12. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila sparisjóðs.

Í skránni skal tilgreina nafn, stöðu, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreigenda eða ábyrgðaraðila ásamt stofnfjáreign eða ábyrgðarupphæð.

Verði eigendaskipti á stofnfjárlut og ákvæði laga eða samþykktu eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskiptadags og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna.

Skrána skal ætíð geyma í skrifstofu sparisjóðs og eiga allir sparisjóðsaðilar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

13. gr.

Sparisjóður má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Verði sparisjóður sjálfur eigandi að meira en 10% af stofnfé sínu vegna ákvæða 10. og 11. gr. skal stjórn hans kappkosta að slíkt ástand vari sem skemmstan tíma með sölu stofnfjárluta.

Óheimilt er að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóðnum.

IV. KAFLI

Aukning stofnfjár.

14. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði. Aðalfundur setur reglur um áskrift nýrra stofnfjárluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætti greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

15. gr.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, getur aðalfundur ákveðið að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. verður því aðeins gild að ábyrgðaraðilar, sem ráða yfir minnst $\frac{3}{4}$ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði, sæki aðalfundinn og minnst $\frac{4}{5}$ hlutar þeirra gjaldi henni jákvæði. Verða hinir fyrri ábyrgðaraðilar þá stofnfjáreigendur í sparisjóðnum en ábyrgðir falla niður að sama skapi. Nú fæst ábyrgðarmaður ekki til þess að leggja fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og fellur hann þá úr aðilahópi. Ef sami aðili er bæði ábyrgðaraðili og eigandi að stofnfjárhlut og áframhaldandi óbreytt stofnfjáraðild hans samrýmist ekki ákvæðum laga þessara og samþykkt aðalfundar skal sparisjóður innleysa stofnfjárhlutinn og fer um það eftir ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Stofnfé, sem innborgað er samkvæmt 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

V. KAFLI

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda.

16. gr.

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda myndast á eftirgreindan hátt:

- a. með hluta þeirra vaxta er aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi, sbr. 42. gr.,
 - b. með upphæðum sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 14. gr.
- Hver stofnfjáreigandi á í hlutfalli við stofnfjáreign sína ákveðinn hlut í séreignarsjóði og skal hlutur hans í sjóðnum sérgreindur í bókhaldi sparisjóðs.

Eigendaskipti á rétti stofnfjáreigenda yfir hlut sínum í séreignarsjóði geta ekki orðið nema eigendaskipti verði að stofnfjárbréfi skv. III. kafla og gilda reglur þess kafla um stofnfjárhluti jafnframt um hluti í séreignarsjóði.

Stofnfjáreigendur bera ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs með inneign sinni í séreignarsjóði á sama hátt og með upphæð stofnfjár síns.

Inneign í séreignarsjóði verður ekki greidd til stofnfjáreigenda nema við slit sparisjóðs samkvæmt ákvæðum 64. gr.

VI. KAFLI

Stjórn sparisjóðs.

17. gr.

Æðsta vald í málefnum sparisjóðs er í höndum aðalfunda og aukafunda. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda. Málefni sparisjóða falla stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykktu.

Aukafund skal halda ef sparisjóðsaðilar, sem fara með minnst $\frac{1}{3}$ hluta ábyrgðar- eða stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Skal þá sparisjóðsstjórn boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

18. gr.

Aðalfundur og aukafundur skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Sparisjóðsaðila er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á aðal- eða aukafundi nema slíkt sé sérstaklega leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þegar aukins meiri hluta er krafist til þess að ákvörðun öðlist gildi skal hinn aukni meiri hluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 20. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver sparisjóðsaðili á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

19. gr.

Á aðalfundi skal m. a. taka eftirgreind mál fyrir:

- a. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
- b. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 42. gr.,
- c. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 21. gr., og endurskoðenda, sbr. 45. gr.,
- d. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun skoðunarmanna að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
- e. breytingar á samþykktum sparisjóðs,
- f. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

20. gr.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum sparisjóðsaðilum aldrei heimilt að fara með meira en $\frac{1}{5}$ hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 70. gr.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 13. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

21. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja þrír eða fimm menn eftir því sem ákveðið er í samþykktum. Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna einn mann. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvo stjórnarmenn. Séu bæjar- og/eða sýslufélög einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir alla stjórnina. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

- a. að $\frac{3}{5}$ hlutum af sparisjóðsaðilum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
- b. að $\frac{2}{5}$ hlutum af hlutaðeigandi sýslunefndum og/eða bæjarstjórnnum enda hafi þær áður kosið til stjórnar sparisjóðs.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, 3—5 manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar samkvæmt reglum 1. mgr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á aðalfundi.

Stjórnarmenn, sem ekki eru kosnir af sparisjóðsaðilum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

22. gr.

Sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með málefnum sparisjóðs í samræmi við lög þessi og samþykktir sjóðsins. Stjórnin skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í samþykktum. Fund skal ætíð halda ef formaður stjórnarinnar eða sparisjóðsstjóri telja þess þörf eða meiri hluti stjórnarmanna óskar þess. Formaður sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóri undirbúa stjórnarfund. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð er af þeim er fundinn sitja. Sparisjóðsstjóri skal reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag sparisjóðsins á stjórnarfundum.

Sparisjóðsstjóri má ekki eiga sæti í sparisjóðsstjórninni. Hann situr fundi stjórnarinnar og tekur þátt í umræðum nema sparisjóðsstjórn ákveði annað.

23. gr.

Sparisjóðsstjórn ákveður hverjum sé heimilt að rita firma sparisjóðsins. Til að skuldbinda sparisjóð þarf undirskrift minnst tveggja starfsmanna nema undanþága hafi fengist hjá bankaeftirlitinu. Sparisjóðsstjórn er heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti.

24. gr.

Sparisjóðsstjórn tekur ákvörðun um eftirtalin mál:

- byggingu, kaup og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins,
- kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem sparisjóðurinn á aðild að,
- stofnun útibúa,
- samruna sparisjóðsins við aðra innlánsstofnun, sbr. 65. gr.,
- afskriftir af útlánum sparisjóðsins.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. mgr. skal leitað tillagna sparisjóðsstjóra.

Sparisjóðsstjórn mótar stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum. Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins sem sendar skulu bankaeftirlitinu. Þá mótar hún með sama hætti meginreglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir viðskiptaaðilum sínum.

Sparisjóðsstjórn fjallar einnig um önnur mál sem sparisjóðsstjóri leggur fyrir stjórnina eða hún skal annast samkvæmt lögum þessum eða samþykktum sparisjóðsins.

25. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er sparisjóði óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir en sparisjóði. Sparisjóði er heimilt að fela Sambandi íslenskra sparisjóða og/eða Lánastofnun sparisjóðanna að leggja fyrir sparisjóðina leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

26. gr.

Framkvæmdastjórn hvers sparisjóðs er í höndum sparisjóðsstjóra. Stjórn sparisjóðs ræður sparisjóðsstjóra, einn eða fleiri, og ákveður laun þeirra og önnur ráðningarkjör. Með sama hætti er stjórn sparisjóðs heimilt að ráða aðstoðarsparisjóðsstjóra og útibússtjóra, starfræki sparisjóður útibú, en leita skal hún tillagna sparisjóðsstjóra áður en aðstoðarsparisjóðsstjóri og útibússtjóri eru ráðnir.

Sparisjóðsstjórn setur sparisjóðsstjóra erindisbréf. Erindisbréfið skal gilda tiltekinn tíma. Ráði sparisjóðsstjórn fleiri en einn sparisjóðsstjóra ákveður hún verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum þeirra. Skal formaður sparisjóðsstjórnar vera sparisjóðsstjórum til ráðuneytis um dagleg störf eftir því sem fram er tekið í erindisbréfi.

27. gr.

Sparisjóðsstjórar annast daglega stjórn sparisjóða, taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar og standa fyrir rekstri þeirra. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Útlánaákvæðanir sparisjóðsstjóra skulu staðfestar með áritun á lánskjöli eða á annan sannanlegan hátt og gerð grein fyrir þeim á stjórnarfundum.

28. gr.

Sparisjóðsstjórum í fullu starfi, aðstoðarsparisjóðsstjórum og útibússtjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan sparisjóðsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Heimilt er að stjórnarmenn hafi með höndum öll dagleg störf í sparisjóði í forföllum sparisjóðsstjóra. Aðalfundur skal ákveða þóknun fyrir þessi störf.

29. gr.

Stjórnarmenn, sparisjóðsstjórar, aðrir starfsmenn sparisjóðs og skoðunarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna sparisjóðs og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, förmælum yfirboðara eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

VII. KAFLI

Starfsemi.

30. gr.

Starfsemi sparisjóðs er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Sparisjóðum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

31. gr.

Sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem bankastjórn Seðlabankans ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

32. gr.

Sparisjóði er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka sparisjóðsstarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum

tengslum við hana. Bókfært virði á hlut sparisjóðs í slíku félagi og lánum, sem sparisjóðurinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 20% af eigin fé sparisjóðsins miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum sparisjóðs í félögum samkvæmt þessari mgr. og lánum, sem hann hefur veitt þeim, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 60% af eigin fé sparisjóðsins. Ákvæði þetta tekur eigi til samruna samkvæmt 65. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. nema hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 3. málsl. 18. gr. laga um hlutafélög. Bókfært virði á hlut sparisjóðs í slíku hlutafélagi og lánum, sem sparisjóðurinn hefur veitt félaginu, má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 2% af eigin fé sparisjóðsins miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum sparisjóðs í hlutafélögum samkvæmt þessari mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 15% af eigin fé sparisjóðsins.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 33. gr.

33. gr.

Sparisjóði er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins.

Sparisjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar.

34. gr.

Sparisjóður getur starfrækt veðdeild innan sjóðsins.

35. gr.

Sparisjóður tekur við geymslufé (depositum).

Innlánsfé í sparisjóði ásamt vöxtum og verðbótum er undanþegið kyrrsetningu.

36. gr.

Glatist innlánsaskilríki eða viðtökuskírteini er sparisjóður hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur sparisjóðsstjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtinga-blaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur sparisjóðnum samkvæmt innlánsaskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal sparisjóður þá að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsaskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr sparisjóðnum gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

37. gr.

Sparisjóður skal að jafnaði krefjast fullnægjandi trygginga vegna skuldbindinga sem stofnað er til gagnvart sjóðnum. Sparisjóði er þó heimilt að leyfa viðskiptaaðila að stofna til skuldbindinga við sparisjóð án veðs eða ábyrgðar annarra enda hafi sjóðurinn aflað sér upplýsinga um hlutadeigandi sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Sparisjóði er skylt að fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðila meðan skuldbinding varir þannig að í tæka tíð megi grípa til ráðstafana er tryggi hagsmuni sjóðsins ef þörf krefur.

Pegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. enda liggi fyrir að mati sparisjóðs fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðila.

38. gr.

Sparisjóðsstjórar, aðstoðarsparisjóðsstjórar og skoðunarmenn sparisjóðs mega ekki vera skuldugir þeim sparisjóði sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við sparisjóðinn eftir reglum sem sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra.

Stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn. Sama gildir um skoðunarmenn sparisjóða.

VIII. KAFLI

Laust fé og eigið fé.

39. gr.

Sparisjóður skal kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi sparisjóðs fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, sparisjóðum og Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir.

40. gr.

Eigið fé sparisjóðs má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings sjóðsins. Við niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal bæta samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en draga má frá eftirtalda liði:

- a. eigið fé,
- b. peninga í sjóði,
- c. innlán í Seðlabanka Íslands,
- d. innlán í öðrum innlendum og erlendum innlánsstofnunum og Lánastofnun sparisjóðanna.

Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, má eigi vera hærri en sem nemur 65% af eigin fé sjóðsins.

IX. KAFLI

Ársreikningur.

41. gr.

Reikningsár sparisjóðs skal ákveðið í samþykktum. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings.

42. gr.

Tekjuafgangi sparisjóðs skal varið svo sem hér segir:

- a. jafna skal tap fyrri ára,
- b. helmingur tekjuafgangs sem þá verður eftir skal lagður í varasjóð,
- c. eftir ráðstöfun skv. a- og b-lið getur aðalfundur ákveðið að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar að verja tekjuafgangi eða hluta hans til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Ársvextir mega ekki vera hærri en bestu innlánskjör hjá hlutaðeigandi sparisjóði á hverjum tíma. Ekki er heimilt að flytja framangreinda

vaxtagreiðsluheimild milli ára. Aðalfundur ákveður hve mikill hluti vaxtanna skal greiðast út til stofnfjáreigenda en sú upphæð má þó ekki vera hærri en svarar til vaxta af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma sem reiknaðir séu bæði af stofnfé og séreignarsjóði. Sá hluti vaxtanna, sem ekki greiðist út, skal lagður í séreignarsjóð stofnfjáreigenda.

Tekjuafgang, sem ekki er ráðstafað skv. a-, b- og c-lið 1. mgr., skal leggja í varasjóð.

43. gr.

Gerð ársreiknings og endurskoðun reikningsins skal vera lokið eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra. Hafi stjórnarmaður eða sparisjóðsstjóri athugasemdir fram að færa við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

44. gr.

Ársreikningur sparisjóðs skal liggja frammi í afgreiðslum sjóðsins almenningi til sýnis og afhentur hverjum þeim viðskiptaaðila sem þess óskar.

X. KAFLI

Endurskoðun.

45. gr.

Á aðalfundi sparisjóðs skulu kjörnir a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í samþykktum sparisjóðs má ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að veita sparisjóði undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Kýs þá aðalfundur sparisjóðsins einn skoðunarmann til eins árs en stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða tilnefnir annan til sama tíma.

Skoðunarmaður sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, vera starfsmaður sjóðsins eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita skoðunarmanni aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sparisjóðs og jafnframt skulu sparisjóðsstjórn og starfsmenn sjóðsins veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja fundi sparisjóðsstjórnar þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja aðal- og aukafundi sparisjóðs.

Starfræki sparisjóður endurskoðunardeild, sem annast innri endurskoðun, skal forstöðumaður deildarinnar ráðinn af sparisjóðsstjórn.

46. gr.

Skoðunarmenn skulu hafa eftirlit með að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningur veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun skal framkvæmd í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

47. gr.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða allar þær upplýsingar um málefni sparisjóðsins og framkvæmd endurskoðunar sem þessir aðilar

kunna að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri sparisjóðs varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagslega stöðu sjóðsins eða viðskiptatraust hans skulu skoðunarmenn gera sparisjóðsstjórn, sparisjóðsstjóra, bankaefirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða viðvart.

48. gr.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkt. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara.

XI. KAFLI

Tryggingarsjóður sparisjóða.

49. gr.

Stofnaður skal nýr Tryggingarsjóður sparisjóða og skulu allir sparisjóðir vera aðilar að honum. Jafnframt skal núverandi Tryggingarsjóður sparisjóða lagður niður svo sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun og er sparisjóði því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

50. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. XIII. og XIV. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs. Í þessu skyni er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt:

- a. að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
- b. að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
- c. að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
- d. að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir Tryggingarsjóðs.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

51. gr.

Hver sparisjóður skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé sjóðsins um næstu áramót á undan. Fyrstu fimm árin sem Tryggingarsjóður starfar skal þetta hlutfall vera minnst 0,5%. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki ráðherra en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Aðalfundur getur þó ákveðið að undanþiggja sparisjóð greiðslu árgjalda um tiltekinn tíma.

Til þess að Tryggingarsjóður geti gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 1. mgr. 50. gr. skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er nema skal 0,4% af

heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu sparisjóðirnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

Inneignir sparisjóða í hinum fyrri Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skulu flytjast til hins nýja Tryggingarsjóðs og ávaxtast þar. Verður þessi inneign hvers sparisjóðs séreign hans að viðbættum árlegum vöxtum. Fé þessu skal haldið aðgreindu í reikningum Tryggingarsjóðs. Við slit sparisjóðs hefur sparisjóður rétt til að fá inneign þessa greidda og skal hún þá, reynist þess þörf, ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda áður en frekari greiðslur úr Tryggingarsjóði koma til ákvörðunar. Endurgreiðsluheimild þessi nær þó eigi til sparisjóðs sem sameinast öðrum sparisjóði, sbr. 65. gr., enda hrökkvi eignir fyrir skuldum.

52. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

53. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparisjóður má þó fara með meira en $\frac{1}{10}$ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins.

Um boðun og lögmæti aðalfundar fer samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga þessara.

54. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kys sér formann og skiptir með sér verkum.

55. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þ. m. t. framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 29. gr.

56. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI

Lánastofnun sparisjóðanna.

57. gr.

Sambandi íslenskra sparisjóða er heimilt að gangast fyrir stofnun Lánastofnunar sparisjóðanna hafi $\frac{2}{3}$ hlutar starfandi sparisjóða, er ráða a. m. k. yfir $\frac{2}{3}$ hlutum af heildarinnlánsfé sparisjóða, samþykkt þátttöku í stofnuninni.

Lánastofnun sparisjóðanna skal vera hlutafélag að fullu í eigu sparisjóðanna og gilda um hana ákvæði laga um hlutafélög nema annað sé boðið í lögum þessum. Eigi síðar en sex

árum eftir stofnunina skal hlutaféð nema a. m. k. 2% af heildarinnlánsfé hvers hluthafa miðað við síðasta ársreikning þeirra. Nánari ákvæði um greiðslu hlutafjár skulu sett í samþykktir stofnunarinnar.

58. gr.

Hlutverk Lánastofnunarinnar er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í því skyni er stofnuninni heimilt að annast þau verkefni sem sparisjóðum eru falin samkvæmt VII. kafla laga þessara. Þó er stofnuninni óheimilt að eiga innláns- og útlánsviðskipti við almenning.

Lánastofnunin tekur við innlánum frá sparisjóðum, Tryggingarsjóði sparisjóða og fyrirtækjum í eigu sparisjóðanna, sbr. 1. mgr. 32. gr. Einnig aflar stofnunin sér starfsfjár með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirælum laga þessara. Stofnunin ávaxtar fé sitt með lánveitingum til sparisjóða, innlánum í Seðlabanka og innlendum og erlendum innlánsstofnunum, svo og með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirælum laga þessara.

59. gr.

Sparisjóðir, sem ekki gerast hluthafar við stofnun Lánastofnunarinnar, eiga rétt á að gerast hluthafar í stofnuninni síðar. Skal hlutafé þá aukið á þann hátt að hlutafjäreign nýs hluthafa og það verð, sem fyrir hana er greitt, verði jafngilt því sem verið hefði ef hlutaðeigandi sparisjóður hefði gerst hluthafi við stofnun félagsins.

60. gr.

Sala eða annað framsal hluta í Lánastofnuninni er óheimilt nema til annars sparisjóðs. Veðsetning hluta er óheimil. Stjórn Lánastofnunarinnar er skylt að innleysa hlutafé sparisjóðs í eftirgreindum tilvikum:

- a. við slit sparisjóðs samkv. XIII. kafla laga þessara eða samruna hans við annars konar innlánsstofnun,
- b. við aðför skuldheimtumanna sparisjóðs í hlut hans í stofnuninni.

Innlausnarverð hluta skal miðast við reiknað verðgildi hlutarins samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem kunna að hvíla á stofnuninni.

Í þeim tilvikum, sem getið er um í 2. mgr. 63. gr. og lokamálslið 65. gr., er Lánastofnuninni heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

XIII. KAFLI

Slit sparisjóða.

61. gr.

Hafi sparisjóðsstjórn, sparisjóðsstjóri eða skoðunarmenn sparisjóðs ástæðu til að ætla að eigið fé hans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 40. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé sparisjóðs sé undir lágmarki 40. gr. skal það krefja skoðunarmenn sparisjóðsins þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan þriggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 40. gr. skal sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar sparisjóðsaðila til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 40. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni sparisjóðsins til úrbóta muni ekki bera árangur.

62. gr.

Bú sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta að hætti III. kafla gjaldþrotalaga. Slíta ber sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

- a. ef ráðherra synjar sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 61. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að sparisjóðnum hafi tekist að auka eigið fé fram yfir lágmark samkvæmt 40. gr.,
- b. ef skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt samþykktum hans,
- c. ef aðal- eða aukafundur sparisjóðsaðila ákveður að slíta sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í b- eða c-liðum 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi sparisjóðs á sama hátt og samkvæmt 2. mgr. 61. gr. og afhenda það ráðherra ásamt álitsgerð sinni um það hvort eignir sparisjóðs hrökkvi fyrir skuldum hans.

Ákvörðun samkvæmt c-lið 2. mgr. er því aðeins gild að sparisjóðsaðilar, sem ráða yfir $\frac{2}{3}$ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði, gjaldi henni jáyrði.

63. gr.

Þegar skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt a-lið 2. mgr. 62. gr. eða fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins, í tilvikum sem eiga undir b- eða c-liði sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda hans skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi sparisjóðsins kröfu um að bú sparisjóðsins verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt b- eða c-liðum 2. mgr. 62. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi sparisjóðsins kröfu um að bú hans verði tekið til skipta til slíta á sparisjóðnum.

Er skiptaráðandi hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 62. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Þegar er úrskurður um töku bús sparisjóðs til skipta er genginn skal skiptaráðandi auglýsa skiptin í Lögbirtingablaði með þeim hætti sem fyrir er mælt í 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga og skal í auglýsingunni tekið fram hvort búið sé tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

64. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi sparisjóðs gilda ákvæði IV.—XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra gilda ekki um skipti sem komin eru til samkvæmt 2. mgr. 63. gr.

Þegar ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr., miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 61. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem skiptaráðanda berst krafa ráðherra samkvæmt 1. eða 2. mgr. 63. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra, þ. e. stofnfé og séreignarsjód, af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykktu sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til sparisjóðsaðila, sbr. 4. mgr. 1. gr.

XIV. KAFLI

Samruni sparisjóða.

65. gr.

Ráðherra er rétt að heimila samruna tveggja sparisjóða eða fleiri ef tillaga þess efnis hefur hlotið samþykki á aðal- eða aukafundum hlutaðeigandi sparisjóða. Áður en ráðherra heimilar sameiningu skal hann leita umsagnar bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Við samruna sparisjóða skal skipa sérstaka nefnd. Hver sparisjóður kys á aðal- eða aukafundi tvo fulltrúa í nefndina en Tryggingarsjóður sparisjóða skipar einn. Nefndin gerir tillögu til aðal- eða aukafunda sparisjóðanna um fjárhagslegt uppgjör við samrunann og rekstrartilhögun að honum loknum. Þegar aðal- eða aukafundir í sjóðunum hafa samþykkt tillöguna með $\frac{2}{3}$ hlutum heildaratkvæðamagns og ráðherra einnig samþykkt hana telst samruninn hafa hlotið endanlegt samþykki. Ekki er skylt að gæta ákvæða XIII. kafla laga þessara þegar sparisjóði er slitið og hann sameinaður öðrum sparisjóði eða annars konar innlánsstofnun. Þá er sparisjóði óskylt að birta innköllun til lánardrottna þegar slit ber að með þessum hætti.

Áður en ráðherra ákveður hvort heimila skuli samruna sparisjóðs og annars konar innlánsstofnunar skal hann athuga möguleika á samruna sjóðsins við aðra sparisjóði. Leiði athuginin í ljós að þess er ekki kostur getur hann heimilað samruna sjóðsins við annars konar innlánsstofnun.

XV. KAFLI

Refsiákvæði.

66. gr.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

67. gr.

Bækur sparisjóðs, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sparisjóði og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sparisjóðum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum sparisjóðs og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

68. gr.

Um skattalega meðferð á stofnfé sparisjóðsaðila og inneign í séreignarsjóði fer að sama hætti og um skattskyldu innstæðna í innlánsstofnunum. Sama gildir um þann hluta tekjuafgangs sem lagður er í séreignarsjóð.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Lánastofnun sparisjóða er skattskyld samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sbr. lög nr. 51/1984.

XVII. KAFLI

Gildistaka o. fl.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Ákvæði IX. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1985.

70. gr.

Sparisjóðir, stofnaðir fyrir gildistöku laga þessara, sbr. lög nr. 69/1941, skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. taka ekki til sparisjóða sem getið er í 1. mgr. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. tekur ekki til þeirra sparisjóða þar sem sveitar- eða sýslufélög voru ein sparisjóðsaðilar við gildistöku laga þessara.

Ráðherra er heimilt að veita sparisjóðum, sem stofnaðir verða með samruna starfandi sparisjóða, undanþágu frá ákvæðum 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna.

71. gr.

Sparisjóðir, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og sparisjóðir, sem stofnaðir verða með samruna þessara sjóða, skulu koma eigin fé í það horf, sem áskilið er samkvæmt 40. gr., innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

72. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 69/1941, um sparisjóði, sbr. lög nr. 22/1944 og lög nr. 100/1980, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara er aðalfundi sparisjóðs heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

- a. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1940 eða stofndegri sparisjóðs ef hann er síðar,
- b. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Endurmat þetta er háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Hámark stofnfjárluta, eftir að endurmat hefur farið fram, má þó ekki vera hærri en 8000 kr.

Sparisjóði er heimilt að greiða hið aukna stofnfé samkvæmt endurmatinu af rekstrarhagnaði sínum inn á stofnfjárreikninga sparisjóðsaðila. Greiðslur þessar má sparisjóður inna af hendi á allt að 5 árum. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar með þessum hætti getur farið fram eftir að tekjuafgangi hefur verið ráðstafað samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 42. gr.

Þeir, sem gerst hafa stofnfjáraðilar eða öðlast hafa rétt til stofnfjárlutar síðar en 20 árum fyrir gildistöku laga þessara, skulu þó sjálfir greiða viðbótarstofnfé samkvæmt endurmatinu þannig að þeir greiði $\frac{1}{20}$ hluta stofnfjárauðans fyrir hvert ár sem vantar upp á 20 ára aðild hvers um sig að sparisjóðnum. Sparisjóðsaðilar, sem greiða eiga viðbótarstofnfé samkvæmt þessari málsgrein, skulu greiða það í reiðufé innan 12 mánaða frá ákvörðun aðalfundar um endurmatið.

Ef stofnfjäreigandi hlítir ekki skilyrðum síðustu málsgreinar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli sparisjóðsstjórnar fær hann endurgreitt upprunalegt stofnfé sitt án verðbóta og fellur út sem sparisjóðsaðili enda jafnframt leystur frá ábyrgðarhlut sínum.

II.

Ákvæði 1. mgr. 38. gr. gilda ekki um skuldbindingar sem stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma.

III.

Formaður Sambands íslenskra sparisjóða skal boða til fyrsta fundar í Tryggingarsjóði sparisjóða.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1985

15. september 1985

309

Nr. 88

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Spánar og Hollands.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 15. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

20. september 1985

BRÁÐABIRGÐALÖG

Nr. 89

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum sé nauðsynlegt að breyta nú þegar gjalddöku af innfluttum bifreiðum.

Fyrirhugað er að setja lög er hækka skatta til vegagerðar sem lagðar eru á bifreiðaeigendur. Ívilnun er felst í tillögu þessari mun gera skattlagningu þessa mildari en ella og jafnframt stuðla að eðlilegri og jafnari endurnýjun á bifreiðaeign landsmanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%:
87.02.11, 87.02.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21 og 87.02.49.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Helgi Seljan.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Albert Guðmundsson.

A 40

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög
nr. 78/1977.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að ákveðið hafi verið að gera tillögur um aukin framlög til vegamála í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986. Fjár til þessara framlaga eigi að afla með hækkun gjalda af bensíni og hækkun þungaskatts af bifreiðum. Þar sem þungaskattur er innheimtur 4 mánuðum eftir álestur mæla þykir á því brýn nauðsyn að hækka skattinn strax til þess að skatturinn innheimtist á árinu 1986 í samræmi við áætlanir. Nauðsynlegt er að hækka gjöld af bensíni nú þegar til samræmis við breytingu á þungaskatti til þess að eigi komi til mismununar eftir gerð ökutækja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. október 1985 nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo: Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir, sbr. þó 7. gr.:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald 46 016 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 2 633 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg. Bifreið sem er meira en 4 000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal þó ætíð greiða gjald skv. 7. gr.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr., árgjald þungaskatts skv. þessari grein og kílómetragjald skv. 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar bensíngjalds, árgjalds þungaskatts og kílómetragjalds eru miðaðir við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 4. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinna kílómetra samkvæmt öikumæli og koma í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. Þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	2,47	15,0—15,9	5,25
5,0— 5,9	2,63	16,0—16,9	5,67
6,0— 6,9	2,84	17,0—17,9	6,08
7,0— 7,9	2,98	18,0—18,9	6,45
8,0— 8,9	3,11	19,0—19,9	6,94
9,0— 9,9	3,25	20,0—20,9	7,31
10,0—10,9	3,45	21,0—21,9	7,73
11,0—11,9	3,58	22,0—22,9	8,22
12,0—12,9	4,03	23,0—23,9	8,61
13,0—13,9	4,41	24,0—24,9	9,00
14,0—14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Sé bifreið, festi- eða tengivagn notuð við flutninga, þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls, er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningsvagna, sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að öikumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn sé útbúinn öikumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti samkvæmt öikumæli sem fellur á akstur umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Öikumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á um í reglugerð.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 8. gr., og breytist tölusetning annarra greina í samræmi við það:

Þungaskatt skv. 7. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn greiðast fyrir hvert gjalddágildi þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjalddágildis, þ.e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis.

Ef taka þarf öikumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan öikumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á

næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðarmann viðurlögum og falla þau á án tilkynningar til einstaks eiganda eða umráðamanns. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó álestur fari síðar fram. Þá skal það varða eiganda og/eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjaldtaka kílómetragjalds skv. B- lið 2. gr. laga þessara öðlast gildi við upphaf þess álesturstímabils er hefst að loknum mælaálestri sem fram fer á tímabilinu 20. september til 10. október 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensinbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985, um bensíngjald, verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. október 1985.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Helgi Seljan.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Albert Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1985

23. september 1985

313

Nr. 91

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 10. október 1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseta Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1985.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1985.

Steingrímur Hermannsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Hermannsson.

17. september 1985

Nr. 92

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. september 1985 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

XIV. kafli, 100.—105. gr. orðist svo:

XIV. KAFLI

Verkfræðideild

100. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi adjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar deildarfulltrúa og skrifstofu háskólans. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingabeðin, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

101. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: **Byggingarverkfræðiskor, rafmagnsverkfræðiskor og véla- og skipaverkfræðiskor.**

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu adjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósent- eða lektorstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundum þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ræður stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og adjúntar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kýs í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorumenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorumanna æskir þess. Skorformaður boðar fundi bréflega

með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er skorum að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

Heimilt er deildinni einnig eða í samvinnu við aðrar deildir að stofna kennsluskrárnefnd, sem er ráðgefandi fyrir deildarráð um framboð námskeiða og gerð kennsluskrár.

102. gr.

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

1. Til fullnaðarprófa í verkfræði: Byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði, skipaverkfræði og vélaverkfræði, ennfremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til.

Skipan námsins miðast við, að það taki 4 ár, og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.

2. Deildin getur skipulagt framhaldsnám í kennslugreinum sínum fyrir þá, sem lokið hafa prófi við deildina eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og um skiptingu þeirra á námsáfangi.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

103. gr.

Verkfræðideild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinafloknum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða, að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

104. gr.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars námsárs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal ennfremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar, er hér segir: Eftir 1. ár 20 einingar, eftir 2. ár 45 einingar, eftir 3. ár 70 einingar, eftir 4. ár 95 einingar og eftir 5. ár 120 einingar.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á, að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í verkfræðideild.

Til þess að standast próf í verkfræði verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4,0 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5,5 í hverjum prófflokki (þ. e. tveimur misserisprófum sama kennsluárs).
3. Eigi lægri aðaleinkunn en 6,0.

105. gr.

Stúdent, sem hlýtur ekki tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á 2. hausti. Hið sama á við um stúdent, sem hefur sagt sig úr prófi, en fullnægir próftökuskilyrðum. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skorir ákveði annað.

Við einkunnargjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum. Skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris og við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hluteinkunn sýnd hver um sig.

2. gr.

Nýr kafli, XVII. kafli, bætist við reglugerðina, svohljóðandi:

XVII. KAFLI

Raunvísindadeild

114. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráði. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi aðjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflökum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar deildarfulltrúa og skrifstofu háskólans. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingaþeignir, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

115. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtalдар skorir: **Stærðfræðiskor**, **eðlisfræðiskor**, **efnafræðiskor**, **líffræðiskor** og **jarðfræðiskor**. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu adjúnta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósent- eða lektorstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ræður stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og adjúntar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorumenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorumanna æskir þess. Skorformaður boðar fundi bréflega með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorumanna. Gerðir skorafunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er skorum að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

Heimilt er deildinni einni eða í samvinnu við aðrar deildir að stofna kennsluskrárnefnd, sem er ráðgefandi fyrir deildarráð um framboð námskeiða og gerð kennsluskrár.

116. gr.

Raunvísindadeild veitir kennslu í raunvísindum sem hér segir:

1. Til B.S-prófs í raungreinum: Stærðfræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði: Ennfremur í öðrum greinum eftir því, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki 3 ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.
2. Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkfræði. Skipan námsins miðast við, að það taki 2 ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.
3. Deildin getur skipulagt framhaldsnám í kennslugreinum sínum fyrir þá, sem lokið hafa prófi við deildina eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og um skiptingu þeirra á námsáfangamálum.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreina. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

117. gr.

Raunvísindadeild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða, að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

118. gr.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars námsárs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal enn fremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar, er hér segir:

3 ára nám: Eftir 1. ár 20 einingar, eftir 2. ár 45 einingar, eftir 3. ár 70 einingar, eftir 4. ár 90 einingar.

2 ára nám: Eftir 1. ár 20 einingar, eftir 2. ár 40 einingar, eftir 3. ár 60 einingar.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á, að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í raunvísindadeild.

Til þess að standast B.S.-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4,0 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5,5 í hverjum prófflokki (þ. e. tveimur misserisprófum sama kennsluárs).

119. gr.

Stúdent, sem hlýtur ekki tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á 2. hausti. Hið sama á við um stúdent, sem hefur sagt sig úr prófi, en fullnægir próftökuskilyrðum. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skorir ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum. Skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris og við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hluteinkunn sýnd hver um sig.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi frá 15. september 1985 að telja.

Menntamálaráðuneytið 17. september 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1985

10. júlí 1985

319

Nr. 93

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 27. júní 1985 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 91. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Auk fyrrgreindra lágmarkseinkunna skal stúdent hljóta lágmarkseinkunnina 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum 1. árs. Nám í kennslugreinum 2. árs skal hefja að hausti, og skal stúdent þá hafa staðist próf í prófgreinum 1. árs, sem gilda að minnsta kosti 24 námseiningar. Viðskiptadeild ákveður, hvaða prófgreinum 1. árs unnt er að þreyta próf í samhliða námi í 2. árs greinum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Breytingin tekur þó ekki til þeirra stúdenta sem stunduðu nám í viðskiptadeild háskólaárið 1984—1985.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

16. október 1985

Nr. 94

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.

Geir Hallgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.

Albert Guðmundsson fer með iðnaðarráðuneytið.

Alexander Stefánsson fer með félagsmálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Jón Helgason fer með landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Matthías Bjarnason fer með samgönguráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Ragnhildur Helgadóttir fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Sverrir Hermannsson fer með menntamálaráðuneytið.

Þorsteinn Pálsson fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 16. október 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 95

22. október 1985

LÖG

**um breyting á lögum nr. 52 14. júní 1985,
um þingsköp Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. málsg. 15. gr. laganna skal fjárveitinganefnd skipuð 10 mönnum á 108. löggjafarþingi (1985–1986).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. október 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

24. október 1985

321

Nr. 96

LÖG

um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 1. desember 1985 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands sem starfa nú hjá Flugleiðum hf.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkfall það sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum hf. óheimilt að segja félagsmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1985. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1985 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1985 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Gjört að Bessastöðum, 24. október 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1985

20. desember 1985

323

Nr. 97

LÖG

um stjórn fiskveiða 1986–1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða skv. lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er skv. þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 11. gr., miðast við það magn.

2. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum, m.a. að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tiltekna veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. 2. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til veiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, enn fremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri.

4. gr.

Leyfi til botnfiskveiða eru tvenns konar:

- A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ.e. heimild til þess að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.
- B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ.e. heimild til þess að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla.

Þeir, sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri, skulu árlega velja, fyrir þau tímamörk sem ráðherra auglýsir, milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki.

Hafi útgerðaraðili ekki valið í milli fyrir auglýst tímamörk skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr. Ráðuneytið getur þó ákveðið að skip, sem loðnuveiðar stunda, skuli aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfelldt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur, sem veiðist í ákveðin veiðarfæri, skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips. Þá getur ráðherra ákveðið að afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með 10% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða þorskaflahámarki skips er náð hverju sinni.

Missi skip veiðileyfi skv. 11. eða 19. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

5. gr.

Við úthlutun aflamarks skv. 4. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1985 eins og hún var ákveðin skv. reglugerð nr. 1 8. janúar 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 1. gr., að teknu tilliti til ákvæða 7. og 10. gr.

6. gr.

Við ákvörðun sóknarmarks skal m.a. hafa hliðsjón af úthlutun fyrir árið 1985 og afla sóknarmarksbáta það ár. Ráðherra getur með reglugerð sett frekari reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra á tímabil, flokka skipa, þorskaflahámark, veiðisvæði o.fl.

7. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1986 fyrir fiskiskip þau, sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1985, gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark af einstökum fisktegundum skal ákveðið þannig að afli þeirra á árinu 1985 vegi þriðjung en reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1985 tvo þriðju.

B. Þorskaflahámark skal ákveðið þannig að það sé, hvort sem herra reynist, meðalþorsk-aflamark báta í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði með 20% álagi eða reiknað þorskaflamark viðkomandi skips skv. lið A með 20% álagi.

Við úthlutun botnfiskveiðileyfa fyrir árið 1987 skal endurmeta aflamark og þorskaflahámark þeirra fiskiskipa, sem botnfiskleyfi hafa með sóknarmarki árið 1986, með sama hætti og ofan greinir, þó þannig að afli árið 1986 vegi helming við ákvörðun aflamarks eða þorskaflahámarks og vægi aflamarks á fyrra ári, sbr. og 5. gr., minnki að sama skapi.

Til afla skv. ofansögðu telst hvorki afli sem fluttur hefur verið milli ára eða skipa, sbr. 8. og 12. gr., né heldur afli umfram leyfileg aflamörk.

8. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 10% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti skv. gildandi fiskverði í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til tilfærslu þorskaflamarks yfir á aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi, sem flutt er frá, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og 10% af þorskaflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir og fellur heimild þessi niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hvernar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dragist sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild skv. 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir skv. 1. mgr.

Heimild skv. 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

9. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:

A. Í tíu daga um páskahegri í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.

Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir skv. þessum staflíð.

B. Frá og með 15. desember 1986 til og með 15. janúar 1987 og frá og með 15. desember 1987 til og með 31. desember 1987.

2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki. Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

10. gr.

Pegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr., og áætlaðan afla báta skv. 9. gr.

11. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 4. gr., sbr. 2. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út innan sömu verstöðvar eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um, enda hafi skipin sams konar veiðileyfi. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki ráðuneytisins, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja þorskaflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda.

Óheimilt er að færa aflamark af skipi sem ekki hefur verið haldið til veiða næstliðið almanaksár.

13. gr.

Sé rekstri skips hætt eða það selt er heimilt við úthlutun næsta árs á eftir að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða.

Verði eigendaskipti á fiskiskipi skal næsta ár á eftir úthluta því skipi botnfiskleyfi með sóknarmarki og þorskaflahámarki miðað við meðaltal skipa í sama stærðarflokki og svæði.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks.

Ákvæði 1. mgr. taka einnig til skipa sem horfið hafa úr rekstri á árinu 1985.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum fulltrúa tilnefndum af samtökum útvegsmanna auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álit- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark skv. lögum þessum og reglugerð settri skv. þeim.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðherra um úrlausn einstakra mála.

15. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla einstakra tegunda, úthald og sjósókn sem ráðherra telur þörf á skv. nánari reglum er hann setur.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum skv. þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2000—14 000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla skv. lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 8. gr., skal með slík brot fara skv. ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda, sbr. 4., 6. og 9. gr., skal það auk viðurlaga skv. 1. mgr. varða upptöku afla skv. ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settum skv. þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum skv. reglum er ráðherra setur.

19. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo: Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar skv. sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Þó skal 2. mgr. 13. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. febrúar 1986 og skulu gilda til þess tíma ákvæði 12. gr. þessara laga um framsal aflamarks skipa sem eigendaskipti verða á, eftir því sem við getur átt. Jafnframt eru á gildistíma laga þessara felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.**I**

Sjávarútvegsráðuneytið skal fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

II

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

3. Þegar úrskurður er genginn skal skiptaráðandi auglýsa gjaldprotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu

(proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtinga-
blaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur
verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær
og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur kafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá, sem hann hefur átt
viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins. Getur hann
einnig kafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skyld er stjórnvöldum, þ. m. t. skattfyrvöldum og bankastofnunum, að láta
skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum
þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður
sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra
mála.

3. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur,
framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn sem áður gegndu
störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir
félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. laganna kemur ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972,
geta tveir eða fleiri dómarar farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður
ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og
dómstörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem
tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1985

10. desember 1985

329

Nr. 99

LÖG

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 73 26. nóvember 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

F-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða 1% af vergum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1,16% til landshlutasamtaka sveitarfélaga sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

28. desember 1985

Nr. 100

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1986 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1985 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um

leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1985.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1986 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1985. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Peir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1986 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2600 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á, nema öðru vísí sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1986 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1987. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1986.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu
Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980 og 91/1984.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavíkurkaupstaður	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Miðneshreppur	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%
Hafnahreppur	0,69%

Sameigendur bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefjast viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum er um getur í 2. gr.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

4. gr.

4. töluliður 2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

4. Skipun fulltrúa ríkissjóðs í stjórn fyrirtækisins til næsta aðalfundar.

5. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

6. gr.

14. gr. laganna (áður 13. gr., sbr. lög nr. 26/1980) orðist þannig:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sýslusjóða fer á sama hátt og um skyldur sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Er lög þessi hafa öðlast gildi skulu sveitarfélögin skipa menn í stjórn Hitaveitu Suðurnesja í samræmi við 7. gr. laganna. Kjörtímabili þeirra stjórnarmanna lýkur 31. júlí 1986.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

L Ö G**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun
í Suður-Pingeyjarsýslu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnst kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW eins og um ræðir í nefndum samningi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Pingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í

Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuaafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Pingeyjarsýslu.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981,
um iðnráðgjafa.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „útsvör“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi: þinggjöld.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsliður 10. mgr. 16. greinar orðist svo:

Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalist hjá barni sínu þann mánuð.

2. gr.

11. mgr. 16. greinar orðist svo:

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. þann tíma, sem nauðsyn krefur, allt að einum mánuði, til viðbótar rétti skv. öðrum ákvæðum greinar þessarar. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum
um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1986 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1986.
3. Af fyrstu 403 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 403 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr., sömu laga.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um Jarðboranir hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík um sameiningu fyrirtækjanna, dags. 8. maí 1985, sbr. sameiginlega bókun aðila, dags. 8. október 1985. Eignaraðild aðila skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn.

Tilgangur hlutafélagsins er að eiga og reka jarðbora, svo og skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

2. gr.

Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

3. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu skal vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum og fer iðnaðarráðherra með eignaraðild ríkisins að félaginu.

4. gr.

Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana hf. vegna orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma. Hlutabréf í félaginu og skuldabréf útgefin í tengslum við stofnun þess skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur af starfseminni standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá ríkisfyrirtækinu. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því eigi við um þá starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt fellur VIII. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Jarðboranir ríkisins, úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í 12 mánuði frá stofnun Jarðborana hf. er iðnaðarráðherra rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eign hlut í félaginu.

Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum
nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 110/1984 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt
tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr.

1. gr. laga nr. 126/1984, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greidda skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1986 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 123 31. desember 1984, um breyting
á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.
með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1985“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og
Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 11. nóvember 1985, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975 og 5. nóvember 1984), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Fylgiskjal.**FJÓRÐI VIÐAUKI**

**VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG SWISS ALUMINIUM LTD.**

SAMNINGUR gerður hinn 11. dag nóvembermánaðar 1985

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

annars vegar,

og

SWISS ALUMINIUM LTD. (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, og (iii) þriðja viðauka dagsettum 5. nóvember 1984, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, sem er í eigu Íslenszka Álfélagsins h.f. („ISALs“), dótturfélags Alusuisse;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem fram hafa farið samkvæmt tilteknum ákvæðum í bráðabirgðasamningi dagsettum 23. september 1983 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og tilteknu bréfflegu samkomulagi dagsettu 5. nóvember 1984 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, óska ríkisstjórnin og Alusuisse nú að breyta tilteknum ákvæðum aðalsamningsins um ákvörðun framleiðslugjalds þess, er ISAL greiðir;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01. Samning þennan ber að nefna fjórða viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsg. 1.01 (a)
„Alusuisse“	málsg. 1.01 (b)
„Kaupstaðurinn“	málsg. 1.01 (d)
„ISAL“	málsg. 1.01 (e)
„Dótturfélag Alusuisse“	málsg. 1.01
„Fylgiskjöl“	málsg. 1.02
„Fylgisamningar“	málsg. 1.02
„Bræðsla“	málsg. 1.03 (b)

1.03. „Staðfestingarlögin“ merkja lög þau frá Alþingi, er veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 4.02 í samningi þessum.

1.04. „Gildistökudagur“ merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 4.02 í samningi þessum.

2. gr.

**Breyting á ákvæðum aðalsamningsins varðandi
skatta og gjaldskyldu**

2.01. Málsgreinum 25.01, 25.02, 25.03 og 25.04 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig, að þær verði svohljóðandi í heild sinni:

„**25.01.** Með þeim undantekningum, er greinir í 31. gr., og í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust eða í sérstökum tilgangi, samkvæmt íslenskum lögum, skal leggja á ISAL og ISAL vera skylt að greiða eitt framleiðslugjald. Á tímabilinu frá og með 1. janúar 1985 skal framleiðslugjald þetta lagt á og greitt vegna hvers almanaksárs (i) af hverri smálest áls, sem afskipað er frá bræðslunni (eða telst sem umframbirgðir samkvæmt 28. gr.) á því almanaksári, og (ii) af nettóhagnaði ISALs fyrir það almanaksár, og vera reiknað samkvæmt þessari 25. grein og 26. og 27. grein („framleiðslugjald“).

25.02. Frá upphafi rekstrar fram til sjötta árdags AR I (þ.e. 1. október 1975) var framleiðslugjald á smálest tólf og hálfur Bandaríkjadollar (US \$ 12,50), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og hann var að upphaflegri gerð og honum síðar breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Frá sjötta árdegi AR I (þ.e. 1. október 1975) til og með 31. desember 1984 var framleiðslugjald á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US \$ 20,00), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og honum var breytt með öðrum viðauka við aðalsamninginn og eins og honum var síðar breytt í nokkrum atriðum með þriðja viðauka við aðalsamninginn.

25.03. Frá og með 1. janúar 1985 verður fjárhæð framleiðslugjaldsins á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US \$ 20,00) („grunntaxti“). Framleiðslugjald það, sem ISAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei verða lægra en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls, sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því ári, þegar það er reiknað á grunntaxta („lágmarksframleiðslugjald“).

25.04. Frá og með 1. janúar 1985 skal fjárhæð framleiðslugjaldsins af nettóhagnaði ISALs fyrir hvert almanaksár vera summan í Bandaríkjadollurum af:

- (a) 35% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem ekki er yfir 6,25 milljónir Bandaríkjadollara;
- (b) 40% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 6,25 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 12,50 milljónir Bandaríkjadollara;
- (c) 45% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 12,50 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 18,75 milljónir Bandaríkjadollara;
- (d) 50% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 18,75 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 25,0 milljónir Bandaríkjadollara; plús
- (e) 55% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 25,0 milljónir Bandaríkjadollara,

en þó þannig, að sú fjárhæð, er greidd hefur verið sem lágmarksframleiðslugjald vegna almanaksárs samkvæmt málsgrein 25.03, skal talin til frádráttar þeirri fjárhæð, sem greiða ber í framleiðslugjald af nettóhagnaði ISALs fyrir það almanaksár, ef um

hagnað er að ræða. Framleiðslugjald það, sem ISAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei vera hærra en umrædd summa í Bandaríkjadollurum eða lágmarksframleiðslugjaldið, hvort sem hærra er. Við reikning á þeim hundræðshlutum, sem að ofan greinir, skal nettóhagnaði ISALs fyrir almanaksár umbreytt úr íslenskum krónum í Bandaríkjadollara eftir gengi, sem er meðaltal af því mánaðarlegu gengi milli íslenskrar krónu og Bandaríkjadollars (byggðu á opinberri gengisskráningu), sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ISALs á því almanaksári.“

2.02. 25. grein aðalsamningsins er ennfremur breytt þannig, að málsgrein 25.05 verði framvegis málsgrein 25.06 og við bætist ný málsgrein 25.05, svohljóðandi:

„**25.05.** Framleiðslugjaldið skal gilda þar til kemur að valdegi, sem endurskoðun á framleiðslugjaldi samkvæmt 30. grein fer fram á eða er miðuð við, eða, ef framleiðslugjaldið er ekki endurskoðað þannig, þar til samningur þessi gengur úr gildi. Ef framleiðslugjaldið er endurskoðað á valdegi eða frá honum að telja samkvæmt 30. grein, skal framleiðslugjaldið gilda eins og það verður þannig endurskoðað frá endurskoðunardegi og þar til kemur að síðari valdegi, eða þar til samningur þessi gengur úr gildi, eftir því sem við á.“

2.03. Málsgrein 25.05 í aðalsamningnum (er framvegis kallast málsgrein 25.06 samkvæmt málsgrein 2.02 í samningi þessum) er hér með breytt með því að fella brott orðin „málsgrein 25.03 og 25.04“ og skjóta inn orðunum „málsgrein 25.05“ í þeirra stað.

2.04. 26. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„26. GR.

ÚTREIKNINGUR HEIMSMARKAÐSVERÐS Á ÁLI

26.01. Við útreikning á nettóhagnaði ISALs með tilliti til framleiðslugjalds skal heimsmarkaðsverð á áli („heimsmarkaðsverð“) merkja það verð á frumbræddu áli, sem ákvarðast fyrir hvern almanaksársfjórðung með útreikningi í upphafi næsta almanaksársfjórðungs á eftir samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P = \frac{LME + MW + PIP + ASIP}{4}$$

þar sem:

P = Heimsmarkaðsverðið í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn);

LME = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í Bandaríkjacentum á pund, af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metals Exchange á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metal Bulletin, og umreiknaðar úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltölu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í Financial Times (á blaðsíðunni „Currencies, Money and Capital Markets“, í töflunni „The Dollar Spot and Forward“);

MW = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, á meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjacentum á pund af frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metals Week USA undir fyrisögninni „U.S. Free Market“;

- PIP = Meðalverðið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, sem fæst samkvæmt alþjóðlegri verðvísitölu Pechiney (Pechiney International Price index) um verð á frumbræddu áli seldu samkvæmt reikningi til óháðra viðskiptavina, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, eins og hún er birt í Metal Bulletin. Meðalverð þetta skal sett fram í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn). Í þessu tilliti skal PIP vísitalan 161,42, sem er meðalvísitalan (samkvæmt tilgreiningu í Bandaríkjadollurum) fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984, talin jafngilda meðalverðinu 63,03 Bandaríkjacent á pund, og meðalverðið fyrir síðari tímabil skal hækka eða lækka í samræmi við hina hlutfallslegu breytingu á PIP vísitölunni;
- ASIP = Fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, helmingur summunnar af
- (x) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá Alusuisse til óháðra viðskiptavina, plús
 - (y) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn) af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá hinum tveimur þýzku álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina.

26.02. Innan 20 daga eftir að Alusuisse lætur ríkisstjórninni í té ASIP fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, og aðeins einu sinni á hverjum einstökum almanaksársfjórðungi, er ríkisstjórninni heimilt að óska eftir því að fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem ríkisstjórnin og Alusuisse velja sameiginlega, endurskoði og sannprófi útreikninga Alusuisse á ASIP fyrir undanfarandi fjóra almanaksársfjórðunga. Kostnað af þessari endurskoðun hverju sinni á ríkisstjórnin að bera, nema endurskoðunin leiði í ljós að teljandi mismunur sé á ASIP fyrir einhvern hinna undanfarandi fjögurra ársfjórðunga og því ASIP sem Alusuisse lagði fram í öndverðu, en í því tilviki skal Alusuisse bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs, er mismunurinn varð á. Aldrei skal útreikningur á ASIP fyrir neinn almanaksársfjórðung endurskoðaður þannig oftar en einu sinni.

26.03. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ekki áánlegar fyrir einhvern almanaksársfjórðung, af ástæðum sem hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skal nota LME, MW, PIP og/eða ASIP fyrir undanfarandi ársfjórðung við ákvörðun á heimsmarkaðsverði. Ef þessar upplýsingar verða tiltækar fyrir 1. júní á næsta ári eftir það ár, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal þetta heimsmarkaðsverð endurreiknað á grundvelli hinna nýju upplýsinga, og mismunurinn, ef einhver er, sem við það kemur fram milli heimsmarkaðsverðsins eins og það er upphaflega reiknað og heimsmarkaðsverðsins eins og það er endurreiknað samkvæmt hinum nýju upplýsingum, skal tekinn með við útreikning á nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, sem ársfjórðungurinn tilheyrir. Ef þessar upplýsingar verða tiltækar eftir 1. júní á næsta ári á eftir því ári, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal ekki tekið tillit til upplýsinganna, nema aðilar verði ásáttir um annað og að áskildum ákvæðum málsgreinar 26.04.

26.04. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ófánlegar í fjóra eða fleiri almanaksársfjórðunga samfleytt, af ástæðum sem

hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skulu ríkisstjórnin og Alusuisse reyna að ná samkomulagi um að nota aðrar sambærilegar upplýsingar við útreikning á heimsmarkaðsverði í stað þeirra upplýsinga, sem orðið hafa ófánlegar. Nái þau samkomulagi skulu þær upplýsingar notaðar í þessu skyni, en takist þeim ekki að ná samkomulagi, er hvorum aðila um sig heimilt að vísa málefnum til gerðardóms samkvæmt 47. grein. Þar til málið er útljóst með samkomulagi eða úrskurði gerðardóms og að áskildu því, sem felst í þeim málalokum, skulu ákvæði málsgreinar 26.03 í samningi þessum gilda áfram.“

2.05. 27. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„27. GR.

NETTÓHAGNAÐUR ISALS MEÐ TILLITI TIL FRAMLEIÐSLUGJALDS

27.01. Útreikning nettóhagnaðar ISALS vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvallá á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALS, og skal hann í öllum tilvikum fylgja eftirtöldum reglum:

- (a) Fyrningar á verksmiðjukostnaði bræðslunnar verði reiknaðar til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.02;
- (b) Einkaleyfisgjöld, leyfisgjöld, verkfræði- og sérfræðiþóknun, svo og sölulaun, reiknist samkvæmt ákvæðum aðstoðarsamninganna (fylgiskjala C1, C2 og C3);
- (c) Vaxtakjör gefi til kynna fyrsta flokks lánstraust og fjármögnunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ISALS séu með eðlilegum hætti;
- (d) Kostnaðarverð á súráli frá Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse verði reiknað til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.03;
- (e) Kostnaðarverð á rafskautum frá Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse verði reiknað til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.04;
- (f) Brúttótekjur vegna sölu eða vöruskipta á áli til Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse verði ákvarðaðar í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.05; og
- (g) Framlag á allt að 20% af hagnaði ISALS, eins og hann reiknast í samræmi við framanrituð ákvæði þessarar málsgreinar 27.01, sem leggja má í sérstakan varasjóð. Ef ISAL notfærir sér réttindi sín til endurmats samkvæmt staflíðum (d) og (e) í málsgrein 27.02, skal ISAL endurmeta varasjóð þennan ár hvert í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði hans í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá 1. janúar til 31. desember á því ári. Varasjóð þennan má nota innan ISAL til að standa undir fjárfestingu í föstum og lausum eignum, en eigi ráðstafa til annars en að mæta rekstrarhalla. Fari svo, að varasjóðurinn verði nýttur til annars en um getur í undanfarandi málslíð, ber að telja þær fjárhæðir, sem þar er um að tefla, með nettóhagnaði ISALS fyrir það ár, er nýtingin á sér stað. ISAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ISALS fyrir það ár hefur verið endanlega staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum.

Nettóhagnað ISALs skal reikna út að frádregnum rekstrarkostnaði og útgjöldum, þar með taldir skattar þeir og álögur, sem um ræðir í 31. gr., og án frádráttar vegna greiðslna á framleiðslugjaldi, arði og varasjóðsframlögum, öðrum en þeim, sem um getur í staflíð (g) hér að ofan.

27.02. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01(a), frá og með 1. janúar 1985 að telja:

(a) Eftirstandandi verðmæti fastafjármuna ISALs (að meðtöldum mengunarvarnabúnaði og búnaði settum upp í tengslum við mengunarvarnabúnað og skyldum búnaði) hinn 1. janúar 1985, sem heimilt er að fyrna með tilliti til framleiðslugjalds, telst vera jafnvirði 89,0 milljóna Bandaríkjadollara eða 230,5 milljóna svissneskra franka eða 3.608,5 milljóna íslenskra króna. Þessa fjárhæð í íslenskum krónum, endurmetna í samræmi við staflíð (d), skal fyrna samkvæmt jöfnum hlutföllum á 10 ára tímabili.

(b) Nýja fastafjármuni, sem ISAL eignast vegna fjárfestingar til viðhalds eða endurbóta á bræðslunni, skal fyrna samkvæmt jöfnum hlutföllum eftir árlegu hlutfalli ákvörðuðu með hliðsjón af áætluðum nytsömum endingartíma þeirra, í fyrsta sinn á því almanaksári, þegar fjármunirnir eru teknir til nýtingar, og skal þetta árlega hlutfall ákvarðað sem hér segir:

(i) Fyrir skrifstofu- og verslunarbyggingar	2%
(ii) Fyrir verksmiðjubyggingar og mannvirki, þar á meðal verkstæði og mótuneyti	4%
(iii) Fyrir olú- og vatnsgeyma og borholur	6%
(iv) Fyrir skip og loftför	10%
(v) Fyrir verksmiðjuvélar og aðrar iðnaðarvélar og tæki	15%
(vi) Fyrir vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og -tæki og annað lausafé sem fellur ekki undir ofangreint	20%

(c) Fyrningu samkvæmt staflíðum (a) og (b) í þessari málsgrein 27.02 skal reikna á grundvelli þess mánaðarlega gengis milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka (byggt á opinberri gengisskráningu), sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ISALs á því almanaksári, sem fyrningin á við.

(d) Að því er varðar þá fastafjármuni, sem um ræðir í staflíð (a), og uppsafnaðar fyrningar þeirra vegna, þá skal ISAL eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta þessa fjármuni og uppsafnaðar fyrningar í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá 1. janúar til 31. desember á því ári. Að því er varðar þá fjármuni, sem um ræðir í staflíð (b), og uppsafnaðar fyrningar þeirra vegna, þá skal ISAL eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta þessar eignir og uppsafnaðar fyrningar í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá þeim degi þegar fjárfestingarkostnaður vegna eignar fellur til og til 31. desember á sama ári, þegar um er að ræða árið þegar fjárfestingarkostnaður fellur til, og frá 1. janúar til 31. desember á hverju síðara ári, þegar um er að ræða eitthvert síðara ár. Ef ISAL notfærir sér réttindi sín til endurmats samkvæmt þessum staflíð (d), skal sú mynt, sem í upphafi er notuð sem grundvöllur að endurmati tiltekinnar eignar eða eignaliðs, notuð við endurmat þeirrar eignar eða eignaliðs á síðari árum.

- (e) ISAL skal eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta skuldir sínar og veltufjármuni í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og þeirrar myntar, sem skuldir þessar og veltufjármunir eru skráð í, er á hefur orðið milli 1. janúar og 31. desember á því ári. Í því tilliti sem um ræðir í þessum staflíð (e) má hafa birgðir skráðar í svissneskum frönskum.
- (f) Nettófjárhæðir þær, sem fram koma við endurmat samkvæmt staflíðum (d) og (e) í þessari málsgrein 27.02, skulu færðar til eignar eða skuldar, eftir því sem við á, í sérstakan endurmatsreikning, sem vera skal hluti af eigin fé ISALs.

27.03. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (d), og frá og með 1. janúar 1985 að telja, að því leyti sem Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse láta ISAL í té súrál og að því leyti sem þetta súrál hefur tiltölulega svipaða eiginleika og þá, sem áskildir eru í súrálkaupasamningnum milli Alusuisse og ISAL, sem í gildi er á gildistökudegi fjórða viðauka við aðalsamninginn, skal kostnaðarverð á pund af þessu súráli afhentu CIF Straumsvík vera 12,50% af summunni af (i) heimsmarkaðsverðinu, sem í gildi er á afhendingartíma súralsins, plús (ii) löndunarkostnaðinum í Rotterdam á pund af álhleifum, sem í gildi er á afhendingartíma súralsins.

27.04. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (e), og frá og með 1. janúar 1985 að telja, að því leyti sem Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse láta ISAL í té rafskaut skal afhending þeirra fara fram á grundvelli rafskautakaupsamnings milli Alusuisse og ISALs, og kostnaðarverð þessara rafskauta vera ákvarðað sem hér segir:

- (a) Heildarkostnaðarverð þess samanlagða magns af rafskautum, sem afhent er til ISALs á hverju einstöku almanaksári, skal ákvarðað samkvæmt hinu samningsbundna verði sem við á um hvern farm, að því áskildu að þetta heildarkostnaðarverð, eftir að frá er dreginn flutningskostnaður frá Rotterdam (FOB rafskautaverksmiðju) til Straumsvíkur, má ekki vera herra en meðalverðið pr. tonn FOB rafskautaverksmiðju á rafskautum, sem látin eru í té af hálfu Alusuisse á sama ári frá rafskautaverksmiðjum þess í Evrópu til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt sölusamningum öðrum en um einstakar sölur (að undanteknum rafskautum til aðila sem eiga eignarhlutdeild hærri en 15% í viðkomandi rafskautaverksmiðju), eins og það mundi gilda um hið samanlagða magn til ISALs.
- (b) Samanburðinn milli samningsverðsins á rafskautum til ISALs og meðalverðsins á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt staflíð (a) skal gera í Bandaríkjadollurum, þannig að verð sé umreiknað í þann gjaldmiðil eftir því gengi sem í gildi er á útskipunartíma.
- (c) Verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstjórninni eftir lok ársins.

27.05. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (f), frá og með 1. janúar 1985 að telja, skulu þær brúttótekjur, er ISAL aflar við sölu eða vöruskipti til Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á áli, sem skipað er út frá bræðslunni, vera margfeldið af (i) þeirri tölu punda af áli, sem um er að fjalla við hverja sölu eða vöruskipti, og (ii) því heimsmarkaðsverði, sem í gildi er þegar útskipun frá bræðslunni á sér stað, en þó með þeim áskilnaði, að margfeldi þetta ber að leiðrétta þannig að tekið sé tillit til sérhverra uppbóta fram yfir heimsmarkaðsverð eða afslátta frá heimsmarkaðsverði, sem við eiga á grundvelli málmgæða (t.d. yfir 99,7% að hreinleika eða undir 99,5% að hreinleika,

eftir því sem við á), eða uppbóta sem við eiga á grundvelli lögunar málsins (t.d. vegna annars en hleifa). Ef ekki er um annað samið milli aðila, skulu uppbætur þessar eða afslættir reiknuð á sama grundvelli og gert er hjá hinum tveimur þýzku álbræðslum í eigu Alusuisse við sölu frá þeim til óháðra viðskiptavina. Að því leyti sem ISAL kann að afla raunverulegra tekna umfram nefnt margfeldi í tilvikum þar sem afhent er til fjarlægari staða frá Íslandi en Norðursjávarhafna skulu þær tekjur taldar með í brúttótekjum ISALs.

27.06. Við útreikning á nettóhagnaði ISALs með tilliti til framleiðslugjalds skulu tekjuliðir þeir og útgjaldaliðir, sem um ræðir í málsgreinum 27.03, 27.04 og 27.05, umreiknaðir úr Bandaríkjadollurum í íslenskar krónur eftir því gengi (byggðu á opinberri gengisskráningu) sem notað var í þeim mánuði þegar útgjöldin féllu til eða teknanna var aflað.

27.07. Með skriflegri tilkynningu, er gefin sé eigi minna en sex mánuðum fyrir hvern þeirra daga, sem tilgreindir eru hér að neðan (eða alla þá daga), skal hvort heldur ríkisstjórninni eða Alusuisse heimilt að tilkynna hinum aðilanum, að orðið hafi teljandi breyting á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse, er hafi teljandi áhrif á þær efnahagslegu forsendur varðandi áliðnaðinn, sem liggja til grundvallar ákvæðum málsgreinar 26.01, málsgreinar 27.03, málsgreinar 27.04 eða málsgreinar 27.05, eða hafi teljandi áhrif á þær efnahagslegu forsendur, sem liggja til grundvallar ákvæðum málsgreinar 27.02 (b). Þeir dagar, sem slíka tilkynningu má miða við, skulu vera fimmti hver árdagur 31. desember 1984. Jafnskjótt og slík tilkynning er komin fram skulu ríkisstjórnin og Alusuisse eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingar á málsgrein 26.01, málsgrein 27.03, málsgrein 27.04, málsgrein 27.05 eða málsgrein 27.02 (b) í ljósi áhrifanna af umræddri breytingu á aðstæðum, en þó með þeim áskilnaði, að sérhverjar slíkar breytingar verður að grundvallar á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs. Ef aðilunum tekst ekki að ná samkomulagi um tilvist eða áhrif þess konar breytingar á aðstæðum, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa þeirri deilu, hvort sú breyting hafi orðið, til gerðardóms samkvæmt 47. grein. Ef gerðardómurinn úrskurðar að slík breyting hafi orðið á aðstæðum, skulu aðilarnir reyna í góðri trú að ná samkomulagi um ofangreindar breytingar í ljósi niðurstaðna gerðardómsins. Ef þeim tekst ekki að semja um þessar breytingar, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. grein.“

2.06. 29. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„29. GR.

GREIÐSLU- OG UPPGJÖRSHÆTTIR

29.01. Framleiðslugjaldið á smálest af áli verður gjaldskyld við sérhverja útskipun áls úr bræðslunni, nema ISAL sýni fram á, að framleiðslugjaldið hafi verið lagt á allan þann farm eða hluta hans sem umframbirgðir samkvæmt ákvæðum málsgreinar 28.02. Hin gjaldskylda upphæð í hverju tilviki skal reiknuð á grundvelli farmskírteina eða annarra flutningsskjala, sem út eru gefin vegna álsins, og samkvæmt bókum ISALs, og er háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit.

29.02. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður við útskipun, skal greitt af hálfu ISALs eigi síðar en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er útskipunin átti sér stað. Í þessu sambandi verður útskipun talin hafa átt sér stað er flutningaskip er ferðbúið, þegar um er að ræða ál, sem út er flutt með skipi, eða er landflutningataeki er ferðbúið frá bræðslulóðinni, þegar um er að ræða ál, sem flutt er landveg.

29.03. Fyrir hvert almanaksár frá og með 1. janúar 1985 skal ISAL afhenda ríkisstjórninni árlega skýrslu um framleiðslugjaldið, eigi síðar en hinn 1. júní næsta árs á eftir („framleiðslugjaldsskýrslu“), þar sem eftirfarandi komi fram:

- (a) Heildaryfirlit um framleiðslu og útskipun áls á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, og um álbirgðir í ársbyrjun og árslok.
- (b) Skýrsla um heildarmagn það af útskipuðu áli (eða áli færðu til umframbirgða), sem skylt hefur orðið að greiða af lágmarksframleiðslugjald á árinu, ásamt heildarfjárhæð þess lágmarksframleiðslugjalds, sem skylt hefur orðið að greiða af því magni vegna þess almanaksárs. Skulu heildarmagn þetta og heildarfjárhæð sundurliðuð eftir mánuðum.
- (c) Skýrsla um nettóhagnað ISALs fyrir þetta almanaksár, útreiknaðan í samræmi við ákvæði 27. greinar, á grundvelli þeirra endurskoðuðu reikninga, sem um ræðir í málsgrein 29.04.
- (d) Útreikningur á því framleiðslugjaldi, sem ISAL ber að greiða vegna þessa almanaksárs, þar sem fram komi (i) fjárhæð framleiðslugjalds samkvæmt gjaldþrepum þeim, sem tilgreind eru í málsgrein 25.04, eins og þeim er beitt um framtalinn nettóhagnað ISALs samkvæmt staflíð (c) hér að ofan, og (ii) mismunurinn á þessari fjárhæð og lágmarksframleiðslugjaldinu fyrir almanaksárið eins og það er sýnt samkvæmt staflíð (b) hér að ofan. Heildarfjárhæð þessa mismunar, ef hið fyrra er herra en hið síðara, skal talin fram af hálfu ISALs sem framleiðslugjald, er skylt sé að greiða til viðbótar vegna almanaksársins.

Sérhvert viðbótarframleiðslugjald, sem fram er talið samkvæmt staflíð (d), fellur í gjalddaga við tímanlega framlagningu framleiðslugjaldsskýrslunnar, og ber að greiða það að fullu eigi síðar en hinn 1. júní á umræddu eftirfarandi ári, að því tilskildu, sem á er kveðið í eftirfarandi málsgreinum.

29.04. Í sambandi við útreikninginn á framleiðslugjaldi ISALs vegna hvers almanaksárs skal Alusuisse hafa byrðina af að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það almanaksár, með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt framleiðslugjaldsskýrslunni. Þessir endurskoðuðu reikningar skulu vera byggðir á ársreikningum ISALs fyrir viðkomandi almanaksár, og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur.

29.05. Ríkisstjórnin skal á eigin kostnað skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa framleiðslugjaldsskýrsluna og slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvert ár. Heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög.

29.06. Endurskoðun framleiðslugjaldsskýrslunnar og reikninganna og ársreikninga ISALs, sem ríkisstjórnin lætur fram fara samkvæmt málsgrein 29.05, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. október hins næsta árs á eftir. Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig tilkynntar ISAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir það ár, sem um er að ræða, eftir 1. október næsta árs á eftir.

29.07. ISAL skal greiða framleiðslugjaldið í Bandaríkjadollurum eða öðrum gjald-eyri, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um, og í bankareikning, sem ríkisstjórnin tilgreinir í því skyni.

29.08. Hinn 30. nóvember 1984 hefur ríkisstjórnin fært ISAL til eignar fjárhæðina 4.122.245,10 Bandaríkjadollara, er svarar til skattinneignar ISALs samkvæmt málsgrein 29.09 í aðalsamningnum, eins og hún átti við fyrir gerð þriðja viðauka við aðalsamninginn, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem Alusuisse hefur samþykkt, í tilteknum sáttargetðarsamningi dagsettum 5. nóvember 1984 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, að skattinneignin skuli lækkuð um. Skattinneign þessi hefur verið og verður flutt áfram frá umræddum 30. nóvember 1984 með ársvöxtum, er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma. Ber að nota inneignina til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 31. desember 1983, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð lágmarksframleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár. Fyrir hvert almanaksár frá og með 1. janúar 1985 skal þessi skuldajöfnuður takmarkast við 50% af nefndum skuldbindingum vegna þess árs sem um er að ræða. Skuldajöfnuðinn skal framkvæma hinn 1. júní ársins á eftir, þannig að vextir á fjárhæð sérhvers slíks skuldajafnaðar hætti að falla á 1. júní á því eftirfarandi ári. Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið, skulu þær endurgreiddar ISAL í reiðufé.“

2.07. Málsgrein 30.03 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi, með því að fella brott orðin „málsgrein 27.03“ í staflíðum (a) og (b) og skjóta inn orðunum „málsgrein 27.01“ í þeirra stað, og, í öðru lagi, með því að fella brott orðin „málsgreina 29.05 og 29.06“ í staflíð (a) og skjóta inn orðunum „málsgreina 29.04 og 29.05“ í þeirra stað.

2.08. Málsgrein 30.10 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi, með því að fella niður orðin „málsgrein 27.03“ og skjóta inn orðunum „málsgrein 27.01“ í þeirra stað, og, í öðru lagi, með því að fella brott orðin „málsgreina 29.05 og 29.06“ og skjóta inn orðunum „málsgreina 29.04 og 29.05“ í þeirra stað.

2.09. Málsgrein 30.11 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„**30.11.** Meginregla sú, sem sett er fram í málsgrein 25.01, um að framleiðslugjald skuli greitt sumpart miðað við það magn af áli, sem skipað er út frá bræðslunni, og sumpart miðað við árlegan hagnað hjá ISAL, skal taka til hins endurskoðaða framleiðslugjalds á þann hátt, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um.“

2.10. Málsgrein 33.01 í aðalsamningnum er hér með breytt með því að fella brott orðin „málsgreinum 29.06 og 29.07“ í síðari málslíð hennar og skjóta inn orðunum „málsgreinum 29.05 og 29.06“ í þeirra stað.

3. gr.

Ráðstafanir varðandi fjármögnun ISALs

Á árinu 1985, miðað við hinn 1. október þess árs, hefur Alusuisse innt af hendi eiginfjárrframlag til ISALs að fjárhæð jafnvirði 40,0 milljóna Bandaríkjadollara. Andvirði þessarar eiginfjárraukningar var notað til lækkunar á skuldum ISALs með greiðslu og yfirtöku á útistandandi lánunum.

4. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

4.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

4.02. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafaratrúðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum; en þó með þeim áskilnaði að hafi samningur þessi ekki öðlzt gildi innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ríkisstjórnin og Alusuisse hafa undirritað hann, skal samningur þessi falla niður, ef ríkisstjórnin eða Alusuisse óskar þess, og ekki hafa neitt frekara gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Albert Guðmundsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LTD.

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri

FOURTH AMENDMENT
TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND SWISS ALUMINIUM LTD.

AGREEMENT made as of the 11th day of November, 1985

between

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the “Government”),
of the First Part,

and

SWISS ALUMINIUM LTD. (hereinafter referred to as “Alusuisse”), a company
organized under the laws of Switzerland,

of the Second Part.

WHEREAS the Government and Alusuisse are parties to an agreement dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976, and (iii) by a Third Amendment dated November 5, 1984, ratified by Act of the Althing No. 104, November 30, 1984, and effective as of November 30, 1984 (hereinafter as so amended referred to as the “Master Agreement”), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvik in the Township of Hafnarfjörður, owned by Icelandic Aluminium Company Ltd. (“ISAL”), a subsidiary of Alusuisse;

WHEREAS the Government and Alusuisse, as a result of negotiations conducted pursuant to certain provisions of the Interim Agreement dated as of September 23, 1983 between the Government and Alusuisse and a certain Letter Agreement dated as of November 5, 1984 between the Government and Alusuisse, now wish to amend certain provisions of the Master Agreement relating to the determination of the Consolidated Tax payable by ISAL;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Title of this Agreement and Definitions Used Herein

Section 1.01. This Agreement shall be known as the Fourth Amendment to the Master Agreement.

Section 1.02. Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in the Sections specified in Article 1 of the Master Agreement:

“Government”	Section 1.01(a)
“Alusuisse”	Section 1.01(b)
“Township”	Section 1.01(d)
“ISAL”	Section 1.01(e)
“Alusuisse Affiliate”	Section 1.01(f)
“Scheduled Documents”	Section 1.02
“Scheduled Contracts”	Section 1.02
“Smelter”	Section 1.03(b)

Section 1.03. The “Ratifying Act” shall mean the Act of the Althing that gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 4.02 of this Agreement.

Section 1.04. “Effective Date” of this Agreement shall have the meaning assigned to that term in Section 4.02 of this Agreement.

Article 2

Amendment of Provisions in the Master Agreement Relating to Taxes and Fiscal Relationship

Section 2.01. Sections 25.01, 25.02, 25.03, and 25.04 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows in their entirety:

“Section 25.01. Except as provided in Article 31, in lieu of all taxes, present or future, ordinary or extraordinary, due unconditionally or for a certain purpose, payable under Icelandic law, ISAL shall be liable for the assessment and payment of a single consolidated tax. For the period commencing on January 1, 1985, such consolidated tax shall be levied and payable in respect of each calendar year (i) on each metric ton of Aluminium shipped from the Smelter (or constituting Excess Stock as provided in Article 28) during such calendar year and (ii) on Net Profits of ISAL for such calendar year, and shall be calculated pursuant to this Article 25 and Articles 26 and 27 (the “Consolidated Tax”).

Section 25.02. From the commencement of operations until the sixth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1975), the consolidated tax per metric ton was in the amount of twelve and one-half United States dollars (U.S. \$12.50), subject to the provisions of the Master Agreement as originally made and as subsequently amended by the First Amendment to the Master Agreement. From the sixth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1975) through December 31, 1984, the consolidated tax per metric ton was in the amount of twenty United States dollars (U.S. \$20.00), subject to the provisions of the Master Agreement as amended by the Second Amendment to the Master Agreement and as further amended in certain respects by the Third Amendment to the Master Agreement.

Section 25.03. For the period commencing on January 1, 1985, the amount of the Consolidated Tax per metric ton shall be twenty United States dollars (U.S. \$20.00) (the “Base Rate”). The total Consolidated Tax payable by ISAL in respect of any calendar year shall at no time be less than the United States dollar amount corresponding to the Consolidated Tax on the tonnage of Aluminium shipped from the Smelter (or brought into Excess Stock) during that year, when computed at the Base Rate (the “Minimum Consolidated Tax”).

Section 25.04. For the period commencing on January 1, 1985, the amount of the Consolidated Tax on Net Profits of ISAL for a calendar year shall be the sum in United States dollars of:

- (a) 35% of so much of the Net Profits of ISAL as does not exceed United States \$6.25 million;
- (b) 40% of so much of the Net Profits of ISAL as exceeds United States \$6.25 million but does not exceed United States \$12.50 million;
- (c) 45% of so much of the Net Profits of ISAL as exceeds United States \$12.50 million but does not exceed United States \$18.75 million;
- (d) 50% of so much of the Net Profits of ISAL as exceeds United States \$18.75 million but does not exceed United States \$25.0 million; plus
- (e) 55% of so much of the Net Profits of ISAL as exceeds United States \$25.0 million,

provided, however, that the amount paid as Minimum Consolidated Tax in respect of a calendar year pursuant to Section 25.03 shall be allowed as a credit against the amount, if any, payable as Consolidated Tax on Net Profits of ISAL in respect of such calendar year. The total Consolidated Tax payable by ISAL in respect of any calendar year shall at no time be higher than such sum in United States dollars or the Minimum Consolidated Tax, whichever is higher. For purposes of applying the percentage rates set forth above, the Net Profits of ISAL for a calendar year shall be converted from Icelandic kronur to United States dollars at a rate of exchange which is the average of the monthly rates of exchange between the Icelandic krona and the United States dollar (based on official quotation) which have been applied in accounting for the revenues and expenses of ISAL during such calendar year."

Section 2.02. Article 25 of the Master Agreement is hereby further amended by re-designating Section 25.05 as Section 25.06 and adding a new Section 25.05 reading as follows:

"**Section 25.05.** The Consolidated Tax shall apply until an Option Date on or as of which the Consolidated Tax may be revised pursuant to Article 30 or, if the Consolidated Tax is not so revised, until the expiration of this Agreement. If the Consolidated Tax is revised on or as of an Option Date pursuant to Article 30, the Consolidated Tax shall apply as so revised from the date of revision until a subsequent Option Date or until the expiration of this Agreement, as the case may be."

Section 2.03. Section 25.05 of the Master Agreement (re-designated as Section 25.06 pursuant to Section 2.02 of this Agreement) is hereby amended by deleting the words "Section 25.03 and Section 25.04" therein and inserting in their place the words "Section 25.05".

Section 2.04. Article 26 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows in its entirety:

"ARTICLE 26 COMPUTATION OF WORLD MARKET PRICE OF ALUMINIUM

Section 26.01. In calculating the Net Profits of ISAL for purposes of Consolidated Tax, the world market price of aluminium (the "World Market Price") shall mean the price for primary aluminium determined for each calendar quarter by calculation at the beginning of the following calendar quarter according to the following formula:

$$P = \frac{LME + MW + PIP + ASIP}{4}$$

where:

P = The World Market Price in United States cents per pound (2204.62 pounds = 1 metric ton);

LME = The average, for the preceding calendar quarter, expressed in United States cents per pound, of the daily averaged postings at the London Metals Exchange for primary aluminium, minimum purity 99.5 percent, cash delivery, as published by the Metal Bulletin, and converted from Pounds Sterling into United States Dollars at the respective average posting day's spot close rate of exchange published by the Financial Times (on its page Currencies, Money and Capital Markets, table "The Dollar Spot and Forward");

- MW = For the preceding calendar quarter, the average of the averaged monthly postings in United States cents per pound for primary aluminium, minimum purity 99.7 percent, cash delivery, as published by Metals Week USA under the heading "U.S. Free Market";
- PIP = For the preceding calendar quarter, the average price derived from the Pechiney International Price index for primary aluminium invoiced to independent customers, minimum purity 99.5 percent, as published by the Metal Bulletin. Such average price shall be expressed in United States cents per pound (2204.62 pounds = 1 metric ton). For this purpose, the PIP figure of 161.42, being the average index figure (predicated on United States dollars) for the period January 1, 1983 through June 30, 1984, shall be deemed to be equal to an average price of 63.03 United States cents per pound, and the average price in respect of subsequent periods shall be increased or decreased according to the percentage change in the PIP index;
- ASIP = For the preceding calendar quarter, one-half of the sum of
- (x) the average, expressed in United States cents per pound (2204.62 pounds = 1 metric ton), of the sales prices for primary aluminium ingot, minimum purity 99.7 percent, for sales by Alusuisse to independent customers, plus
 - (y) the average, expressed in United States cents per pound (2204.62 pounds = 1 metric ton), of the sales price for primary aluminium ingot, minimum purity 99.7 percent, for sales by the two Alusuisse-owned German smelters to independent customers.

Section 26.02. Within twenty days after Alusuisse provides to the Government the ASIP for the preceding calendar quarter, and only once during each calendar quarter, the Government may request that a firm of independent public accountants, to be jointly selected by the Government and Alusuisse, review and verify Alusuisse's computation of the ASIP for the preceding four calendar quarters. The cost of any such review is to be borne by the Government unless such review shows that the ASIP for any of such preceding four calendar quarters materially differs from the ASIP as originally provided by Alusuisse, in which case Alusuisse shall bear such portion of the cost of such review as is allocable to the calendar quarter as to which such difference applies. In no event shall the computation of the ASIP for any calendar quarter be so reviewed more than once.

Section 26.03. In the event that any of the information needed to ascertain the LME, MW, PIP and/or ASIP as defined in Section 26.01 is, for reasons beyond the control of the Government or Alusuisse, unavailable for any given calendar quarter, then the LME, MW, PIP and/or ASIP for the preceding calendar quarter will be used in calculating the World Market Price. If such information becomes available before June 1 of the year following the year in which such given calendar quarter occurs, such World Market Price will be recalculated based on such newly available information, and the resulting difference, if any, between the World Market Price as originally calculated and the World Market Price as recalculated based on such newly available information shall be taken into account in calculating the Net Profits of ISAL for the year in which such given calendar quarter occurs. If such information becomes available after June 1 of the year following the year in which such given calendar quarter occurs, such information shall be disregarded, unless the Parties otherwise agree and subject to the provisions of Section 26.04.

Section 26.04. In the event that any of the information needed to ascertain the LME, MW, PIP and/or ASIP as defined in Section 26.01 is, for reasons beyond the control of the Government or Alusuisse, unavailable for four or more consecutive calendar quarters, then the Government and Alusuisse shall seek to agree on the use in calculating the World Market Price of comparable information in lieu of the information that has become unavailable. If they so agree, such information shall be so used, and if they are unable to so agree, the matter may be referred by either Party to arbitration in accordance with Article 47. Until the matter is resolved by agreement or arbitration, and subject to the terms of such resolution, the provisions of Section 26.03 hereof shall continue to apply.”

Section 2.05. Article 27 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows in its entirety:

“ARTICLE 27

NET PROFITS OF ISAL FOR PURPOSES OF CONSOLIDATED TAX

Section 27.01. The calculation of Net Profits of ISAL for the purposes of Part VI of this Agreement shall be based upon generally accepted principles of accounting applicable to industrial companies of the size and character of ISAL and on objective standards reflecting arm’s-length dealings with respect to all transactions of ISAL, giving effect in all events to the following principles:

- (a) Depreciation of plant cost of the Smelter being charged in accordance with the provisions of Section 27.02;
- (b) Royalties, licensing, engineering and know-how fees and selling commissions being charged as provided in the Assistance Agreements (Schedules C1, C2 and C3);
- (c) Interest rates reflecting a first-class credit rating and normal financing costs and debt amortization schedules for ISAL;
- (d) The cost of alumina supplied by Alusuisse or Alusuisse Affiliates being charged in accordance with the provisions of Section 27.03;
- (e) The cost of anodes supplied by Alusuisse or Alusuisse Affiliates being charged in accordance with the provisions of Section 27.04;
- (f) Gross revenues from sales or barter of Aluminium to Alusuisse or Alusuisse Affiliates being determined in accordance with the provisions of Section 27.05; and
- (g) Allocation of up to 20% of the profits of ISAL, as calculated in accordance with the foregoing provisions of this Section 27.01, into a special reserve fund. In the event that ISAL exercises its rights to revalue under subsections (d) and (e) of Section 27.02, ISAL shall revalue such reserve fund each year in Icelandic kronur by increasing or decreasing its value in direct proportion to the net change in the rate of exchange between Icelandic kronur and United States dollars or Swiss francs that may have occurred between January 1 and December 31 of such year. Such reserve fund may be used within ISAL to fund investments in fixed or current assets, but disposed of only against operating losses. In the event that such reserve fund should be used for other purposes than those indicated in the preceding sentence, the amounts involved shall be included in the Net Profits of ISAL for the year in which such use is made. ISAL has the right to make an allocation into such reserve fund in any given year, and to increase or decrease any such allocation in order to accord with the 20% limitation set forth above, at any time until the Net Profits of ISAL for such year are finally agreed upon between Alusuisse and the Government or otherwise finally established pursuant to this Agreement.

